# Fornleifaskráning í Grímsneshreppi II:

**Fornleifar á Búrfelli, Hæðarenda, Klausturhólum, Hallkelshólum, Björk, Stóruborg, Fossi, Mýrarkoti, Hraunkoti, Kiðjabergi, Arnarbæli, Vaðnesi, Snæfoksstöðum og Öndverðarnesi.**

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS138-99062

**Reykjavík 2001**

## Efnisyfirlit


1. kafli: Inngangur ..... 3
2. kafli: Byggðasaga ..... 4
3. kafli: Skrá yfir fornleifar ..... 9
ÁR-422 Björk ..... 9
ÁR-423 Stóraborg ..... 14
ÁR-424 Foss ..... 19
ÁR-425 Klausturhólar ..... 23
ÁR-426 Hólakot ..... 40
ÁR-427 Hæðarendi ..... 42
ÁR-428 Búrfell ..... 48
ÁR-435 Öndverðarnes ..... 59
ÁR-436 Norðurkot ..... 72
ÁR-437 Suðurkot ..... 73
ÁR-438 Snæfokstaðir ..... 75
ÁR-439 Vaðnes ..... 84
ÁR-440 Hraunkot ..... 94
ÁR-441 Arnarbæli ..... 99
ÁR-442 Mýrarkot ..... 111
ÁR-443 Kiðaberg ..... 114
4. kafli: Fornleifar og byggð ..... 127
Bæjarhólar og bæjarstæði ..... 127
Útihús og túngarðar ..... 128
Mótekja og torfrista ..... 129
Býli og sel ..... 130
Beitarhús og fjárskýli ..... 131
Stekkir og kvíar ..... 133
Kuml, kirkjur og aðrir samkomustaðir ..... 134
Leiðir ..... 135
5. kafli: Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu ..... 137
Heimildir ..... 142


## Skrá yfir fornleifakort


1. Skipting jarða, helstu býli og sel 6
2. Björk – tún 9
3. Björk – jörð 12
4. Stóraborg – tún 14
5. Stóraborg – jörð 15
6. Foss – tún 20
7. Foss – jörð 22
8. Klausturhólar – tún 25
9. Klaustur- og Hallkelshólar - jörð 28
10. Hallkelshólar – tún 40
11. Hæðarendi – tún 43
12. Hæðarendi – jörð 46
13. Búrfell – tún 49
14. Búrfell og Búrfellskot – jörð 51
15. Búrfellskot – tún 56
16. Öndverðarnes – tún 60
17. Öndverðarnes, S- og N-kot – jörð 63
18. Norðurkot – tún 73
19. Suðurkot – tún 74
20. Snæfoksstaðir – tún 77
21. Snæfoksstaðir – jörð 80
22. Vaðnes – tún 85
23. Vaðnes – jörð 88
24. Hraunkot – tún 95
25. Hraunkot – jörð 97
26. Arnarbæli – tún Austurbæjar 101
27. Arnarbæli – tún Vesturbæjar 102
28. Arnarbæli – jörð 104
29. Mýrarkot – tún 112
30. Mýrarkot – jörð 113
31. Kiðjaberg – tún 115
32. Hestur – tún 116
33. Kiðjaberg – jörð 119
34. Gíslastaðir – tún 124
35. Helstu leiðir á skráningarsvæðinu 136

# 1. Inngangur

Sumarið 1999 hófst skráning fornleifa í Grímsneshreppi. Byrjað var á að safna heimildum um minjastaði í öllum hreppnum og reyndust þeir rúmlega 1100 talsins. Í júní það ár voru skráðir 176 staðir á vettvangi í nyrsta og vestasta hluta Grímsness. Sumarið 2000 voru skráðir 504 staðir til viðbótar á Búrfelli, Hæðarenda, Klausturhólum, Hallkelshólum, Björk, Stóruborg, Fossi, Mýrarkoti, Kiðjabergi, Arnarbæli, Hraunkoti, Vaðnesi, Snæfoksstöðum og Öndverðarnesi. Alls reyndust að meðaltali 36 fornleifastaðir á hverri jörð sem er óvenju mikið. Í þriðja og síðasta áfanga sumarið 2001 er fyrirhugað að skrá minjastaði á jörðum í austasta hluta hreppsins.

Skýrsla þessi er þannig upp byggð að fyrst er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (2. kafli) en í kjölfar hans fylgir nákvæm skrá yfir fornleifar á svæðinu (3. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru einnig fornleifakort yfir hverja jörð sem sýna dreifingu minjastaða. Í 4. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í 5. kafla eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á skráningarsvæðinu.

Birna Lárusdóttir gerði heimildakönnun um fornleifar í öllu Grímsnesi og gerði allar vettvangsathuganir undir stjórn Orra Vésteinssonar. Vill höfundur koma á framfæri innilegum þökkum fyrir hlýjar móttökur og hjálpsemi heimildamanna. Sérstakar þakkir fá Böðvar Pálsson á Búrfelli og Pálína Þorsteinsdóttir í Kaldárhöfða.

# 2. Byggðasaga

Í Landnámabók er frá því sagt að Grímur nam land í Grímsnesi upp til Svínavatns og bjó fyrst í Öndverðarnesi fjóra vetur en fluttist síðan að Búrfelli. Sonarsynir hans bjuggu á Búrfelli og í Miðengi (ÍF I, 387). Einnig er frá því sagt að Hallkell, hálfbróðir Ketilbjarnar Ketilssonar á Mosfelli kom til Íslands og var með bróður sínum. Ketilbjörn á að hafa numið land upp frá

Höskuldslæk og skarast þannig landnám þeirra Gríms. Hallkatli þótti lítilmannlegt að þiggja land af bróður sínum og skoraði því á Grím til landa eða hólmgöngu. Þeir börðust undir Hallkelshólum og féll Grímur þar. Hallkell mun hafa búið í Hólum – síðar Klausturhólum – en Oddur sonur hans bjó á Kiðabergi (ÍF I, 388). Odds á Kiðabergi er víða getið og í Njáls sögu er hann talinn meðal sunnlenskra höfðingja í liði Gissurar hvíta (ÍF XII, 142).

Þessar sögur virðast enduróma forna skiptingu Grímsness í sóknir. Upphaflegt landnám Gríms náði yfir Búrfells, Hóla- og Snæfoksstaðasóknir en Hallkell vann af honum sem svarar Hólasókn – sem var sýnu stærst. Hvernig þessi skipting varð er auðvitað óhægt að segja en sagnirnar sem skráðar eru í Landnámabók sýnast taka mið af henni.

Ekki er getið um aðrar jarðir eða menn í Grímsnesi á miðöldum og því ekki við margt að styðjast til að gera sér grein fyrir hvernig svæðið var numið. Engar ótvíræðar fornleifar frá fyrstu tíð hafa fundist í Grímsnesi. Fyrir utan ríkmannlegt kuml við Kaldárhöfða er aðeins hægt að nefna öxi sem fannst í byrjun 19. aldar í landi Snæfoksstaða. Með henni fundust bein og gætu það verið ummerki um kuml en um það verður þó lítið fullyrt. Þótt ekki séu um það meiri eða betri heimildir en þessar verður þó vart efast um að byggð hefur verið komin í Grímsnesi þegar um 900. Frjókornasýni sem tekin voru úr Hestvatni benda til að skógur hafi verið horfinn að mestu leyti fyrir 920 í nágrenni þess, eða að minnsta kosti kominn í það horf sem hann hefur verið í á seinni öldum.

Sagnir Landnámabókar sýnast líklegar að því leyti að fyrstu landkönnuðirnir hafi annars vegar komið upp með Ölfusá og fyrst tekið sér bólfestu við ármótin og hins vegar að menn hafi komið að norðaustan, frá landnámum manna sem höfðu leitað upp með Þjórsá. Athyglisvert er að allir bæirnir á norðurbakka Hvítár voru kirkjustaðir og stórbýli á miðöldum. Prestskyldarkirkja var á Snæfoksstöðum – þótt sá prestur þjónaði aðeins þeim bæ – og hálfkirkjur á Öndverðarnesi og Vaðnesi. Bænhús með grafreit var í Arnarbæli og Kiðaberg var höfðingjasetur eins og áður var nefnt. Bæirnir upp með Soginu eru sama marki brenndir – bænhús eða kirkjur voru á Miðengi, í Ásgarði og báðum Brúarbæjunum. Austan við Klausturhóla og Arnarbæli bregður hinsvegar svo við að bænhús eða kirkjur eru varla á neinum bæ svo vitað sé – aðeins á Hömrum og Apavatni og svo Mosfelli. Um dreifingu kirkna og bænhúsa er hér getið í sambandi við landnám og fyrstu byggð því í henni felst vísbending um skipan byggðar í byrjun 11. aldar. Víst þykir að flestar kirkjur hafi verið byggðar þegar á 11. öld og þá sennilega fyrst og fremst á höfuðbólum og jörðum þar sem byggð var orðin föst í sessi, en síður á afbýlum og útjörðum. Bæir þar sem kirkjur voru eða bænhús, eru því líklegir til að hafa verið orðnir rótgrónir, en hinir þar sem ekki voru kirkjur eða bænhús hafa annaðhvort ekki verið byggðir eða verið afbýli af einhverju tagi sem ætla má




*Kort 1: Skipting jarða, helstu býli og sel á skráningarsvæðinu*

að hafi verið yngri en aðalbólin. Með því að skoða einnig jarðardýrleika – en dýrari jarðir eru líklegri til að vera eldri en þær ódýrari – og staðsetningu jarðanna má setja fram tilgátu um í hvaða röð bæirnir byggðust.

Þar sem kirkjur eða bænhús eru á nálega hverjum bæ og jarðirnar allar áþekkar að dýrleika – og allar vel yfir meðallagi – verður að gera ráð fyrir að hver jörð fyrir sig sé sjálfstætt landnám. Þannig má ímynda sér að fyrst hafi einn stofnað býli í Öndverðarnesi, sá sem næstur kom hafi sest að á Snæfoksstöðum, þeir næstu í Miðengi og á Vaðnesi og svo koll af kolli. Ef landnámið hefur orðið með þessum hætti þá þýðir það að þeir sem á undan voru komnir höfðu annaðhvort ekki áhuga á eða getu til að hafa áhrif á landnám hinna sem á eftir komu – þeir hafa ekki verið í aðstöðu til að neyða hina til að kaupa eða leigja af sér landskika sem ekki gætu ógnað frumbýlinu. Þó að þetta sé alls ekki útilokað virðist hitt líklegra að svona jöfn skipting jarðnæðis í allstórar jarðir sé afleiðing af samvinnu. Það er að segja að hópur manna hafi numið land í þessum hluta Grímsness, ef til vill nokkur systkini og fjölskyldur þeirra sem gátu komið sér saman um jafna skiptingu landsins. Líka má ímynda sér að það hafi verið fleiri en einn slíkur hópur, t.d. að þrjú systkin hafi numið Öndverðarnes, Snæfoksstaði og Vaðnes, en einn maður og börn hans land það sem síðan skiptist milli Búrfells, Miðengis, Ásgarðs og Brúa.

Hvernig sem í þessu liggur virðist líklegt að elsta byggðin sé meðfram bökkum Hvítár og Sogsins en að eftir að svæðið fór að byggjast upp þar fyrir ofan hafi pólitísk þungamiðja byggðarlagsins færst upp undir heiðarbrúnina, til Búrfells og Hóla. Það er óvenjulegt að kirkjustaðir séu svo skammt hver frá öðrum og má vel vera að Landnámabók geymi minningar um átök tveggja flokka sem vildu hvor um sig drottna yfir sveitinni en urðu að láta sér nægja að skipta henni í tvö áhrifasvæði. Búrfellsmenn hafa þá samkvæmt þessu verið forystumenn hinna „gömlu“ landnámsbýla á árbökkunum en Hólamenn hugsanlega stórtækari landnámsmenn sem vildu skipuleggja byggð í landnámi sínu. Að minnsta kosti er skipan byggðarinnar allólík í Hólasókn en Búrfellssókn, með fleiri jörðum sem augljóslega hefur verið skipt upp eða úr stærri einingum. Sennilegt er að Arnarbæli, Kiðaberg og Eyvík séu allt frumbýli manna sem leituðu upp með Hvítá. Ætla má einnig að Bær og Borg séu frumbýli sem seinna skiptust upp í tvo bæi hvort. Öll önnur býli í Hólasókn virðast vera úrskiftingar. Frá landnámsöld eru sennilega Göltur (frá Kiðjabergi eða Eyvík), Brjánsstaðir og Björk (frá Borg), Foss og Hæðarendi frá Hólum. Þótt ekki sé vitað um bænhús eða kirkju á Borg þá verður að telja mjög líklegt að þar séu um mjög gamlan byggðakjarna að ræða. Hann gæti jafnvel verið eldri en Hólar, en hafa skipst upp meira eftir að Hólar urðu valdamiðstöð.

Stóraborg var þingstaður Grímsnesinga á 16. öld og eflaust frá fornu fari og gæti það bent til forns mikilvægis jarðarinnar.

Þær jarðir sem hér hafa verið nefndar voru sennilega allar byggðar á 10. öld og vel má vera að fleiri en eitt býli hafi verið í Bæ og á Borg frá upphafi. Á seinni öldum virðist byggðin í þessum hluta Grímsness hafa verið mjög stöðug. Ætla má að Hraunkot sé úrskipting frá Arnarbæli frekar en Hólum, sennilega frá síðmiðöldum því jörðin var orðin lögbýli árið 1708. Gamlar hjáleigur í stöðugri byggð að ætla má voru aðeins Suður- og Norðurkot í Öndverðarnesi, Hólakot (nú Hallkelshólar) á Hólum, Suðurhjáleiga/Búrfellskot á Búrfelli og Mýrarkot í landi Arnarbælis. Í jarðabók Árna og Páls frá 1708 er getið um Vesturhjáleigu á Búrfelli og Borgarkot sem aðeins var í byggð frá um 1680 til 1704. Í landi Hóla eru einnig sagnir um býlin Aftanköld og Grímstóft og í landi Hraunkots um býlið Smiðsnes. Engar heimildir eru um þessi þrjú síðastnefndu býli og má ætla að byggð hafi verið skammvinn á þeim stöðum.

Hestfjall hefur nokkra sérstöðu því það virðist snemma hafa komist undir Skálholtsbiskupa og var nytjað sem afréttur þaðan fram um miðja 19. öld. Þá byggðust þar tvö býli, Gíslastaðir og Hestur, sem lögðust í eyði fyrir miðja 20. öld.
Á fáeinum stöðum eru tóftir á skráningarsvæðinu sem gætu verið leifar mannabústaða, t.d. við hraunbrúnina austan Hraunkots **(440:014)** og e.t.v. hefur verið búið um tíma í seli á Hæðarenda. Án rannsókna verður ekki skorið úr um þetta eða sagt frá hvaða tíma sú búseta er.

Af tiltækum ritheimildum má ráða að byggð hafi verið afar stöðug á skráningarsvæðinu allt frá landnámsöld og fram á þá 20. Mjög lítil merki sjást um þær sveiflur sem urðu á byggð á 17. og 19. öld annarsstaðar á landinu. Ekki er heldur að sjá að rótgróin býli hafi lagst í eyði eða verið flutt úr stað (nema innantúns eins og á Björk) og mun vandfundin íslensk sveit þar sem byggðin hefur verið jafnstöðug.

# 3. Skrá yfir fornleifar

## ÁR-422 Björk

28 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.
1920: Tún 7,2 ha, þar af slétt um 2/3. Garðar 960 m².
"Bærinn stendur á brekkubrún mót suðaustri. Túnin eru að mestu norðan og austan við bæinn. Mestur hluti landsins er móaland sem hækkar upp til Lyngdalsheiðar. Mýrlendi er helst suðaustast í landareigninni og valllendi hér og þar." Sunnlenskar byggðir III, 128.
"Landamerki jarðarinnar eru, samkvæmt landamerkjabréfi, sem gert er rétt fyrir síðustu aldamót: Úr þúfunni á há-Skógarholti í þúfu á Farkjaftshæð, þaðan í þúfu á Smalaskála. Þaðan í þúfu á Miðmarkahrygg, þaðan í þúfu á Stelpuhæð. Þaðan í þúfu á litlu holti vestan við norðasta Lyngdalsmýraroddann. Þaðan í stóra steininn á Langamel, og þaðan í áðurnefnda þúfu á Skógarholti." Ö-Björk, 1.

**ÁR-422:001** *Björk* bæjarhóll bústaður 64°05.931N 20°46.840V
Bæjarhóllinn er þar sem íbúðarhús (byggt 1961) er nú eða fast þar vestan við. Eldra íbúðarhús, sem þó var ekki torfbær, stóð vestan við núverandi íbúðarhús og var sambyggt útihúsi sem stendur þar 20-30 m vestar.
Slétt malarplan umhverfis íbúðarhúsið. Tún er norðan við en sunnan við brekka sem nær niður að túni. Heimkeyrslan er austan við bæjarhólinn.
Meginhluti hólsins er líklega á milli núverandi húss og útihússins sem er vestan við það. Eiginleg hólmyndun er þó mjög lítil. Enn sjást steyptar undirstöður eða plata undan eldra íbúðarhúsi, stærð hennar er um 5 x 7 m. Líklegt sýnist að bæjarhóll nái allt undir útihúsið en síður undir nýrra íbúðarhús, þar er alls engin hólmyndun en kjallari undir því. Fremst í hólnum, milli útihúss og íbúðarhúss er einföld steinaröð eða hleðsla sem gætu verið leifar af stétt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-422:002** heimild um rétt 64°05.968N 20°46.682V
Á túnakorti frá 1920 er sýnt hús eða aðhald um 80 m austur af bæjarhól (001).
Graskriki fast austan við heimreiðina þar sem hún greinist í tvennt og fer annars vegar til vesturs heim að bænum en hinsvegar til austurs að fjárhúsi og túni.
Á þessum stað var grjóthlaðin rétt sem rúmaði allt að 15 hross. Hún hvarf að hluta undir veginn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-422:003** heimild um útihús
64°05.973N 20°46.645V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð hús rúma 20 m austur af 002. Það er 30 m vestur af bárujárnsklæddu fjárhúsi sem enn er í notkun.
Grösugt svæði í halla mót suðri.
Á þessum stað stóð í seinni tíð braggi sem nú hefur verið rifinn. Steyptar undirstöður hans sjást og dálítil hólmyndun er, hugsanlega rústir af eldri útihúsum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920




*Kort 2: Björk - tún*

**ÁR-422:004** heimild um fjárhús 64°05.921N 20°46.988V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð hús 120-140 m norðvestur af bæ (001). Í örnefnaskrá segir: "Norðvestur af bænum eru fjárhús og heyhlaða, hlaðan var byggð 1906, hlaðin úr torfi og grjóti, og standa þeir veggir að nokkru enn." Líklegt er að um eitt og sama hús sé að ræða.
Ósleginn blettur í túni, nálægt túnjaðri. Stærð um 20 x 50 m.
Á þessum stað var fjárhústóft fram til um 1985, þá rifin og jöfnuð út. Fjárhúsið var með grjóthlöðnum veggjum og bárujárnsþaki sem nam við jörð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920 og Ö- Björk, 2

**ÁR-422:005** *Lindin* lind vatnsból 64°05.944N 20°46.744V
"Austan við bæinn, í djúpri laut, er uppsprettulind, kemur þar undan stórum steini og rennur suður með túninu að austan, alltaf nefnd Lindin", segir í örnefnaskrá. Lindin er í grónum slakka innan girðingar um 30 m suðaustan við bæjarhól (001).
Djúp laut í afgirtu og þýfðu beitarhólfi fyrir hross.
Vatnslítil lind, rennur til suðurs í hlykkjum. Þornaði oft í þurrkum og átti þá til að breyta um farveg. Tveir brunnar hafa verið grafnir við Lindina, annar mun eldri (008).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö- Björk, 1-2

**ÁR-422:006** *Fjóshóll* tóft heystæði 64°05.921N 20°46.861V
"Vestan við bæinn er dálítill hóll nefndur Fjóshóll. Það lítur út fyrir að vera gamall heygarður því enn sér móta fyrir heystæðum", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 30 m vestan við útihús sem er vestan bæjarhóls.
Ósleginn hóll í túni.
Hóllinn er í framhaldi af bæjarhól 001 og er samtengdur honum. Stærð um 40 x 50 m, gæti vel verið manngerður og sker sig mikið úr í túni. Rask hefur orðið því að rústir tiltölulega ungs reykhúss eru syðst í hólnum. Þetta er grunnur, um 5 x 5 m en húsið var rifið sumarið 2000. Þá virðist hafa verið grafið út úr hólnum austan til. Nú eru heystæði ekki sjáanleg. Ekki er vitað um fjós á hólnum og líklegra að hann sé kenndur við það útihús sem næst honum stóð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö- Björk, 2

**ÁR-422:007** heimild um túngarð 64°05.909N 20°46.982V
"Frá Fjóshólnum [006] og vestur úr túninu lá gamalt garðlag, vafalaust gamall túngarður, hefur þá ekkert tún
Kort 2: Björk – jörð
verið fyrir norðan bæinn", segir í örnefnaskrá. Frá Fjóshól og að núverandi túnjaðri eru rúmlega 200 m.
Slétt tún í rækt. Garðurinn er horfinn en aflöng hæð eða brún liggur á þessum stað frá hól að túnjaðri. Heimildamaður kannaðist ekki við garðinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö- Björk, 2

**ÁR-422:008** hleðsla brunnur 64°05.933N 20°46.752V
Gamall brunnur er vestan við Lindina (005), 5-10 m neðan við sjálfa uppsprettuna.
Djúp laut í afgirtu og þýfðu beitarhólfi fyrir hross.
Mjög greinilegur, hlaðinn brunnur, um 3 x 3 m en hefur verið fylltur upp með grjóti. Um 2 m ofar er svo yngri brunnur sem Tryggvi Tómasson hlóð en er ekki lengur í notkun.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**ÁR-422:009** *Stekkatúnsbrekka* tóft stekkur 64°06.365N 20°47.220V
"Vestan í [Austastaás] er gamalt stekkatún, sem er í samnefndri brekku, Stekkatúnsbrekka", segir í örnefnaskrá. Ásinn er næstum beint norðan við bæ, austastur þeirra ása sem þar eru. Fjarlægð frá bæ um 1 km.
Nokkuð slétt valllendisflöt í slakka milli Austastáss og næsta ás þar fyrir vestan. Stekkurinn er í halla mót suðri, ekkert vatn sést í námunda við hann.
Greinilegur stekkur, að miklu leyti náttúrunnar verk. Tvö hólf, hið

stærra er nokkurs konar jarðfall, um 10 x 4 m og rani, að einhverju leyti manngerður, með því að vestanverðu, nær alveg gróinn. Rekið hefur verið inn að sunnan og strax á hægri hönd er lambakró, snýr austur-vestur og er niðurgrafin með grjóthlöðnum veggjum, stærð um 2 x 8 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 6

**ÁR-422:010** *Gamlibær* heimild um bústað 64°05.853N 20°46.624V
"Suður af bænum, suðaustast í gamla túninu, sunnan í brekkuhalla, voru gamlar rústir talsvert umfangsmiklar. Þetta hét Gamlibærinn. Það er nú fyrir löngu sléttað út", segir í örnefnaskrá. Þessi staður er 2-300 m beint suður af bæ, í suðausturhorni túns sem nú er tengt við nýrri túnblett sunnar.
Tún í rækt. Lindin (008) rennur um 20 m vestar.
Óljós hóll í horni túns sem hefur verið sléttað, um 10 x 25 m. Heimildamaður kannaðist ekki við Gamlabæ. Hafi bærinn upphaflega staðið neðst í túninu er hugsanlegt að hann hafi verið færður ofar vegna snjóþunga. Hugsast getur einnig að á þessum stað hafi verið tómthúsbýli eins og á næsta bæ, Klausturhólum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö- Björk, 2

**ÁR-422:011** heimild um áveitu 64°05.880N 20°46.611V
"Ef bærinn hefur staðið þarna til forna, hefði mátt veita lindinni heim að bænum, og fannst mér stundum ég sjá merki til þess, að svo hefði verið gert, en mjög var það óglöggt", segir í örnefnaskrá. Lindin rennur aðeins um 20 m vestan við meint bæjarstæði (010).
Þýfður mói utan túns og Lindin hefur grafið sig töluvert niður í hann.
Engin merki sjást um áveitu og heimildamaður hefur aldrei heyrt hennar getið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö- Björk, 2

**ÁR-422:012** *Mógil* heimild um mógrafir 64°05.741N 20°47.190V
"Sunnan og vestan við túnið er mýri. Dálítinn spotta fyrir vestan túnið myndast alldjúpt gil í mýrinni, það heitir Mógil. Við upptök þess eru gamlar mógrafir", segir í örnefnaskrá. Gilið er 5-800 m vestur af bæ og sést ágætlega, t.d. frá Fjóshól.
Algróið gil í mýri, frekar hlykkjótt. Mórauður lækur rennur eftir því.
Niðurgrafinn slakki, allt að 1 m djúpur er við upptök gilsins. Einstakar mógrafir ekki greinilegar en slakkinn í heild er um 40 x 50 m. Hann er tiltölulega þurr í botninn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 2

**ÁR-422:013** tóft beitarhús 64°05.706N 20°47.675V
"Við norðvesturhorn Vesturmýrar er lítil valllendisflöt vestur í heiðinni, nefnd Skógarholtsflöt. Þar er rúst af gömlu fjárhúsi, sem ekki mun hafa verið notað nema nokkur ár, og aflagt er það fyrir 1880" segir í örnefnalýsingu. Tóftin er hátt í 1 km vestnorðvestur af bæ. Best er að fylgja girðingu sem liggur austur-vestur skammt norðan bæjar, hún fer yfir flötina.
Í jaðri valllendisflatar. Austan við tóftina er hár bakki og lítill lækur rennur þar fyrir neðan. Fyrir norðan flötina er mólendi en mýrar sunnan við.
Greinileg tóft en eru veggir farnir að síga nokkuð. Snýr norður-suður með dyr að sunnan. Garðalaus og engin hlaða en mótar fyrir dæld við norðurenda, hugsanlega heytóft. Sér í grjót í veggjum á stöku stað, stærð 8 x 5 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 2-3




**ÁR-422:014** *Mógilsteigur* þúst óþekkt 64°05.710N 20°46.760V
"Rétt neðst í Mógilsteignum eru rústir af mannvirki, hverskonar mannvirki það hafa verið veit ég ekki," segir í örnefnalýsingu. Þúst er 2-300 m sunnan við syðsta hluta gilsins, þar sem lækurinn sveigir úr norðri til austurs.
Tiltölulega þurr valllendisblettur alveg við lækinn.
Óljós þúfnabingur sem rís allt að 1 m yfir umhverfi, um 8 x 6 m að stærð. Ekki ótvíræð rúst.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 3




*Kort 3: Björk – jörð*

**ÁR-422:015** garðlag áveita 64°05.386N 20°46.182V
"Sunnan við holtin er Hlauphólamýri. Austarlega í henni er dálítil tjörn. Austan við hana er hlaðinn flóðgarður yfir mjótt sund; annar flóðgarður er hlaðinn þvert yfir mýrina dálítið vestar" segir í örnefnaskrá. Malarvegur liggur suður fyrir Hlauphólamýri og er hægt að komast á hann frá Bjarkarafleggjara. Tjörnin er stök í mýrinni, rafmagnslína heim að bæ liggur næstum yfir hana. Grasgefin mýri, fremur slétt. Fyrrnefndi garðurinn liggur frá háu móaholti sem malarvegurinn er á og að lágu en þurru holti sem er austan eða suðaustan við tjörnina. Torfhlaðinn og mjög heillegur fyrir utan rof á nokkrum stöðum, gæti vel verið 20. aldar verk. Lengd alls um 220 m. Hinn garðurinn er u.þ.b. 300 m vestar og vestan við tjörnina. Mjög líkur hinum að allri gerð en nær þó heldur lengra í norður.
**Heimildir:** Ö- Björk, 3

**ÁR-422:016** tóft fjárskýli 64°05.282N 20°46.536V
"Sunnan við holtin er Hlauphólamýri. Austarlega í henni er dálítil tjörn Austan við hana er hlaðinn flóðgarður yfir mjótt sund; annar flóðgarður er hlaðinn þvert yfir mýrina dálítið vestar. Við suðurenda hans uppi í hæðinni

er mjög gamalt mannvirki, hringlaga, 10-11 metrar í þvermál, vafalaust gömul fjárborg", segir í örnefnaskrá. Borgin er 40-50 m norðan við veg sem liggur eftir holtinu, sunnan mýrarinnar.
Þurrt móaholt. Hringlaga tóft, veggir mjög bólgnir og allt að 2 m breiðir. Svæðið innan veggja hlaupið í þúfur, allt vaxið lyngi og mosa. Dyr sjást ekki lengur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 6




**ÁR-422:017** *Blótbjörk* örnefni 64°05.397N 20°45.302V
"Austan við veginn, þar sem Farið rennur suður úr mýrinni, er dálítil valllendisflöt og sunnan við hana moldarflag nokkru lægra í botninn en flötin; milli vegarins og flatarinnar er mjór heiðarrimi, þetta er Blótbjörk. Á heiðarrimanum gæti verið um forn mannvirki að ræða, en erfitt er nú að ákveða hvort svo er. Þetta svæði er nú friðlýst," segir í örnefnalýsingu. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Tvær sögur eru til skýringar á þessu örnefni. Önnur er sú að birkitré mikið hafi staðið þar og verið blótað í heiðnum sið svo sem siður var. En kristnir menn hafi höggvið tréð. Hin sagan er í Þjóðsögum Jóns Árnasonar og segir frá því að þar hafi bær staðið en tvær kerlingar rifust svo mikið á jólanótt að bærinn sökk." Ritað var um Blótbjörk í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905: "Í landi Bjarkar, svo sem stekkjarveg niður frá bænum, er hið einkennilega örnefni Blótbjörk. Það er vatnsstæði, sem vatn stendur í á vetrum og í rigningatíð, en er þurt í þurkasumrum og þá ekki annað en djúpt moldarflag. Það er næstum kringlótt og svo sem 16-20 faðmar í þvermál. Út af nafninu hefir sú sögn myndast, að bærinn Björk hafi fyrrum staðið þar, en hafi sokkið, af því tvær kerlingar hafi heitast þar og blótsyrði þeirra haft þau áhrif. Þarf ekki að fjölyrða um slíka sögn. Enda má sjá, að bær hefir aldrei staðið þar, því þangað er vatnshalli frá öllum hliðum." Blótbjörk er austan við heimreiðina hátt í 1 km sunnan við bæ, þar sem rafmagnslína liggur yfir veginn úr austri til vesturs. Sumarbústaðahverfi er 4-500 m sunnar.
Mólendi og grasþýfi.
Engar mannvirkjaleifar sjást og raunar erfitt að segja til um hvað nákvæmlega var kallað Blótbjörk. Mjói heiðarriminn sem talað er um í örnefnalýsingu nær yfir býsna stórt svæði. Tryggvi Tómasson heitinn á Björk taldi hins vegar að Blótbjörk væri moldarflagið sem þar er einnig lýst og er austan við rimann.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 4 og Sunnlenskar byggðir III, 128; Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905, bls. 41.

**ÁR-422:018** heimild um útihús
"Öll önnur fénaðarhús, sem voru út um allt tún, ekki færri en 8, sem ég man eftir, hafa nú verið sléttuð út og sér þeirra nú hvergi stað", segir í örnefnaskrá. Ekki var hægt að staðsetja neitt þessara húsa, enda veit nú enginn hvar þau stóðu.Heimildamaður örnefnaskrár kom að Björk 1921. Húsin eru ekki sýnd á túnakorti frá 1920 og hafa þá verið hrunin fyrir þann tíma.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Björk, 2

**ÁR-422:019** *Smalaskáli* örnefni smalakofi 64°05.509N 20°45.007V
"Austur af Blótbjörk [017] er hæð með stórri þúfu í kolli, það er Smalaskáli," segir í örnefnaskrá. Hér mun átt við hæð sem er um 50 m austur af friðlýsta garðlaginu um Blótbjörk (022).
Þýfður mói.Lág og ávöl hæð með þúfu í kolli. Sæmilegt útsýni en engar mannvirkjaleifar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 4

**ÁR-422:020** *Svarthúfutjörn* álagablettur 64°05.507N 20°45.723V
"Mýrin suðaustur af bænum, austan við veginn heitir Austurmýri. Í henni, rétt við veginn, er lítil tjörn, vaxin ljósastör, hún heitir Svarthúfutjörn; á henni hvíla þau álög, að ekki má slá hana, þá drepst bezta kýrin í fjósinu", segir í örnefnaskrá. Tjörnin er vestan við heimreiðina, 7-800 m sunnan við bæ.
Mýri, hálfniðurgrafinn hitaveitustokkur liggur við tjörnina austanverða.
Tvískipt tjörn með stör nálægt bökkum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 4

**ÁR-422:021** gata leið 64°05.937N 20°46.197V
"Sunnan í [Svínavatnshæð], eru götur, sem liggja milli Svínavatns og Bjarkar", segir í örnefnaskrá. Göturnar sjást ágætlega nær bæ. Þær liggja sunnan við svonefnt Fjárhústún sem er vestan við fjárhús vestur af bæ.
Grónar og þýfðar grundir.
Moldartroðningur, að nokkru gróinn en mjó kindagata í botni. Liggur um 40 m sunnan túnsins og svo til

suðausturs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö- Björk, 5

**ÁR-422:022** garðlag 64°05.484N 20°45.092V
"Frá Farinu liggur garðlag til austurs, sunnan við Blótbjörk, beygir svo til norðurs austan við hana og liggur alla leið upp að Austurviki, vestan undir Svartahrygg. Alls mun garðlag þetta vera nokkuð á annan kílómetra á lengd. Mjög er þetta gamalt mannvirki og engar sagnir hef ég heyrt því tengdar", segir í örnefnaskrá. "Friðlýstar fornminjar eru flóðveitugarðlag fornt á Farmýri hjá Blótbjörk", segir í Sunnlenskum byggðum. Friðlýst 1927: "Flóðveitugarðlag fornt á Farmýri hjá Blótbjörk." Fjallað er um staðinn í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905: "Fram hjá Blótbjörk að austanverðu liggur forn garður, langur mjög. Hann beygist fyrir suðurhorn vatnsstæðisins, og af því sést, að það hefir verið þar áður en garðurinn var lagður. Annars er hann hér um bil beinn frá landnorðri til útsuðurs, og er auðséð, að hann er ekki túngarður, heldur vörzlugarður fyrir engjar, sem Björk á fyrir vestan Blótbjörk í mýri þeirri er Farmýri heitir. Sér þar fyrir fornum flóðveitugarði þvert yfir mýrina við upptök lækjar þess, er úr henni rennur og farlækur heitir. Vörzlugarðurinn endar vestur við lækinn, því þaðan af er hann til varnar. Best er að fylgja rafmagnslínu sem liggur austur-vestur yfir heimreið skammt norðan við ristarhlið. Garðlagið liggur undir hana 2-300 m austan við heimreiðina.
Þýfður og hæðóttur mói. Garðurinn er enn mjög greinilegur, liggur í sveig um Blótbjörk sunnanverða og svo til norðurs. Hann er allt að 2 m breiður og mosagróinn, hleðsluhæð allt að 1,2 m. Ekkert grjót sést, ekki heldur þar sem slóði sem fylgir rafmagnslínu hefur rofið hann, þar er moldarflag.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö- Björk, 5; SB III, 128; FF, 76; Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905, bls. 41

**ÁR-422:023** gata leið 64°05.850N 20°47.621V
Hátt í 500 m fyrir norðvestan Mógil (012) liggur mikil og sundurgrafin gata úr austri til vesturs.
Þýfður og mosagróinn mói. Greinileg gata, allt að 3 m breið og rúmlega 1 m djúp. Mjög líklega leiðin milli Bjarkar og Klausturhóla, en þar var kirkja.
**Heimildir:** Ö- Björk, 5

## ÁR-423 Stóraborg

30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð 1708 og 1760 en lénsjörð Grindavíkurprests 1847. 22.5.1504 gengur dómur þingstað réttum á Borg í Grímsnesi - DI VII, 692-94. Annar dómur frá Borgarþingi er frá 14.5.1568 - DI XV, 99. Í JÁM er hjáleigan Borgarkot talin með. "Borgarkot, eyðihjáleiga, hefur 4 ár í auðn legið, en var fyrst bygð fyrir tæpum 30 árum á fjárhússtæði." JÁM II 340-41.
1920: Tún 6,6 ha, þar af slétt ca. 1/3. Garðar 885 m².




*Kort 4: Stóraborg – tún*

"Bærinn stendur á brekkubrún en túnin að mestu norðan við hann á flötu heiðlendi. Kalhætta er þar mikil þó áraskipti séu að því. Mýrlendi er suður og vestur af bænum allt til Höskulds-lækjar sem ræður mörkum að vestanverðu. Allmikil fram-ræsla og ræktun hefur verið fram-kvæmd á jörðinni hin síðari ár. Jörðin er vel í sveit sett og var

lengst af þingstaður sveitarinnar. Austan til í túninu eru friðlýstar rústir þar sem þingstaðurinn var. Félgsheimilið Borg er í landi jarðarinnar. Kirkja var reist á Stóruborg 1931 en þangað var hún flutt frá Klausturhólum." Sunnlenskar byggðir III, 127.

**ÁR-423:001** *Stóraborg* bæjarhóll bústaður 64°04.260N 20°46.184V
Í örnefnaskrá segir: "Gamli bærinn stóð þar sem fénaðarhúsin standa nú." Eiginlegur bæjarhóll er því 30-50 m sunnan við steinsteypt íbúðarhús sem heimkeyrslan liggur upp að. Þar standa nú nokkur sambyggð útihús vestan kirkjunnar, grunnflatarmál um 40 x 20 m.
Húsaþyrping á malarplani. Sunnan við sést vel að þær standa á ávölum hól.
Líklegt er að bæjarhóllinn sé illa farinn vegna bygginga, m.a. er grafið haughús í hann sunnanverðan. Norðan við er stórt malarplan en hugsanlegt að suðvestasti hluti hólsins sé óskemmdur. Torfbærinn brann 1957 - þinghús var í húsaröðinni, byggt 1894.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Stóraborg,1

**ÁR-423:002** heimild um útihús
64.04.246N 20°46.271V
Skv. túnakorti frá 1920 var útihús 80-100 m beint vestur af bæjarhól (001) og um 40 m suður af 003.
Frá bænum hallar til vesturs og hefur húsið líklega staðið neðan við brekkuna. Skammt vestar hefur verið grafinn skurður sem liggur norður-suður.
Engar tóftaleifar sjást, líklegt að svæðið hafi verið sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-423:003** heimild um útihús
64°04.263N 20°46.297V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús 80-100 m vestnorðvestur af bæ.
Frá bænum hallar til vesturs og hefur húsið líklega staðið neðan við brekkuna. Skammt vestar hefur verið grafinn skurður sem liggur norður-suður.
Engar tóftaleifar sjást, líklegt að svæðið hafi verið sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920



*Kort 5: Stóraborg - jörð*

**ÁR-423:004** heimild um útihús 64°04.329N 20°46.324V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús um 20 m norðvestur af 005.
Fyrrum tún en nú hestagirðing. Húsið hefur líklega staðið vestarlega á aflangri bungu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-423:005** heimild um útihús 64°04.324N 20°46.267V
Skv. túnakorti stóð útihús um 20 m norðvestur af 006.
Fyrrum tún, nú beitarhólf fyrir hross.
Engin tóft sjáanleg. Hefur líkast til staðið á dálitlum hól hátt í 30 m suðvestur af fjárhúsum sem nú standa við Grímsnesveg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-423:006** heimild um útihús 64°04.336N 20°46.239V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús um 60 m norður af bæ (001).
Fyrrum tún, nú afgirtur beitarskiki. 20 m norðar, fast við veginn, standa gömul útihús
Engin merki sjást um þessi hús.
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-423:007** heimild um útihús
Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús um 20 m norðaustan við útihús 006. Hefur líklega staðið austan við heimreiðina, nálægt þjóðvegi.
Slétt tún. Nú sjást engin merki um húsið.
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-423:008** *Bjarkarvarða* varða samgöngubót 64°04.703N 20°46.238V
"Suðvestan í hólunum, skammt norður af núverandi félagsheimili, eru leifar af gamalli fjárrétt og norður af henni eru hraunklettar, ekki háir, sem heita Grýlubær. Á norðvestasta hraunrimanum er grjótvarða, sem heitir Bjarkarvarða. Gamla gatan upp að Björk lá rétt vestan við þessa vörðu", segir í örnefnaskrá. Leifar af vörðunni eru uppi á hraunbungu um 100 m norðan við tjaldstæðið á Borg.
Uppgróið hraun.
Varðan er hrunin og rústir hennar mosagrónar, um 2 x 2 m að ummáli og rúmur metri á hæð. Hún hefur verið hlaðin úr mjög grófu hraungrýti. Gæti vel hafa átt að vísa á göturnar að Björk, nafnið bendir til þess.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-423:009** *Þinggerði* tóft+garðlag þingstaður 64°04.287N 20°45.906V




"Austan við túnið myndast slakki vestan við Minniborgarbæinn. Norðast og vestast í þeim slakka heitir Þinggerði, þar er hinn forni þingstaður", segir í örnefnaskrá. Aftar í sömu skrá segir: "Á Stóruborg hefir verið þingstaður frá ómunatíð. Þangað áttu þingsókn Grímsneshreppur hinn forni og á tímabili einnig Þingvallasveit og Grafningur. Lítilsháttar mannvirkjaleifar sjást enn á þingstaðnum. Sést þar móta fyrir garðlagi umhverfis blett, sem er ca. 10x20 m, og er það í móa, í nokkrum halla; örstutt sunnan við þennan blett sér móta fyrir hústótt, þar mun hið forna þinghús hafa staðið, en það var aflagt um 1863, því þá var byggt nýtt þinghús í túninu suðaustan við bæinn. Það stóð nokkra metra suður af suðvesturhorni kirkjugarðsins. Þetta hús var lagt niður árið 1894 og var þá byggt þinghús í bæjarröðinni, þar stóð það til 1957, að það brann ásamt bænum. Mannvirkjaleifar, sem enn sjást á hinum forna þingstað, hafa ekki verið hreifðar, þó landið í kring hafi allt verið sléttað og gert að túni." Enn má sjá leifar þingstaðarins um 200 m beint austur af kirkjunni á Stóruborg, ofan í óslegnum slakka alveg við girðinguna sem skilur á milli Stóruborgar og Minniborgar.
Ósleginn slakki í austurjaðri Stóruborgartúns. Hátt gras.
"Paa Tingstedet Store-Borg en med Gjerder indfattet firekantet Plads, 12 Favne lang 7 Al. bred, - Gjerdet nu af 1 1/2 Al. Tykkelse og Höjde - kaldet Þínggérdi, og siger forhen at have tient for Domkreds." FF, 218. Mikill hluti garðlaga auk tóftar enn nokkuð greinilegur. Allar hleðslur eru grónar til fulls og farnar að síga. Gerðið er um 14 m breitt og 20 m langt. Norðurhluti þess er orðinn óljós og víða rof í veggjum. Austurlangveggur virðist halda áfram alla leið suður að hústóftinni sem er um 10 m frá suðurskammhlið. Hún er aflöng, alls um 4 x 7 m og samanstendur af þremur samhliða, útflöttum veggjum. Þó

er hugsanlegt að syðsti veggurinn af þessum þremur sé hluti af garðhleðslunni umhverfis.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Stóraborg, 1 og 4; Frásögur um fornaldarleifar I, 218.

**ÁR-423:010** tóft rétt 64°04.551N 20°46.017V
"Suðvestan í hólunum, skammt norður af núverandi félagsheimili, eru leifar af gamalli fjárrétt og norður af henni eru hraunklettar, ekki háir, sem heita Grýlubær", segir í örnefnaskrá. Réttin er um 100 m beint austur af yngra félagsheimilinu á Borg þar sem nú er skrifstofa hreppsins.
Skógarlundur, bæði aspir og barrtré. Uppgróið hraun.
Tvíhólfa rétt sem gæti vel verið stekkur. Hún er hlaðin í laut og er stærra hólfið ferkantað, 10 x 7 m, op í það að vestan. Við opið er lítil, aflöng kró sem vísar í norðvestur, um 2 x 6 m. Hleðslur úr hraungrýti nú að mestu hrundar og ná hvergi 1 m hæð. Lítið grónar þrátt fyrir það.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Stóraborg, 1




**ÁR-423:011** *Lindin* lind vatnsból 64°04.225N 20°46.123V
"Í túnjaðrinum, vestan við Kinnina, er uppsprettulind, alltaf nefnd Lindin. Þar er vatnsból bæjarins; frá henni rennur lækur vestur í Höskuldslæk, hann heitir Augnlækur. Nú hefur verið grafinn skurður eftir læknum, og er hann því horfinn í sinni upprunalegu mynd", segir í örnefnaskrá. Lindin er hátt í 100 m beint suður af gamla bæjarhólnum (001). Gróið beitarstykki sem hross ganga á.
Kinnin er ávöl hæð suðaustur af bæjarhólnum. Lindin kemur undan suðvesturenda hennar, nokkuð vatnsmikil og virðist vatn streyma upp á a.m.k. þremur stöðum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Stóraborg, 1

**ÁR-423:012** *Stekkatún* tóft stekkur 64°03.760N 20°46.714V
"Mitt á milli [Minniborgargils] og Augnlækjar, þar sem tekur að halla vestur að Höskuldslæknum er gamalt Stekkatún. Það var notað fram yfir síðustu aldamót", segir í örnefnaskrá. Stekkatúnið er um 1 km beint vestur af bæ, u.þ.b. 300 m suðaustur af fossinum í Höskuldslæk. Grasgefið en þýft valllendi. Stekkurinn er nánast undir rafmagnslínu sem liggur suðaustur-norðvestur um túnið. Skammt suðvestar tekur við brekka niður að lækjamótunum.Greinileg stekkjartóft en veggir sumsstaðar bólgnir eða farnir að hlaupa í púfur. Aflöng, 16 x 7 m, snýr austur-vestur með op í vestur, að lækjunum. Tvö hólf sjást og er hið innra mjórra en nær samt helmingi af heildarlengd stekkjar. Dyr milli hólfanna sjást enn. Veggir grónir en stór grjóthrúga er innst í fremra hólfinu, lítur helst út fyrir að grjóti úr stekkjarveggjunum hafi verið safnað þar saman. Veggjahæð mest um 1 m. 20 m suður af stekknum er óljós, skeifumynduð tóft, 3 x 4 m og vísa dyr hennar í norður, að stekknum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Stóraborg, 3




**ÁR-423:013** tóft beitarhús 64°03.187N 20°46.461V
"Syðst og vestast á há-Oddsholtinu eru fjárhúsatættur, þar voru fjárhús frá Stóruborg fram um 1940", segir í örnefnaskrá. Nú er sumarbústaðahverfi á Oddsholti. Tóftin er 7-800 m vestur af norðvestasta húsinu sem þar er nú, allra syðst á holtinu. Grasgefið holt, klappir eru þó vestan og suðvestan við húsið, eflaust gott skjól. Holtið er brattast að norðan, þar fyrir neðan rennur Höskuldslækur.
Aflöng fjárhústóft með hlöðu í enda og lítilli viðbyggingu út frá vesturlanghlið. Húsið snýr norður-suður, dyr sunnanmegin. Engir garðar. Húsið breikkar til norðurs en í þeim enda er hlaða. Stærð 14 x 5 m. Viðbyggingin er 4 x 4 m með sérinngangi í vestur og ekki virðist innangengt milli hólfanna. Veggir standa býsna vel, t.d. er hæð hlöðuveggja allt að 2 m. Bárujárnsleifar og annað rusl er innan veggja. Hleðslur viðbyggingar eru



algrónar en víða sér í grjót í aðalbyggingu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Stóraborg, 4

**ÁR-423:014** *Gálgagil* örnefni aftökustaður 64°03.837N 20°46.930V
"Lítinn spöl austur af fossinum [í Höskuldslæk] er dálítið klettagil í brekkubrúninni sem heitir Gálgagil", segir í örnefnaskrá. Fossinn er um 1 km vestur af bæ og gilið innan við 100 m austan við hann.
Fyrir neðan fossinn rennur Höskuldslækur í bugðu til austurs. Þar er lítil flöt við hann en Gálgagil upp af henni. Grunnt gil, gróið ofantil en sumsstaðar smáklettar. Þar sem gilið er dýpst hefur verið reist í því lítil heimarafstöð.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Stóraborg, 3

**ÁR-423:015** tóftir 64°03.873N 20°46.607V
Norðan við austasta enda Oddsholtsins, rúma 200 m norðaustur af stekknum (012) eru tóftir.




Þýft móaholt sem hallar til norðvesturs, að Augnlæk sem er í 50-100 m fjarlægð. Áberandi grösugast er umhverfis tóftirnar.
Tóftirnar eru þrjár talsins, allar signar og veggir grónir þannig að hvergi sér í grjót. Vestast er lítil tóft, 3 x 4 m, skeifumynduð og dyrnar vísa nokkurn veginn í norður, að Augnlæknum. 10 m austan við hana er aflöng tóft sem snýr norður-suður, einnig með dyr í norður. Þessi tóft er alls 6 x 10 m, breiðust um sig miðja. Aðskilið hólf er í suðurenda, 3 x 4 m. Innangengt hefur verið á milli hólfanna en auk þess virðist hafa verið sérinngangur á því vestanverðu. Þriðja tóftin er 10 m norðaustar, um 4 x 4 m en veggir eru svo signir og úr lagi gengnir að lögun verður að teljast óljós. Sýnist þó hringlaga. Engar öruggar heimildir eru um hlutverk þessara bygginga en líklegt má telja að annaðhvort hafi verið stekkatún á þessum stað, eldra en 012 eða beitarhús.

**ÁR-423:016** gata leið 64°03.296N 20°46.416V
Oddsholt er hátt og mikið holt suðvestur af Stóruborg. Nú er sumarbústaðabyggð á hluta þess, að mestu í Minniborgarlandi. Eftir holtinu endilöngu liggur gömul gata.
Gróið og þurrt móaholt. Stefnan á götunni er suðvestur-norðaustur, hún stefnir beint á beitarhús 013. Greinilega engin venjuleg kindagata, gríðarmikil og djúp. Hugsanlegt er að hún hafi legið frá Stóruborg, framhjá beitarhúsinu og áfram á bæi í suðvestanverðu Grímsnesi.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-423:017** gata leið 64°04.720N 20°46.331V
"Suðvestan í hólunum, skammt norður af núverandi félagsheimili, eru leifar af gamalli fjárrétt [010] og norður af henni eru hraunklettar, ekki háir, sem heita Grýlubær. Á norðvestasta hraunrimanum er grjótvarða, sem heitir Bjarkarvarða [008]. Gamla gatan upp að Björk lá rétt vestan við þessa vörðu", segir í örnefnaskrá. Leifar af vörðunni eru uppi á hraunbungu um 100 m norðan við tjaldstæðið á Borg.
Jaðar uppgróins hrauns. Smátroðningur sést upp með girðingu sem liggur norður-suður, hann hefur verið ekinn. Má vera að það sé gamla gatan.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-423:018** *Fornutættur* heimild
"Dálítið austar [en 013] í Oddsholtsjaðrinum eru gamlar húsarústir, nefndar Fornutættur", segir í örnefnaskrá. Fundust ekki við leit sumarið 2000 en gæti hugsanlega verið sama og 015.

**ÁR-423:019** *Borgarkot* heimild um býli
"Borgarkot, eyðihjáleiga, hefur 4 ár í auðn legið, en var fyrst bygð fyrir tæpum 30 árum á fjárhússtæði," segir í jarðabók Árna Magnússonar 1708. Ekki tókst að hafa uppi á neinum sem veit hvar Borgarkot stóð.
**Heimildir:** JÁM II, 340-341

# ÁR-424 Foss

36 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. [1557]: "Jtem rekin heim gamalkyr fra Fossi. sett j instædu j stadin tuæuetur kuiga gielld." ráðsmannsreikningur í Skálholti - DI XIII, 171.
1920: Tún 5,6 ha, þar af slétt ca. ½. Garðar 1116 m².
"Land jarðarinnar er vestan Höskuldslækjar gegnt landi Stóruborgar og suðaustan Biskupstungnabrautar. Nafn jarðarinnar er komið af fossi í Höskuldslæk, um 12 m háum. Mýrlendi er hið næsta læknum en þá tekur heiðlendi við, ofan á hrauni. Sæmilegasta ræktunarland er á Fossi en hraun gægist upp á yfirborðið hér og þar. Öllu landinu hallar lítillega til austurs og suðausturs. Veiðiréttur er í Höskuldslæk. Ekki hefur verið föst búseta á Fossi hin síðari ár en jörðin nytjuð af bóndanum á Stóruborg." Sunnlenskar byggðir III, 129.

**ÁR-424:001** *Foss* bæjarhóll bústaður 64°03.362N 20°47.620V




Bæjarhóllinn á Fossi er líklega að mestu norðan við núverandi íbúðarhús sem byggt var 1928. Þó má vera að hluti hólsins hafi lent undir húsinu sem er með kjallara. Nú stendur til að rífa það. Heimreiðin að bænum liggur úr vestri. Þar er malarplan við íbúðarhúsið sem snýr suðaustur-norðvestur. Bæjarhóllinn er norðan við það og næstum allt í kringum hann eru afgirt hólf notuð sem bithagar fyrir hross. Suðaustan við bæinn er dálítill halli allt niður að Höskuldslæk.
Á miklum hluta bæjarhólsins eru hleðslur, leifar fjóss, hlöðu og hesthúss sem voru sambyggð gamla bænum. Hesthúsið stóð næst íbúðarhúsi, var lítið og mjótt. Þá kom hlaða og við hana fjósið. Hlaðnir veggir fjóss og hlöðu standa enn, byggðir úr torfi og grjóti en steyptar plötur í botni. Alls hefur rými þetta verið um 12 x 15 m og eru austur- og norðurhlið heillegastar, veggjahæð 1,5 m og allt að 8 umför af hleðslum. Þar sem þessir veggir mætast er steyptur kassi, 3 m hár. Hann var súrheysturn en er nú notaður sem skýli fyrir heimarafstöð. Þar sem austurvegg fjóss sleppir tekur við lágur og bungumyndaður hóll og hugsanlegt að sjálf baðstofan hafi staðið þar; ennfremur er hólmyndun vestan og norðvestan við sjáanlegar hleðslur. Gróinn og beinn kantur er langsum með allri suðurhliðinni, einnig þar sem eiginlegum byggingarleifum sleppir, gæti verið stétt. Þar sem kanturinn endar austan til kemur út frá honum um 15 m langur veggur sem liggur til suðurs, nær örugglega leifar af gömlum kálgarði. Ekki er ástæða til að ætla annað en að ástand bæjarhólsins sé þokkalegt, nema suðvestasti hluti hans hafi lent undir byggingu 1928. Núverandi ábúendur eru aðfluttir og vita ekki til þess að bærinn hafi staðið á öðrum stað. Þrátt fyrir það er tóft norðaustar sem gæti verið eldri bæjarhóll (014).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-424:002** *Hallahús* tóft fjárhús 64°03.268N 20°47.842V




Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús í túni 80-100 m vestur af bæ. Á þessum stað er nú fjárhústóft, húsið var nefnt Hallahús.
Fyrrum tún, nú hestagirðing í dálitlum halla mót austri. Lítill lækur rennur 30-40 m austan tóftar.
Greinileg tóft, 16 x 5 m, snýr austur-vestur en dyr eru austast á suðurlanghlið. Hlaða í norðurenda en garðar sjást ekki, enda tóftin full af timbri og bárujárni. Grjót sést víða í veggjum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-424:003** *Lambhús* tóft útihús 64°03.452N 20°47.571V




Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús rúma 100 m austur eða norðaustur af bæ. Á þessum stað er tóft af litlu fjárhúsi sem var kallað Lambahús eða Lambhús. Fyrrum tún, nú hestagirðing. Nálægt túngarði [015] en leifar hans sjást fáeinum metrum norðar.
Tóftin snýr austur-vestur með dyr í austur, stærð 5 x 7 m. Einföld að allri gerð, hvorki hlaða né garðar. Tóftin er full af ónýtu girðingarefni og bárujárni. Veggir hlaðni úr torfi og grjóti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-424:004** *Móbrún* örnefni mógrafir 64°03.557N 20°46.901V
"[Hunangsdý] er vestast í mýrarbrún, er liggur þaðan til norðausturs að Höskuldslæk og heitir Móbrún" , segir í örnefnaskrá. Mýri er austur og norðaustur af bæ. Þar sem henni tekur að halla að Höskuldslæk heitir Móbrún.
Votlend mýri. Ekki er um afmarkaðan stað að ræða því að Móbrúnin er nokkur hundruð metra löng. Hluti hennar var kannaður, engar greinilegar mógrafir sáust en þrátt fyrir það virðist staðurinn vænlegur til mótekju.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, 1

**ÁR-424:005** heimild um áveitu
64°03.815N 20°47.047V
"Þar sem Móbrúnin endar við lækinn er í honum allhár foss. Skammt fyrir ofan fossinn hefir lækurinn einhvertíma verið stíflaður og vatni veitt úr honum til áveitu í skurði, sem liggur upp á Móbrúninni, sér enn móta fyrir þessu mannvirki", segir í örnefnaskrá. Fossinn er auðfundinn norðaustur af bæ, enda eini stóri fossinn í Höskuldslæk, a.m.k. á þessu svæði.
Grasbakkar beggja vegna lækjar. 5-10 m ofan við lítinn foss sem er skammt ofan stóra fossins, rennur lækurinn í þrengslum og væri þar tilvalinn staður fyrir stíflu. Þar fyrir ofan lítur út fyrir að lækurinn hafi einhverntíma flotið yfir bakka sína; þar er slétt grasflöt og börð austan við hana. Út frá læknum liggur svo hálfgróinn slakki, 2 m breiður í átt að Móbrún. Allt er þetta fremur ógreinilegt.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, 1




*Kort 6: Foss – tún*

**ÁR-424:006** *Hólagata* gata leið
64°03.835N 20°48.682V
"Göturnar, sem eru sunnan undir Markaskaganum, beygja fyrir hæðina, sem þúfan stendur á; á Fossi var þetta kallað Hólakotsháaleiti", segir í örnefnaskrá. Ekki er alveg ljóst við hvaða götur er átt í þessari lýsingu. Gæti þó verið svonefnd Hólagata sem lá frá Fossi að Klausturhólum, nánast í beina línu milli bæjanna.
Þýfður mói. Gatan sést enn vel, t.d. skammt sunnan við þar sem þjóðvegurinn hefur farið yfir hana. Uppgróinn troðningur, allt að 2-3 m breiður.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, 1-2

**ÁR-424:007** *Stekkatúnshóll* tóft stekkur 64°03.579N 20°47.181V




"Austur af túninu á Fossi er hóll í mýrinni neðan við Móbrúnina, er heitir Stekkatúnshóll", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er 5-700 m austan við bæ, með þúfu í kolli. Þurr valllendishóll, umkringdur grösugri mýri. Sunnan undir hólnum er sæmilega þurr blettur, þar er tóft.
Greinileg tóft, þó sigin og veggir að nokkru hlaupnir í þúfur. Ferköntuð og regluleg, 15 x 10 m, líkist frekar kvíum en stekk. Veggir virðast eingöngu torfhlaðnir, nú er ekki hægt að sjá hvar dyr hafa verið. Umhverfis tóftina er mjög þýft. Mögulegt er að annað hólf, sambyggt, hafi verið fast austan við tóftina. Veggjabreidd allt að 1 m en hæð hvergi meiri en um 0,5 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, 2

**ÁR-424:008** *Byrgisrimi* örnefni 64°03.360N 20°47.632V
"Rétt fyrir neðan túnið er lágt holt, heitir Byrgisrimi, og mýrin þar suður og austur af heitir Dýjamýri", segir í örnefnaskrá. Byrgisrimi er beint suðaustan við gamla íbúðarhúsið á Fossi. Gróið holt, nú bithagi fyrir hesta. Engin merki sjást um byrgi eða önnur mannvirki.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Foss, 2

**ÁR-424:009** *Djúpavað* örnefni vað 64°03.067N 29°47.295V
"Beint suður af bænum er Kúatangi við [Höskuldslæk] og vestan við hann eru klettar, sem lækurinn beygir fyrir, heitir þar Hrafnsnef. Milli Kúatanga og Hrafnsnefs er vað á læknum, kallað Djúpavað", segir í örnefnaskrá. Staðurinn er auðfundinn, rúma 600 m suðaustur af bæ. Grónir bakkar beggja megin. Fast við vaðið rennur lítill lækur út í Höskuldslæk. Eins og nafnið bendir til er lækurinn ekki sérlega grunnur á þessum stað. Ábúendur á Fossi segjast enn fara ríðandi yfir á vaðinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, 2

**ÁR-424:010** tóft+garðlag beitarhús 64°03.032N 20°48.540V




"Vestur af Hallinum, skammt vestan við veginn, er fjárhús frá Fossi og lítill túnblettur hjá", segir í örnefnaskrá. Kiðjabergsvegur er ekinn til suðurs frá Fossi, 50-100 m. Þá kemur afleggjari til vesturs. Við enda hans er nú verið að byggja sumarhús, tóftin er um 100 m suðaustar en það. Sléttur og vel gróinn túnskiki, húsið er í austurjaðri hans. Annars uppgróið hraun umhverfis. Heilleg tóft, snýr norðaustur-suðvestur með dyr í suður. Hlaða í norðurenda, þar er tóftin allt að 6 m breið en fremst ekki nema um 5 m. Ekki sjást garðar en kafgras er í tóftinni og við hana. Spýtnabrak í hlöðu, þar eru veggir allt að 2 m háir. Stærð alls um 14 x 6 m. Svo virðist sem túnbletturinn hafi verið girtur af því það mótar fyrir garðlagi með norður- og vesturhlið hans.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Foss, 2

**ÁR-424:011** tóft beitarhús 64°03.090N 20°49.277V




"Dálítinn spöl norðvestur af fjárhúsinu, sem áður er nefnt, er gömul sauðahústóft; stendur hátt á brekkubrún; rétt neðan við tóttina er stór steinn, nefndur Tófusteinn", segir í örnefnaskrá. Tóftin er rétt rúma 600 m norðvestur af 010. Tóftin er mjög áberandi sé komið að henni úr suðaustri, stendur á háum hól þar sem land tekur að hækka. Uppgróið hraun, gras umhverfis tóft. Hún snýr norður-suður með dyr mót suðri. Engir garðar sjást en hlaða í norðurenda, vandlega aðskilin frá húsinu með vegg og hrunið fyrir dyrnar á milli. Einnig er hrunið að mestu fyrir aðaldyrnar, sést þar m.a. mjög verkleg hraunhella sem væntanlega hefur verið yfir dyrum. Hleðsluhæð 1,6 m, stærð húss 13 x 5 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, 3

**ÁR-424:012** *Kiðjabergsgata* gata leið 64°02.986N 20°47.154V
Á rissmynd sem fylgir örnefnaskrá Foss sést að gata lá til suðurs frá bænum. Hún klofnaði í tvennt fyrir vestan Djúpavað (009) og lá vestari leiðin að Kiðjabergi en sú austari (019) að Mýrarkoti. Móaþýfi. Kiðjabergsgatan sést enn í brúninni ofan við undirlendið við lækinn, skammt suðvestan við Djúpavað. Ógreinilegur troðningur á þessum slóðum. Skv. myndinni fór hún yfir lækinn við Smiðsnes (ÁR-440-015), sem byggðist úr landi

Hraunkots.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, rissmynd




*Kort 7: Foss - jörð*

**ÁR-424:013**
*Markavarða* varða landamerki 64°03.208N 20°50.059V
"Suðvestur af Klofsteinum er varða vestur á Karlhrauninu, er hún nefnd Markavarða", segir í örnefnaskrá. Varðan er 100-200 m sunnan við þjóðveginn, næstum beint suður af Kerhól.
Uppgróið hraun. Varðan stendur á kambi og er land lægra bæði austan og vestan við hann.
Varðan stendur enn að hluta, hvorki stór né vegleg, hlaðin úr hraungrýti. Hæð rúmur metri og grunnflatarmál um 1 fermetri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, 3

**ÁR-424:014** tóft 64°03.390N 20°47.635V




60-70 m norður af núverandi íbúðarhúsi á Fossi er rústahóll inni í hestagirðingu.
Fyrrum tún, nú bithagi hrossa.
Greinilegur rústahóll, stærð 30 x 21 m, stendur í smáhalla til suðausturs. Rís allt að 1,5 m yfir umhverfi sitt. Í hólnum sjást þrjár til fjórar dældir eða hólf, tvær stærri í vesturhluta, ein lítil í suðausturhorni og við hlið hennar mótar fyrir aflangri dæld. Hóllinn er algróinn nema örlar á grjóti á norðaustasta horni hans. Heimildamönnum var ekki kunnugt um hlutverk þessa mannvirkis. Líklegast virðist að hér hafi verið heygarður þótt ekki sé útilokað að bærinn hafi áður staðið á þessum stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-424:015** garðlag túngarður 64°03.462N 20°47.516V
Um 20 m austur af lambhúsi 003 eru leifar túngarðs.
Gróið tún en utan þess eru moldarflög og mikið stórgrýti.
Garðurinn sést við norðurjaðar túnsins á um 20 m kafla en einnig sést hann og jafnvel betur með vesturjaðrinum. Hálfgróinn en víða sést í grjóthnullunga. Víðast 0,5 - 1 m hár. Utan við austasta hluta túngarðsins eru leifar lítillar réttar sem hefur verið samhlaðin honum. Nú sjást aðeins undirstöðurnar, stærð um 10 x 5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-424:016** varða 64°02.904N 20°50.047V
"Vestur frá hústóttinni [011] liggja götur og alllangan spöl frá tóttinni eru þrívörður"segir í örnefnaskrá.

Þrívörður eru 550 m suður af Markavörðu (013).
Uppgróið hraun allt um kring en vörðurnar standa á mosagrónum hraunkambi sem liggur norður-suður.
Þrjú lítil vörðubrot í beina línu norður-suður, ekkert þeirra hærra en 1 m og líta ekki út fyrir að hafa verið mikið hærri. Hlaðnar úr hraungrýti. Milli tveggja syðri varðanna eru aðeins 2 m en frá miðvörðu að þeirri nyrstu eru 12 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, 3

**ÁR-424:017** *Hraunkotsgata* gata leið 64°03.021N 20°48.613V
Gata sést fast suðvestan við beitarhús 010, þar sem túnblettinum sleppir. Á rissmynd sem fylgir örnefnalýsingu Foss er Hraunkotsgata sýnd á svipuðum slóðum, þ.e. gatan milli Foss og Hraunkots.
Móar og uppgróið hraun.
Gatan kemur úr suðvestri, hverfur á túnblettinum við tóft 010 en sést svo aftur í móa austan hennar og stefnir beint á Fossbæinn. Varla um annað að ræða en þetta sé Hraunkotsgatan. Algróin en mjög greinileg.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, rissmynd

**ÁR-424:018** *Fjárhúsgata* gata leið 64°03.021N 20°48.881V
Enn er greinileg leiðin sem farin var milli beitarhúsanna tveggja (010 og 011). Á rissmynd sem fylgir örnefnalýsingu Foss er hún nefnd Fjárhúsgata.
Móar og uppgróið hraun. Greinilegur troðningur, enn notaður af kindum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, rissmynd

**ÁR-424:019** *Mýrarkotsgata* gata leið 64°02.998N 20°47.155V
Á rissmynd sem fylgir örnefnaskrá Foss sést að gata lá til suðurs af bænum. Hún klofnaði í tvennt fyrir vestan Djúpavað (009) og lá vestari leiðin að Kiðjabergi (021) en sú austari að Mýrarkoti.
Móaþýfi. Mýrarkotsgatan liggur að Höskuldslæk sunnan við Hrafnsnef sem er klettanef sunnan Djúpavaðs (009). Lítur nú út eins og kindatroðningur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, rissmynd

**ÁR-424:020** gata leið 64°03.063N 29°49.125V
Á rissmynd sem fylgir örnefnaskrá Foss, er sýnt hvar kirkjugatan frá Hraunkoti að Klausturhólum lá. Hún sést enn vel, sker Fjárhúsgötuna (018) um 50 m suðaustur af sauðahúsi (011).
Þýfður mói. Um 1 m breið gata, mjög djúp með moldarbotni. Liggur hér um bil frá suðvestri til norðausturs.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Foss, rissmynd

# ÁR-425 Klausturhólar

75 hdr. 1847, óviss 1708. "Hallkell, bróðir Ketilbjarnar sammæddr, kom til Íslands ... ok skoraði á Grím [í Búrfelli] til landa eða hólmgongu. Grímr gekk á hólm við Hallkel undir Hallkelshólum ok fell þar, en Hallkell bjó þar síðan." Landnámabók (S/H), ÍF I, 388.
1397: "Kirkia ad Holumm j Grymsnesi a xxc. j heimalandi." DI IV, 90.
16.4.1433 gefur Guðríður Ingimundardóttir Viðeyjarstað "jordina sem holar heita med viij kvgilldvm. sem ligur j grimsnesi firir sal vigfvsar jvarssonar oc hans sonar ellendz ..." - DI IV, 531.
um 1570: "Kirkian i Hölum i Grijmsnese a xxc. i heimalande." - DI XV, 646.
"Kirkjustaður annekteraður með Snjáfuglstaða og Búrfellskirkjum. Þessi jörð var af sál. kónginum Fridericho tertio háloflegrar minningar gefin til að vera hospital." JÁM II, 342.
1708 átti Miðengi "heytorfsristu í Klausturhólalandi fyrir skógarhögg." JÁM II, 352 sbr. 342. Í landi jarðarinnar er ein hjáleiga, Klausturhólakot, oftast nefnd Hólakot, nú Hallkelshólar. Skálholtsstólsjörð, boðin upp 1798 sem 50 hdr jörð, 60 hdr. 1803. Hólakot hjáleiga 1803 og 1847. Varð beneficium 1801 í stað Snæfoksstaða
"Klausturhólar er kirkjustaður og var eign kirkjujarðasjóðs, en ábúandinn þar, Magnús Jónsson, sem nú [1923] er þar, keypti jörðina 1916." Ö-Klausturhólar og Hólakot, 1
"Land á jörðin vestur að Hæðarendalæk í Bauluvatn og þaðan upp Lyngdalsheiði til Þrasaborga. [...] Kirkja var í Klausturhólum til 1932 og prestssetur frá 1801-1884. Um 1651 var hér stofnsettur holdsveikraspítali og var hann hér til 1753 er hann var fluttur að Kaldaðarnesi." Sunnlenskar byggðir III, 131.
1840: “Gullsignetshringur steinsettur, eignaður Alexíus eðu[r] Ála, síðarsta ábóta í Viðey, en síðar prestur í

K.hólum, fannst í tíð formanns míns í bæjarlæk þeim, er hér verður, í vörn Áli skyldi hafa kastað hönum með ummælum: Að sá skyldi finna hann, sem best hressti við Hóla. En meira meina menn formaður minn sál. hafi hresst sig við í Hólunum en Hólana. Hefi eg heyrt sagt, - og mun það satt -, að hringur þessi hafi farið til sál. biskups Vídalíns, en hvað so er orðið um hann síðan veit eg ekki." Sóknarlýsing Jóns Bachmanns, SSÁ, 170
1920: Tún 6,6 ha, þar af slétt ca. ¾. Garðar 1741 m².
"Bærinn stendur á lágum hól við norðausturmörk Grímsneshrauna. Túnin eru suður og vestur af bænum. Neðri hluti landsins er gróið hraunlendi, kjarr er ekki teljandi. Seyðishólar, miklar brunanámur, eru suður af bænum. Klausturhólaréttir er á valllendisflöt skammt austur af hólunum, umluktar hraunkambi. [...] Landið vestur af bænum er heiðlendi en mýrarsund hið næsta Bauluvatni. Valllendi er hér og þar en ofar móbergs- og klapparásar. Hrólfshólar eru þeirra stærstir. [...] Talsverð sumarbústaðabyggð er í landi jarðarinnar." Sunnlenskar byggðir III, 131.

**ÁR-425:001** *Klausturhólar* bæjarhóll bústaður 64°04.568N 20°49.917V
Bæjarhóllinn er fast austan við og raunar að hluta til undir íbúðarhúsi sem reist var 1930 en er nú óíbúðarhæft eftir jarðskjálfta. Sunnan við bæjarhólinn er gamall kirkjugarður (025).
Bæjarhúsin standa á hól, hallar frá þeim til suðurs. Vegur að Hallkelshólum er við norðurhluta hólsins. Fjós með hlöðu og súrheysturni er um 40 m austan við íbúðarhúsið. Töluvert rask hefur orðið á bæjarhólnum þótt hluti hans gæti verið óskemmdur. Ef marka má mynd sem til er af gamla bænum var meginhluti hans enn uppistandandi þegar steinhúsið var reist 1930 og því hefur a.m.k. ekki verið byggt ofan á stæði síðasta torfbæjarins þótt hann kunni að hafa verið færður í seinni tíð. Gera má ráð fyrir að einhverjar mannvistarleifar hafi farið undir steinhúsið sem er með hálfniðurgröfnum kjallara. Austan við steinhúsið, fast uppvið það, er grjóthleðsla. Önnur hleðsla er suðaustur af íbúðarhúsinu, nánast heil hústóft. Hún mun vera af skemmu sem hlaðin var upp í seinni tíð og líklega notuð eftir tilkomu steinhússins. Stærð um 3 x 7 m, norðurlangveggur niðurgrafinn að nær öllu leyti og suðurlangveggur fallinn, nema þar hafi verið timburþil. Hleðsluhæð veggja hátt í 2 m. Norðarlega í hólnum er hrörlegt fjárhús með hlöðnum undirstöðum (021), hálfniðurgrafið. 1864: Þjms. 152. "Partur af BEINSPJALDI, er fannst undir bænum á Klausturhólum er hann fyrir fám árum var reistur á ný. Það er með gagnskornum knút að ofan og mannþyrpíng neðan undir. Á einum manninum sést votta fyrir pípukraga, er hann hefir um hálsinn, sem sýnir að spjaldið varla muni vera eldra en seint úr pápískri öld. Hér hefir verið myndað eitthvað úr biblíunni, óvíst hvað." Skýrsla FÍ I, 90
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920; Skýrsla FÍ I, 90




**ÁR-425:002** tóft fjárhús 64°04.606N 20°50.
180-200 m norðvestur af bæjarhól stóð útihús skv. túnakorti frá 1920 og í örnefnaskrá segir:""Í norðvestur jaðri [Vesturtúns] standa 3 fjárhús, tvö lambhús samstæð og eitt ærhús austar og ofar. Á síðarnefnda staðnum er nú gömul fjárhústóft. Fyrrum hluti túns, nú beitarhólf fyrir kýr.
Aflöng tóft með dyr í suður. Hvorki hlaða né garðar greinanleg, enda hefur rusli verið hent í tóftina og jafnvel jafnað yfir að einhverju leyti. Þannig er tóftin nánast slétt að ofan, ekkert op milli veggja. Rís allt að 1,2 m yfir umhverfið, sumsstaðar sést í grjóthleðslur að utanverðu. Stærð 16 x 6 m.
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

**ÁR-425:003** *Lambhús* heimild um fjárhús 64°04.586N 20°50.172V
Skv. túnakorti frá 1920 var útihús um 40 m vestur af 002 og í örnefnaskrá segir: "Í norðvestur jaðri [Vesturtúns] standa 3 fjárhús, tvö lambhús samstæð og eitt ærhús austar og ofar." Á fyrrnefnda staðnum stendur nú seinni tíma fjárhús með hlöðu, steinsteypt. Fyrrum hluti túns, nú beitarhólf fyrir kýr. Engar leifar gamla hússins sjást lengur. Það var kallað Lambhús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920; Klausturhólar og Hólakot, 3

**ÁR-425:004** *Austurtraðir* heimild um traðir 64°04.568N 20°49.907V
"Austur frá hlaðinu liggja traðir, Austurtraðir", segir í örnefnaskrá. Traðirnar sjást einnig á túnakorti frá 1920 en eru nú með öllu horfnar. Þær lágu frá suðausturhorni bæjarhóls (001) og til norðurs, í stefnu norður fyrir hól sem þar er og heitir Gullhóll. Austan við bæjarhól er fjós sem enn er notað, þá kemur girðing og tún.
Traðirnar fóru að einhverju leyti undir fjósið og eru nú með öllu horfnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 2




*Kort 8: Klausturhólar – tún*

**ÁR-425:005** *Réttin* tóft rétt 64°04.582N 20°49.780V
"Neðan við Gullhól, í mörkum, er Réttin, markar þar fyrir hringmyndaðri hleðslu, og er sagt, að það hafi verið hestarétt fyrir hesta kirkjufólks og annarra gesta á meðan staðið var við í bæ eða kirkju", segir í örnefnaskrá. Leifar réttarinnar eru um 50 m sunnan við veginn milli Klausturhóla og Hallkelshóla, skömmu áður en komið er að ristarhliði á austurleið. Þetta er rétt innan við 120 m austnorðaustur af bæjarhól (001).
Fyrrum tún, nú beitarhólf fyrir hross. Hleðslan er fast sunnan undir hól, Gullhól. Vottar óljóst fyrir grónum undirstöðum réttarinnar, vesturhliðin er skýrust. Hringlaga, líkast því sem hafi verið hlaðið umhverfis litla laut. Stærð um 12 x 14 m, þar sem grjóthleðslan er greinileg er hún um 1 m breið. Ekki ljóst hvar dyr hafa verið. Nyrst við lautina er mikil grjóthrúga, hugsanlegt að réttin hafi verið rifin og grjótinu komið fyrir þar.
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 2

**ÁR-425:006** *Framtraðir* heimild um traðir 64°04.540N 20°49.963V
"Vestur af Túnhala eru Framtraðir, eftir þeim tröðum eru kýr reknar til lækjarins til að drekka, og um þær er önnur umferð niður fyrir lækinn", segir í örnefnaskrá. Traðirnar sjást einnig á túnakorti frá 1920. Þær lágu til suðvesturs frá kálgarði sem enn sést vestan íbúðarhúss frá 1930 og að læk sem rann um túnið en var veitt annað í skurði því hann flæddi stundum yfir bakka sína. Skv. túnakorti hafa traðirnar verið 80-90 m langar.
Sléttað tún og slegið. Ekki vottar lengur fyrir tröðunum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3; Túnakort 1920

**ÁR-425:007** *Mylluvað* örnefni vað 64°04.505N 20°49.960V
"Niður af tröðunum [006] er Mylluvað á læknum", segir í örnefnaskrá. Mylluvað hefur verið hátt í 100 m suðvestur af íbúðarhúsi frá 1930. Eins og segir í 006 er lækurinn horfinn, hann rennur nú í skurði utan við túnið á Klausturhólum.
Sléttað tún og slegið. Þeir sem þekkja til sjá enn móta fyrir farveginum í túninu en það er ógreinilegt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

**ÁR-425:008** heimild um myllu 64°04.501N 20°49.965V
"Niður af [Framtröðum] er Mylluvað á læknum. Vestan við vaðið á læknum var einu sinni kornmylla, sett þar upp af séra Þórði Árnasyni, presti í Klausturhólum, um 1850. Myllan var niðurlögð áður en faðir minn fluttist að Klausturhólum, en tóftin stendur enn á lækjarbakkanum", segir í örnefnaskrá. Myllan var um 120 m suðvestur af bæ. Læknum var veitt af túninu sem er sléttað og enn í rækt.
Myllutóftin er með öllu horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

**ÁR-425:009** *Goðhólstún* heimild 64°04.546N 20°49.984V
"Vestur af Framtröðum er Goðhólstún. Þar er sagt, að goðhús hafi staðið til forna upp á háhólnum austast og sjúkrahús fyrir holdsveika, að líkindum framan í miðjum hólnum", segir í örnefnaskrá. Nálægt aldamótunum 1900 skoðaði Brynjólfur Jónsson minjastaði í Árnessýslu og ritar svo 1905: "Rétt fyrir vestan bæinn í Klausturhólum er hóll mikill í túninu, sem er kallaður Goðhóll. Uppi á honum austan til vottar fyrir kringlóttri tóft, eigi allstórri, enda er hún mjög niðursokkin. Er hún kölluð hoftóft. Fyrir vestan hana er slakki nokkur í hólinn. Þar liggur afarmikil tóft ofan frá toppi hólsins niður að jafnsléttu sunnan megin. Það er auðsjáanlega bæjartóft með elztu lögun; er henni skift í þrent með miðgöflum, en engar byggingar út til hliða. Svo er hún niðursokkin, að ógjörla sér fyrir dyrum. Enda var túnið þar óslegið, er eg skoðaði, og grasið mikið. Frá efri enda tóftar þessarar liggur fyrirferðarmikill forngarður til vesturs þvert ofan af hólnum og svo beint að túnjaðri. Þar, við túnjaðarinn, hefir stykkið, sem myndaði Grímsleiði, hlaupið úr suðurhlið hans. Þá verður krókur á garðinum og gengur hann þaðan til suðurs um hríð. Er þar nú túngarður ofan á honum. Þá verður annar krókur, og frá honum gengur garðurinn í norðurhalt austur að neðri enda bæjartóftarinnar. Myndar hann þannig ferhyrnda girðingu, á að gizka 2 dagsláttur að stærð, og er bæjarrústin í garðs stað austan megin. Mun þetta hafa verið bær Hallkels, og girðingin sá blettur, sem hann tók fyrst til ræktunar. Og vel má vera að hann hafi valið sér tilbeiðslustað á hólnum austan við bæinn; þótt þar fagurt. Seinna hefir bærinn verið færður austur fyrir hólinn, þangað sem hann er nú." Árið 1908 ritar Matthías Þórðarson: "Í Klausturhólum er kallaður enn Goðhóll í túninu og vottar þar fyrir tóft, enda varð og vart við veggjahleðslu, þá er þar var grafið niður við sléttun fyir 7-8 árum, rétt á milli traða þeirra er liggja í vestur og suður." Árið 1924 ritar Matthías Þórðarson litla grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags og lýsir því yfir að meirihluti þessara minja hafi verið eyðilagður af túnasléttun. Um staðinn segir í friðlýsingarskrá: "Leifar af fornri bæjartóft sunnan í Goðhól í túninu fyrir vestan bæinn, hoftóft svo nefndri uppi á hólnum og þrem garðlögum fornum, frá efri og neðri enda bæjartóftarinnar og milli þeirra að vestan." FF, 76 Goðhóll er í túni, um 60-70 m suðvestur af bæjarhól.
Tún í rækt.
Nú mótar ekki lengur fyrir þessum tóftum og garðlögum. Þótt alls ekki sé víst að nokkurn tíma hafi verið hof á hólnum er ljóst að þar hafa staðið einhver hús, e.t.v. fyrsti bærinn á Klausturhólum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3; FF, 76; Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905, 39

**ÁR-425:010** heimild 64°04.521N 20°50.002V
"Vestur af Framtröðum er Goðhólstún. Þar er sagt, að goðhús hafi staðið til forna upp á háhólnum austast og sjúkrahús fyrir holdsveika, að líkindum framan í miðjum hólnum", segir í örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum segir um spítalann: "Um 1651 var hér stofnsettur holdsveikraspítali og var hann hér til 1753 er hann var fluttur að Kaldaðarnesi." Framan við miðjan hólinn er stakur og lágur hóll.
Tún í rækt. Ekki sést neitt reglulegt lag á hólnum en hann kemur heim og saman við lýsinguna.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3; SB III, 131.

**ÁR-425:011** *Grímsleiði* heimild um legstað 64°04.529N 20°50.098V
"Vestan við Goðhólinn vestur við garðinn, er þúfa, sem nefnd er Grímsleiði; á þar að vera heygður Grímur sá, er féll fyrir Hallkeli, er byggði fyrstur Klausturhóla", segir í örnefnaskrá. Matthías Þórðarson ritar um það 1908: "Í Grímsleiði var grafið fyrir 3-4 árum og vottaði ekki fyrri hreyfðum moldum að sögn [...]." Grímsleiði er 165

msuðvestur af bæjarhól (001). Tún í rækt. Leiðið er þó nærri túnjaðri, a.m.k. er óslegið svæði 1-2 m vestur frá því. Smábunga í túni, um 5 x 5 m að stærð en útflött.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3; Árbók hins íslenska fornleifafélags 1908, 42

**ÁR-425:012** *Vesturtraðir* heimild um traðir 64°04.590N 20°50.260V
"Norðan við Goðhólstún liggja Vesturtraðir", segir í örnefnaskrá. Traðirnar eru einnig sýndar á túnakorti frá 1920. Þær lágu frá bæ og að norðvesturjaðri túns. Hafa skv. korti verið allt að 150 m langar.
Rækað tún en grasþýfi utan þess. Traðirnar eru horfnar en slóði liggur utan við túnið, frá norðvesturhorni þess og gæti hafa komið í framhaldi af þeim. Hugsanlega er það gamla gatan að Hæðarenda.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3

**ÁR-425:013** *Stöðull* hleðsla 64°04.467N 20°50.239V
"Stöðull liggur vestan við Goðhólstún, upp að Vesturtúni", segir í örnefnaskrá. Stöðullinn er óslegni bletturinn þar sem lítið íbúðarhús, stundum nefnt Ömmukot, stendur nú.
Allstór, ósleginn blettur í túni.
Heimasæta á Klausturhólum gat bent á dálitla hleðslu sem er í smálaut vestan við litla íbúðarhúsið. Einföld grjóthleðsla en greinileg, mosavaxin og um 3 m löng. Hæð nánast engin, um 0,3 m. Sunnan og austan við vottar fyrir ógreinilegum ójöfnum. Ekki er víst að hér sé kominn hinn eiginlegi stöðull, þó líklegast að hafi verið einhvers konar aðhald. Þetta er rúma 320 m vestsuðvestur af bæjarhól (001).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

**ÁR-425:014** tóft óþekkt 64°07.074N 20°49.850V
Á hæsta tindi Hrólfshóla er klettaborg efst, 1,4 km norðnorðaustur af selinu (041). Fast upp við hana norðan megin eru leifar af hleðslum, líkast til eldgömlum.
Klettaborg efst í snarbröttum hólum. Norðan borgarinnar er stórgrýti, hálfsokkið í mosa. Engin beit er svo ofarlega í hólunum. Neðar eru moldargil og mosabreiður. Uppi á borginni, sunnan hleðslunnar, er varða sem samanstendur af örfáum, litlum steinum.

Rústirnar eru frekar óglöggar. Ekki er um greinilegar hleðslur að ræða heldur stórgrýti sem myndar, ef vel er að gáð, hólf út frá klettaborginni sem þjónar sem suðurveggur. Hleðslan nær 7-8 m út frá henni og er um 6 m breið. Hæð veggja hvergi meiri en um 0,5 m, enda hvergi meira en eitt umfar grjóts. Ef staðið er innan veggja rís klettaborgin allt að 4 m sunnan við. Enn eru mjög glöggir skurðir eftir fornleifauppgröft sem gerður var sumarið 1986. Tilgangur rannsóknar var m.a. að komast að aldri hleðslunnar og hugsanlega hlutverki. Fram að því voru uppi getgátur um að þarna hefði verið hlaðið virki til að nota á ófriðartímum, jafnvel á Sturlungaöld. Að sögn Orra Vésteinssonar, fornleifafræðings, fannst engin gólfskán innan hleðslunnar og náði hún ekki djúpt niður í jörðina, því er líklegt að hún hafi ekki verið lengi í notun og jafnvel ekki kláruð til fulls. Hún er þó hugsanlega mjög gömul. Ekkert er hægt að fullyrða um hlutverk að svo stöddu en þess má geta að langflestar hleðslur af þessu tagi eru skepnuaðhöld. Á móti má benda á að beit í hólunum er engin og ekki ljóst hvað menn hafa verið að vilja svo hátt upp í hólana með skepnur. Rannsóknin 1986 var gerð að undirlagi Skúla Helgasonar og unnin af Einari Jónssyni sagnfræðinema og Orra Vésteinssyni menntaskólanema.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 15

*Kort 9: Klausturhólar og Hallkelshólar – jörð*

**ÁR-425:015** *Grímsleiði* heimild um legstað 64°04.594N 20°50.160V

"Þegar ég var barn kom hingað í heimsókn til foreldra minna gamall maður, Brynjólfur frá Sitjanda undir Eyjafjöllum. Hann sagðist hafa verið vinnumaður hér í Klausturhólum, þegar hann var unglingur. Sagði hann, að þá hefði Grímsleiði verið talið vera á balanum milli fjárhúsanna, og er það sennilegri staður en þar sem það nú er talið vera í Goðhólstúni. Hafi Grímur beðið um að jarða sig, "þar sem sól kemur fyrst á og fer seinast"", segir í örnefnaskrá. Eins og segir í lýsingunni er þessi staður milli fjárhúsanna (002 og 003), rúma 200 m vestnorðvestur af bæjarhól (001). Fyrrum tún, nú beitarhólf fyrir búpening.

Smábali er milli fjárhústóftar (002) og fjárhúss (sjá 003) en ekki sést þar nein ójafna, enda segir Matthías Þórðarson í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1924: "Þar sem óljós, einstaks manns sögn (eptir minni hans) benti til að sagt hefði verið að kallaðist Grímsleiði, á milli fjárhúsanna vesturá túninu, þar er nú búið að sljetta."

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3; Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1924, bls. 58

**ÁR-425:016** *Tryppakofi* heimild um hesthús 64°04.607N 20°50.181V

"Austur af Vesturtúni og norður af bænum er Norðurtún. Þar stendur Tryppakofi norður í túnjaðri", segir í örnefnaskrá. Kofi þessi er ekki sýndur á túnakorti en kofinn stóð í túnjaðri, ekki fjarri norðuenda fjárhústóftar (002). Fyrrum tún, nú beitarhólf fyrir búpening.
Húsið er horfið, hefur líklega verið sléttað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

**ÁR-425:017** heimild um rétt 64°04.547N 20°50.126V




"Þegar faðir minn flutti að Klausturhólum voru 4 fjárhústóftir í túninu, sem nú hafa verið sléttaðar út. Ein var í norðvesturhorninu á Goðhólstúni, þar er nú hestarétt, [...]", segir í örnefnaskrá. Leifar af réttinni sjást enn fast sunnan við veginn, um 170 m vestur af bæjarhól (001).
Í túnjaðri. Vegurinn heim að bæ er fast norðan við.
Réttin er aðeins sjáanleg að hluta því að norðurendi hennar hefur farið undir veginn. Því er ekki ljóst hvað hún hefur verið stór. Einföld hleðsla, líklega aðeins undirstöður, liggja í boga og mynda hálfhring. Norðvestasti hluti þess sem sést er jarðfastur klettur. Stærð tóftar um 5 x 4 m. Frá suðvesturhluta réttarbrotsins liggur gamall túngarður, talsvert siginn og virðist hafa verið haldið við mun skemur en öðrum hlutum túngarðs. Réttin hefur líklega verið sambyggð honum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

**ÁR-425:018** garðlag túngarður 64°04.645N 20°49.867V

Túngarður er enn um allt norðurtúnið í Klausturhólum, býsna heillegur á köflum. Ennfremur sjást túngarðsleifar (sjá 017) niður með vesturhlið Goðhólstúns sem er vestur af 001.
Norðurtúnið er nýtt sem beit fyrir mjólkurkýr en Goðhólstún enn slegið.
Á köflum er túngarðurinn mjög heillegur. Eystri hluti hans byrjar norðan vegar, skammt frá núverandi fjósi sem er austur af bæjarhól (001). Þar liggur hann til norðurs og er heillegasti kafli hans þar, skammt norðan vegarins, ofan í dálítilli laut. Má fullyrða að ekki sjáist víða svo heillegir túngarðsbútar sem eru jafn vel úr garði gerðir. Þarna er hann allt að 2 m hár, breiðastur neðst en mjókkar eftir því sem ofar dregur. Mjög vel hlaðinn, greinilega af kunnáttumanni, úr grófu hraungrýti, allt að 10 umför af hleðslum, víða mosavaxnar. Heimildamaður telur að þessi tiltekni bútur hafi ekki verið hlaðinn upp síðan skömmu fyrir aldamótin 1900, enda er allt annað handbragð á öðrum hlutum túngarðsins þar sem síðar hefur verið gert við hann. Þessi hluti túngarðsins er vart mikið meira en 10-20 m langur, svo fer honum að hraka eftir því sem norðar dregur. Hann liggur alls tæpa 200 m til norðurs, sveigir svo til vesturs uppi á Kerlingarhól sem er hár hóll og snarbrattur norðan túnsins. Þar er hann raunar tvískiptur því bæði er garður uppi á hólnum og fyrir neðan hann. Alls liggur garðurinn þá um 300 m til vesturs áður en hann tekur stefnuna nokkurn veginn í suður, en þar verður hann smám saman óljósari og hverfur loks alveg nálægt fjárhústóftinni (002).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5-6

**ÁR-425:019** heimild um fjárhús 64°04.634N 20°49.921V

"Þegar faðir minn [þá er átt við Magnús Jónsson sem flutti að Klausturhólum 1895] flutti að Klausturhólum voru 4 fjárhústóftir í túninu, sem nú hafa verið sléttaðar út. Ein var í norðvesturhorninu á Goðhólstúni, þar er nú hestarétt [017], ein á balanum norðvestast í Túndal [020] og tvær á Tröntunum", segir í örnefnaskrá. Trantarnir

eru smáhólar og hæðir í túninu rúma 100 m norðan við bæ.
Fyrrum tún, nú beitarhólf búpenings.
Húsin tvö eru með öllu horfin og man Magnús Björgvinsson ekki eftir tóftum á þessum stað. Um nokkuð stórt svæði er að ræða (a.m.k. 100 x 100 m) og ekki hægt að segja til um nákvæmlega hvar húsin stóðu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

**ÁR-425:020** heimild um fjárhús 64°04.696N 20°50.059V
"Þegar faðir minn [þá er átt við Magnús Jónsson sem flutti að Klausturhólum 1895] flutti að Klausturhólum voru 4 fjárhústóftir í túninu, sem nú hafa verið sléttaðar út. Ein var í norðvesturhorninu á Goðhólstúni, þar er nú hestarétt [017], ein á balanum norðvestast í Túndal og tvær á Tröntunum [019]", segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir: "Austur af norðurtúni er lægð, sem skagar lengst norður og nefnist Túndalur." Húsið í Túndal hefur verið rúma 260 m norður af bæ.
Fyrrum tún, nú beitarhólf búpenings.
Húsið er alvega horfið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 3-4

**ÁR-425:021** hús fjárhús 64°04.571N 20°49.921V
Á norðanverðum bæjarhól (001) stendur fjárhús, gamalt og illa farið, að nokkru leyti grjóthlaðið.
Bæjarhúsin standa á hól, hallar frá þeim til suðurs. Vegur að Hallkelshólum er við norðurhluta hólsins. Fjós með hlöðu og súrheysturni er um 40 m austan við íbúðarhúsið.
Húsið er að hruni komið og líkur á að það verði rifið á næstunni. Undirstöður veggja eru grjóthlaðnar sem og garðarnir, að öðru leyti timbur og bárujárn. Aðaldyr snúa í norður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-425:022** *Heimaveita* heimild um áveitu 64°04.501N 20°49.829V
"Niður af túninu og lengra vestur eru valllendisflatir sem nefndar eru Veitur. [...] Hólalæk er veitt yfir veiturnar á vorin til að auka grassprettu á þeim. Veiturnar heita ýmsum nöfnum; þau eru þessi: Heimaveita, niður af Hundakrók og austur af Barði og Túnhala, niður að læknum", segir í örnefnaskrá. Stykki í túninu um 150 m suðaustur af bæ var nefnt Heimaveita. Það var norðan lækjar sem nú er horfinn.
Tún í rækt. Læknum hefur verið veitt af túninu.
Engin ummerki um áveitu sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

**ÁR-425:023** *Hraunkotsveita* heimild um áveitu 64°04.453N 20°49.831V
"Hraunkotsveita heitir framan við lækinn á móti Heimaveitu [022]", segir í örnefnaskrá. Hraunkotsveita var stykki rúma 200 m suðaustur af bæ, í sömu stefnu og Heimaveita en sunnan lækjarins.
Tún í rækt. Læknum hefur verið veitt af túninu.
Engin ummerki um áveitu sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

**ÁR-425:024** heimild um leið 64°04.429N 20°49.709V
"Hraunkotsveita [023] mun bera nafn af því, að um hana lágu göturnar að bænum Hraunkoti áður fyrr", segir í örnefnaskrá. Ekki sést til gatna í túninu en vottar fyrir smátroðningum utan þess.
Þýfður grasmói. Götur ógreinilegar skammt sunnan túnsins. Ath. að í landi Foss var skráð gömul gata sem skv. örnefnakorti lá milli Hraunkots og Klausturhóla (ÁR-424-017).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4

**ÁR-425:025** kirkjugarður kirkja 64°04.556N 20°49.887V
Fast suðaustan við bæjarhól, innan við 10 m, er kirkjugarður.
Við norðurjaðar suðurtúns. Matjurtagarður sem sýndur er sunnan við bæ á túnakort er fast austan við, hleðslur þar enn uppistandandi. Nokkur tré eru með jöðrum garðsins.
Kirkjugarðurinn er algróinn og vaxinn háu grasi. Timburkirkja stóð u.þ.b. fyrir miðju garðsins er var rifin þegar kirkjustaðurinn var fluttur að Stóruborg 1932. Enn sér móta fyrir grunninum. Stærð kirkjugarðsins er um 31 x 23 m. Hann er afgirtur með vírgirðingu en hún er ofan á eldri grjótgarði sem er greinilegastur á suðurhlið. Þar

er kirkjugarðurinn á upphækkun, enda stendur hann í dálitlum halla mót suðri. Mörg leiði eru í garðinum, sum ómerkt en sjást greinilega sem bungur. Á öðrum eru legsteinar, sumir gamlir. Margir þeirra hafa orðið illa úti í jarðskjálftum í sumar (2000), hafa oltið um koll og sumir sprungið og brotnað. Þannig er óhætt að segja að kirkjugarðurinn sé í algerri niðurníðslu. Ekki er lengur greftrað í garðinum og ekki vitað hvort hann hefur verið sléttaður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-425:026** *Mylluveita* örnefni áveita 64°04.501N 20°49.965V
"Mylluveita nefnist fyrir framan lækinn á móti Undirlendi, en Tjarnartangar þar vestur af báðumegin við lækinn, nema heimasti krikinn fyrir ofan lækinn, sem skagar lengst upp í svonefndan Stöðul, heitir Litlatjörn", segir í örnefnaskrá.
Sléttað tún, skammt frá svonefndu Mylluvaði (007).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

**ÁR-425:027** *Laugarmýrarborg* tóft fjárskýli 64°05.119N 20°50.143V
"Uppi í mýrinni, þar sem lækurinn, sem kemur úr Skollagili, og Efra-Gil koma saman, er Laugarmýrarborg. Það er kringlótt rúst, sem sagt er, að hafi verið fjárborg. Auðsjáanlega er þar gamalt mannvirki", segir í örnefnaskrá. Laugamýrarborg er um 450 m norðnorðvestur af Aftanköld (063).
Þýfð mýri. Mjög samansigið mannvirki. Lítur út eins og dálítil upphækkun, næstum nákvæmlega hringlaga en dæld innan veggja. Dyr sjást ekki og hvergi grillir í grjót í veggjum. Stærð um 18 x 18 m og er það stærsta fjárborg sem hingað til hefur verið skráð í Grímsnesi. Þó er ekki víst að sú mæling gefi nákvæma mynd af upphaflegri stærð, hér virðist t.d. sem veggir hafi sigið út á við.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 12

**ÁR-425:028** *Kýrvað* heimild um vað 64°04.470N 20°50.064V
"Vað er á læknum fram undan Stöðli, þar sem aðskiljast Mylluveita og Tjarnartangar, það heitir Kýrvað", segir í örnefnaskrá. Kýrvað var rúma 200 m suðvestur af bæ.
Læknum hefur verið veitt af túninu sem er sléttað og í rækt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

**ÁR-425:029** *Klausturhólahellir* hellir 64°02.893N 20°50.656V
Í sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu segir: "[...]og engir hellrar, sem merkilegir eru, utan smáskútar, sem hvörki verður í komist og til einskis notaðir, nema ef telja skal Klausturhólahellir, sem í sjálfu sér er ekkert nema hraunskúti til einskis brúkanlegur fyrir leka og aðfenni, en nafnkenndur af traditioninni, sem segir, að annar endi hans eigi að liggja með dyrum á niður í Flóa, og liggur hann þá drjúgum dýpra undir Hvítár farvegi; en enginn veit að segja hvar helst í Flóanum þessar dyr séu, og greinir mikið á um það. Skal kálfur, eftir sögninni, einhvörn tíma í fornöld hafa villst inn í hann, en komið eftir nokkra daga fram suður í Flóa." Hellirinn er sunnan þjóðvegar, um 950 m suður af Kerhól.
Uppgróið hraun. Hellismunninn er þröngt op sem liggur um 3 m beint niður í jörðina, líkt og gjóta, að þvermáli um 1 x 1 m. Hlaðið hefur verið fyrir opið að hluta og sjást þar 6-7 umför. Virðist það hafa verið gert annaðhvort til að þrengja opið eða til að koma í veg fyrir að hryndi ofan í það. Þegar niður er komið opnast hellirinn, aðallega til norðurs en er tæpast manngengur, lofthæð um 1,5 m og sýnist minnka eftir því sem fjær dregur niðurgöngunni. Moldargólf en allls ekki þykk skán eins og stundum gerist í fjárhellum. Erfitt er að áætla heildarstærð, gæti verið nálægt 10 x 15 m. Ekki er vitað til hvers hellirinn var notaður.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** SSÁ, 162

**ÁR-425:030** *Kotselsás* örnefni sel 64°06.086N 20°49.595V
"Austur af Brennimýri er há heiði, sem heitir Kotselsás, framan undir honum er Sléttuheiði", segir í örnefnaskrá. Kotselsás er 2,8 km beint norður af Klausturhólum. Frá sumarbústöðum á Klausturhól er hægt að aka eftir slóða langleiðina inn að Selmýri sem er löng og mjó mýri. Við austurenda hennar er selið (041). Kotselsás er suðaustur af mýrinni, tæpa 600 m frá selinu og tæpa 2 km suðvestur af Hrólfshólum.
Grónar hlíðar undir ásnum en að ofan eru mosaþembur og moldarflög með klöppum. Ásinn er hæstur ef komið er að honum úr vestri en fremur aflíðandi til austurs og norðurs.
Ekki fundust merki um sel og ekki ljóst hvort það hefur nokkurn tíma verið á ásnum eða við hann. Staðurinn er þó hátt í 600 m frá seli Klausturhóla og ólíklegt að ásinn hafi dregið nafn sitt afþví. Vel er hugsanlegt að

Hólakot (síðar Hallkelshólar) hafi haft eigin selstöðu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 13

**ÁR-425:031** *Réttarlaut* hleðsla rétt 64°04.658N 20°49.806V




"Austast í túninu er laut, þar stendur fjárrétt, lautin er nefnd Réttarlaut", segir í örnefnaskrá. Réttin stendur enn norðan vegar, 190 m norðaustur af bæjarhól (001). Þetta er sami staður og segir um í örnefnaskrá: "Norðan undir túninu í Klausturhólum er mishæðótt hraun, Bæjarhraun. Fjárrétt er í því, austur af áðurnefndum Túndal. Þar í hrauninu voru áður fyrr aðalréttir Grímsnesinga, og má enn sjá þar fyrir dilkum út frá aðalréttinni."
Uppgróið hraun utan túns.
Tvíhólfa rétt sem stendur enn að mestu leyti, stærð alls 15 x 14 m. Hólfin eru samhliða, ferhyrnd og jafnlöng, syðra hólfið þó dálítið breiðara um sig. Ekki er innangengt milli þeirra en rekið hefur verið inn í bæði að vestanverðu. Hlaðið úr hraungrýti, allt að 7 umför og veggjahæð almennt yfir 1 m. Í slakkanum allt í kring eru ójöfnur og mikið af lausagrjóti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5 og 11

**ÁR-425:032** náma mógrafir 64°04.508N 20°50.448V
Mógrafir eru um 20 m vestan við Búrfellsveg þar sem Klausturhólaafleggjari liggur til austurs, tæplega 450 m vestur af bæ. Mýrlendi. Tún nokkru vestar, á svonefndu Beislisholti.
Ein mógröf er langgreinilegust, aðeins um 3 x 3 m og vatnshæð í henni um 0,5 m. Alls 1 m djúp. Suður og austur af henni lítur út fyrir að hafi verið fleiri mógrafir sem nú eru að mestu samansignar. Alls er svæðið um 50 x 50 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-425:033** gata leið 64°04.457N 20°49.415V
"Fyrir vestan bæinn í Hólakoti og heiman lækinn er valllendisflöt, sem kölluð er Heimaveita [022], en sunnan við lækinn Borgarkrókur, um hann lágu áður göturnar til Borgarbæjanna", segir í örnefnaskrá. Borgarkrókur er í túnjaðrinum næstum beint suður af Hallkelshólum, þó eilítið vestar.
Móaþýfi utan túns. Vestan við krókinn teygir ósleginn rani sig upp í það.
Mótar fyrir götutroðningum sem liggja til suðurs frá Borgarkrók. Virðast liggja austur fyrir nyrðri beitarhúsin (039).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5-6

**ÁR-425:034** *Stekkjartún* tóft stekkur 64°05.180N 20°50.375V




"Oddinn milli [Fossgils og Stekkjartúnsgils] er nefndur Giljatunga, en vestan við Stekkjartúnsgil er Stekkjartún. Það er gróðurmikill, þýfður valllendisblettur. Stekkjartóftir eru í suðausturhorninu á Stekkjartúnsblettinum", segir í örnefnaskrá. Stekkjartún er norðan brunahólanna sem eru norðan bæjar. Stekkurinn er vestan við Stekkjartúnsgil, sunnarlega, ekki langt frá þar sem það skerst frá Fossgili, um 1,2 km norður eða norðaustur af bæ (001). Mjög gróskumikill blettur, afmarkast að sunnan af giljunum tveimur sem lækir renna um og aðhald því gott frá náttúrunnar hendi. Greinilegur stekkur en hleðslur lágar og ekki umfangsmiklar. Réttin er aflöng, 13 x 4 m og snýr N-S, rekið hefur verið inn að norðan. Fast við opið, á austurlanghlið stekkjarins er lambakró, 2 x 4 m en ógreinileg og hlaupin í þúfur. Stekkurinn er algróinn og hvergi sér í grjót.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 12

**ÁR-425:035** heimild um mógrafir 64°05.242N 20°50.280V
"Vestnorðan við Laugarmýrarborgina eru tvö gil, sem smálækir renna eftir, heitir eystra gilið Fossgil. Við botninn á því að norðan, þar sem fossinn er, er tekinn mór frá Klausturhólum", segir í örnefnaskrá. Best er að ganga frá Laugamýrarborginni (027) og 100-200 m til vesturs, þá er komið að gilinu sem liggur N-S. Því er fylgt skamman spöl til upptaka þess. Mjótt gil og lítið, í því rennur mórauður lækur. Bakkar grasi grónir. Fossinn sem gilið er kennt við er heldur ræfilslegur, hann er neðan eða sunnan við mógrafasvæðið.
Mógrafir óljósar. Lækurinn rennur úr hvilft sem er vaxin e.k. stör og hefur mórinn líklega verið tekinn þar. Stærð hvilftar um 10 x 5 m.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 12

**ÁR-425:036** frásögn rista 64°04.490N 20°50.445V
Torf var tekið í sömu mýri og mór (sjá 032) en nokkru sunnar, um 50-100 m.
Mýrlendi og mosaþembur. Engin ummerki sjást um torfristu. Á þessum stað var rist torf á æskuárum Magnúsar Björgvinssonar, nálægt 1950.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 6

**ÁR-425:037** *Móvað* heimild um vað 64°05.040N 20°49.958V
"Móvað heitir vaðið á læknum milli Aftankaldar og Skollavallar", segir í örnefnaskrá. Móvað hlýtur að vera þar sem lækurinn breiðir úr sér beint norður af Aftanköld (063), um 50 m austan við dæluhús fyrir heitt vatn.
Grónir en þýfðir lækjarbakkar, um 2 m milli bakka á vaðinu og brot í læknum. Lækurinn er annars vatnslítill og grunnur og þarf tæpast að fara yfir hann á vaði.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 12

**ÁR-425:038** *Dalmannaflöt* gata leið 64°06.089N 20°49.728V
"Í krikanum norðaustur af Laugarmýri, en neðan undir Kotselsás [030], er Dalmannaflöt. Þar lá um sami vegurinn og áður er minnst á, að hefði legið um Tjaldflöt [058]", segir í örnefnaskrá. Líklega er átt við flötina sem er vestan eða suðvestan undir Kotselsásnum.
Heiðalandslag, mói og lynggróður ráðandi.
Grösug flöt er vestan undir ásnum, nær upp í brekkuna og sjást nokkrar samhliða götur í henni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 13

**ÁR-425:039** *Byrgishólar* örnefni 64°04.161N 20°49.738V
"Vestur af Markaskaga liggur hæð til vesturs og heitir Háaleiti. Nær það vestur að svonefndum Byrgishólum, sem eru grjóthólar við hornið, þar sem hæðin vinkilbeygist til suðurs og heitir þá Gjáarhlíð, nær hún alla leið suður í Fossland", segir í örnefnaskrá. Hólarnir eru við Klausturhólaréttir, aðallega austur af þeim.
Mosagrónir grjóthólar en grónar dældir á milli.
Engar vísbendingar eru um byrgi á hólunum aðrar en örnefnið og engar mannvirkjaleifar sjást.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

**ÁR-425:040** tóft beitarhús 64°04.223N 20°49.028V
"Norðan við Háaleiti er fjárhús frá Hólakoti og annað norðar, heim undir áðurnefndum Borgarkrók", segir í örnefnaskrá. Tóftin af fyrrnefnda húsinu er rúmlega 800 m suður af Hallkelshólabænum (ÁR-426-001), inni á sumarbústaðalóð sem enn hefur ekki verið byggt á. Móar og grasþýfi, sumsstaðar mosavaxnar grjóthrúgur. 2 m vestar en tóftin er smáklettur, hæsti punktur hólsins sem tóftin er á.
Tóftin snýr norður-suður, með dyr í suður og niðurgrafna hlöðu í norðurenda. Einn grjóthlaðinn garði eftir endilöngu. Tóftin er í dálitlum halla mót austri, eiginlega utan í hólnum, þar af leiðandi er vesturlanghlið meira niðurgrafin en sú austari. Heildarstærð tóftar um 14 x 5 m, veggjahæð allt að 1,5 m í norðurenda.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7




**ÁR-425:041** *Selkelda* tóftir sel 64°06.339N 20°49.995V
"Vestur af Langamel er hálend mýri, Selmýri. Vestur af henni er Selkelda, munu mýrar þessar draga nafn af seli, sem hefir verið norðan við Selkeldu, austast. Sést þar enn þá vel móta fyrir tóftum framan í hól og kvíum eða rétt uppi á honum", segir í örnefnaskrá. Frá sumarbústöðum á Klausturhóli liggur slóði til norðausturs, áleiðis inn að Selmýri. Hún er greinileg norðan við slóðann, aflöng og liggur frá austri til vesturs og nær austurendi hennar allt að neðstu rótum Hrólfshóla. Þar austast endar mýrin í þröngum krika; ofan hans er lítill valllendishóll og eru seltóftirnar utan í honum suðvestanverðum.
Lágur hóll í brekkurótum við jaðar mýrar, gróinn í hlíðum en melar, moldarbörð og klappir í kolli. Allmikið gil liggur fast við hólinn suðaustanverðan, í því rennur lækur. Austur af hólnum fer land hækkandi upp til Hrólfshóla.




Þrjár tóftir eru greinilegar en kvíarnar sem greint er frá í örnefnaskrá eru mjög óglöggar. Þegar komið er yfir gilið úr suðri sést fyrst lítil tóft, 2 x 2 m alveg við lækinn. Ferköntuð með blásnum botni, dyr ekki sjáanlegar. Vegghleðslur vart meira en 0,5 m háar og umfang hleðsla lítið. 5 m norðvestar er önnur tóft, 4 x 3 m með dyr á vesturskammhlið. Hún er breiðust um sig miðja og vegghleðslur meiri á alla kanta en á fyrri tóftinni. Þriðja tóftin er svo 6 m norðar, hún er 9 x 7 m og skiptist í 2-3 hólf, það stærsta nyrst, um 2 x 4 m að innanmáli. Lítið hólf er syðst, um helmingi minna. Þykkur milliveggur aðskilur hólfin og mótar óljóst fyrir þriðja hólfinu í honum Dyr eru í suðvestur á báðum hólfunum sem ljós eru. Þessar tóftir eru allar grónar svo að hvergi sér í grjót og hleðslur nokkuð farnar að síga. 4 m vestur af stærstu tóftinni er einföld grjóthleðsla sem er ógróin efst, alls um 1 m löng en hálfsokkin í jörð. Aðeins eitt umfar grjóts. Í lýsingu er talað um rétt upp á hólnum en það er nú mjög ógreinilegt. Þar er mikið af klöppum og hugsanleg hleðsla er um nokkrar slíkar, alls um 6 x 3 m. Ekkert er hægt að fullyrða um þetta, enda svæðið mjög mosagróið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 13




**ÁR-425:042** tóft beitarhús 64°04.433N 20°49.372V
"Norðan við Háaleiti er fjárhús frá Hólakoti [040] og annað norðar, heim undir áðurnefndum Borgarkrók", segir í örnefnaskrá. Tóftin af síðarnefnda húsinu er rétt tæpa 350 m suður af Hallkelshólabænum (ÁR-426-001).
Þýfður grasmói. Tóftin er talsvert löskuð, enda hefur verið keyrt í hana rusl og ýtt yfir að hluta. Snýr norður-suður með dyr í suður og hlöðu í norðurenda, að öllu leyti mjög lík tóft 040 nema hér er garðinn með steyptri hellu ofan á. Heildarstærð um 15 x 5 m, veggjahæð mest 1,1 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

**ÁR-425:043** *Hólaréttir* hleðsla rétt 64°04.125N 20°49.778V
"Fram undan bænum í Klausturhólum liggja valllendisflatir fram í hraunið og heita Gerðisflatir, liggja þær fram að Hólaréttum, það eru aðalréttir Grímsnesinga. Eru þar 2 fjárgerði, Stóragerði, sem safnið er látið liggja í nóttina fyrir réttina, hitt Litlagerði, notað fyrir féð réttardaginn. Það er aðskilið frá Stóragerði með grjótvegg og liggur nær almenning og dilkum. Réttirnar eru allar hlaðnar úr grjóti. Út frá almenningum, til beggja hliða, liggja 21 fjárdilkur" segir í örnefnaskrá.
Slakki í uppgrónu hrauni.
Um er að ræða þrjú sambyggð mannvirki: a) Stóragerði, b) Litlagerði og c) almenning með dilkum. Þegar ekið er að Hólaréttum er fyrst komið að hringlaga, steyptri rétt frá 1952. Vestan við hana er Stóragerði, sem er ógreinilegast gömlu réttarmannvirkjanna. Hlaðið hefur verið um stóra valllendisflöt, rennislétta, alls um 100 x 100 m. Aðeins sjást undirstöður grjóthlaðinna veggja, hálfsokknar í jörð. Svo virðist sem veggir hafi sumsstaðar verið tvöfaldir. Lögun Stóragerðis er óregluleg, fylgir útlínum flatarinnar en land hækkar umhverfis hana. Næst austan við steyptu réttina kemur svo Litlagerði en sökum þess hve ógreinilegt Stóragerði er, er ekki ljóst hvernig tengslum gerðanna tveggja var háttað. Litlagerði er breiðast vestast en mjókkar þegar nær dregur almenningi og dilkum, því næstum þríhyrningslaga. Stærð miðað við mestu breidd er 75 x 50 m. Austur af Litlagerði kemur svo sambyggður almenningur með dilkum. Almenningurinn er 65 x 10 m og svo dilkar út frá honum, alls 21 eins og segir í örnefnalýsingu. Þar af eru 3 við enda almennings en hinir beggja vegna við hann. Þeir eru misjafnir að stærð og gerð en heildarbreidd almennings og dilka er um 20-25 m. Ástand veggja er nokkuð misjafnt. Eins og áður segir er það lakast á Stóragerði, veggir nánast horfnir. Litlagerði er einna heillegast, veggjahæð allt að 1,5 m, enda virðist það enn í notkun. Dilkahlutinn er einnig býsna heillegur en veggir víða úr lagi gengnir, skakkir og hálfhrundir en hvergi farið að gróa yfir hleðslur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

**ÁR-425:044** *Kerhólshús* tóft beitarhús 64°03.420N 20°50.935V




"Vestan undir Kerhól, fast upp við hólinn, er Grátsteinn, stendur hann við götu heim að fjárhúsi, sem er framan undir hólnum, er það hús nefnt Kerhólshús" segir í örnefnaskrá. Tóft Kerhólshúss er fast undir brattri vesturhlíð Kerhóls, 2,3 km suðvestur af bæ (001). Austan tóftarinnar er Kerhóll, gróinn upp í miðjar hlíðar en vestur og norðvestur af er uppgróið hraun.
Heilleg tóft, veggir áberandi jafnir og vel hlaðnir, allt að 8-10 umför grjóts. Tóftin snýr austur-vestur með dyr í vestur en niðurgrafin hlaða er í austurenda. Einn hlaðinn garði eftir miðju. Hæð veggja um 1,2 - 1,3 m en allt að 2,1 m í hlöðu. Stærð alls 17 x 5,5 m. 20 - 30 m suðvestur af mótar fyrir þúst sem gæti verið önnur tóft, þá mun eldri. Djúp og þráðbein skora, um 15 m löng og hugsanlega bólgnir veggir sinnhvorumegin við. Óljóst. Sumir töldu að reimt væri í Kerhólshúsi, þóttust heyra þar þungan andardrátt þótt engin mannvera væri nærri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

**ÁR-425:045** varða 64°03.840.N 20°51.035V
"Landmælingamennirnir dönsku settu merki á Seyðishólinn, þegar þeir mældu Grímsnesið skömmu eftir aldamótin 1900. Klöppuðu þeir þar holu í stein og ráku í hana bolta merktan "G.S." (General Staben). Hlóðu þeir svo vörðu á hólnum og settu steininn neðst í hana", segir í örnefnaskrá. Seyðishóll er stór brunahóll og er hæsti tindur hans 1,6 km suðvestur af Klausturhólum.
Rauðleitur brunahóll, gróinn upp í miðjar hlíðar. Uppi á honum eru möstur, skúr o.fl.
Heldur ólöguleg varða en sérstök að því leyti að hún er hlaðin úr rauðu grjóti, ekki sérlega stórgerðu. Rúmlega 1,6 m há en 3 x 3 m að grunnflatarmáli, frekar eins og hrúgald en varða.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 8

**ÁR-425:046** *Arahús* tóft beitarhús 64°03.555N 20°50.158V




"Hraunið vestan undir Klofsteinum heitir Karthraun. Vestnorðan í því er fjárhús frá Klausturhólum, nefnt Arahús, var það fyrst notað frá Hólakoti, en lagt niður 1896, en byggt aftur upp frá Klausturhólum 1920 og notað þaðan", segir í örnefnaskrá. Tóftin er suðaustan undir Kerhól 100 - 200 m vestan við veginn sem liggur að Klausturhólum og síðar Búrfelli, u.þ.b. 2 km suðsuðvestur af bæ.
Móar, ekki sérlega gróskumiklir. Tóftin snýr suðaustur-norðvestur, með dyr í suður en mikið niðurgrafinni hlöðu í norðurenda, þar er hæð veggja allt að 2 m. Einn grjóthlaðinn garði eftir endilöngu. Stærð húss alls 16 x 5 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 8

**ÁR-425:047** *Gamla-Stekkatún* tóft stekkur 64°04.894N 20°49.625V




"Norðantil á móti Sandhól, vestan lækjarins, er Gamla-Stekkatún. Þar er lítil fjárrétt og stekkur, hlaðið úr grjóti", segir í örnefnaskrá. Stekkatúnið er 550 m norður af Hallkelshólum (ÁR-426-001). Vegarslóði liggur til norðurs frá Hallkelshólum, upp með læknum og er skammt þaðan að Stekkatúninu.
Grasi gróin laut í hraunjaðri.
Stekkurinn enn mjög heillegur. Að nokkru leyti náttúrulegt aðhald því að hlaðið er um 4-5 jarðfasta kletta. Ásamt þeim myndar hólfið nánast ferhyrning sem líklega hefur verið rekið inní norðan megin. Við hlið opsins og sambyggt aðalhólfi er lítið hólf, væntanlega lambakró, um 2 x 3 m en aðalhólfið er um 4 x 5 m. Hleðsluhæð hvergi meiri en 0,5 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 16

**ÁR-425:048** *Borgin* tóft fjárskýli 64°05.623N 20°51.182V
"Mýrin sunnan við Skollalæk og meðfram Ásnum heitir Ásmýri, nær hún vestur að mjóu holti, sem liggur norður

frá Ásnum og norður undir Skollalæk, heitir það holt Borgarholt. Mótar enn vel fyrir kringlóttri hleðslu á miðju holtinu, er það alltaf nefnt Borgin; er sagt, að þar hafi verið fjárborg", segir í örnefnaskrá. Borgin er skammt norðan við sumarbústaðabyggð á Klausturhól, 5-600 m austur af norðurenda Bauluvatns.
Mýrar allt um kring en borgin er uppi á móaholti.
Hún er tiltölulega greinileg, rís rúman metra yfir umhverfi sitt. Öll mjög mosagróin. Ekki er teljandi lækkun innan veggja og nú ómögulegt að segja til um hvar dyr hafa verið. Hvergi sér í grjót og ekkert grjót er á holtinu umhverfis. Kindastígur fast upp við suðurhlið og gamall jeppaslóði norðan megin. Stærð borgar alls 16 x 16 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 13

**ÁR-425:049** vegur leið 64°03.711N 20°50.733V
Í Sunnlenskum byggðum segir: "Með tilkomu Sogsbrúar [1905] fór vegur að tosast upp Grímsneshraunin. Munu Grímsnesingar hafa lagt meiri áherslu á vegagerð þar heldur en undir Ingólfsfjalli. Meira torleiði þótti um Hraunin. Vegurinn átti fyrst að liggja sunnan Seyðishóla, eins og hann liggur nú, en Magnús Jónsson í Klausturhólum, þáverandi oddviti Grímsneshrepps, fékk veginn lagðan um Hólaskarð." Milli Seyðishóls og Kerhóls, í Hólaskarði, sést gamli vegurinn greinilega enn. Gróið land. Vegurinn hefur hér verið lagður rauðamöl og er enn mjög greinilegur, allt að 3 m breiður og 1 m djúpur. Liggur frá austri til vesturs. Að öðru leyti mun hann hafa legið á svipuðum slóðum og nú en var færður úr Hólaskarði sökum snjóþyngsla.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-425:050**
1840: “Gullsignetshringur steinsettur, eignaður Alexíus eðu[r] Ála, síðarsta ábóta í Viðey, en síðar prestur í K.hólum, fannst í tíð formanns míns í bæjarlæk þeim, er hér verður, í hvörn Áli skyldi hafa kastað hönum með ummælum: Að sá skyldi finna hann, sem best hressti við Hóla. En meira meina menn formaður minn sál. hafi hresst sig við í Hólunum en Hólana. Hefi eg heyrt sagt, - og mun það satt -, að hringur þessi hafi farið til sál. biskups Vídalíns, en hvað so er orðið um hann síðan veit eg ekki.” Sóknarlýsing Jóns Bachmanns, SSÁ, 170
Heimildamenn frá Klausturhólum og Hallkelshólum hafa aldrei heyrt getið um hringfundinn. Umgetinn bæjarlækur rann um Klausturhólatúnið sunnan bæjar. Hann flæddi oft yfir bakka sína og olli usla, því var honum veitt burt í skurði.
**Heimildir:** SSÁ, 170

**ÁR-425:051** frásögn þvottastaður 64°04.501N 20°49.965V
Ull var þvegin í læknum sem forðum rann um Klausturhólatún, rétt við myllutóftina (008).
Læknum var veitt af túninu sem nú er í rækt og sléttað. Sérstakt ílát eða ker var við lækinn og að líkindum hlóðir því að þar var ull soðin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

**ÁR-425:052** *Hólakotsstekkatún* tóft stekkur 64°04.439N 20°48.257V
"Rennur [Markalækur] í Höskuldslæk suðaustur af Stekkatúnsskaga, sem er vestan við lækinn og eitt af þrem hornum, sem skaga austur í mýrina. Nyrzta hornið heitir Skagahorn, það sem er í miðið, Stekkatúnsskagi. Rétt norðan undir því eru gamlar stekkatúnstóftir, þar er nefnt Hólakotsstekkatún eða Stekkatúnsþýfi, syðsta skagahornið heitir Markaskagi", segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru inni á sumarbústaðalóð, 1,1 km suðaustur af Hallkelshólum, 30 m suðvestan við Markalæk og um 30 m norður af sumarbústaðnum á lóðinni.
Móaþýfi og mýri í lægðum. Tóftirnar eru mjög óljósar og umvafðar háu grasi, aðeins vottar fyrir grjóti, hálfsokknu í jörð. Ekkert er hægt að segja um nákvæma lögun. Þó vottar fyrir nokkuð reglulega hólfi, 4 x 2,5 m, með op í austur, mosavaxið grjót og veggir mest um 0,5 m háir. Suður af þessu vottar fyrir þúst. Svæðið sem um ræðir er alls um 20 x 10 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 7

**ÁR-425:053** *Munkasetur* örnefni 64°03.141N 20°51.306V
"Munkasetur heitir hæðarbrúnin skammt norðaustur af austurenda Markabrekkna", segir í örnefnaskrá. Munkasetur er lág hæð austur af Markabrekknahúsunum 054.
Gróið hraun. Sumarbústaður er sunnan í hæðinni sem er mjög lág.
Ávöl hæð sem sker sig ekki mikið úr umhverfinu. Talið var að á þessum stað hafi munkar Viðeyjarklausturs, sem átti Klausturhóla um tíma, setið yfir kindum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9

**ÁR-425:054** *Markabrekknahús* *6* tóftir beitarhús 64°02.976N 20°52.070V




"Upp af vesturenda Markabrekkna eru fjárhústóftir, þar voru lengi og fram að árinu 1922 fjárhús frá Klausturhólum og nefnd Markabrekknahús" segir í örnefnaskrá. Tóftir beitarhúsanna eru 3,4 km suðvestur af Klausturhólum, í krika milli vegarins um Grímsnes og afleggjara sem liggur að sumarbústöðum vestan undir Kerhól. Uppgróið hraun, móar.

Alls eru a.m.k. 6 tóftir á þessum stað og verður þeim lýst hverri fyrir sig. a) Næst veginum um Grímsnes er ungleg tóft, líklega af húsinu sem hætt var að nota 1922. Stærð alls 17 x 6 m, snýr SV-NA með inngang í suðvestur. Hann er allsérstæður, hlaðið er skáhallt út frá dyraopinu til vesturs og þannig myndast totulaga göng 2-3 m löng. Í norðurenda er hlaða, allt að 6 m breið en 2-3 m löng. Veggir grónir að miklu leyti nema í hlöðuenda, þar eru allt að 8-9 umför grjóts og hleðsluhæð allt að 2 m. Ekki sjást garðar en hugsanlegt er að hrunið hafi yfir þá, enda veggir ekki alveg stráheilir. Óljós hleðsla liggur út frá nyrðri langhlið, í átt að b). Þá skal þess getið að fast norðan við fjárhústóftina er óljós þúst, líklega ekki sjálfstæð tóft. b) Rúma 10 m norðvestur af a) er djúp dæld, um 5 x 6 m og vottar fyrir hleðslum í innanverðri austurhlið. Rúmlega 1 m djúpt, að öllum líkindum hlaða. c) Rúma 40 m norður af a) er tóft, líklega gömul. Snýr NV-SA, með dyr í SA. Einföld, alls 6 x 4 m, veggir mjög signir og sumsstaðar blásnir. d) Rúma 50 m norðaustur af c) er tóft, einföld, án garða og hlöðu. 5 x 12 m að stærð, fremur ungleg en líklega eldri en a). e) Um 50 m austur af a) er hringlaga rúst, um 7 x 7 m. Minnir um margt á fjárborgir sem finnast vítt og breitt um Grímsnesið en er þó mun minni. Gæti verið heygarður. Hleðslur mjög signar, engar dyr sjást. f) Mitt á milli a) og e) er enn ein tóftin sem virðist ellileg, líklega fjárhús. Snýr N-S, einföld og næstum algróin, stærð 12 x 5 m. Dyr mót suðri.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 9-10

**ÁR-425:055** *Kristinsskurður* renna áveita 64°03.903N 20°52.316V

"Austan undir Kálfshólum er skurður, nefndur Kristinsskurður. Veitti ábúandi Miðengis, um 1890, er Kristinn hét, vatni í þeim skurði úr Hæðarendalæk og heim að Miðengistúni, en ábúandi Klausturhóla fékk skóg úr Miðengislandi í staðinn fyrir vatnið og jarðraskið. Kristinsstífla er og nefnd þar sem skurðurinn er tekinn úr læknum" segir í örnefnaskrá. Skurðurinn er 2,2 km suðvestur af Klausturhólabænum, norðaustan við Kálfshóla, u.þ.b. miðja vegu milli þeirra og Seyðishóla.

Grónir lækjarbakkar. Tún að læknum Hæðarendamegin en þýfi í landi Klausturhóla.

Skurðurinn sést enn, rúmlega 2 m breiður næst læknum og um 10 m langur en eftir það lítur hann út eins og venjulegur lækjarfarvegur, um 1 m breiður. Þar sem hann byrjar við lækinn eru um 1,2 m niður að vatnsyfirborði og má af því ráða hve mikið stíflan hefur hækkað vatnsyfirborðið. Um 30 m neðar er stór hólmi í læknum og votta fyrir grjóti í bakkanum sunnan megin. Hugsanlega leifar af stíflu.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

**ÁR-425:056** laug bað 64°05.055N 20°50.103V




"Austan við Efri-Rauðhólsflöt, norðan undir Bæjarhrauni, eru laugar, þær eru ca. 34° heitar, þar er baðað sauðfé frá Klausturhólum og næstu bæjum í sundbaðkeri", segir í örnefnaskrá. Nyrst í Klausturhólatúni er brunahóll sem heitir Kerlingarhóll, baðstaðurinn var norðan hans, rétt rúma 900 m norðan við bæ. Mýrlent grasþýfi við læk.
Hluti af mannvirkjum þeim sem tengdust sauðfjárbaðinu fór undir malarplan sem nú er við hlið borholu við lækinn (sjá 062). Ekki er ljóst hvernig þau voru. Gegnt malarplaninu, norðan við lækinn, er laug, 2 x 2 m, afar regluleg og sýnist manngerð. Hún er full af volgu en gruggugu vatni. Fast við laugina, norðvestan megin, eru leifar af grjóthlaðinni rétt. Hún er hringlaga, 6,5 x 5 m, dyr snúa í suðvestur. Hefur eflaust komið að góðum notum þegar baða átti óstýrilátt sauðfé.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11

**ÁR-425:057** *Tjaldflöt* heimild um áfangastað 64°04.149N 20°51.256V
"Norðan undir Hólatöglum og Seyðishól er mýri, Hæðarendamýri. Framan við hana er valllendisflöt, er heitir Tjaldflöt. Sennilega ber hún nafn af því, að þar hafi ferðamenn oft tjaldað og áð, því vegurinn úr Laugardal og ofanverðu Grímsnesi lá þar um, þegar farið var til Eyrarbakka og í verstöðvarnar utan Ölfusár: Þorlákshöfn, Selvog og Herdísarvík, en um eitt skeið sóttu menn úr þessum sveitum mikið útræði í þessar verstöðvar", segir í örnefnaskrá. Tjaldflöt er smáhvilft fast norðan undir Seyðishól.
Grösug, slétt og þurrlend flöt. Um hana liggur malarvegur austur-vestur, þar liggur líka rafmagnslína í sömu stefnu. Norðan flatarinnar er mýri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

**ÁR-425:058** gata leið 64°04.185N 20°51.286V
"Norðan undir Hólatöglum og Seyðishól er mýri, Hæðarendamýri. Framan við hana er valllendisflöt, er heitir Tjaldflöt. Sennilega ber hún nafn af því, að þar hafi ferðamenn oft tjaldað og áð, því vegurinn úr Laugardal og ofanverðu Grímsnesi lá þar um, þegar farið var til Eyrarbakka og í verstöðvarnar utan Ölfusár: Þorlákshöfn, Selvog og Herdísarvík, en um eitt skeið sóttu menn úr þessum sveitum mikið útræði í þessar verstöðvar. Hefir því vegurinn um Tjaldflöt verið mikið farinn, minnsta kosti um lokin (11. maí), þegar frá hverjum bæ var farin "lokaferð" eftir skreið og öðru fiskmeti", segir í örnefnaskrá. Tjaldflöt er smáhvilft fast norðan undir Seyðishól.
Slétt grasflöt í laut. Norður af henni er mýrlent. Í móaholti norður af flötinni kemur gata úr norðri og stefnir beint á flötina. Um 1 m breið og mosagrónir ruðningar á köntunum. Þessi gata sameinaðist Miðengisgötu (059) við Tjaldflöt en hún lá milli Klausturhóla og Miðengis.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

**ÁR-425:059** *Miðengisgata* heimild um leið 64°04.153N 20°51.263V
"Með Beizlisholti liggur Miðengisgata", segir í örnefnaskrá. Gatan lá milli Miðengis og Klausturhóla. Beislisholt er austan Tjaldflatar (057), nú er þar ræktað tún og sést gatan ekki. Hún hélt áfram austur um Tjaldflöt. Slétt og gróin flöt. Gatan sést ekki með vissu á flötinni. Malarvegur liggur um hana og gæti hugsast að hann hafi verið lagður yfir gömlu Miðengisgötuna.
**Hættumat:** hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 10

**ÁR-425:060** *Vörzlur* hleðsla vatnsból 64°04.525N 20°50.473V
"[...] vestan við Harðavallarmýri eru Vörzlur. Þaðan er veitt vatni heim að Klausturhólum með vatnshrút, er vegalengdin rúmir 600 metrar" segir í örnefnaskrá. 20-30 m vestan við Búrfellsveg þar sem hann beygir frá suðri til vesturs og afleggjari liggur til austurs að Klausturhólum.
Mýrlent, tún vestan við. Mannvirkið er ofan í dálitlum farvegi eða skurði, í vesturbakka hans.
Gróf hleðsla utan í bakka, var e.k. jarðhýsi sem mátti ganga inn í. Leiðsla var við hliðina úr uppsprettu sem er um 100 m vestar. Fallhæðin var nýtt við dælingu. Þetta vatnsból var notað framundir 1957.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11

**ÁR-425:061** *Skollavöllur* heimild um mógrafir 64°05.119N 20°50.143V
"Austan undir tungunni, sem er milli [Fremsta-Gils og Efra-Gils] - en norðan undir Aftanköld - er valllendiskenndur mýrarblettur, sem heitir Skollavöllur. Þar er mótak frá Hólakoti og þar var einnig tekinn mór (svörður) frá Klausturhólum fram til ársins 1898", segir í örnefnaskrá. Skollavöllur er 220 m norðnorðvestur af Aftanköld (063). Mýrlendi, mest næst læknum.
Ein greinileg mógröf sést nú á þessum stað, ferköntuð, 20 x 15 m en grunn og samansigin.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11-12

**ÁR-425:062** heimild um bað
"Austan við Efri-Rauðhólsflöt, norðan undir Bæjarhrauni, eru laugar, þær eru ca. 34° heitar, þar er baðað sauðfé frá Klausturhólum og næstu bæjum í sundbaðkeri", segir í örnefnaskrá. Aðallaugarnar voru um 30 m suður af lítilli laug (056) sem sýnilega hefur einnig verið sauðfjárbað.
Malarplan við hlið lítils skúrs sem byggður hefur verið undir borholu.
Laugarnar og baðmannvirkin hurfu undir malarplanið og sjást þeirra nú engin merki.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11

**ÁR-425:063** *Aftanköld* tóftir+garðlag býli 64°04.938N 20°49.822V
"Fyrir austan laugarnar, en nyrzt í Bæjarhrauni að austan, er Aftanköld. Er sagt, að þar hafi einhverntíma verið bær með því nafni, sjást þar tóftir og túnstæði og garðsbrot í kring", segir í örnefnaskrá. Bæjarhraunið er hraunið sem tekur við norður af Hallkelshólum. Aftanköld er ofan í lægð þar sem því sleppir, rétt tæpa 700 m norður af bæ. Gróinn slakki við norðurjaðar hrauns. Norðar taka við lyngmóar og hækkar landið upp til Lyngdalsheiðar. Lækur rennur með austurhluta túnstæðisins.




Garður liggur með vestur- og norðurhlið svæðisins, afmarkar blett sem er 80 x 45 að flatarmáli. Að sunnan markast það af hraunbrúninni en læknum að austan. Þar sem garðarnir tveir mætast, á norðvesturhorni, mynda þeir næstum rétt horn, þannig er svæðið fremur ferkantað en hringlaga. Garðurinn er útflattur og nær breidd hans sumsstaðar 3 m, hæð hvergi meiri en 1 m. Grjót gægist á stöku stað undan grasi og mosa ef vel er að gáð. Innan garðs er fremur stórþýft en tóftir sjást allra syðst, norðan undir hraunbrúninni. Verður þeim nú lýst, hverri fyrir sig. I. Líklega yngst tóftanna, sýnist raunar fremur ungleg. Aflöng, alls 17 x 5 m. Sér víða í grjóthleðslur innan veggja, mest 3 umför grjóts. Tóftin snýr NA-SV en dyr sjást ekki. Líkist fjárhúsi. Nyrðri endi rís hærra og hefur þar verið aðskilið hólf, líkt og gerist með hlöður í beitarhúsum. Innanmál hólfsins er minna en framhluta hússins, utanmál hins vegar meira í nyrðri enda. Mótar fyrir vegg sem hefur skilið hólfin tvö að. II. 2 m vestar er mjög samansigin tóft, 11 x 7 m, breiðust um miðjuna og veggir allt að 2 m þykkir. Snýr A-V, rof eru á báðum skammhliðum en ekki ljóst hvort það eru dyr. Þessi tóft er í suðvesturhorni afgirta garðsins. III. Fast upp við II, utan garðsins, mótar fyrir óljósri þúst sem gæti verið tóft, um 3 x 9 m, snýr eins og II. Vottar fyrir grjóti í veggjum, ef veggir eru. Hugsanlega dyr í austur. Mögulegt er að fleiri tóftir leynist innan garðsins en eins og áður segir er þar mjög stórþýft.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 11

# ÁR-426 Hólakot

Hjáleiga frá Klausturhólum. Kölluð Klausturhólakot JÁM II, 343. Nú Hallkelshólar.
1920: Tún 2,6 ha, þar af slétt um 6/7. Garðar 900 m².
"Túnin eru að mestu norðaustur af bænum, austan við lækinn, og halla til suðurs. Ofan við túnin tekur við sléttlent heiðlendi upp til Langamels. Austasti hluti landsins er mýrlendi. Suður af bænum er gróið hraunlendi." Sunnlenskar byggðir III, 130.

**ÁR-426:001** *Hólakot* bæjarhóll bústaður 64°04.597N 20°49.574V
Bæjarhóllinn er þar sem íbúðarhúsið á Hallkelshólum stendur nú.
Í túni sem enn er slegið, því hallar til suðurs frá húsinu. Um 30 m norðvestur af er gamalt fjárhús með hlöðu og súrheysturni.
Bæjarhóll er ekki mjög greinilegur. Húsið sem stendur á honum var byggt 1952, það er steinsteypt á einni hæð, enginn kjallari undir því. Hluti gamla bæjarins stóð fram til þess tíma og var notaður sem sumarbústaður undir lokin. Suðvestast á bæjarhólnum er steypt þró sem tilheyrði fjósi gamla bæjarins, um 3 x 3 m. Malarplan er fast norðan við bæinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-426:002** heimild um hesthús 64°04.605N 20°49.553V
Samkvæmt túnakorti stóð stakt útihús fast suðaustan við bæjarhólinn.
Tún sem enn er ræktað.
Húsið er horfið. Það var hesthús en var rifið upp úr 1950. Það sést vel á málverki sem til er af gamla Hallkelshólabænum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920



*Kort 10: Hallkelshólar - tún*

**ÁR-426:003** heimild um hrútakofa 64°04.597N 20°49.469V
"Hrútakofi stendur í túninu norðan við Snúð", segir í örnefnaskrá og er átt við tún Hallkelshóla. Snúður er aflangur hóll sunnan við bæ, að mestu í túni. Yfir hann austanverðan liggur nú vegur til suðurs, þar er fánastöng á hól með klettum að sunnanverðu. Við þessa kletta var hrútakofinn.
Grasi gróið svæði en nú ekki slegið. Skammt suðaustan við hefur orðið töluvert rask með jarðýtu, þar á að koma

lítið uppistöðulón tengt fiskeldi.
Tóftin er nú alveg horfin en Rannveig Albertsdóttir man vel eftir grjóthleðslum og lék sér þar oft sem barn, eftir 1942. Líklega hefur orðið rask við vegagerð eða grjótið einfaldlega flutt annað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

**ÁR-426:004** *Réttarlaut* frásögn rétt 64°04.622N 20°49.414V
"Austast í túninu er laut, þar stendur fjárrétt, lautin er nefnd Réttarlaut", segir í örnefnaskrá. Réttarlaut er nálega 200 m austur af bæ og um 20 m suðvestur af stóru, steinsteyptu íbúðarhúsi sem nú er ekki notað.
Grasi gróið svæði en nokkuð þýft og hæðótt.
Réttin var rifin en enn mótar fyrir undirstöðunum, þó er það óglöggt. Hún hefur verið um 9 x 5 m að stærð og staðið í dálitlum halla mót suðri. Líklegast virðist að rekið hafi verið inn að sunnan.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

**ÁR-426:005** *Lambhúshóll* heimild um fjárhús 64°04.622N 20°49.680V
"Hái balinn vestur á túninu er kallaður Lambúshóll, þar stóð lambhús, sem var niðurlagt 1908-1910", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 100 m norðvestur af bæ (001) og aðeins um 20 m norðvestur af útihúsi sem þarna stendur með hlöðu og súrheysturni.
Hóllinn er áberandi kúptur og grasgefinn. Nú er hann í hestagirðingu sem skilur nokkurn veginn að tún Klausturhóla og Hallkelshóla. Við hólinn norðanverðan liggur vegurinn milli bæjanna tveggja.
Hóllinn hefur verið sléttaður, þar vottar ekki fyrir tóftum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 5

**ÁR-426:006** *Vargakjaftur* heimild um bústað 64°04.552N 20°49.350V
"Austur af Borgarkrók er gróið móaþýfi og sést þar vel fyrir nokkrum tóftarbrotum, þarna heitir Vargakjaftur, þar hafði áður fyrir löngu verið býli með þessu nafni, líklega grasnytjalaus", segir í örnefnaskrá. Vargakjaftur var við suðausturjaðar Hallkelshólatúnsins, um 200 m suðaustur af bæ. Þar liggur nú vegur frá bænum suður á þjóðveg.
Tún vestur af en suður af því þýfður grasmói.
Rústin var sléttuð nálægt 1956 og nú liggur vegur nánast ofan á bæjarstæðinu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 6

**ÁR-426:007** garðlag 64°468N 20°49.461V
Við túnjaðarinn suðvestur af Hallkelshólum er svonefndur Borgarkrókur, hluti hans er innan túns. Garðlag liggur yfir hann þveran utan túns.
Ekki er slegið út að garðinum. Grasi vaxinn krókur eða laut, nyrðri hluti hans tilheyrir túni.
Yfir krókinn sunnanverðan liggur bogadreginn garður, nokkuð siginn. Sést á 18 m kafla, algróinn svo að hvergi sér í grjót. Magnús Björgvinsson telur að þetta hafi verið undirstöður fyrir girðingu. Þannig hagaði til að bæjarlækurinn sem áður rann um túnið flæddi oft yfir bakka sína og safnaðist þá vatn fyrir í Borgarkrók. Þá var hætt við að girðingar færu á kaf.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-426:008** *Grímstóft* heimild um býli 64°04.471N 20°49.525V
"Í hraunbrúninni, suðaustan við Hraunkotsveitu, í mörkum milli Klausturhóla og Hólakots, er Grímstóft. Þar hafði einu sinni verið tómthúsbýli, og er talið, að það hafi verið í byggð fram undir aldamótin 1700", segir í örnefnaskrá. Suðvestasti hluti túnsins á Hallkelshólum er e.k. rani, óslegin lengja er austur af, milli þessa rana og Borgarkróks. Grímstóft var suðaustast á rananum, þar sem túnblettinn ber hæst, um 200 m beint suður af bæ.
Tún, sléttað og slegið. Frá staðnum þar sem tóftin var er um 30 m að suðurjaðri túns.
Tóftin er horfin, var sléttuð um 1956.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Klausturhólar og Hólakot, 4-5

# ÁR-427 Hæðarendi

16 hdr. 1708, 1847. Bændaeign. 5.4.1553 selur Marteinn Einarsson Skálholtsbiskup Ólafi Árnasyni Hægindi í Hóla kirkjusókn í Grímsnesi fyrir Tungu í Grafningi og greiddi Ólafur 2 hdr á milli en jöfn leiga var á jörðunum." - DI XIII, 533-34. 25.5.1671 greiðir Jón Vigfússon yngri sýslumaður Erlingi Eyjólfssyni, vegna Ingibjargar Pálsdóttur konu Erlings, hálfan Hæðarenda í Grímsnesi fyrir 10 hdr í jörðu sem hann skuldaði þeim - Jarðabréf, 13. 18.4.1688 fær sr. Einar Torfason Guðrúnu móður sinni til eignar þau 4 hdr í Hæðarenda sem Pétur Pálsson hafði áður selt sr. Einari fyrir 10 hdr. - Jarðabréf, 139. "Hægendi (in plurali) heitir jörðin í gömlum brjefum. Og Hægende kalla hana ennnú menn almennilega." JÁM. II, 343. 1708: "Skógarhögg hefur jörðin brúkað í Miðengisskógi, þar í mót átti Miðengi að hafa vatnsveiting úr læk þeim, er Kálfshólalækur heitir. Sú vatnsveiting er nú þar með af, að á farveg lækjarins er nú komin gjá, sem ekki er mögulegt að fylla. Þar fellur lækurinn í jörð, og nýtur Miðengi hans ekki. Síðan þora Hæðarendamenn eigi að brúka skóginn." JÁM II, 344.
1920: Tún 3,5 ha, þar af slétt um 1/3. Garðar 1161 m².
"Bærinn stendur suðaustan í allstórum móbergsás, Skyggni. Gamla túnið var vestur frá bænum og nýrri tún eru vestar í hrauninu, nokkuð dreifð því víða kreppir hraunlendi að. [...] Neðri hluti landsins er gróið hraunlendi með móum og mýrarsundum. Einn brunahóll er í landinu, Selhóll. Efri hluti landsins teygir sig upp eftir Lyngdalsheiði. Þar er heiðlendi með valllendisflötum og klapparhólum." Sunnlenskar byggðir III, 132.

**ÁR-427:001** *Hæðarendi* bæjarhóll bústaður 64°04.650N 20°51.491V
Bæjarhóllinn er hátt í 100 m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi og stendur á honum steinhús í niðurníðslu.
Sunnan undir hól eða brekku sem hallar mót suðri. Syðst á bæjarhólnum er malarvegur, útihús standa vestan við hólinn en austan og norðan við er tún.
Á bæjarhól stendur niðurnítt steinhús sem brann á 6. áratug 20. aldar, það er að líkindum byggt á syðri hluta bæjarhólsins. Undir austurhluta hússins er vélgrafinn kjallari. Aftan eða norðan við húsið sést svolítil hólmyndun og er hugsanlegt að hluti hans sé óskemmdur. Í þeim hluta hans er m.a. vitað um öskuhaug (012).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-427:002** heimild um útihús 64°04.630N 20°51.557V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 40 m vestur af 001.
Á þessum slóðum er tún norðan við en útihús fast sunnan við.
Húsið er horfið. Guðmundur Sigurfinnsson man eftir tóft sem var líklega hesthús eða kindakofi. Hefur sennilega farið að hluta undir byggingu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-427:003** heimild um útihús 64°04.622N 20°51.584V
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 20 m vestur af 002 og 10 m sunnar.
Tún er norðan við. Annars hefur orðið töluvert rask á þessum stað, nokkrar byggingar og skurðgröftur þegar þetta er ritað.
Húsið er horfið. Guðmundur Sigurfinnsson man eftir grjóti á þessum stað þegar hann vann að túnasléttun.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-427:004** *Gvendarbrunnur* brunnur vatnsból 64°04.423N 20°52.486V
"Sunnan við [Búrfellsveg], norðaustan við Gvendarmýrina, er Gvendarbrunnur. Það er uppsprettulind, hlaðin að innan með grjóti, vafalaust fornt mannvirki. Frá Gvendarbrunni rennur Gvendarlækur", segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er rúma 800 m suðvestur af bæ, suðvestur af fjárhúsum þeim sem standa við mörk Hæðarenda og Búrfells og um 20 m sunnan vegar.
Brunnurinn er ofan í smáslakka eða dæld sem er gróin austan megin en með moldarflagi að vestan. Gvendarlækur rennur til suðurs frá polli í dældinni.
Gvendarbrunnur hefur verið virkjaður sem vatnsveita og stendur nú lítið, grænt hús ofan á brunninum, um 2 x 1 m á stærð. Ráðist var í þessar framkvæmdir um 1995. Að sögn Guðmundar Sigurfinnssonar var reynt að skemma hleðslur innan í brunninum eins lítið og mögulegt þótti. Nú er ekki hægt að sjá hvernig til hefur tekist. Skv. munnmælum var brunnurinn vígður af Guðmundi góða og voru börn skírð við hann, á lítilli eyju sem var í Gvendarlæk en er nú horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Hæðarendi




*Kort 11: Hæðarendi – tún*

**ÁR-427:005** *Fossvallarjómabú* tóft 64°04.000N 20°53.723V




"Þar sem Hæðarendalækur rennur fast norðan við Kálfshóla er í honum dálítill foss, Fossvallafoss. Vestan við hann er sléttlendi, er heitir Fossvellir. Skammt vestar er annar foss í læknum, Heydalafoss. Vestan við hann, norðan megin, stóð Fossvallarjómabú", segir í örnefnaskrá. Rjómabúið stóð semsagt norðan lækjar, suður af fyrstu útkeyrslunni til suðurs eftir að komið er inn í Hæðarendaland úr vestri.
Gróinn en nokkuð þýfður slakki um 15 m frá Hæðarendalæk. Norðvestan við er gróin grund en lág hæð að austan.
Ferköntuð tóft sunnan undir brekkurótum, raunar næstum því byggð inn í brekkuna. Grjóthlaðin úr mjög stóru hraungrýti. Mikið uppgróin og jafnvel lyng á veggjum, einkum norðvestanmegin. Suðausturveggur er heillegastur. Ekki er augljóst hvar gengið hefur verið inn en þó líklega suðvestan megin. Hugsanlegt virðist að suðausturveggur hafi náð lengra aftur fyrir tóftina, þ.e. inn í brekkuna. Ef það er rétt hefur tóftin verið allt að 5 x 7 m að stærð.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hæðarendi, 1-2

**ÁR-427:006** *Sigurðartættur* 2 tóftir beitarhús 64°04.197N 20°53.282V
"Austan við Berjaholtalækinn og sunnan við Búrfellsveginn er lítill Túnblettur, Guðnatún, kennt við Guðna Guðmundsson, er áður bjó á Hæðarenda. Dálítið austur af því er fjárhús, byggt þar fyrir nokkrum árum í gömlum tóttum, þær hétu Sigurðartættur", segir í örnefnaskrá. Þessi staður er um 500 m austan við Búrfellsmörkin en 200 m sunnan vegar.




Tóftirnar standa sín á hvorum hól, vel grónum. Á milli þeirra er dæld en allt nánasta umhverfi grónir valllendismóar.
Tvær tóftir sem standa sín á hvorum hólnum en djúpur og vel gróinn bolli er á milli þeirra, gæti hafa verið notaður sem aðhald. Eldri tóftin er á vestari hólnum og mjög gróin, alls 8 x 5 m. Engir garðar sjást en þverveggur, dyralaus, er sunnarlega í tóftinni sem snýr N-S. Dyr gætu hafa verið á báðum skammhliðum og virðist hugsanlegt að þetta hafi verið aðhald eða stekkur. Aðeins sér í grjót í milliveggnum. Yngri tóftin er um 20 m austar. Hún snýr eins, þ.e. N-S, inngangur er sunnan megin en djúp hlaða í norðurenda. Líklega án garða, þó mótar fyrir grjótrönd eftir endilöngu. Enn sést fúin trégrind úr gafli, nú fallin, við norðurenda tóftar sem og járnarusl. Heildarstærð er 6 x 14 m, þar af er hlaðan 5-6 m löng.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hæðarendi, 2

**ÁR-427:007** *Sel* tóftir sel 64°04.822N 20°52.453V




"Norðvestur af Skyggni er Selhóll, stór Gjallhóll með gígskál í kolli. Mitt á milli Skyggnis og Selhóls er Sel. Þar sér móta fyrir gömlum tóttum neðan undir hárri brekku, Selbrekka", segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru nokkurn spöl suðaustur af Selhól en vestan undir Litla-Skyggni. Þær eru í suðausturhorni sumarbústaðarlóðar í einkaeign, rúma 800 m norðvestur af bæ.
Stórþýft valllendi. Sumarbústaðalóðir eru allt í kring nema vestan og norðvestan megin. Trjárækt er víða hafin, þó ekki á lóðinni þar sem seltætturnar eru.
A.m.k. 5 tóftir eru á þessum stað og hefur greinilega verið garður umhverfis. Tóftin sem er sýnilega yngst er beitarhús sem skipt er í tvennt með millivegg, snýr N-S, með inngang að sunnan en hlöðu í norðurenda. Í eystra langhólfi er einn garði eftir endilöngu. Hitt hólfið virðist án garða en þar sést greinilega að innangengt hefur verið í hlöðuna. Stærð tóftar alls 12 x 10 m, víða sér í grjót innan veggja og hæð þeirra nær allt að 150 sm. 4 m vestar er einföld tóft, 4 x 6 m, sem virðist mun eldri og er vel gróin, snýr eins og beitarhúsin en virðist hafa haft inngang norðan megin. Hæð innan veggja 120 sm. 25 m vestur af þessari einföldu tóft er greinileg tóft, einnig einföld, snýr SV-NA með inngang norðaustan megin. Víða sér í grjót, einkum í nyrðri langvegg innanverðum. Stærð um 7 x 4 m. Fast upp við hana, sunnan megin, mótar fyrir a.m.k. tveimur vegghleðslum sem liggja N-S. Þær eru 11 m langar og alls 5 m á breidd og gætu hugsanlega verið þrjár. Þessir veggir eru mjög signir og ógreinilegir. Fimmta og síðasta tóftin er svo 2 m norður af unglegustu tóftinni, beitarhúsinu. Hún er fremur ógreinileg og sigin. Einföld að gerð, snýr N-S með inngang norðan megin, 4 x 8 m að stærð. Að lokum ber að minnast á garðinn í kring. Hann er víða ógreinilegur en mun sjást betur að vetri til þegar snjóföl liggur yfir svæðinu. Fyrst vottar fyrir honum við vegbút sem liggur upp að sumarbústað og er norðvestan tóftanna. Þar er hann nánast útflattur en allt að 3 m á breidd. Þar er hægt að fylgja honum um 50 m til austurs þar sem hann sveigir til suðausturs með brekkurótum. Hæð garðsins er nánast engin. Á þessu svæði

liggur hann inni á sumarbústaðarlóð og er sumsstaðar búið að gróðursetja í hann tré. Hann virðist svo liggja uppfyrir nokkra kletta neðarlega í brekkunni, svo til suðurs þar sem hann verður mjög ógreinilegur á næstu sumarbústaðarlóð. Garðurinn virðist almennt í 50-100 m fjarlægð frá tóftum. Hann er greinilegastur þar sem hann liggur í brekkurótum norðaustast og er hugsanlega tvöfaldur á kafla. Hvergi sér í grjót og því gæti hann verið torfhlaðinn. Þess ber að geta að mikið stórþýfi er innan garðsins og gætu hæglega leynst þar fleiri tóftir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Hæðarendi, 2

**ÁR-427:008** hellir fjárskýli 64°05,036N 20°53.122V

"Sunnan í Selhól eru tveir hellisskútar og vestan í honum er einnig hellir. Þar sér fyrir grjóthleðslu við hellisopið", segir í örnefnaskrá. Hellirinn er 100-200 m suðvestur af hæsta punkti Selhóls, tæplega 700 m norðvestur af Seli (007). Grasi grónar dokkir og lautir í vesturhlíðum Selhóls, eflaust skjólsælar.
Op hellisins snýr í norðaustur. Hann er ekki manngengur, hæð 1,4-1,5 m. Rúmmál alls nálægt 5 x 6 m. Hlaðið hefur verið fyrir hellismunnann til hálfs beggja vegna, op þar á milli. Hleðslan er rúmlega 1 m á lengd hvorumegin en hleðsluhæð innan við 1 m. Hlaðið úr stórgrýti en hleðslur eru nú nokkuð úr lagi gengnar og grónar. Kindur sækja enn mikið í hellinn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hæðarendi, 2

**ÁR-427:009** heimild um leið 64°04.358N 20°53.409V
"Dálítinn spotta fyrir norðan Búrfellsveginn, austan við Berjaholtalækinn, eru Prestbrekkur. Neðan undir þeim eru gamlar ferðamannagötur", segir í örnefnaskrá. Brekkurnar eru lág en nokkuð löng og algróin brekkubrún norðan Búrfellsvegar nálægt mörkum við Búrfell, rúmlega 300 beint norður af Sigurðartættum (006), norðan vegar. Nú er ræktað tún suður af Prestbrekkum.
Vegurinn sést ekki hér. Hann lá líklega að Búrfelli og telur Guðmundur Sigurfinnsson að hann hafi verið vagnfær. Hugsanlegt er að við Prestbrekkur hafi verið áningarstaður presta á leið til Úlfljótsvatns.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hæðarendi, 2

**ÁR-427:010** tóft óþekkt 64°05.416N 20°51.928V




Inni á sumarbústaðarlóð við sunnanvert Bauluvatn, vestan Hæðarendalækjar, er tóft. Lóðin er auðþekkt því inni á henni, næst vatninu er sérkennilegur, strýtumyndaður hóll með stóra hundaþúfu í kolli.
Mikið uppgróið hraun, mosi og lyng ráðandi.
Einföld hleðsla og lág, ferköntuð, utan í brekku og snýr N-S. Lítt gróin en steinar nokkuð mosavaxnir. Hleðslur hafa líklega aldrei verið mjög háar. Þær eru úr hraungrýti, mest 3 umför. Dyr eru sunnan megin og smá brekka liggur samhliða með austurlanghlið. Tóftin lítur einna helst út eins og lítið aðhald en þó fékkst ekkert staðfest um notkun.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




*Kort 12: Hæðarendi – jörð*

**ÁR-427:011** *Gálgagil* örnefni aftökustaður
64°06.864N 20°51.768V
"Syðst í [Lyngbrekkum] er strýtumyndaður hóll, Níphóll, sunnanundir honum er Níphólsflöt og sunnan við hana rennur Hrólfsgil, sem þarna heitir Gálgagil", segir í örnefnaskrá. Best er að ganga frá Bauluvatni, upp með Markalæknum. Norðarlega sveigir hann til austurs í Gálgagil. Í örnefnaskrá Klausturhóla segir: " Gálgagil er hamragil á parti og eiga þar að hafa verið hengdir óbótamenn áður fyrr. Er skora inn í bergið í gilinu að norðanverðu og er kölluð Gálginn." Síðar í sömu skrá segir: "Heyrði ég talað um það, er ég var ungur, að reimt væri í [Gálgagili]".
Gil sem liggur austur-vestur. Lækurinn er vatnslaus á þessum slóðum um hásumar. Klettar eru austarlega í gilinu, einkum þar er það nefnt Gálgagil. Vestar í því eru grónar lyngbrekkur sem hallar mót suðri.
Engar öruggar heimildir eru fyrir því að menn hafi verið teknir af lífi í gilinu. Þó gengur sú saga meðal Grímsnesinga að farið hafi verið um gilið með óbótamenn sem átti að lífláta á Þingvöllum. Þegar þangað var komið nenntu menn ekki lengra, sumir segja að þá hafi þeir verið búnir að fá sér aðeins of mikið í staupinu. Því var verkinu flýtt og glæpamennirnir hengdir í Gálgagili.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hæðarendi, 3 og Ö-Klausturhólar og Hólakot, 15

**ÁR-427:012** heimild um öskuhaug
64°04.654N 20°51.476V
Öskuhaugur var á norðausturhorni bæjarhóls (001), aftan við þar sem nú stendur niðurnítt steinhús.
Bæjarhóllinn er sunnan undir hól eða brekku sem hallar mót suðri. Syðst á bæjarhólnum er malarvegur, útihús standa vestan við hólinn en austan og norðan við er tún.
Á þessum stað er greinilega bunga á hólnum en hún gæti stafað af seinni tíma raski. Á 20. öld var höfð súrheysgryfja nánast í öskuhaugnum og því gæti ástand hans verið slæmt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-427:013** hellir fjárskýli
64°04.661N 20°51.395V
Í austasta hluta túnsins er slakki niður við læk, nálægt 100 m frá bæ. Þar, syðst, er klettastapi sem er gróinn að ofanverðu. Í klettinum að austan er hellir, op hans snýr út að læknum. Talið er hugsanlegt að hellirinn sé manngerður.
Fyrrum tún, nú hestagirðing.
Hellirinn er mjög reglulegur, eins og bogadregin hvelfing eða braggi í laginu, aflangur. Lofthæð nú um 165 sm en gólfið hallandi, fullt af rusli og mold og hefur sýnilega hækkað. Nú hefur innsti hluti hellisþaksins fallið niður og því er hann opinn í báða enda. Hellisveggirnir eru sléttir og reglulegir að mestu, þó sjást á nokkrum stöðum för sem gætu verið mannaverk. Það sem er mest áberandi er 30 sm langt og allt að 5 sm djúpt. Hellirinn var lengi notaður sem fjárskýli en á síðustu árum hefur sorp verið brennt í honum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-427:014** frásögn tún 64°04.701N 20°51.505V
Smáblettur er í gamla túninu sem hefur aldrei verið sléttaður með vélum, aðeins spöðum. Hann er 2-300 m norður af núverandi íbúðarhúsi, í nokkuð brattri brekku sem hallar mót suðri eða suðvestri. Um 100 m norðvestur af helli (013). Fyrrverandi tún, nú hestagirðing.
Stykkið er aflangt, um 8 x 12 m. Snýr N-S í brekkunni og er fremur óslétt en þó sýnilega meira þýfi beggja vegna við stykkið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-427:015** frásögn heygarður 64°04.634N 20°51.533V
Þúst, að líkindum heygarður, var vestan við bæ, aftan við þar sem nú er fjós og því u.þ.b. 10-20 m suðvestur af 002. Á þessum slóðum er tún norðan við en útihús fast sunnan við.
Heygarðurinn er löngu horfinn vegna bygginga og annars rasks.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-427:016** tóft fjárhús 64°04.604N 20°51.881V
Í túni, rúma 300 m vestur frá bæ er tóft af fjárhúsi sem Sigurfinnur Guðmundsson byggði á 20. öld.
Þar eru nú gróðurhús og fleiri byggingar.
Tóftin er enn mjög greinileg og vegghleðslur vart nokkuð grónar. Mikið rask hefur orðið á tóftinni því að hús hefur verið byggt á helmingi hennar, virðist nú notað sem geymsla. Ekki er hægt að greina garða en hlaða hefur verið í norðurenda. Vestari langveggur hennar er nú hruninn að mestu og rusl er í tóftinni.
**Hættumat:** stórhætta, vegna bygginga




**ÁR-427:017** *Guðnatættur* tóft beitarhús 64°04.533N 20°53.091V
Mjög vestarlega í Hæðarendalandi, norðan vegar, eru fjárhús sem enn eru notuð. Hátt í 200 m vestur af þeim er fjárhústóft.
Umhverfi mjög gróið, tún sem virðist sléttað er norðan og austan við.
Tóftin snýr N-S, einn garði og hlaða norðan megin. Veggir talsvert uppgrónir en hafa verið hlaðnir úr mjög grófu hraungrýti. Hleðsluhæð almennt um 1 m en hlaðan er mun dýpri, allt að 2 m.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-427:018** frásögn áveita 64°03.992N 20°53.713V
Gvendarlækur var stíflaður og honum veitt að rjómabúinu (005) til að knýja það áfram. 5-10 m austan við rjómabúið er lækjarfarvegur.
Gróinn en nokkuð þýfður slakki um 15 m frá Hæðarendalæk. Norðvestan við er gróin grund en lág hæð að austan.
Nokkuð djúpur farvegur, um 5 m breiður. Hægt að ganga með honum um 100 m upp að Gvendarlæk.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-427:019** frásögn mógrafir 64°05.409N 20°51.708V
Að sögn Guðmundar Sigurfinnssonar kallaði faðir hans jafnan "mógrafir" þar sem Hæðarendalækur rennur úr Bauluvatni, semsagt við það sunnanvert. Aðrir kölluðu staðinn "síki".
Mýrlendi við vatnið, víða mikil bleyta og gljúpur jarðvegur.
Engar ótvíræðar mógrafir sjást.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-427:020** frásögn rista 64°04.389N 20°52.519V
Torf var rist skammt suður af Gvendarbrunni (004).
Valllendismýri er austan lækjar.
Engin sérstök ummerki torfristu. Betri torfrista mun hafa verið á Búrfelli og var torf oft fengið þaðan.
**Hættumat:** engin hætta

# ÁR-428 Búrfell

47 hdr., 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. "Grímr fór til Íslands ok nam Grímsnes allt upp til Svínavatns ok bjó í Ondurðunesi fjóra vetre, en síðan at Búrfelli. Hans son var Þorgils, er Æsu, systur Gests, átti. Þeirra synir váru þeir Þórarinn at Búrfelli ok Jorundr í Miðengi." Landnámabók (S/H), ÍF I, 387. Frá Grími og landnámi hans er einnig sagt í Droplaugarsona sögu - ÍF XI, 139. Elsti máldagi Búrfellskirkju er frá [1269] og átti kirkjan þá heimaland hálft - DI II, 63-64. sbr. 1397 - DI IV, 90. [1553-54]: " Kirckian a Burfelle a halftt heimaland. hun er Skalholltz eign. Þar eru nu med. xiij. kugillde." - DI XII, 661. Í Búrfellskirkjumáldaga frá um 1570 er ekki getið um eign í landi, aðeins fénað - DI XV, 645. "Kirkjustaður annecteraður með Snjáfuglsstaða og Klausturhóla kirkjum" JÁM II, 353. 1708 átti Búrfell: "Skógarítak í Miðengisskógi fyrir slægjur" sem Miðengi átti í Búrfellslandi - JÁM II, 352-53. Tvær hjáleigur taldar með í landi jarðarinnar 1708; Suðurhjáleiga og Vesturhjáleiga. Ennfremur segir frá Búrfellskoti sem stóð 300 metra suður frá Búrfellsbæ og var búið þar fram yfir 1920. Ö-Búrfell, 3 (1995). "Jörðin er landnámsjörð Gríms þess er sveitin ber nafn af. Fluttist hann þangað eftir fjögurra vetra búsetu í Öndverðarnesi." Sunnlenskar byggðir III, 133. Nú skiptist jörðin í Búrfell I, II og III. Tvíbýlt frá 1939 en þríbýlt frá 1963. Sunnlenskar byggðir III, 133-135. Ekkert ártal á túnakorti. Tún 10,8 ha. Garðar: 1563 m².

Búrfellskot 1920: Tún 1,8 ha, þar af slétt um ¼. Garðar 676 m². Enn sér, ef vel er að gáð, móta fyrir beðasléttum í túni um 250 m suðaustur af gamla bænum á Búrfelli. "Neðsti hluti jarðarinnar er þurrlendir móar með klapparásum. Síðan taka við mýrar inn með fjallinu en melar og valllendisbrekkur ganga upp í fjallið. Þá eru heiðalönd með grámosaþúfum og minnkar gróður eftir því sem ofar dregur í Lyngdalsheiðinni. Nokkur gróður er utan í hlíðum Búrfells en lítill hið efra. Efst á fellinu er stöðuvatn, gamall sporöskjulagaður gígur. Bærinn stendur upp við fjallið sem skýlir fyrir norðanátt." Sunnlenskar byggðir III, 133.

18.6.1564 bera Helgi Jónsson og Sölvör Pétursdóttir vitni um landamerki Efribrúar: "Enn sudur fra Bru ofan j Markargil og sionhending j lækinn fyrir nedan Liosafoss og burtt vr adurgreindu Markargile sionhending vppi Burfellsfiall. So og j austurætt. halfann Burfellsdal. og sionhending af sama dal j Þrasaborger." DI XIV, 269-70. "Landamerki Búrfells eru þannig samkvæmt landamerkjaskrá frá 20. okt. 1884: Úr þúfu í Þrengslás (sem skal endurbyggjast) bein stefna norður í há-Grensás og áframhaldandi bein stefna í stein þann, sem stendur á Nónhólataglinu, svo í klett þann, sem stendur austan undir Tjarnarhólum og nefndur er "Hestur", þaðan í Gildruhólinn, svo í Hnífhól, þaðan bein stefna um Sauðadalinn í Gilfarveg, sem liggur niður úr Búrfellsfjalli úr vatninu á Vatnsásnum. Úr Vatnsásnum áframhaldandi bein stefna í vestari Gilklofann, sem liggur ofan úr norðari Búrfellsfjallsenda vestur að austari brún á Búrfellshálsi, þaðan yfir Búrfellsdal upp eftir Lyngdalsheiði. Klapparhólinn við efri Beinugrófarenda og þaðan í Þrasaborgir, þaðan aftur til suðurs í Markagil, sem liggur vestan við Lyngbrekku, þaðan bein stefna í norðurendann á Grænugróf, svo eftir miðri Grænugróf og þaðan í Berjaholtalæk, svo ræður hann til Búrfellslækjar, svo ræður hann (Búrfellslækur) til áðurnefnds Þrengslaáss. Hér að auki tilheyrir jörð þessari svokallaður Hólmi fyrir sunnan Búrfellslæk, sem er afmarkaður í suðursíðuna með gömlum lækjarfarvegi." Ö-Búrfell, 1-2.

**ÁR-428:001** *Búrfell* bæjarhóll bústaður 64°04.323N 20°56.045V

Bæjarhóllinn er þar sem gamli bærinn stendur nú, um 100 m norðvestan við núverandi íbúðarhús og fast vestan við kirkjugarðinn. Tún norðan við en kirkjan (sjá 002) innan við 10 m austar, í raun á sama hól. Trjágarður sunnan við bæjarhólinn í miklum blóma, nokkuð um gömul tré. Á hólnum standa nú tvö steinsteypt og sambyggð íbúðarhús frá þeim tíma er tvíbýlt var á Búrfelli. Þau voru byggð um 1935. Handgrafinn kjallari er undir þeim báðum og sambyggt því vestara er útihús með hlöðu og súrheysturni. "Anno 1577: Voru so hus a Burfelle. first Jnnehusenn oll ii1/2c. med thremur vtehusum. Jtem ij fios v1/2 ærgillde. Jtem kirkian ijc." DI XV, 645.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-428:002** kirkjugarður kirkja 64°04.313N 20°55.976V

Kirkja og kirkjugarður eru fast austan við bæjarhól. Tún norðan og austan við en trjágarður að sunnan. Gamli bærinn er um 10 m vestar. Eitthvað er af gömlum trjám í kirkjugarðinum. Elstu legsteinarnir eru frá því seint á 19. öld. Stærð kirkjugarðsins er alls um 34 x 20 m. Hann er á upphlöðnum stalli sem er allt að 1,5 m hár að sunnan og vestanverðu. Allt hefur þetta verið hlaðið upp á síðustu árum og 1995 var kirkjugarðurinn stækkaður til austurs og hefur verið sléttaður að mestu. Kirkjan, sem er úr timbri, var byggð árið 1845 og mun nú elsta kirkja í Skálholtsstifti. Torfkirkja sem var forveri þeirrar sem nú stendur var byggð 1821. Er sagt að hún hafi verið sterkleg og vel byggð: "Hliðarveggir hlaðnir úr grjóti og torfi með torfþaki á timbursúð, sem var skarsúð en stafnar af timbri." Enn mun varðveittur kórbitinn úr kirkjunni en hann var fagurlega málaður og skreyttur rósablöðum. Hann er nú í Byggðasafninu á Selfossi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1920; Sunnlenskar byggðir III, 116




*Kort 13: Búrfell - tún*

**ÁR-428:003** heimild um útihús 64°04.267N 20°55.801V
Skv. túnakorti stóð útihús um 180 m suðaustur af bæ.
Sléttað tún. Beint norður af staðnum eru tvö rafmagnsmöstur.
Engin tóft sést og kannast Böðvar Pálsson ekki við hús á þessum stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-428:004** heimild um útihús 64°04.385N 20°55.735V
Skv. túnakorti var útihús um 280 m norðaustur af bæ.
Snarbrött en grösug brekka mót suðri, utan núverandi túns.
Engin tóft og raunar mjög vafasamt að nokkurn tíma hafi staðið hús á þessum stað. Brekkan er mjög brött og óhentug fyrir byggingar og hefur þar að auki líklega aldrei talist til túns. Hún hefur aldrei verið sléttuð og því hlytu að sjást þar byggingarleifar enn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-428:005** heimild um útihús 64°04.411N 20°55.775V
Skv. túnakorti stóð hús um 40 m norðvestur af 004.
Snarbrött en grösug brekka mót suðri, utan núverandi túns. Á þessum stað fer brattinn jafnvel vaxandi.
Engin tóft og nánast ómögulegt að hús hafi staðið á þessum stað. Einhverju hlýtur að skeika á túnakorti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-428:006** *Traðir* heimild um traðir 64°04.289N 20°56.096V
"Tvær heimreiðar voru að bænum, bæði að austan og vestan. Voru kallaðar Traðir eða Vesturtraðir að vestan, en að austan voru götutroðningar, sem úr varð vagnbraut síðar", segir í örnefnaskrá. Vesturtraðir lágu milli gæsakofa (033) og lambhúss (008).
Þýft en gróið stykki, skorið af lækjum. Beitarhólf hrossa.
Staðkunnugir sjá enn móta fyrir tröðunum á um 20 m kafla. Þær komu úr vestri en beygðu til norðausturs með hólnum sem lambhúsið stóð á.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 2

**ÁR-428:007** heimild um leið 64°04.344N 20°55.709V
"Tvær heimreiðar voru að bænum, bæði að austan og vestan. Voru kallaðar Traðir eða Vesturtraðir að vestan, en að austan voru götutroðningar, sem úr varð vagnbraut síðar", segir í örnefnaskrá. Austan við bæ, utan túns, liggur troðningur með hjólförum að túnjaðri.
Utan túns er gróin hlíð með moldarflögum.
Brautin sést illa í túni, þar er troðningur sem líkist mest venjulegum tröðum. Hefur að sögn Böðvars Pálssonar dofnað mikið eftir að hætt var að reka kýr þar um. Þar sem vagnbrautin lá inn á túnið liggja gamlir, steyptir hliðstólpar í brekkunni,
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 2

**ÁR-428:008** *Lambhústún* heimild um fjárhús 64°04.289N 20°56.102V
"Þegar kom var inn úr hliði að vestan, var farið yfir Bæjarlæk. Á vinstri hönd voru lambhús, og túnið þar hét Lambhústún", segir í örnefnaskrá. Lambhús voru tæpa 100 m suðvestur af bæjarhól (001).
Þýft svæði, ósléttað. Lækjarsytrur beggja megin við hólinn sem er iðagrænn, kúptur og greinilegur, vaxinn sóleyjum. Hross ganga á svæðinu.
Lambhúsið er alveg horfið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 2

**ÁR-428:009** *Gamligarður* heimild um heygarð 64°04.352N 20°55.993V
"Fyrir ofan Löngulág, á Upptúni, var Gamligarður, gamall heygarður", segir í örnefnaskrá frá 1981. Öllu ítarlegri lýsing er í annarri skrá frá 1995 og hljóðar svo: "Skammt norðan og austan við bæinn er allmikill hóll, sem hét Gamligarður. Um 1930 sást vel móta fyrir mörgum tóftum og stórum heygarði; höfðu þar verið allt að 10 hey hlið við hlið, svo og fjós og hesthús." Hóllinn er um 50 m norðaustur af bæjarhól.
Tún í rækt.



Kort 14: Búrfell og Búrfellskot – jörð

Hóllinn er áberandi í sléttu túni en ekki mótar lengur fyrir neinum tóftum í honum. Stærð u.þ.b. 40 x 40 m. Sumir telja að á þessum stað hafi bærinn upphaflega staðið, að þetta sé gamall bæjarhóll og er það vel hugsanlegt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 3 (1981); Ö-Búrfell, 2 (1995)

**ÁR-428:010** heimild um hesthús 64°04.360N 20°56.009V
"Fyrir ofan Löngulág, á Upptúni, var Gamligarður [009], gamall heygarður. Þar voru höfð hesthús", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 50 m norðaustur af bæjarhól (001).
Tún í rækt. Ekki er vitað nákvæmlega hvar hesthúsin voru, Böðvar Pálsson man ekki eftir tóftum á eða hjá Gamlagarði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 3

**ÁR-428:011** *Fjárhústún* tóft fjárhús 64°04.418N 20°56.284V

"Bæjarlækur var milli Skriðuflata og Fjárhústúns. Fyrir neðan Fjárhústún hét Bæjarmýri", segir í örnefnaskrá. Fjárhústún er í norðvesturhorni núverandi túns, rúma 200 m norðvestur af bæjarhól (001). Á því er fjárhústóft.
Í túnjaðri, slegið umhverfis. Afgirt hólf utan túns norðvestan við. Lækur skammt austan hússins.
Hluti hússins hefur greinilega lengi verið notaður því að enn lafir uppi ryðgað bárujárnsþak í austurhlutanum og stoðir úr tré. Aflangt, um 14 x 12 m, hefur líklega verið stækkað til austurs því að hlaða í norðuenda er aðeins rúmur helmingur af heildarbreidd hússins. Hún er niðurgrafin, allt að 2 m djúp. Einn garði er eftir endilöngu fyrir miðju hússins, með steyptri hellu ofan á. Veggir grjóthlaðnir, allt að 6-7 umför í austurhluta.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 3

**ÁR-428:012** *Veitan* örnefni 64°04.256N 20°56.081V
"Fram (=suður) af Lindarhaus var Veitan, mjög blaut með dýjum", segir í örnefnaskrá. Veitan er fáeina metra suður af Lambhústúni (008). Það er vestan við heimreiðina um það leyti sem beygt er heim að núverandi íbúðarhúsi á Búrfelli. Nú hestagirðing. Tveir lækir renna um stykkið og er talsverð bleyta á kafla á milli þeirra.
Engin áveitumannvirki sjást, nafnið gæti verið tilkomið vegna mýrarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 3

**ÁR-428:013** garðlag túngarður 64°04.467N 20°56.113V
"Gamall túngarður var um túnið, en girðing náði lengra", segir í örnefnaskrá. Annarsstaðar segir: " Allmiklir varnargarðar hafa einhvern tíma verið hlaðnir ofan við túnið, bæði ofan við Skriðuflatir og eins að austanverðu til að hindra aurskriður á túnið." Ekki virðist gerður greinarmunur á túngarði og vörslugarði gegn skriðum. Garðleifar sjást nú eingöngu norðan túns, í brattri hlíð hátt í 300 m norðan bæjarhóls (001).
Brött en grasi gróin hlíð. Garðurinn sést fyrst þar sem hann stefnir til norðausturs með gömlu vesturhlið túnsins (nú í túni) upp hlíðina. Þar er skarð í honum fyrir núverandi girðingu um túnið. Alls er þessi bútur um 50 m langur. Þá sveigir garðurinn til austurs og er fyrst fremur óskýr. Eftir 100-200 m eru tvö skýr samhliða garðlög, 5-6 m á milli. Hið efra er umfangsminna en sumsstaðar virðast garðarnir allt að þrír. Hvergi sér í grjót. Loks stefnir garðurinn í suðaustur, í átt að háspennumöstrum við norðausturhorn núv. túns en efri garðurinn virðist halda áfram austur með hlíðinni. Endar þar í þýfðum og nokuð blásnum móa. Sumsstaðar sjást leifar af fúnu timbri við garðinn, væntanlega gömul vírgirðing.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 3 (1981) ; Ö-Búrfell, 2 (1995)

**ÁR-428:014** heimild um rétt 64°04.350N 20°55.711V
"Gamall túngarður var um túnið, en girðing náði lengra. Fyrir austan gamla túngarðinn var rétt. Fyrir ofan og vestan réttina var kallaður Harðhaus", segir í örnefnaskrá. Réttin hefur líklega verið nálægt staðnum þar sem vagnbraut, áður götutroðningar, lágu inn á túnið úr austri (sjá 007). Þýfð en gróin brekka utan túns.
Engar leifar réttarinnar eru sjáanlegar, Böðvar Pálsson man ekki eftir henni.
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 3-4

**ÁR-428:015** frásögn fjárskýli 64°04.173N 20°55.103V
Hringlaga mannvirki, mjög sigið, var tæpa 800 m suðaustur af bæ.
Þar er nú framræst beitarstykki sunnan Búrfellsvegar. Þar sem mannvirkið var er nú skjólgarður fyrir hross.
Þetta hefur líklega verið fjárborg. Hún var sléttuð út. Að sögn Böðvars Pálssonar kom ekkert grjót fram við sléttun, hefur líklega verið torfhlaðin eingöngu. Annað sambærilegt mannvirki var skammt norðar (051).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 4

**ÁR-428:016** *Nátthagi* örnefni nátthagi 64°04.255N 20°56.111V
"Niður frá réttinni [014] var Nátthagi innan girðingar. Þar var valllendisgróður, sléttur og börð", segir í örnefnaskrá. Skv. þessari lýsingu var nátthaginn austan bæjar. Þeir sem þekkja til á Búrfelli hafa aldrei heyrt um nátthaga á þeim stað, heldur vestan bæjar, nánast á sama stað og Veitan (012).
Afgirt beitarhólf, um það austanvert renna tveir lækir. Austan bæjar er nú sléttað tún, þar er ekkert rennandi vatn. Á hvorugum staðnum sjást leifar girðinga eða hleðslna. Hugsanlegt er að fyrst hafi nátthagi verið austan bæjar en þegar túnið var stækkað til austurs hafi hann verið fluttur vestur fyrir.
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 4

**ÁR-428:017** heimild um kvíar
"Kvíar voru í Nátthaga [016], einnig á Fjárhústúni (færikvíar). Síðast var fært frá 1925, en hafði þá ekki verið gert reglulega síðustu árin", segir í örnefnaskrá. Eins og kemur fram í 016 eru tvær mögulegar staðsetningar á Nátthaga, sá sem hér er lýst virðist hafa verið austan bæjar.
Nú sléttað tún. Á hvorugum staðnum sést til kvía. Næstum öruggt er að þessar kvíar hafa verið austan bæjar því að stykkið vestan bæjar hefur aldrei verið framræst né sléttað. Því sæust þar eflaust tóftir enn.
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 4

**ÁR-428:018** heimild um kvíar 64°04.418N 20°56.284V
"Kvíar voru í Nátthaga, einnig á Fjárhústúni (færikvíar). Síðast var fært frá 1925, en hafði þá ekki verið gert reglulega síðustu árin", segir í örnefnaskrá. Fjárhústún er í norðvesturhorni núverandi túns, rúma 200 m norðvestur af bæjarhól (001). Á því er fjárhústóft (011).
Sléttaður túnblettur, austan við hann rennur lækur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 4

**ÁR-428:019** *Jónstættur* tóft beitarhús 64°03.514N 20°56.603V
"Fram (=suður) af Nónhólum voru kallaðir Ásar, börð og móar. Þar var beitiland frá Búrfellskoti. Í Ásunum var sauðahús frá Búrfelli, og var látið liggja þar við opið. Talsvert stórgrýti er í Ásunum og gott skjól fyrir sauði", segir í örnefnaskrá. Ásarnir eru hálfgróið klapparholt norðan Búrfellslækjar, 1,6 km suðvestur af bæ. Vegur liggur þangað frá Búrfellsvegi, vestan við fjárhúsin. Mikið stórgrýti er í Ásum en inn á milli mólendi og sumsstaðar kjarr. Skógrækt er hafin á allstóru, afgirtu svæði umhverfis tóftina og ráðgert er að reisa nokkra sumarbústaði.




Lítil tóft, einföld og garðalaus með dyr í suður. Stærð 10 x 5 m. Heillegar grjóthleðslur eru í innanverðum veggjum, flatar hellur. Veggjahæð allt að 1 m. Í norðurenda mótar fyrir litlu, aðskildu hólfi og er hugsanlegt að þar hafi verið lítil hlaða eða heygarður. Mjög óljóst og uppgróið en hefur greinilega ekki verið niðurgrafið. Alveg er hrunið fyrir innganginn að sunnan, þar er m.a. mjög vegleg grjóthella sem hlýtur að hafa verið yfir dyrum. Að sögn Böðvars Pálssonar var þetta nefnt Jónstættur.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 6

**ÁR-428:020** frásögn mógrafir 64°04.673N 20°54.665V
Mór var tekinn í mýrlendu stykki 5-800 m austur af Stekk (024).
Mýrlendi, skurðir hér og þar.
Ekki fundust mógrafir sumarið 2000 en Böðvar Pálsson telur að það móti fyrir þeim einhversstaðar.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:021** *Efravað* heimild um vað 64°03.975N 20°55.082V
"Á Stóralæk [= Búrfellslæk] voru tvö vöð. Efravað er fast við, þar sem Engjalækur rennur í hann, en Fremravað

fyrir framan Þverstokk", segir í örnefnaskrá. Efravað er skammt ofan við Fremravað (022), til móts við svonefnda Grásteinsvelli. Þetta er næstum nákvæmlega 1 km suðaustur af bæ.
Lækurinn rennur í tveimur kvíslum um gróna sandeyri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 7; Ö-Búrfell aths., 1

**ÁR-428:022** *Fremravað* heimild um vað 64°03.892N 20°55.180V
"Á Stóralæk voru tvö vöð. Efravað er fast við, þar sem Engjalækur rennur í hann, en Fremravað fyrir framan Þverstokk", segir í örnefnaskrá. Þverstokkur er skurður sem liggur að Búrfellslæk, um 1,1 km suðsuðaustur af bæ. Vaðið gæti hafa verið fáeinum metrum sunnar, þar sem lækurinn breiðir úr sér.
Grónir bakkar, 7-8 m á milli þeirra.
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 7; Ö-Búrfell aths., 1

**ÁR-428:023** vegur leið 64°04.343N 20°54.798V
Í stykki, 1 km austur frá Búrfelli, suður frá stekknum (024) og beint undir Búrfellslínu frá 1998 er garðlag ofan í dæld, gæti verið upphlaðinn vegur. Mýri ofan í slakkanum en víðast hvar þurrt þegar ofar dregur.
Hleðslan sést á m 50 m kafla, allt að 2 m breið, sigin og virðist eingöngu torfhlaðin, a.m.k. sést hvergi grjót. Sést aðeins ofan í slakkanum, líklega hefur leiðin að austan legið hér um og aðeins verið hlaðið yfir þennan blauta hluta, hestar e.t.v. sokkið í mýrina. Hæð víðast undir 0,5 m. Mögulegt er að þessi brú sé á leið frá Hæðarenda að Búrfelli (427-009).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-428:024** *Stekkur* tóft stekkur 64°04.590N 20°54.969V




"Austan Þjófagilja er Stekkjarlækur, sem rennur um Stekkjargil. Austan við lækinn var Stekkur. Þar var stíað, þegar Geirrún var barn", segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum segir um Stekkinn: "Þar sést vel móta fyrir hleðslum." Stekkurinn er 1 km norðaustur af bæ, beint austur af tveimur djúpum giljum í austurhluta Búrfells. Nokkuð þýfður túnblettur. Lækur rennur skammt vestan við í gili. Að norðan er ávöl og grösug hæð en austan við skurðir sem afmarka annað stykki.
Stór stekkjarrúst og heilleg. Aðalhólfið mjög greinilegt, aflangt og snýr NA-SV, rekið hefur verið inn að norðaustan. Það er 22 x 6 m, grjóthleðslur í innanverðum veggjum greinilegar, þeir ná allt að 1,5 m hæð. Út frá norðurlanghlið eru a.m.k. tvö minni hólf, mun meira gróin en það stærsta. Hið vestara er ógreinilegra, stærð um 3 x 3 m en 3-4 m austar er greinilegri kró út frá aðalhólfinu, um 7 x 3 m. 40-50 m beint norður af stekknum er lítil tóft, algróin og sigin, sýnist gömul. Hringlaga, um 4 x 3 m, veggjahæð nær ekki 1 m. Engar dyr sjáanlegar. Fram kemur í örnefnaskrá að fært hafi verið frá á Búrfelli til 1925 og má vera að stekkurinn hafi verið notaður fram að því.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 9-10; Ö-Búrfell, aths.1

**ÁR-428:025** tóftir sel 64°05.583N 20°54.745V




"Bolablettur er rennislétt flöt norðan við Selrima. Austast á flötinni, á smáhávaða rétt á lækjarbakka, eru einar þrjár húsatóftir hlaðnar úr hellugrjóti og hnausum. Hellur eru enn yfir inngangi á tveim. Annars er mikið farið að gróa upp veggir", segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Tóftir þessar eru 2,6 km norðaustur af bæ, ekki fjarri norðausturhorni Búrfells. Þar mun hafa verið sel.
Tóftirnar eru ofan í dæld og sjást ekki vel að. Lækur rennur austan við, handan við hann rofabörð og melar, allt sundurskorið af giljum.
Á staðnum sjást tvær tví- eða þríhólfa tóftir. Sú syðri stendur á bungumynduðum hól. Stærð alls um 6 x 12, tvö hólf greinileg en ekki innangengt á milli þeirra. Austara hólfið er aflangt og mjótt, að innanmáli um 1 x 4 m. Hið vestara er nær því að vera ferkantað, um 4 x 3 m að innanmáli. Inn í bæði þessi hólf var gengið að sunnanverðu, stæðilegar dyrahellur liggja við bæði dyraopin. Allra vestast mótar fyrir þriðja hólfinu, stendur lægra en hin og er fremur óljóst en virðist tengt aðalbyggingunni. Hugsanlega er þetta aðhald. Hvergi sér í grjót í því en í hinum hólfunum er sumsstaðar grjót í veggjum, mest næst dyrum. Nyrðri tóftin stendur lægra og er ógreinilegri, hún er

10-12 m norðar. Stærð alls 10 x 5 m, tvö hólf eru greinileg, hvort með sinn inngang og ekki opið á milli þeirra. Vestara hólfið er líkt hólfunum tveimur í hinni tóftinni, hleðslur greinilegastar hjá dyrum, sem eru að sunnan, og dyrahellan liggur þar hjá. Austara hólfið opnast til austurs og er líkara aðhaldi, hvergi grjót í veggjum þar. Aðeins fundust þessar tvær tóftir á staðnum, enginn garður er sjáanlegur umhverfis.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Búrfell, aths.1

**ÁR-428:026** *Stöðlarnir* heimild um kvíar 64°04.298N 20°55.801V
"Austan við kirkjugarðinn er bali, sem nær svo sem 100 m suður frá tröðum og heitir Snúður. Þar litlu austar var túngarður, sem náði ofan úr fjalli og niður í Kotslæk. Er sá garður nú löngu sléttaður út og túnið fært austur; voru þar móar og flatir, sem hétu Stöðlarnir, og var þar málnytupeningur mjaltaður, svo sem nafnið ber með sér. Nú er þar allt sléttað og ræktað og ekkert örnefni sjáanlegt", segir í örnefnaskrá. Böðvar Pálsson kannast við örnefnið, svæði um 150 m beint vestur af núverandi íbúðarhúsi.
Nú sléttað tún. Engar mannvirkjaleifar sjást og ekki ljóst hvort nokkurn tíma voru hleðslur í Stöðlunum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 1-2 (1995)

**ÁR-428:027** *Kotstekkatún* tóftir beitarhús 64°03.501N 20°56.118V
Kotstekkatún er við Búrfellslæk, 1,5 km suður af bæ og rétt rúma 400 m austur af Jónstættum (019).
Grasþýfi þar sem tóftirnar eru en austar sléttar valllendisflatir. Lækurinn rennur um 20 m suður frá tóftum. Þær standa sunnan undir klapparásum, væntanlega í allgóðu skjóli. Varða er uppi á einni hæstu klöppinni.
A.m.k. fjórar tóftir. Sú greinilegasta og jafnframt stærsta er af fjárhúsi sem snýr N-S. Það er 11 x 6 m, einn garði eftir endilöngu og dyr í suður. Hæð veggja mest um 1,3 m, sér víða í grjót í þeim og líka í garðanum. Við norðurenda tóftar er óljós þúst, gæti verið heygarður. Um 5 m vestar er mjög óljós tóft og hlaupin í þúfur. Aflöng, snýr A-V, dyr hugsanlega í vestur. Stærð um 16 x 6, hleðslur gjörsamlega útflattar og ekkert grjót sést. Bein skora liggur eftir endilöngu. 10 m norðan við fjárhústóftina er tóft, hefur verið hlaðið um jarðfasta kletta, stærð alls 6 x 6 m. Að sögn Böðvars Pálssonar var þetta hlaða sem tók 5 hesta af heyi. Að síðustu er tóft 7 m austur af fjárhústóftinni. Hún er 8 x 5 m, einföld að gerð. Dyr líklega að sunnan en hleðslur frekar signar og algrónar.




**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:028** *Rómarborg* frásögn fjárhús 64°04.122N 20°55.875V
Á árunum fyrir 1930 var reist fjárhús á túninu um 20-30 m fyrir norðan Búrfellskot (029).
Nú rennislétt tún og engin tóft sjáanleg.
Húsið taldist stórt á sínum tíma. Það var af sumum nefnt Rómarborg en ekki notað nema stuttan tíma. Var að hluta til grjóthlaðið.

**ÁR-428:029** *Búrfellskot* tóft býli 64°04.131N 20°55.882V
"Búrfellskot hét býli, sem stóð sunnan við Kotslæk um 300 m suður frá Búrfellsbæ. Var þar búið fram yfir 1920 [...] Í bæjarrústum voru reist fjárhús, kölluð Kotshús, sem enn standa þar", segir í örnefnaskrá. Fjárhústóftin sést, skammt austur af fjárhúsi Búrfells sem er sunnan bæjar. Líklegt er að á þessum stað hafi áður verið Suðurhjáleiga sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar.
Ræktað tún umhverfis, sléttað. Stundum ganga hross í því.
Fjárhústóftin er greinileg, sunnan undir dálitlum hól. Þrír eða fjórir garðar, steypt bað við suðurendann á einum




þeirra. Stærð tóftar 14 x 15 m. Hugsanlega hlaða í norðurenda, þar er meiri dýpt en líklega hefur verið ýtt yfir tóftina að hluta og hleðslur fjarlægðar því að veggir rísa hvergi hærra en 0,5 m. Ágangur hrossa er nokkur við tóftina, enda skjólsælasti staðurinn í girðingunni. Engar sjáanlegar leifar Búrfellskots, nema hóllinn sem fjárhústóftin er undir sé að hluta bæjarhóllinn.
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 3 (1995); JÁM II, 353

**ÁR-428:030** *Kotsveita* heimild um áveitu 64°04.180N 20°55.838V
"Búrfellskot hét býli, sem stóð sunnan við Kotslæk um 300 m suður frá Búrfellsbæ. Var þar búið fram yfir 1920. Næst læknum og suður með honum voru valllendisflatir og nokkurt votlendi, sem hét Kotsveita. Þar sá lengi vel fyrir smáveggjahleðslu þvert á veituna. Þar hefur verið áveita úr Kotslæk. Önnur örnefni eru ekki þekkt í Búrfellskotstúni." segir í örnefnaskrá. Nú er rennislétt tún á flötunum, allt frá Búrfellskoti að læknum.
Áveitumannvirki eru horfin en Böðvar Pálsson gat bent á stað þar sem mótaði lengi fyrir þeim, suðaustan við þar sem lækurinn rennur undir veginn suður af Búrfelli. Áður rann lækurinn þar á jafnsléttu en er nú í nokkuð djúpum farvegi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 3 (1995)

**ÁR-428:031** heimild um útihús 64°04.126N 20°55.762V




Á túnakorti Búrfellsskots (029) sést að útihús var 60 m suðaustan við bæ. Rennislétt tún.
Engin ummerki sjást en Böðvar Pálsson man eftir tóft á þessum stað. Nú er aðeins dálítill hóll um 60 m suðaustur af 029 en 30 m vestan við lækinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

*Kort 15: Búrfellskot – tún*

**ÁR-428:032** *Selrimi* heimild um sel 64°05.511N 20°54.763V
"Nú eru lengi vel engin örnefni í fjallinu, en taka við melar og moldarbörð. Selflatir koma ofan frá fjallinu, nokkuð langt innan við Stekk [024]. Það eru afhallandi sléttur, uppgróin skriða. Talinn var klukkustundar lestagangur heiman frá Búrfelli inn á Selflatir. Næst austan við Selflatir er Selrimi. Þar var stórþýfi, sem munu hafa verið uppgrónar seltættur. Þar var allt vafið í grasi", segir í örnefnaskrá. Skv. lýsingu hlýtur Selrimi að vera skammt suður af seltóftum (025), líklega innan við 200 m. Mjög stórþýft og mikið um mosa.
Engar greinilegar tóftir sjást á Selrima. Eðlilegt væri að nafnið stafaði af selinu skammt norðar (025) en í lýsingunni virðist sem átt sér við aðrar tættur, líklega eldri. Því er staðurinn skráður sér. Nafnið Selflatir stafar vafalaust af Selrima, flatirnar voru ekki skráðar sér en þar er beitarhúsatóft (037).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Búrfell, 10

**ÁR-428:033** tóft útihús
64°04.273N 20°56.118V
Um 100 m suðvestur af bæjarhól (001) er tóft, vestan við heimreiðina.
Afgirt beitarhólf fyrir hross. Lítil tóft, alls 5 x 5 m, veggjahæð mest um 1,2 m. Grjót í innanverðum veggjum, hleðslur úr lagi gengnar en allt að 7 umför grjóts. Dyr í suður.

Ryðgað bárujárn liggur í tóftinni en kofinn var síðast gæsakofi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-428:034** frásögn útihús 64°04.214N 20°56.118V
Ræsi liggur undir veginn heim að Búrfelli. Á þeim stað, um 15 m vestan vegarins en sunnan lækjar var hellisskúti, nú alveg uppfylltur eftir að lækurinn flæddi yfir bakka sína.
Malarbakki við lækinn, smáklettar.
Nú er ekki hægt að sjá hversu stór hellirinn var. Hann var notaður sem reykkofi, allt framundir miðja 20. öld. Á þaki hellisins er stök þúfa, þar var reykháfur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-428:035** *Steinþróartættur* tóftir 64°04.187N 20°56.899V




Tæpa 800 m vestsuðvestur af bæ eru tóftir. Skammt ofan þeirra eru tveir stakir sumarbústaðir sem fyrrverandi vinnumenn á Búrfelli hafa reist sér. Tóftirnar eru um 200 m suðaustur af austari bústaðnum.
Þýfð móabrekka sem hallar mót suðri. Sumsstaðar moldarbörð. Lítil lækjarsytra norðan tófta en vatnslaus þegar þetta er ritað.
Tóftir mjög uppgrónar og signar, því frekar óljósar en a.m.k. þrjár talsins. Stærsta tóftin er í miðið, virðist tvískipt. Alls 6 x 7 m og eru hólfin ámóta stór, dyr á þeim báðum í suður. Sér í lausagrjót í veggjum en ekki heillegar hleðslur. Sín hvorum megin við þessa tóft eru svo litlar tóftir sem svipar hvorri til annarrar. 3-4 m suðaustur af miðtóftinni er lítil skeifulaga tóft, einföld og útflött, um 3,5 x 5 m, dyr í suður. Mjög mosagróin og óljós. 3-4 m vestur af miðtóft er önnur einföld tóft, 4 x 5 m. Sér í grjót á stöku stað, dyr líklega að sunnan, þó óljóst. Troðningur liggur upp að tóftunum úr suðvestri. Enginn litamunur er á tóftum og gróðri umhverfis.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:036** frásögn rista 64°04.153N 20°54.213V
1,5 km austsuðaustur af bæ var rist torf.
Nú mýrlent beitarhólf fyrir hross sunnan vegar. Á sömu slóðum er steypt fjárhús norðan vegar.
Á þessum stað var rist reiðingstorf en einnig torf sem selt var Rafveitunni og notað í einangrun (fyrir 1950).
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:037** tóftir beitarhús 64°05.291N 20°54.380V




Austan við mitt Búrfell, á svonefndum Selflötum, eru tóftir, um 600 m suðsuðaustur af seli (025).
Sléttar grundir en sunnar er mýrlent. Lækur rennur norðaustan við tóftirnar. Í fjallinu, beint vestan við tóftirnar er ljósgráleitt gil í sem sker sig úr. Stærri tóftin er af fjárhúsi sem snýr NV-SA. Hún er aflöng, alls 7 x 23 m, með dyr í suður. Mun meiri dýpt er í norðurenda og hefur líkast til verið hlaða en þar eru veggir blásnir og tóftin talsvert eydd. Engir garðar sjáanlegir. Syðri langveggur mun heillegri og lítur út fyri að meira grjót hafi verið í honum en þeim nyrðri sem er siginn. Allt að 8-9 umför grjóts. 7 m sunnar er gömul og sigin tóft, óskýr. 6 x 9 m, hringlaga, líklega dyr í suðaustur líkt og á fjárhúsinu. suðaustan megin, fram af dyrunum er 5 m löng garðhleðsla. 20-30 m norður af þessu er grunnt jarðfall og vottar þar fyrir hleðslum á köntunum. Hugsanlega aðhald, um 10 x 25 m stórt. Þegar tvíbýlt varð á Búrfelli var ákveðið að annar ábúandinn hefði beitarhús sitt á þessum stað en hinn á Kotstekkatúni (027).
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:038** frásögn mógrafir 64°04.363N 20°57.024V
Í mýrlendi norður af Steinþróarholti, sem er holtið vestan Búrfellsbæjar, var tekinn mór.
Mýri.
Býsna stórt svæði, ekki fundust skýrar mógrafir en markaði á nokkrum stöðum fyrir hugsanlegum gröfum.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:039** gata leið 64°04.751N 20°55.004V
Gamla leiðin inn á Selflatir og væntanlega einnig í selið lá á svipuðum slóðum og jeppaslóði er nú, til norðurs austan undir Búrfelli.
Ýmist melar eða valllendi.

Ekki sést gata utan jeppaslóða.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:040** frásögn áveita 64°04.320N 20°55.990V
Bæjarlæknum, sem rennur um Fjárhústún, var veitt alveg heimundir bæ (001) að norðan.
Nú sléttað tún.
Ekki sjást merki um áveituna. Vegalengd frá læk að bæjarhól nálægt 100 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-428:041** gata leið 64°03.471N 20°55.999V
Um 200 m austan við Kotstekkatún (027) er greinileg gata. Hún liggur í sveig um ásinn norðan tóftanna og út að Búrfellslæk, þar er vað (042).
Grasþýfi og mói.
Böðvar Pálsson telur að um þessa götu hafi verið farið frá Búrfelli að vaðinu á Álftavatni, t.d. þegar farið var til Reykjavíkur.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:042** frásögn vað 64°03.465N 20°56.015V
Vað var á Búrfellslæk á leið 041.
Grónir bakkar beggja megin.
Greinilega sést hvar gatan liggur að vaðinu. Um 15 m eru milli bakka, sandeyri í miðju.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:043** tóft 64°03.771N 20°55.455V




1,2 km suðsuðvestur af bæ, skammt norðan við mjög skarpan krók á Búrfellslæknum, er tóft.
Tóftin er á grashól suðvestan undir hálfgrónum ás. Hóllinn er um 30 x 30 m og stórþýfður. Austan við rennur lækur í skurði. Götur liggja fast vestan við tóftina, að líkindum að Miðengi (skráðar þar 1999).
Tóftin er sigin og lögun nokkuð óljós. Hún snýr NV-SA með dyr norðan megin, í skjóli við ásinn. Stærð 4,5 x 6 m. Skiptist í tvennt eftir endilöngu með millivegg eða garða. Hvergi sést grjót, mosi ráðandi á tóftinni. Lögunin minnir á hina stærstu af Steinþróartættum (035). Hugsanlegt að um sé að ræða eldri gerð af beitarhúsum.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:044** hleðsla brú 64°03.525N 20°54.979V
Framundir 1960 var brú á Búrfellslæk þar sem leiðin lá suður á Miðengi. Þetta er 800-1000 m suðaustur af tóft 043 og 1,7 km SSA af bæ. Á þessum stað rennur lækurinn frá vestri til austur en fáeinum metrum austar tekur hann á sig krók og rennur í norður.
Undirstöður brúarinnar sjást vel beggja vegna lækjarins, sýnu betur Búrfellsmegin. Grjóthlaðnar, um 1 m á hæð næst læknum. Um 3 m breiðar, nú nær alveg grónar og hrundar sunnan lækjar
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:045** *Kirkjuvað* frásögn vað 64°03.508N 20°54.893V
Í viðauka við örnefnaskrá Búrfells virðist gert ráð fyrir að Kirkjuvað og Fremravað (022) séu eitt og sama vaðið og séu framan við Þverstokk. Böðvar Pálsson telur að Kirkjuvað sé rúmum 500 m sunnar, skammt austur af þar sem gamla brúin var (044).
Vaðið væri ekki nothæft nú, háir moldarbakkar austan megin og svað að vestan.

**ÁR-428:046** tóft 64°04.339N 20°54.190V
Um 1,6 km beint austur af Búrfellsbænum, norðan vegar er fjárhús, enn notað. Rúma 100 m vestur af því er hóll handan við gil sem lítill lækur rennur um. Uppi á hólnum er eldgömul tóft.
Valllendishóll, moldarbörð og rof hér og þar. Afar ógreinileg tóft, alveg hlaupin í þúfur. Gæti hafa verið fjárskýli eða aðhald. Stærð um 7 x 4,5 m.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-428:047** frásögn fjárskýli 64°04.226N 20°54.602V
Hringlaga hleðsla, líklega fjárborg, var um 1 km austur frá Búrfelli. Þegar ekið er til austurs frá bæ er 2. afleggjari tekinn til norðurs. Fjárborgin var þar á hægri hönd, 70-100 m norðan Búrfellsvegar.
Nokkur framræst stykki, rennislétt og skurðir á milli.

Mannvirkið er með öllu horfið, var ýtt út með jarðýtu (sjá einnig 015).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-428:048** *Vesturhjáleiga* heimild um býli
Í Jarðabók Árna og Páls segir "Vesturhjáleiga. Annað afbýli, bygt fyrst innan 30 ára á fjárhússtæði. Varaði bygðin inn til næstliðinna 12 ára og hefur síðan í auðn legið." Ekki er nú vitað nákvæmlega hvar hjáleigan var en líklegt að hún hafi verið á stökum túnbletti vestur af bæ. Þar eru nú leifar gamals fjárhúss (011). Túnið heitir Fjárhústún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** JÁM II, 353

# ÁR-435 Öndverðarnes

50 hdr. 1570, 1708, 32,5 hdr. 1847. Bændaeign. "Grímr fór til Íslands ok nam Grímsnes allt upp til Svínavatns ok bjó í Ondurðunesi fjóra vetre, en síðan at Búrfelli." Landnámabók (S/H), ÍF I, 387. [1356]: "Jtem gafust med lijkama þoroddz j onndurdunesi vj ær." - DI III, 113 (máldagi Snjófuglstaðakirkju í Grímsnesi). 1397: "Kirkia hins heilaga Stephani j Ondverdznesi aa .ij. kyr. tvo stackseingi j Floamyri nære Bar. ... portio Ecclesiæ vmm .ix. ar næstu er Pall hefur buid .xviij. aurar. Jtem vmm næstu .vj. ar .xviij aurar." - DI IV, 94. 31.3.1475 selur Guðmundr Ívarsson, með samþykki Guðrúnar Jónsdóttur konu sinnar, Margréti Vigfúsdóttur Öndverðunes fyrir 40 hdr. - DI V, 779. 22.5.1504 eru Pétri Sveinssyni bónda á Öndverðarnesi dæmdar bætur fyrir barsmíðar sem hann hlaut af Sigurði Egilssyni á hreppstjórnarþingi haustið áður nema Sigurður sverji sjöttareið - DI VII, 692-94. Sumarið 1554 selur Tómas Gunnarsson Jóni Gíslasyni 12,5 hdr í Öndverðarnesi í Snafhólskirkjusókn - DI XII, 741. um 1570: "Halfkirkian i Ondverdarnese. a tuo Staxeingi i Floamijre. nærre Bar ... Jtem Jordin Sialf Lc." - DI XV, 645. um 1570 átti Hróarsholtskirkja í Flóa "xij hesta vid i Aundverdarnesssköge og xij vngneijtabeit a sumar." - DI XV, 657. 1708: "Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið. og voru hjer tíðir veittar um þá stund sem hjer bjó sál. Margret Oddsdóttir biskups" Hjáleigurnar Suður- og Norðurhjáleigur eru taldar með jörðinni. JÁM II, 350-351. 1708: Í Alviðru er "Eldiviður ... tilkeyptur austan yfir Sog i Öndvörðarness skógi, ... Ljást fyrir skógarbrúkunina slægjur aftur ábúendum Öndverðarness." JÁM II, 390. "Hálfkirkja var í Öndverðarnesi fram undir 1700." Sunnlenskar byggðir III, 142.
1920: Tún 5,3 ha, þar af slétt 5/6. Garðar 1288 m².
16.2.1567 ber sr. Björn Ólafsson sem var 9 ár á Snæfuglsstöðum vitnisburð um landamerki Snæfuglsstaða: "J fyrstu millum Andverdarness. framan wr Kambe og sionhendig i Kolgraffarhöl. Og vr Kolgraffarhöl og vtj fuglstapa þuffuna ä Finnaheide. þä wr þuffunne i Fared. Enn ä mille Mideingis og fyrrgreindra Snæfulgstada er so landamerkium haattad. wpp epter fare og vr farbotne i Tiarnarhöla. Wr Tiarnarhölum i Grähellu i Markarbreckum." DI XIV, 580-81.
Á örnefnakorti sem til er af bænum eru merktar "beðasléttur" í túni um 50 m norður af bæ. "Bærinn stendur á bungumynduðum ás. Túnið liggur umhverfis bæinn að hraunjarinum að vestan og norðan en austan við taka við mýrar með lyngholtum niður að Hvítá. Kjarri vaxið hraun er vestur að Sogi. [...] Frá Sogsbrú upp að Álftavatni liggur landspilda sú sem Tryggvi Gunnarsson gaf Ungmennafélagi Íslands og nefnist Þrastaskógur. Golfvöllur er nú í Öndverðarnesi. Vesturhluta jarðarinnar gaf Magnús Jóhannesson í Alviðru Árnessýslu og Landvernd árið 1973. Hinn helmingur jarðarinnar er í eigu Múrarafélags Reykjavíkur. Mikil sumarhúsabyggð hefur risið á báðum helmingum jarðarinnar hin síðari ár." Segja má að venjulegur búskapur hafi lagst niður um 1962. Sunnlenskar byggðir III, 142.
Nú hefur Öndverðarnesstúni verið breytt í golfvöll.

**ÁR-435:001** *Öndverðarnes* bæjarhóll bústaður 64°00.591N 20°55.420V
Bæjarhóllinn er vestan við heimkeyrsluna þar sem hún endar á malarplani. Austan við planið eru gömul útihús sem nú hefur verið breytt í golfskála. Túnið sunnan og norðan bæjarhóls er nú golfvöllur. Vestur af núverandi íbúðarhúsi er garðblettur og telst að líkindum til bæjarhólsins. Land lækkar frá bæjarhól til allra átta.
Á hólnum, einkum eystri hluta hans, stendur íbúðarhús sem byggt var 1943. Byggt var við það síðar og er aðeins kjallari undir viðbyggingunni sem er alls um 5 x 7 m. Hún er vestast. Gamli bærinn var uppistandandi að hluta til 1926 og var lítill, handgrafinn kjallari undir baðstofu. Vestur af húsunum er garður, ógirtur, og svolítið af trjám í honum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-435:002** heimild um útihús 64°00.582N 20°55.374V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð stakt útihús fast austan við bæjarhúsin.
Nú er þar slétt malarplan með rauðamöl austan við íbúðarhús.
Ekkert sést til útihússins. Halldóra Bjarnadóttir kannast við að kofi hafi verið austan bæjar, fyrir austan hlað og



*Kort 16: Öndverðarnes – tún*

gæti það átt við annaðhvort 002 eða 003.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-435:003** heimild um útihús 64°00.591N 20°55.357V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús í túni um 20 m austan við bæ.
Nú sléttað hlað, lagt rauðamöl, milli golf-skála og íbúðarhúss.
Ekkert sést til útihússins. Halldóra Bjarnadóttir kannast við að kofi hafi verið austan bæjar, fyrir austan hlað og gæti það átt við annaðhvort 002 eða 003.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-435:004** *Lambhús klettar* heimild um lambhús 64°00.524N 20°55.608V
"Klettarnir vestan í suðurtúni Lambhús-klettar", segir í örnefnaskrá. Á túna-korti er sýnt hús einmitt á þessum stað og mjög líklegt að um sama hús sé að ræða. Klettarnir eru suðvestur af bæ, á óslegnu svæði milli golfbrauta.
Stórgrýti og klettar í halla mót vestri. Húsin hafa að líkindum staðið í grónum slakka fyrir neðan, þar er nú sléttað tún.
Engar byggingarleifar sjáanlegar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Öndverðarnes, 1

**ÁR-435:005** *Kirkjuhóll* heimild um legstað 64°00.582N 20°55.334V
"Austan við húsið er hóll, sem Kirkjuhóll heitir. Þar stóð bænahús til forna. Þar markar fyrir kirkjugarði og leiðum. Mannabein hafa fundizt austan við afmarkaðan kirkjugarð", segir í örnefnaskrá. Nú stendur golfskálinn á Kirkjuhól norðanverðum, 20-30 m austan við íbúðarhús. Hóll sem í raun hefur verið áfastur bæjarhól. Á honum golfskáli en suður af honum er ferköntuð upphækkun. Suður af henni er dálítill trjálundur.
Ferköntuð upphækkun beint sunnan við golfskála en ekki sér móta fyrir veggjum. Austur af er gróinn slakki, þar er súrheysturn sem aldrei var notaður. Áletruð hella til minningar um kirkjuna er í norðvesturhorni upphækkunar. Eitt sinn komu upp mannabein úr hólnum þegar átti að grafa þar kartöflugeymslu. Strax var tyrft yfir þau aftur, enda sóttu hundar í að naga beinin. Þegar Kristín Halldórsdóttir fluttist frá Öndverðarnesi upp úr

1950 var kirkjugrunnurinn sem og kirkjugarðurinn enn óspilltur af manna höndum. Var það ósk hennar að svo yrði áfram og girti hún gamla kirkjugarðinn af. Síðari ábúandi var ekki fylgismaður minjaverndar. Hann byggði útihús og súrheysturn (nú eru þessar byggingar golfskáli) nánast ofan á kirkjugarðinum og spændi hreinlega upp beinum við framkvæmdirnar. Hann varð aldrei vinsæll af samsveitungum sínum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 1

**ÁR-435:006** heimild um bænhús 64°00.585N 20°55.314V
"Austan við húsið er hóll, sem Kirkjuhóll heitir. Þar stóð bænahús til forna. Þar markar fyrir kirkjugarði og leiðum. Mannabein hafa fundizt austan við afmarkaðan kirkjugarð", segir í örnefnaskrá. Að sögn Halldóru Bjarnadóttur var ávallt talið að bænhúsið hefði verið á öðrum hól, dálítið lægri, sem er fast austan við Kirkjuhól (005). Grasi gróinn hóll og alveg ósleginn. Súrheysturn gnæfir upp úr honum miðjum og norðan við hann er golfskálinn.
Stærð hóls um 6 x 6 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 1

**ÁR-435:007** *Móholt* frásögn mógrafir 64°00.515N 20°55.328V
"Holtið sunnan við túnið heitir Fótarholt, stundum var það kallað Móholt. Þar var oft þurrkaður mór", segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar sjálfar voru í mýri sem var austan við suðurtúnið. Nú eru þar framræst stykki með skurðum á milli. Ekki sést til mógrafa.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 1

**ÁR-435:008** hús bústaður 64°00.201N 20°58.387V
Skammt sunnan við Sogsbrúna austan megin, um 300 metra, er gamaldags torfbær. Hann var byggður nálægt miðbiki 20. aldar og notaður sem sumarhús af Ósvaldi Knudsen. Birkigróin laut nálægt Soginu.
Bær með tvær burstir, framhlið snýr í suðvestur. Veggir úr torfi og grjóti og torfþak, stærð húss alls 11 x 8 m. Á syðri burstinni eru bæði dyr á fram- og afturhlið. Upp að þeim á afturhliðinni liggur upphlaðin tröð, allt að 5 m löng. Fyrir framan húsið er hellulögð stétt. Um 50 m suðvestur af þessu húsi er bátaskýli, einnig byggt úr torfi og grjóti, stærð 5 x 8 m. Það stendur 8-10 m frá vatnsborðinu og er að hruni komið. Bærinn sjálfur er einnig fremur niðurníddur. Húsin eru skráð hér þar sem þau eru upp á gamla móðinn, úr torfi og grjóti að miklu leyti.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 1

**ÁR-435:009** *Sýruker* örnefni 64°00.628N 20°55.556V
"Hæsti hluti á vesturtúninu heitir Kaldrani. Sýruker er vestan í brekkunni", segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Þar er klöppuð all stór hola ofan í þursabergsklöppina, sem Sýruker heitir, er nú all sprungið og ekki nothæft, enda ekki lengur not fyrir það." Sýrukerið sést enn um 150 m norðvestur frá bæ.
Ósleginn blettur á golfvelli, í brekku sem hallar mót vestri. Sýrukerið er nálægt því að vera ferkantað, um 2 x 1,5 á stærð og dýptin allt að 1 m. Botn þess sem og bakkar eru nú vel grónir en veggirnir berir að innanverðu. Klöppin sem kerið er höggvið í er ekki mikið stærri en það sjálft.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 1; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

**ÁR-435:010** garðlag túngarður 64°00.674N 20°55.848V
Enn er mikið uppistandandi af túngarði Öndverðarness. Hann er einkum sjáanlegur norðan við tún það sem tilheyrði Norðurkoti sem og vestan við túnið. Fyrrum tún en nú rennisléttur golfvöllur. Utan túns er yfirleitt uppgróið hraun eða móaþýfi. Garðurinn sést fyrst norðan túns en vestan við heimkeyrsluna að Öndverðarnesi, er á þeim slóðum mikið uppgróinn og ógreinilegur. Eftir tæpa 100 m fer að sjást mikið grjót og víðast hvar er garðurinn lítt gróinn en sumsstaðar hruninn að einhverju leyti, hleðslur þó allt að 6 umför. Sveigir til suðurs eftir 2-300 m, heillegri eftir því sem sunnar dregur. Um miðbik vesturlanghliðar eru tvö samliggjandi réttarhólf samhlaðin garðinum, líklega nátthagar. Þeim er þokkalega viðhaldið, enda hluti af umgjörð golfvallarins. Á örnefnakorti jarðarinnar er annað hólfið nefnt gerði en hitt fjárrétt, ekki ljóst hvort um sérheiti er að ræða. 100-200 m sunnar skiptist garðurinn í tvennt og liggur vestari hlutinn í átt að Suðurkoti, þannig eru túngarðar Öndverðarness og Suðurkots samtengdir. Á þessum spotta er enn lítil rétt sambyggð garði, skráð sér nr. 012 Austari hluti garðsins liggur áfram til suðurs en hverfur að lokum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 1; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi,1

**ÁR-435:011** *Volgibrunnur* heimild um vatnsból 64°00.598N 20°55.756V
"Vestan í brekkunni er hæðarbunga nokkur, sem Háimói heitir. Voru þar klofháar þúfur áður, en sléttað var. Volgibrunnur er í hraunkrikanum vestast í dalnum. Þar var volgt vatn, sem notað var frá Öndverðarnesi til þvotta, en rennsli, sem rann af túnunum, hefir runnið í hann og fyllt hann upp, því nú er hann horfinn", segir í örnefnaskrá. Annars staðar segir: "Og kennt var um jarðskjálftum 1896." Volgibrunnur er rúma 200 m vestur af bæ, skammt austur af rétt sem er sambyggð túngarði.
Rækilega sléttaður golfvöllur allt í kring en líklega hefur brunnurinn verið á ósléttu svæði um 35 m norður af holu 3.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 1; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 2




**ÁR-435:012** *Réttarhóll* örnefni 64°00.606
"Upp í hraunbrúninni, nokkru fyrir sunnan Volgabrunn, er lítill hóll, sem heitir Réttarhóll", segir í örnefnaskrá. Á hólnum er enn rétt. Hún er sambyggð túngarði, skammt frá þar sem hann skiptist og annar hluti hans liggur í átt til Suðurkots. Gróið hraun vestan túns. Trjágróður nokkur, t.d. er stórt grenitré í einum dilk réttarinnar.
Lítil rétt sem skiptist í 4 hólf. Grjóthlaðin en veggir hrundir að nokkru leyti. Stærsta hólfið er syðst og svo þrjú minni samhliða gegnt því. Svo virðist sem rekið hafi verið inn í stóra hólfið sunnan megin og e.t.v. að austan líka.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 2

**ÁR-435:013** frásögn þvottastaður 64°00.347N 20°55.485V
Ull var þvegin niður við Hvítá beint suður af bænum, gegnt langri eyju sem þar er skammt undan landi.
Golfvöllur nær næstum að ánni, þá kemur 20-30 m breiður grasbakki utan vallar. Sumsstaðar er sand- eða malarrönd meðfram vatninu.
Ekki sjást hlóðir eða annað manngert.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 2

**ÁR-435:014** *Borgarás* tóft fjárskýli 64°00.227N 20°55.044V
"Þá komum við í svokallað Nes, en það heitir allt svæðið fyrir austan heimamýrina í Öndverðarnesi, sem er land frá Öndverðarnesi. Skulum við þá byrja á fyrrnefndum Norðurás; nokkru sunnar er Borgarás og markar fyrir borgarrústum upp á honum. Fjárborgir voru æði oft hlaðnar upp á holtum og hæðum, svo snjór settist síður að þeim", segir í örnefnaskrá. Borgarás er fyrsti ásinn sem sést austan við Öndverðarnes og alveg niður við Hvítá. Fjarlægð borgar frá bæ rúmir 700 m. Bungumynduð hæð með mosaþembum og stórgrýti. Nær ekkert gras nema nokkur strá á stangli innan veggja tóftarinnar.
Tóft, alveg hringlaga úr grjóti. Þó stendur ekki steinn yfir steini og í raun er þetta hringlaga renna, því að veggirnir eru sokknir niður fyrir yfirborð. Stærð 6 x 5 m. Ekki virðist líklegt að hleðslur hafi nokkurntíma verið háar miðað við umfang rústar og grjótmagn. Ekki er hægt að sjá hvar dyr hafa verið. Um 20 m sunnan við borgina er vörðubrot frammi á brún.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 2

**ÁR-435:015** *Kambur* þjóðsaga huldufólksbústaðu 64°00.289N 20°54.387V
"Kambur heitir mjög sérkennilegur hóll, sem gengur suðaustur úr Kambsheiði. Þar var talið, að væri kirkja r álfanna, og gengu ýmsar sögur því til sönnunar", segir í örnefnaskrá. Kambur er tæpa 600 m austan við Borgarás (014).Lyngmóar allt um kring.
Rakinn álfahóll. Gróinn upp í miðjar hlíðar, aflangur, með mikilli, lóðréttri klettaborg efst. Úr suðri er hann líkur kirkju að sjá.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 2

*Kort 17: Öndverðarnes, Norðurkot og Suðurkot – jörð*

**ÁR-435:016** *Ferjustaður* heimild um ferju 63°59.971N 20°54.567V
"Suður af Kambi [015] er Ferjuholt og Ferjustaður. Þar var lögferja til forna, þar þótti einhver hægasti og bezti ferjustaður á allri Hvítá", segir í örnefnaskrá. Önnur skrá segir: "Hún lagðist niður 1905 þegar Sogsbrúin kom til afnota." Eins og áður sagði er Kambur austur af Borgarás og Ferjustaðurinn nær beint þar suður af. Skv. örnefnakorti sem til er af Öndverðarnesslandi var Ferjustaður í viki vestan við klettanefið.
Klettanef gengur út í Hvítá á þessum stað. Tiltölulega skammt er á milli suður- og norðurbakka. Sunnanmegin er sandeyri vestan til en klettabelti þegar austar dregur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 2; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 3

**ÁR-435:017** *Borgarhólar* örnefni fjárskýli 64°01.120N 20°55.949V
Skv. örnefnakorti sem til er af Öndverðarnesi heita hólarnir vestan við Húshól (041) Borgarhólar. Þeir eru fast austan við heimkeyrsluna að bænum skömmu eftir að beygt hefur verið af þjóðveginum.
Hálfgrónir gjallhólar. Á þeim vestasta er útsýnisskífa.
Engin merki um fjárborg og alls ekki vísst að hún hafi nokkurn tíma verið í hólunum.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnakort Öndverðarness

**ÁR-435:018** heimild um lögn 64°00.185N 20°55.199V
"Sunnan undir Borgarás [014] voru 2 laxalagnir frá Öndverðarnesi til forna, sem nú eru löngu komnar í eyði", segir í örnefnaskrá. "Suðvestanundir Borgarás voru 2 laxalagnir frá Öndverðarnesi. Hétu þær Eystri- og Ytri-Óslagnir", segir í annarri örnefnaskrá. Borgarás er fyrsti ásinn sem sést austan við Öndverðarnes, rúma 700 m frá bæ og alveg niður við Hvítá.
Nokkuð grýttur árbaki en gróður, t.d. víðir þrífst ágætlega inn á milli.
Ekki er nú vitað hvar hvor lögn um sig var.
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 3 og Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 8

**ÁR-435:019** heimild um lögn 63°59.970N 20°54.073V
"Stangarnef er austan við Kambsvík, þar vóru laxalagnir í ánni", segir í örnefnaskrá. Kambsvík er stór vík austan við ferjustaðinn (016).
Snarbratt er niður að ánni hjá Stangarnefi, klettar og skriður og nær ekkert undirlendi. Fram af bakkanum er mjög straumharður áll.
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 3

**ÁR-435:020** *Langabryggja* örnefni 64°00.000N 20°54.104V
"Árnalátur, Langabryggja, Stuttabryggja, Horn og Stangarnef", segir í örnefnaskrá og er ekki skýrt nánar. Staðirnir eru merktir inn á örnefnakort og kemur þá í ljós að Langabryggja og Stuttabryggja eru við Kambsvík austanverða. Kambsvík er stór vík austur af ferjustaðnum (016).
Skriða nær niður að 1-2 m breiðri grjótrönd. Grunnt næst bakkanum en örskammt út í straumharðan ál.
Mosagróin steinhrúga, um 1 m breið, nær tæpan metra út í vatnið. Gæti verið leifar af Löngubryggju.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 3; Örnefnakort Öndverðarness

**ÁR-435:021** *Stuttabryggja* örnefni 63°59.965N 20°54.084V
"Árnalátur, Langabryggja, Stuttabryggja, Horn og Stangarnef", segir í örnefnaskrá. Bryggjan var 30-40 m suður af Löngubryggju (020). Skriða nær niður að 1-2 m breiðri grjótrönd. Grunnt næst bakkanum en örskammt út í straumharðan ál. Á þessum stað sjást engar leifar af bryggju. Hins vegar er járnstautur, ryðgaður og sveigður, boltaður í klöpp um 2 m frá bakkanum. Hann er um 15 sm langur. Að sögn Halldóru Bjarnadóttur voru bryggjurnar tvær (020-021) ekki eiginlegar bryggjur heldur smáhleðslur út í álinn. Net voru svo lögð út frá þeim.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 3; Örnefnakort Öndverðarness

**ÁR-435:022** garðlag 64°01.126N 20°55.163V
Suðvestur af Svönkubæli (044) gengur hraunrani fram í mýrina til suðurs. Neðst og fremst á honum, 30-50 m frá Svönkubæli, er grjótgarður. Gróinn hraunkambur, víðlend mýri suður af honum. Kamburinn liggur A-V.
Einfaldur garður, hruninn og sokkinn í mosa að mestu leyti, sést á um 20 m kafla. Hugsanlega hefur Svönkubæli verið girt af.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-435:023** *Torfvík* örnefni rista 64°00.087N 20°56.602V
"Hrauntangarnir út með ánni heita Veiðines, þá koma [sic] Torfvík", segir í örnefnaskrá. Að sögn Halldóru Bjarnadóttur var talað um Torfvik, hún kannast ekki við torfristu þar. Staðurinn er niður við Hvítá 1,3 km suðvestur af bæjarhól, upp af lítilli vík sem er austan Höfða. Grasgefinn slakki með mosaþembum og hvönn. Votlendi ekkert og ummerki torfristu sjást ekki. Hins vegar eru tóftir í slakkanum, sjá 064.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 4

**ÁR-435:024** *Kvartilshóll* þjóðsaga fjársjóður 63°59.894N 20°57.013V
"Upp að miðri Hamrabrún er stór steinn eða hóll, sem Kvartilshóll heitir. Var talið, að þar væri grafið gull eða aðrir málmar, því þar hafa oft sést ljós brenna upp af", segir í örnefnaskrá. Kvartilshóll er nálægt Hvítá sé henni fylgt til vesturs frá bæ, nánar tiltekið norður af austasta hluta Stóru-Sandvíkur en í henni er sandströnd sem sker sig frá öðrum hlutum árbakkans. Tæpa 500 m suðvestur frá Torfviki 023.
Birkigróið hraun. Strýtumyndaður hóll með litla hundaþúfu í kolli, næstum algróinn.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 4; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 3

**ÁR-435:025** *Fjárhólar* tóftir beitarhús 64°00.630N 20°56.915V




"Nokkru norðar [en Kvartilshóll] eru Fjárhólar. Þar markar fyrir fjárhústóftum á 2 stöðum", segir í örnefnaskrá. Kvartilshóll er ekki gott viðmið fyrir Fjárhóla eða Fjárhúshól eins og hann heitir á örnefnakorti. Hann er 1,2 km vestnorðvestur af bæjarhól. Hægt er að aka nánast að hólnum sem er inni í miðju sumarbústaðahverfi. Hins vegar eru beitarhús 062 norður af Kvartilshól.
Mjög grösugur hóll en kjarrlendi umhverfis í uppgrónu hrauni.
Annars vegar er greinileg tóft, hins vegar hóll með reglulegum ójöfnum. Tóftin er vestar, greinilega fjárhús sem snýr NV-SA með dyr sunnan megin. Tveir garðar, hleðsluhæð rúmir 2 m í hlöðu í nyrðri enda. Stærð tóftar alls 10 x 20 m en breidd hlöðu aðeins um 6 m. Mjög hátt gras í og umhverfis tóft. Um 10 m austar er líklega eldri tóft. Hún sést eingöngu vegna gróðurbreytinga en hvorki er hægt að sjá lögun né nákvæma stærð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 4

**ÁR-435:026** frásögn ferja 64°00.045N 20°55.004V
Hey var stundum ferjað yfir Hvítá hjá flúð sem nefnist Óra en það er 5-700 m vestan við aðalferjustaðinn (016). Nokkuð grýttur klettabakki norðan megin en sunnan árinnar er ræktað tún. Fremur skammt milli bakka, líklega um 100 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 4

**ÁR-435:027** *Leiði* heimild um legstað 63°59.633N 20°57.527V
"Prestur er lítill klapparhóll; þar norðaustur af eru nokkrar smálautir, sem Brunnar heita. Þar eru og tvær smágrjóthrúgur, sem Leiði heita og eru þær taldar vera yfir tveim smölum frá Öndverðarnesi og Norðurkoti, sem lentu þarna í illdeilum og börðust og drápu hvorn [sic] annan", segir í örnefnaskrá. Svæðið sem hér er lýst er vestur með Hvítá, ekki fjarri staðnum þar sem Hvítá og Sog mætast. 200 m beint norður af svonefndu Sléttunesi sem sker sig úr sökum skógleysis. Hátt birkikjarr, nokkuð um hæðir og dældir.
Á þessum stað eru tvær hálfgrónar grjóthrúgur, sem líta ekki endilega út fyrir að vera manngerðar. Aðrir staðir gætu komið til greina þar sem fleiri slíkar eru í námunda.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 5

**ÁR-435:028** gata leið 64°00.269N 20°54.303V
Austan undir Kambi (015) er greinileg gata sem sýnist annað og meira en kindagata.
Gróinn slakki austan undir Kambi sem er aflöng hæð með klettaborg eftst. Lítið gil um 15 m austar.
Um 1 m breið gata og álíka djúp með háum og grónum bökkum. Liggur norður-suður í beina stefnu á ferjustaðinn (016) suður af Kambi. Hugsanlega leið þeirra sem bjuggu norðarlega í Grímsnesi suður yfir Hvítá.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-435:029** *Ferjustaður* heimild um ferju 63°59.959N 20°58.498V
"Er þar ofar [en Þrastalundur] Guddunef, þá Ferjustaður. Þar var flutt til forna og þar til að brúin kom á Sogið. Þar var góður ferjustaður, og fóru menn þar, er hvergi var fært á öðrum stöðum", segir í örnefnaskrá. Staðurinn er sýndur á örnefnakorti sem til er af Öndverðarnesi, um 800 m sunnan við Sogsbrúna.
Klettarið út í Sogið austan megin, hugsanlega var þó ferjað frá lægð sunnan við það. Vestan megin er sandeyri. Í hálfgrónum klettum fyrir ofan ferjustaðinn sést móta fyrir götu, líklega ferjugötunni (056).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 6

**ÁR-435:030** *Gildrunef* heimild um refagildru 64°00.107N 20°58.473V
"Fyrir ofan Ferjustað er klettur sléttur að ofan með gjótu í. Niður við vatn á þessum kletti var höfð gildra fyrir tófur, var hann því kallaður Gildrunef", segir í örnefnaskrá. Nef sem gengur út í Sogið suðvestur af sumarhúsi Ósvalds Knudsen (008).
Birkigróinn klettatangi við Sog.
Engin merki fundust um refagildru.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 6

**ÁR-435:031** *Jónsvarða* varða samgöngubót 63°59.956N 20°57.833V
"Í landnorður frá fjárhúsunum [032] er varða sem heitir Jónsvarða. Hana hlóð maður frá Öndverðarnesi og var hún kennd við hann", segir í örnefnaskrá. Tilgangurinn var að merkja ferjugötuna (056) sem lá frá ferjustaðnum (029) við Sog og til austurs. Varðan er 700-800 m norðaustur af beitarhúsatóftum 032.
Ágætlega gróinn hraungrýtishóll í birkivöxnu hrauni.
Varðan er fremur torfundin og hraunið erfitt yfirferðar vegna skógar. Hún er hrunin að hálfu leyti, að líkindum nýlega því að lausagrjót umhverfis er ekkert gróið. Nær enn um 1,4 m á hæð, hlaðin úr flötum hraunhellum. Ferjugatan sést ekki á þessum stað, enda mikil gróska í lággróðri eftir að hætt var að beita fé á skóginn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 6

**ÁR-435:032** tóftir beitarhús 63°59.806N 20°58.051V




"Í norður frá Jónsvörðu er lágur hóll, er heitir Goðhóll [064]. Á honum er hella, lík legsteini, sem er reistur til hálfs", segir í örnefnaskrá. Í annarri lýsingu segir: "Þar nokkru suðvestur af er Goðhóll. Þar standa fjárhús frá Alviðru." Rústir fjárhúsanna eru mjög greinilegar. Þær standa á háum hól austan við tanga í Soginu sem heitir Heytangi skv. örnefnakorti, hátt í 1 km norðan við þar sem Hvítá og Sog koma saman.
Tiltölulega slétt og afar gróskumikil flöt, skóglaus en kjarr allt í kring.
A.m.k. þrjár tóftir eru á þessum stað. Vestast stendur beitarhús á hól. Stærð þess er um 10 x 5 m, veggjahæð allt að 1,5 m. Einföld, hvorki hlaða né garðar. Snýr SA-NV með dyr í suður. Á lægri hól um 10 m norðaustur af er önnur tóft sem líka er einföld en djúp, líklega hlaða. Stærð um 4 x 8 m. Veggir eru allt að því rúmlega 2 m háir en mikið hrundir inn á við og ekki sést hvar dyr hafa verið. Ofurlítið fúið spýtnarusl er í botni. Suðaustur af hlöðunni er kvos eða dæld sem teygir sig upp á milli rústanna tveggja. Þar er L- laga hleðsla, algróin og ekki há, annar veggurinn um 10 m langur en hinn um 5 m. Líklega rétt eða aðhald.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 6; Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 5

**ÁR-435:033** *Baðstofulágar* örnefni 64°00.210N 20°58.364V
"Þá komum við aftur fram að Ferjustað [029]; fyrir ofan Gildrunef [030] er Bás, þá Básklettar. Austar á hrauninu eru Baðstofulágar", segir í örnefnaskrá. Baðstofulágar eru lágar eða lautir 100-200 m austan við hús Ósvalds Knudsen (008). Birkigróinn slakki og lautir.
Engar tóftir sjást en gróður er mjög þéttur. Engin skýring hefur fengist á heitinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 7

**ÁR-435:034** *Englendingadalur* heimild um áfangastað 64°00.115N 20°58.439V
"Þá er norðar og vestar, djúp lægð hringmynduð með mýrgresi í botninn. Það kemur upp í henni vatn, þegar hátt er í Soginu, hún heitir Englendingadalur. Þar höfðu tjaldað Englendingar, er voru á ferð, og er langt síðan", segir í örnefnaskrá. Englendingadalur er fáeina metra beint austur af Gildrunefi (030).
Stór og djúp hvilft, vaxin birkiskógi.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 7

**ÁR-435:035** *Helgusel* heimild um sel 64°00.381N 20°58.376V
"Helgusel er á millum veganna, fyrir austan Sogsbrúna, þar mótar fyrir fjárrétt og hústóttum, sem selið var. Þar var sel frá Öndverðarnesi", segir í örnefnaskrá. Norðaustan við Sogsbrúna og um 40 m beint fyrir austan veitingastaðinn Þrastarlund, eru þústir.
Kjarrlendi. Ógreinilegar þústir, vaxnar gráleitum mosa á litlu svæði sem er innan við 10 x 10 m. Ekki er víst að þær séu leifar selsins en þær eru einu mögulegu mannvirkjaleifarnar á þessum stað. Talið er að þær hafi skemmst mikið við veglagningu, enda þjóðvegurinn innan við 100 m frá þústunum og þar að auki gamall vegur að Þrastarlundi fast norðan þeirra.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 7

**ÁR-435:036** *Jókuhellir* þjóðsaga 64°00.469N 20°58.576V
"Jókuhöfði er allstór hæð þar austur af, eru þessi örnefni kennd við konu, sem átt hafði heima í Jókuhellir [sic], sem er í fyrrnefndum Jókuhöfðum", segir í örnefnaskrá. Íþróttavöllur ungmennafélagsins er norðvestur af veitingastaðnum Þrastarlundi. Hellirinn er um 300 m suður af suðvesturhorni hans.
Djúp, birkigróin kvos með klettabelti suðaustan megin. Há grenitré umhverfis kvosina.
Hellirinn er í klettabeltinu. Nær alveg hrunið fyrir hellisopið, líklega fyrir alllöngu síðan því að steinar eru mosavaxnir. Stærð hellisins er því óljós og ekki fengust nánari upplýsingar um Jóku.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 7

**ÁR-435:037** *Selvík* örnefni sel 64°01.070N 20°58.115V
"Stóra víkin sunnan við Álftavatn heitir Selvík. Og er trúlegt, að hún beri nafn af seli, sem þar hefir verið", segir í örnefnaskrá. Enginn heimildamaður kannaðist við selrúst í Selvík. Á örnefnakorti Öndverðarness er merkt "sel" skammt vestan við þar sem víkin gengur lengst í austur og er það eina tiltæka heimildin um staðsetningu.
Nú sumarbústaðalóð, þétt birkikjarr. Nokkur há grenitré nálægt staðnum.
Engar ótvíræðar leifar af seli fundust. Gróður er geysiþéttur og því ekki hægt að útiloka að selminjar séu einhversstaðar við víkina.
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 7-8; Örnefnakort Öndverðarness

**ÁR-435:038** *Markagarður* garðlag vörslugarður 64°00.717N 20°55.932V
"Þar [Selvík] endar hið mikla mannvirki, Markagarðurinn á milli Öndverðarness og Norðurkots", segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir: "Þá skulum við færa okkur austur á bóginn og taka fyrir Miðhraunið vestur af Öndverðarnesi og byrja á hinum svokallaða Markagarði, sem enginn veit, hver byggt hefur, en hann er mjög gamall, víða siginn í jörð, en ekki mun hann byggður sem markagarður, heldur sem varnargarður til að girða af ærið stórt og vel gróið skógarland, enda er hann ekki markagarður, þegar kemur heim að bæjum, því þar gilti hann sem túngarður, enda var honum þar haldið við til skamms tíma, hlaðinn upp á ári hverju, og var hann þar svo hár, að sauðfé fór ekki mikið yfir hann. Hann hefir að líkindum verið hlaðinn áður en Norðurkot var byggt og látinn þá gilda sem markagarður, er því var úthlutað land af Öndverðarnesinu. En í Öndverðarnesi bjó Margrét dóttir Odds biskups í Skálholti. Hann flutti mikið grjót að Skálholti, en af því gizkuðu menn á, að hún Margrét hefði lært það í Skálholti að nota grjót til bygginga. [...] Sem sagt, það veit víst enginn, hver hlóð þennan Markagarð, eða hvenær hann var hlaðinn. En hann hefir verið hlaðinn fyrst af öllu til að girða nesið af. Það var ekki lítil þægindi að hafa svo stórt land og gott, afgirt, þar sem fénaður gat verið allt árið. Þess fyrir utan átti Öndverðarnesið stórt land utan girðingar. Garðurinn var 4 km á lengd og mannhæðar hár. Hefir hann verið mikið mannvirki og lá úr Álftavatni í Hvítá." Garðurinn sést hvergi skýrt Selvíkurmegin, enda gróður þar mikill og þéttur. Garðurinn sést hinsvegar vel í námunda við norðurhluta túngarðs um Öndverðarnes. Frá Öndverðarnesafleggjara liggur vegur til vesturs með norðurhluta túngarðsins. Honum er fylgt 2-300 m. Á þeim stað er upphafsflöt á golfvellinum sunnan vegarins og þar hjá lítill steinbekkur. Þar á garðurinn upptök sín og sést, ef vel er að gáð norðan vegarins, liggur til norðurs.
Uppgróið og fremur flatt hraun, hér ekkert kjarr en mikill mosi.
Garðurinn er gjörsamlega útflattur og gróinn þykku mosalagi og sumsstaðar lyngi. Því er hann lítt áberandi. Einna greinilegastur er hann næst veginum en hverfur undir sumarbústað um 100 m norðar. Eftir það er hann vart greinanlegur. Allt að 4 m breiður, líklega hefur hleðslan aðeins verið einföld. Þó virðist smádæld í miðju sem gæti bent til að hleðsla hafi verið tvöföld. Oddur Sveinbjörnsson er uppalinn í Norðurkoti og nálægt 1930 gerði hann sér oft að leik að ganga eftir garðinum, fylgja honum eftir. Hann telur að hann hafi sigið mikið síðan það var. Ljóst er að fjölmargir sumarbústaðir hafa verið byggðir á eða við garðinn auk þess sem haft er eftir heimildamanni að hann liggi undir veginn við gatnamótin á Grímsnesvegi og Álftavatnsvegi.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 8-9

**ÁR-435:039** *Hákarlsbyrgi* heimild um hjall 64°00.506N 20°55.800V
"Vestan við túngarðinn er grjóthæð, sem Hákarlsbyrgi heitir; er talið, að þar hafi verið verkaður hákarl", segir í örnefnaskrá. Vestan við túngarðinn, örlítið sunnar en beint vestur af bæ, er fremur lítil og lág hæð en þó greinileg, með hraungrýti.
Vel grónir en grýttir slakkar vestan við túngarð. Rafmagnslína að Öndverðarnesi liggur yfir hæðina frá vestri til austurs. Sundlaug múrara er um 100 m norðaustar.
Mikið hraungrýti á hól. Sumsstaðar standa steinar upp á rönd og virðist ekki útilokað að grjót hafi verið flutt á staðinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 9

**ÁR-435:040** *Réttarslakkar* garðlag rétt 64°00.526N 20°55.826V
"Vestan við túngarðinn er grjóthæð, sem Hákarlsbyrgi [039] heitir; er talið, að þar hafi verið verkaður hákarl. Slakkarnir þar norður Réttarslakkar", segir í örnefnaskrá. Réttarslakkar eru fáeina metra beint norður af Hákarlsbyrgi. Grasi grónir slakkar með hraungrýti hér og þar.
Engin rétt er sjáanleg á þessum stað. Þó ber að athuga að rétt eða nátthagi er sambyggð túngarði um 100 m norðaustar. Réttarslakkar eru eiginlega í krika þar sem Suðurkotstúngarður klofnar frá aðaltúngarði, það gæti skýrt nafngiftina. Þó virðist eldgamall grjótgarður liggja yfir slakkana þvera; hann er hruninn og að mestu mosagróinn. Vegur hefur farið yfir hann í Suðurkot, garðurinn sést á 20-30 m kafla.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 9




**ÁR-435:041** *Húshóll* tóft beitarhús 64°01.012N 20
"Vestan Löngubrún, sem er við fyrrnefnda ferjugötu er Gráhóll. Rétt norðar er Fjárhóll, þá, aðeins vestar, Húshóll, sem nú standa fjárhúsin á", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er beint norður af Öndverðarnesbænum, líklega um 500 m norðan við túngarð. Vegurinn heim að bænum liggur fast upp við hólinn austanverðan.
Algróinn og gróskumikill hóll. Umhverfis er uppgróið hraun, austan við er hóll sem líkist gjallgíg.
Fjárhústóft með hlöðu í norðurenda en dyrum að sunnan. Stærð 15 x 6 m, garðar sjást ekki. Hlaðinn veggur aðskilur hlöðu og fjárhús. Fast norðan við er ógreinileg tóft, eins og hringlaga skál. Stærð um 8 x 8 m, hugsanlega heystæði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 9

**ÁR-435:042** *Smiðjulaut* örnefni smiðja 64°01.230N 20°56.027V
Á örnefnakorti Öndverðarness er Smiðjulaut sýnd norðan vegarins um Grímsnes, norðaustan við svonefnda Borgarhóla. Birkigróin laut eða skora, liggur til norðurs frá veginum. Engu líkara en gamlar götur liggi eftir henni, líklega kindagötur. Engin tóft sjáanleg. Hugsanlegt er að á þessum stað hafi verið smiðja vegagerðarmanna.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 9

**ÁR-435:043** *Lögréttuhöfði* örnefni þingstaður 64°00.567N 20°57.595V
"Hæðarbungan vestan við Brennuna heitir Lögréttuhöfði", segir í örnefnaskrá. Á leið austur Grímsnes er tekinn fyrsti afleggjari til hægri eftir að komið er framhjá Þrastarlundi. Þá er höfðinn á vinstri hönd.
Kjarri vaxinn höfði eða hæð, algróin. Sumarbústaður er fast sunnan undir.
Ekkert sést til mannvirkja og engar vísbendingar aðrar hafa fundist um að þingstaður hefði verið á Lögréttuhöfða. Víðsýni til allra átta þrátt fyrir að hæðin sé ekki mjög há.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 10

**ÁR-435:044** *Svönkubali* tóft 64°01.158N 20°55.172V

"Mýrin norður með hraunbrúninni heitir Svankamýri og hraunið Svankahraun og er Svönkubali þar í hraunbrúninni. Sést marka þar fyrir gömlum rústum", segir í örnefnaskrá. Hraunbrúnin er um 1 km norðaustur af bæ, mjög áberandi, liggur frá austri til vesturs. Rústirnar eru uppi á hraunbrúninni 100-200 m vestan við markagirðinguna milli Snæfoksstaða og Öndverðarness, en hún liggur þvert á hraunbrúnina.
Algróin hraunbrún, lyng og lágt kjarr. Í dæld undir brúninni er lítil tjörn, um 10 x 5 m. Suður af er víðlend mýri, ekki mjög blaut og líklega gott beitiland.
Tóftin er á mörkum þess að vera stór tóft og lítill rústahóll. Stærð alls 14 x 10 m, hugsanlega 4-5 hólf en allt mjög sigið og óskýrt. Stærsta hólfið er í suðausturhorni tóftar, gengið inn í það úr suðri. Innanmál um 3 x 6 m. Önnur hólf eru minni og ógreinilegri, hæð rústar mest um 1,2 m. Á norðurhluta tóftar vex kjarr, hvergi sér í grjót. Djúp skora gengur eftir tóftinni miðri, gæti átt sér náttúrulegar orsakir. Neðar í hraunbrúninni, um 30 m suðvestur af tóft sjást leifar af grjótgarði (022). Ekki er nú vitað hvaða hlutverki mannvirki þetta gegndi. Halldóra Bjarnadóttir þekkti Svönkubæli en hafði ekki heyrt um hlutverk tóftanna. Hugsanlegt er að þar hafi verið selstaða um tíma. Nú

hefur nýtt hverfi sumarbústaða risið uppi á brúninni örskammt frá tóftinni, jafnvel má ætla að hún sé inni á eignarlóð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 10




**ÁR-435:045** *Miðhúshóll* tóft beitarhús 64°00.733N 20°57.105V
Á örnefnakorti Öndverðarness er Miðhúshóll sýndur norður eða norðvestur af Fjárhúshól (025). Hann er, nánar tiltekið, vestan vegarins sem liggur um sumarbústaðahverfið, um 500 m norðvestur af Fjárhúshól.
Gróinn hóll, töluverður mosi og búið að planta öspum skammt frá.
Tóftin snýr SA-NV, dyr sunnan til. Stærð alls 14 x 5, hlaða í norðurenda, greinilega aðskilin með grjótvegg. Garðar ekki sjáanlegir. 5-6 umför í veggjum hússins en veggjahæð er allt að 1,4 m hlöðumegin. Tóftin hefur verið fyllt upp að nokkru leyti með rusli. Sumarbústaður er aðeins um 5 m sunnar og umgangur og rask nokkuð á svæðinu, tóftin er því í töluverðri hættu.
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**ÁR-435:046** *Selhóll* örnefni sel 64°01.482N 20°57.138V
"Norður af Kringlumýri er Selhóll", segir í örnefnaskrá. Þegar beygt er upp til norðurs með Álftavatni birtist afleggjari til austurs eftir um 1 km, hann er merktur "Selhóll". Sumarbústaður ber nú það nafn. Skv. örnefnakorti er Selhóll við enda afleggjarans og passar það ágætlega, þar er hóll með litlum vörðum á. Samkvæmt sama korti hefur selið sjálft verið 2-300 m norðvestar.
Mikið uppgróið hraun, kjarrlendi. Staðurinn þar sem selið á að vera skv. korti er nú inni á sumarbústaðalóð.
Engar tóftir sjáanlegar. Hafa líklega verið uppi á eða sunnan við lítinn hól norðan Selhóls. Gætu verið horfnar í gróður. Hugsanlegt er að selið sem Selvík er kennd við hafi verið á þessum stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 10-11

**ÁR-435:047** *Fráfærunef* tóft rétt 64°01.469N 20°57.975V
"Norðan við Farkjaftinn er Fráfærunef, þar var fjárrétt. Þangað voru ærnar reknar úr Öndverðarneshverfinu, þegar fært var frá eða lömbin undan þeim tekin á vorin", segir í örnefnaskrá. Fráfærunef er lítið nes við Álftavatn, norðan Selvíkur. Lágt kjarr á litlu nesi sem er um 30 x 20 m. Virðist tilheyra sumarbústaðalóð, a.m.k. stendur sumarbústaður um 100 m frá.




Rústir eru á sunnanverðu nesinu, líklega af rétt. Veggir eru alveg hrundir en ógrónir að mestu. Virðist hafa verið tvíhólfa, þó hugsanlegt að hólfið hafi aðeins verið eitt. Ekki er ljóst hvar rekið hefur verið inn. Aðalhólfið er nær þríhyrningslaga, um 10 x 5 m og hugsanlega annað og minna hólf austan við.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 11

**ÁR-435:048** gata leið 64°00.858N 20°54.672V
Á örnefnakorti er sýnd gata til austurs frá vatnsbóli sem er uppi á hæð beint fyrir austan Öndverðarnes.
Birkigrónir móar. Gatan sést greinilega. Hún liggur í gegnum kjarrið frá suðausturhorni vatnsbóls og er hægt að rekja hana 100-200 m uns girðing kemur þvert á, líklega landamerkjagirðing milli Snæfoksstaða og Öndverðarness. Handan girðingar er hún töluvert óskýrari, enda haldið við af hrossum Öndverðarnesmegin. Líklegt að þetta sé gamla kirkjugatan að Snæfoksstöðum.
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 11; Örnefnakort Öndverðarness

**ÁR-435:049** gata leið 64°00.951N 20°54.814V
Á örnefnakorti er sýnd Kirkjugata, liggur til norðausturs frá norðausturhorni vatnsbóls sem er uppi á hæð austan Öndverðarness. Birkigróinn mói. Gatan er greinileg en sundurgrafin af vatni og nokkuð blásin. Liggur til austurs að girðingu sem kemur þvert á, líklega markagirðingu. Sennilega er þetta kirkjugata að Klausturhólum.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-435:050** *Ámundatættur* heimild 64°00.654N 20°55.359V
"Austasti hluti [Norðurtúns] heitir Köldukinn, nyrzt í því eru Ámundatættur", segir í örnefnaskrá. Tóftirnar eru einnig sýndar á örnefnakorti, um 100 m norðaustan við bæjarhól, þar sem túnið teygir sig í austur og heimreiðin liggur fast meðfram því. Sléttað tún, nú golfvöllur. Skammt sunnar eru fótboltamörk.

Ámundatættur eru alveg horfnar en Halldóra Bjarnadóttir taldi sig muna eftir tóftabrotum. Hún telur að þar hafi verið þurrabúð Ámunda nokkurs.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

**ÁR-435:051** *Geitaborg* tóft 64°00.537N 20°55.775V
"Í hraunkantinum norður af Dalkrika markar fyrir ofurlitlu tóftarbroti, sem Geitaborg heitir", segir í örnefnaskrá. Borgin er einnig merkt á örnefnakort, 100-200 m beint austur af sundlaug múrara og um 10 m vestan við golfvöll. Þar er tóft sem gæti verið Geitaborg.
Uppgróið hraun. Hraungrýtistóft, alveg hrunin og mosagróin. Virðist L- laga. Einn veggur stendur að nokkru leyti, 5-6 umför grjóts. Ekki sjást dyr. Stærð um 10 x 3 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1

**ÁR-435:052** heimild um traðir 64°00.577N 20°55.482V
"Vestur af bæjarhúsunum voru traðir, sem náðu nokkuð niður í brekkuna og voru notaðar til allrar aðalumferðar til varnar heimatúni að vori til og sumri", segir í örnefnaskrá. Traðirnar eru sýndar á túnakorti, lágu til vesturs frá bæ. Sléttur golfvöllur. Þegar vestar dregur tekur við brekka mót vestri, óslegin.
Traðirnar horfnar með öllu, líklega jafnaðar út.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1; Túnakort 1920

**ÁR-435:053** heimild um brunn 64°00.555N 20°55.598V
"Neðst við traðarkjaftinn er brunnur um 2 m djúpur, og var það aðal vatnsbólið í Öndverðarnesi jafnvel um aldaraðir. Var oft erfitt að sækja vatn þangað í miklum snjóum á vetrum í þungum tréfötum, þótt aldrei nema þær væru bornar í grind (vatnsgrind)", segir í örnefnaskrá. Brunnurinn var neðst í brekkunni vestan bæjar.
Gróin brekka, fyrir neðan hana kvos sem nú er hluti af golfvelli.
Brunnurinn er horfinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 1-2

**ÁR-435:054** hleðsla 63°59.847N 20°58.450V
Guddunef er suður af ferjustað (029) á Soginu. Skammt norðan við það er sumarbústaður, sá eini á stóru svæði. Um 40 m suðvestur af honum, uppi á klettariði sem nær fram að Sogi er hleðsla.
Klettarani, kjarrlendi umhverfis. Einföld hraungrýtishleðsla, um 2 m löng og mosavaxin. Tilgangur óþekktur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-435:055** *Gerði* tóftir+garðlag fjárhús 64°01.034N 20°55.539V




Á örnefnakorti er merkt "Gerði" tæpa 700 m NNA af Öndverðarnesbænum. Það er skammt norður af Kattargjá en suðaustur af Borgarhólum. Stór og sléttur grasbali vestan undir hraunbrún. Lækur rennur um hann miðjan.
Á þessum stað sjást a.m.k. þrjár tóftir auk grjótgarðs sem umlykur þær á tvo vegu, alls er svæðið nálægt 100 x 100 m. U.þ.b. á miðju svæðinu er tóft, 7 x 4 m, sem gæti verið einfalt fjárhús. Hvorki hlaða né garðar, snýr SA-NV með dyr suðaustan til. Tóftin er algróin, hæð veggja um 1 m. 40 m suðaustar, fast vestan undir hraunbrúninni er önnur einföld tóft, 6 x 3 m, grjóthlaðin og veggir virðast aldrei hafa verið háir. Lítið gróin, dyr snúa í vestur, frá

hraunbrúninni. Þetta er hugsanlega aðhald af einhverjum toga. Um 40 m suðvestur af fyrrnefndu tóftinni er sú þriðja, gæti verið sú elsta á svæðinu. Einföld, snýr N-S með inngang í norður. Stærð um 4 x 2,5 m, veggir mjög sokknir og mosavaxnir. Beint suður af þessari tóft er mjög stórþýft og gæti leynst þar fleira. Grjótgarðurinn afmarkar svæði sem er a.m.k. 100 x 100 m. Hann er einfaldur og allsstaðar hruninn en ekki algróinn. Hann sést vel með norðurhliðinni, svo uppi á hraunbrúninni til suðurs en hverfur við Kattargjá. Sést aftur suður af gjánni og liggur þá í norðvestur. Vegur að sumarbústöðum er fast norðan Gerðis og hefur ekki miklu mátt muna að garðurinn skemmdist.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 3

**ÁR-435:056** heimild um leið 64°00.010N 20°58.399V
"Ofan við Þrönguklettа markar enn fyrir ferjugötunni og er hægt að rekja hana allt austur að Norðurkoti og síðar austur í Grímsnes, ef einhver vildi reyna að fylgja þeirri slóð", segir í örnefnaskrá. Þrönguklettar eru alveg við ferjustaðinn (029), nánast á móti Alviðru.
Birkiskógur, tré allt að rúmri mannhæð. Lautir og hvilftir.
Gatan sést ekki vel á þessum stað, enda lággróður í örum vexti og lítið um mannaferðir eða sauðfjár.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 4

**ÁR-435:057** tóft beitarhús 64°00.585N 20°58.008V
"Nyrst á Gónhöfða standa beitarhús frá Alviðru", segir í örnefnaskrá. Gónhöfði er í kjarrlendi, 5-800 m norðaustur af veitingastaðnum Þrastarlundi. Gróskumikill hóll, sker sig úr umhverfinu því að hann er kjarrlaus en vaxinn háu grasi og sóleyjum. Óljós vegarslóði liggur að Gónhöfða frá aðalveginum um Grímsnes.
Nyrst á hólnum markar fyrir fjárhústóft, um 10 x 5 m að stærð. Veggir virðast með öllu horfnir, engu líkara en grjót hafi verið flutt burt af hólnum. Ferköntuð dæld, vaxin sóleyjum eingöngu en utan hennar er gras. 50 m austar votta fyrir gömlum, mosavöxnum vegg, um 4 m löngum. Hann liggur í boga en hverfur í gróðri. Þar suður af eru þúfur og mosabingir, sem gætu mögulega verið leifar gamalla mannvirkja.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 5

**ÁR-435:058** *Karl* þjóðsaga huldufólksbústaður 64°00.384N 20°54.181V
"Suðaustur við Harðavöll er klapparhóll, sem Karl heitir og þóttist fólk oft hafa heyrt í kyrð [sic] og rólegheitum þar ýmis húsverk unnin, svo sem slá vefstól, skaka strokk og jafnvel kveðnar rímur, en það var mjög almennt iðkað á heimilum, fyrr á dögum, til tilbreytinga", segir í örnefnaskrá. Karl þessi er 1,1 km austsuðaustur af bæ (001), aðeins um 200 m austur af Kambi (015).
Lyngmóar, lítið gil vestan við. Allstór klapparhóll, suðaustar er annar minni sem heitir Kerling.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 6

**ÁR-435:059** *Kambsflöt* álagablettur 64°00.157N 20°54.253V
"En Kambsvík heitir víkin austan við Kamb, þar er og Kambsflöt, og var hún stundum slegin. Það þótti þó frekar fátítt, ef það hey náðist í garð, vegna ýmis legra [sic] forfalla. Ýmist fauk það, hraktist eða forglataðist á einn eða annan veg. Og var huldufólki æfinlega um kennt" segir í örnefnaskrá. Flötin er upp af Kambsvík sem er næsta vík austan við ferjustaðinn (016). Slétt og gróin kvos milli tveggja hæða. Þeir þrír huldufólksstaðir (015, 058 og 059) sem skráðir voru í Öndverðarnesi eru allir mjög skammt hver frá öðrum.
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 6

**ÁR-435:060** *Höfðalögn* heimild um lögn 63°59.977N 20°56.567V
"Höfði heitir klungurbrekkan austur af Gönguskor, þar var og Höfðalögn", segir í örnefnaskrá. Lögnin var í Hvítá, 1,4 km suðvestur af bæ (001), út af Höfða sem er vestan við Torfvik (023).
Mosa- og kjarrivaxin brekka en skriða og klettar niður að ánni. Grjótrönd neðst. Lögnin horfin eins og við má búast.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 7

**ÁR-435:061** *Ferjulögn* heimild um lögn 63°59.950N 20°54.563V
"Ferjulögn var út af Ferjuhamri", segir í örnefnaskrá. Ferjuhamar skagar út í Hvítá beint austan við Ferjustað (016). Fremur stutt milli bakka, djúpur áll.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 7

**ÁR-435:062** tóft beitarhús 64°00.150N 20°57.316V
Á örnefnakorti eru merktir "Fjárhúshólar" vestur á hrauni. Þar er fjárhústóft, rúma 500 m norðaustur af Jónsvörðu (031)
Kjarri gróið hraun, nokkuð hæðótt. Vestan við fjárhústóftina er rudd braut gegnum hraunið, virðist eftir jarðýtu. 6-700 m norðvestar eru sumarbústaðir.
Tóftin stendur á lágum hól, og sker sig lítið úr umhverfinu. Greinilega beitarhús, 14 x 5 m að stærð, með lítilli hlöðu í nyrðri enda. Ekki sjást garðar. Hleðslur algrónar að utanverðu, veggjahæð mest um 1,3 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Örnefnakort Öndverðarness

**ÁR-435:063** *Goðhóll* örnefni 64°00.131N 20°57.802V
"Í norður frá Jónsvörðu er lágur hóll, er heitir Goðhóll. Á honum er hella, lík legsteini, sem er reistur til hálfs", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er norðaustur af beitarhúsum Alviðru (032) en tæpa 350 m norður af Jónsvörðu (031). Kjarri gróið hraunlendi. Hellan sést ágætlega að, mjög lík legsteini. Stendur nánast lóðrétt upp úr jarðföstum kletti, um 1 m á hæð. Engin ástæða er til að ætla að hún sé af mannavöldum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 6

**ÁR-435:064** 2 tóftir 64°00.123N 20°56.675V
Um 50 m norðan við Torfvik (023) eru tvær tóftir.
Í grösugri kvos við hraunbrún sem liggur nánast í boga um þær. Kjarri vaxnar hlíðar umhverfis en mikið gras í botni. Vestari tóftin er 9 x 5 m, ferköntuð, algróin og veggir nokkuð signir. Hún snýr suðvestur-norðaustur, ekki er ljóst hvar dyr hafa verið. Veggjahæð mest um 1 m. 15 m austar, vestan undir brekkurótum, er önnur tóft sem gæti vel verið stekkur. Tvö hólf, alls 12 x 4 m. Snýr NV-SA, syðra hólfið minna. Hleðslur lágar og víða mosagrónar en sumsstaðar sér í grjót. Rekið hefur verið inn norðan megin.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-435:065** heimild um beitarhús 57°43.260N 27°42.455V
Á örnefnakorti er merkt "sauðahús" norðan vegarins um Grímsnes, skammt austan Lögréttuhöfða (043).
Þar eru nú margir sumarbústaðir nálægt veginum og hár og mikill trjágróður. Nokkru norðar eru ásar með kvosum á milli, vaxnir kjarri.
Genginn var stór hringur um svæðið en sauðahús fannst ekkert. Líklegast er að það sé komið á kaf í gróður en einnig hugsanlegt að því hafi verið raskað við byggingu sumarbústaða. Halldóra Bjarnadóttir kannaðist ekki við sauðahús á þessum slóðum
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

# ÁR-436 Norðurkot

Hjáleiga frá Öndverðarnesi, 12 ½ hdr. 1847. 1708: "Nordurhiáleiga, annað eyðiból, bygt í heimalandi fyrir elstu manna minni, lagðist í auðn í næstliðnum fardögum." JÁM II, 351. Í eyði frá 1938.
1918: Tún 5 ha, þar af slétt um 4/5. Garðar 762 m².
"Landamerki á milli Norðurkots annars vegar og Miðengis og Snæfoksstaða hins vegar, úr miðjum Vaðlæk sjónhendingu í Forklöpp, í þúfu á Finnheiði, í þúfu á Kolgrafarhól, í vörðu á Svönkuhrauni, í þúfu á Skógarholti. En þar koma þrjú lönd saman, Norðurkots, Snæfoksstaða og Öndverðarness." Ö-Norðurkotslandareign,1
"Öndverðarnes-Norðurkot stóð í dalverpi norður af Öndverðarnesbænum og var hjáleiga þaðan. Jörðin var 12 hundruð að fornu mati og tæpur þriðji partur af Öndverðarnestorfunni allri. Landið er kjarri vaxið hraun vestur að Álftavatni. [...] Byggð lagðist niður í Norðurkoti 1938 er síðasti bóndinn þar, Sveinbjörn Jónsson, fór að Snæfoksstöðum. Skömmu síðar voru öll hús rifin og jöfnuð við jörðu. Norðurkot var lagt undir Öndverðarnes I enda komið í eigu búenda þar. Landið er núna að mestum hluta sumarhúsabyggð." Sunnlenskar byggðir III, 143.

**ÁR-436:001** *Norðurkot*
bæjarhóll bústaður
64°00.777N 20°55.673V
"Norðurkotsbærinn stóð í miðjum túnslakkanum nokkru fyrir norðan Öndverðarnesbæinn", segir í örnefnaskrá. Norðurkot var rúma 400 m norður af Öndverðarnesi (ÁR-435:001). Tún bæjanna tveggja lágu saman..
Ósleginn blettur í sléttuðum og slegnum golfvelli. Bærinn hefur staðið í lægð, land hækkar nánast til allra hliða.
Óslegni bletturinn er um 50 x 50 m. Hann er fremur ósléttur og gras mjög hátt, tóft samt sem áður ekki greinileg en grjót er víða. Halldóra Bjarnadóttir taldi líklegt að einhverntíma hefði verið sléttað yfir. Hólmyndun engin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918



*Kort 18: Norðurkot - tún*

**ÁR-436:002** heimild um útihús
64°00.763N 20°55.893V
Skv. túnakorti frá 1918 stóð útihús um 100 m vestur af Norðurkoti. Halldóra Bjarnadóttir mundi eftir húsi eða tóft þar, nálægt túngarði.
Nokkuð þýfð og óslétt brekka upp að túngarði, hallar mót austri.
Sumsstaðar grjót í brekkunni en engin tóft sjáanleg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

## ÁR-437 Suðurkot

Hjáleiga frá Öndverðarnesi, 5 hdr. 1847. 1708: "Sudurhiáleiga, er skamt frá túninu, bygð fyrir elstu manna minni, til þess í næstliðnum fardögum lagðist hún í auðn." JÁM II, 351.
1918: Tún 2,3 ha, þar af slétt um ½. Garðar 992 m².
"Hún [jörðin] varð við landskipti 1927 - eftir að Elín Egilsdóttir veitingakona í Þrastarlundi hafði eignast jörðina - í þremur hlutum. Fyrst kjarri vaxið hraun umhverfis bæinn og túnið og liggur að Hvítá. Önnur spilda er austur með Hvítá, svokallað Stórholt eða Órunes. Þriðji hlutinn er kjarri vaxinn hektari við Sog, seldur undir sumarbústað fyrir nokkrum árum." Sunnlenskar byggðir III, 144.

**ÁR-437:001** *Suðurkot* bæjarhóll bústaður 64°00.375N 20°56.018V
Suðurkotsbærinn stóð 6-700 m suðvestur af Öndverðarnesi (ÁR-435-001). Þar stendur nú yngra íbúðarhús úr steini, nú notað sem sumarbústaður. Um 10 m beint vestan við þetta hús eru rústir síðasta torfbæjarins.
Bærinn stendur uppi á dálitlum hól fast við íbúðarhúsið. Mikill gróður umhverfis og tún, fremur óslétt og grýtt, sem líkast til hefur aldrei verið sléttað.Tóftin er mjög heilleg, virðist ekkert hafa verið raskað. Stærð alls um 20 x 20 m. Geysimikill gróður vex í hólfunum og gerir nákvæma skoðun nokkuð erfiða. Alls eru 5 eða 6 hólf sjáanleg. Hið stærsta er í suðvesturhorni, um 10 x 5 m, gengið hefur verið inn í það að suðvestan. Norðan við það er óljós dæld samtengd, líklega hólf, ekki stærri en 4 x 4 m. Norðan við það er svo stakt hólf með inngang að vestan, stærð 2,5 x 8 m. Lítur helst út fyrir að þetta hafi verið gripahús, grjóthleðslur enn miklar í veggjum. Suðaustast í tóftinni er stórt hólf, alls nálægt 8 x10 m. Gengið hefur verið

inn að sunnan en hólfinu er skipt í þrennt, annars vegar með þvervegg sem liggur A-V innarlega, hins vegar með vegg sem liggur N-S út frá honum. Grjóthleðslur sjást mjög víða innan veggja og hæð þeirra er almennt rúmlega 1 m. Sunnan við tóftina er kálgarður, alls rúmlega 20 x 20 m, hlaðinn úr grjóti en að mestu gróinn.
**Hættumat:** hætta
**Heimildir:** Túnakort 1918




*Kort 19: Suðurkot – tún*

**ÁR-437:002** *Húshóll* heimild um huldufólksbústað 64°00.370N 20°55.892V
"Austan við bæjarhúsin í Suðurkoti er uppgróinn klapparhóll, sem Húshóll heitir og var sagt, að huldufólk ætti þar heima", segir í örnefnaskrá. Klettar þessir eru utan við eiginlega túnrækt, um 100 m austsuðaustur af bæjarhólnum.
Uppgróið hraun.
Grýttur og aflangur klettastapi.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, 3

**ÁR-437:003** tóft útihús 64°00.292N 20°56.022V
2-300 m suðvestur af bæjarhól, í túni, er tóft.
Tún sem ekki er slegið, mjög hátt gras. Tóftin er einföld, 7 x 5 m með dyr í austur. Ekki sér í grjót vegna gróðurs. Gæti verið fjárhús eða kindakofi en það fékkst ekki staðfest.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Öndverðarnes, 4

**ÁR-437:004** tóft útihús 64°00.340N 20°56.092V
Rúma 100 m vestur af bæjarhól er tóft. Tún sem ekki er slegið, mjög hátt gras.
Aflöng og einföld tóft með dyr á suðurskammhlið, alls 10 x 5 m. Mikill gróður á veggjum og í botni. Gæti verið fjárhús en fékkst ekki staðfest.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-437:005** tóft útihús 64°00.346N 20°56.032V
Um 140 m vestur af bæ er tóft. Óslegið tún, gríðarhátt gras. Tóftin er einföld, snýr N-S með dyr í suður. Hleðsluhæð veggja allt að 1,2 m, grónir að öllu leyti að utanverðu. Ekki er vitað til hvers húsið var notað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**ÁR-437:006** tóft útihús 64°00.395N 20
50 m norðan við bæjarhól er tvískipt tóft.
Tún sem ekki er slegið, mjög hátt gras.
Tóftin er alls 10 x 10 m, skiptist í tvö nánast jafnstór hólf. Mjög heilleg og veggjahæð allt að 1,6 m. Gengið hefur verið inn í hólfin að sunnan. Vestara hólfið hefur allar hliðar heilar en af hinu eystra er einungis austurhliðin heilleg en op að norðan. Ekki víst að þar hafi nokkurn tíma verið veggur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-437:007** *Fjósadalir* örnefni fjós 64°00.364N 20°55.951V
Samkvæmt örnefnakorti Öndverðarness hétu slakkarnir 40-50 m suðaustur af Suðurkoti Fjósadalir.
Slakkar í ósléttu túni. Engin tóft sjáanleg og ekki vitað til að þar hafi verið fjós.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-437:008** frásögn lögn 64°00.265N 20°55.930V
Gríðarmiklar laxalagnir voru í Hvítá beint suður af Suðurkoti.
Sléttað tún næstum niður að á. Enn er laxalögn á þessum stað, einir 4-5 grjótkláfar og netalögn út frá þeim, um 20 m frá landi.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-437:009** tóft 64°00.239N 20°56.141V
2-300 m suðvestur af Suðurkoti, í jaðri túns sem virðist vera nýrækt, er tóft.
Austan er býsna slétt tún en vestan og norðan við uppgróið hraun.
Einfalt aðhald, hlaðið um jarðfastan klett sem er nyrst í því. Hleðslur eru alveg hrundar og sumsstaðar gróið yfir. Fremur hringlaga, stærð um 6 x 5 m, ekki ljóst hvar dyr hafa verið. Í framhaldi af sunnanverðu aðhaldinu er hleðsla, hrunin og gróin, liggur út að ánni, vegalengd 20-30 m.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-437:010** garðlag túngarður 64°00.304N 20°56.124V
Túngarður er umhverfis Suðurkotstún að austan, norðan og vestan en Hvítá er fyrir suðurhliðinni.
Túnið óslétt alls staðar nema syðst.
Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti og ástand hans misjafnt. Sumsstaðar er hann fallinn og nokkuð gróinn, t.d. beggja vegna næst ánni. Annarsstaðar heillegur og virðist haldið við, t.d. með vesturhliðinni, yfir 1,2 m hár. Þar er hann tvöfaldur á kafla, það gæti bent til þess að túnið hafi verið stækkað til vesturs. Sbr. ÁR-435-010 eru túngarðar Öndverðarness og Suðurkots samtengdir. Tún Suðurkots er alls rúmir tveir hektarar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-437:011** brunnur 64°00.340N 20°56.040V
Tæpa 100 m suðvestur af Suðurkoti er hleðsla niður í jörðina.
Óslétt tún í órækt. Hlaðið op niður í jörðina og virðist hlaðið út frá því á tvo vegu. Dýpt rúmir 2 m. Eins konar hlaðin renna liggur niður að hleðslunni. Tilgangur ekki fyllilega ljós en að öllum líkindum brunnur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-437:012** tóft 64°00.359N 20°55.994V
5 m suðaustan við bæjarhólinn og einungis um 2 m austan við kálgarðinn sunnan bæjarhóls er tóft.
Óslétt tún, mikill gróður. Skeifumynduð tóft og algróin. Op snýr í norður. Veggir hvorki háir né breiðir, rifsberjarunni inni í tóftinni bendir til þess að hugsanlega sé um seinni tíma skjólvegg að ræða. Stærð alls um 7 x 5.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-437:013** tóft 64°00.358N 20°55.852V
Klettar eru um 50 m austur frá bæ. Sunnan undir þeim er hleðsla, líklega aðhald.
Uppgróið hraun, utan eiginlegrar túnræktar.
Grjóthlaðið aðhald, snýr A-V með op í vestur. Aflangt, stærð alls 6 x 2 m, breiðast í miðjunni en mjókkar til austurs. Mosavaxið hraungrýti í hleðslum, hæð veggja hvergi meiri en 0,5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




# ÁR-438 Snæfokstaðir

Kirkjustaður og beneficium "síðan herra Odds tíð." JÁM II, 349 (1708). [1356]: "Kirkia a sn[i]ofvglzstodvum vorar fru a atian ær oc eina ku." - DI III, 113. 1397: "Mariukirkia a Sniofuglstodum a heimaland allt ... xx. kugillda beit j Hestfiall. tvituga torfgrof j Neslannd." - DI IV, 89. 1708: "Selstöðu eignar kirkjan sjer í Vatnsneslandi fyrir xx kúgildi. Þetta ítak er nú kallað í biskupa visitatium i Hestfjall. Þar liggur Vatnsnessland allnærri. Eldiviðartak í Vatnsnesslandi, so mikið til selstöðunnar sem nemur tuttugu fóta gröf." JÁM II, 350. 1708: "Skógarítak [Hamra í Grímsnesi] í Snjáfuglsstaaðskóg vill presturinn að Snjáfuglsstöðum ekki við kannast." - JÁM II, 335. 1709 á Snjáfuglstaðakirkja Hrygg í Hraungerðishreppi - JÁM II, 145. "Jörðu þessari var skipt fyrir Skálholts jörð Klausturhóla; [...]" JJ, 72. "Jörðin var lengi kirkjustaður og prestssetur var hér til ársins 1801." Sunnlenskar byggðir III, 145.

24.10.1515 lýsti Ástríður Össurardóttir, áttræð að aldri, uppalin í Miðengi landamerkjum jarðarinnar við Ásgarð að ofan en Snæfoksstaði að neðan: "Jn primis ath mideingi ætti landeign audrvmeigin j tiarnarholum ok suo ofan j raudhol ok þadan sionhending j kolgrafarhol ok sidan j far þat sem geingur fram j alftavatn." DI VIII, 571. 16.2.1567 ber sr. Björn Ólafsson sem var 9 ár á Snæfuglsstöðum vitnisburð um landamerki Snæfuglsstaða: "J fyrstu millum Aundverdarness. framan wr Kambe og sionhendig i Kolgraffarhöl. Og vr Kolgraffarhöl og vtj fuglstapa þuffuna ä Finnaheide. þä wr þuffunne i Fared. Enn ä mille Mideingis og fyrrgreindra Snæfulgstada er so landamerkium haattad. wpp epter fare og vr farbotne i Tiarnarhöla. Wr Tiarnarhölum i Grähellu i Markarbreckum. Enn ä millum Wadness og Snæfuglstadar er so landamerkium wared. Wr fyrrgreindum Markarbreckum og ä Effra Kialarspord med affskornum wijkum og nesum riettleidis framm i Gardsenda sem ad liggur framm i Batzvijk vid aana. þesse greind landamerke lystu Gudlaugssyner Jön og Eisteirn ad sinn fader Sira Gudlaugur Siguatsson. sem i langa tijma haffde hallded Snæfuglstade. heffde hafft og hallded. So og vissa eg fyrer full sannende ad Sigmundur Jonsson og Sijra Stephan Gijslason hielldu fyrrsogd landamerke … Jtem su ey sem ad liggur fyrer nedan tijttneffnda Snæfuglsstade war halldinn Snæfuglstada eign so leinge sem eg heffe til vitad. Og so skipade Biskup Ogmund mier þessa ey ad bruka og ad yrkia til Snæfuglstada æ medan eg hielldt fyrrneffnda Snæfulgstade." DI XIV, 580-81. 1708: "NB. Ey liggur í Hvítá millum Snjáfuglsstaða að norðan og Lángholts, Skálholtsdómkirkjujarðar, að sunnan. Þá ey hafa Snjáfuglsstaða haldendur viljað eigna undir beneficium Snjáfuglsstaði og meina sig hafa gögn til síns máls. En á aðra síðu vilja Skálholts biskupar og ábúendur í Lángholti kalla til eyjarinnar. Sá misgreiningur er enn ekki so greinilega kominn fyrir lög, að menn sjeu vissir um, hvort biskupsstóllinn eður beneficium Snjáfuglsstaðir hafi rjett til eyjarinnar." JÁM II, 350.
1918: Tún 6,7 ha. Garðar 1282 m².
"Bærinn stóð á lágum ás en bæjarhús hafa nú verið rifin. Jörðin á land að Hvítá og eru þar lyngholt með mýrarsundum á milli. Efri hluti jarðarinnar er kjarri vaxið hraun. [...] Miklir reimleikar voru á Snæfoksstöðum 1915-1926. Nokkrir sumarbústaðir eru á jörðinni. Byggingar eru nú engar á Snæfoksstöðum." Sunnlenskar byggðir III, 145.

**ÁR-438:001** *Snæfokstaðir* bæjarhóll bústaður 64°01.237N 20°53.979V
Þegar ekið er heim að Snæfoksstöðum, inn um hlið og áfram, kemur útskot til vinstri með bílastæði. Beint austur af því er bæjarhóllinn, norðan við ræfilslegan en allstóran trjálund.
Stendur í halla mót suðri, vaxinn háu grasi. Vegur liggur fast norðan við og Kirkjuhóll (006) er um 20-30 m vestar. Tún er umhverfis bæjarhólinn, í sumar slegið af Vaðnesbændum.
Síðasti bærinn var rifinn um 1964, þ.e. hluti hans, en síðustu húsin voru brennd. Adrei hefur verið sléttað yfir hólinn og má því ætla að hann sé að miklu leyti óskemmdur. Tættur sjást samt engar, veggir hafa verið rifnir og eru grjóthrúgur víða á hólnum. Syðst, upp við trjágarðinn, mótar fyrir brún; þar var bæjarstéttin enda sneri framhliðin í suður. Stærð hólsins er alls um 30 x 35 m, hólmyndun nokkur, einnig norðan við staðinn þar sem bærinn stóð. Utan um trjágarðinn mótar fyrir garðhleðslu, þar var kálgarður auk trjáa en þau tóku að lokum yfirhöndina. Í Sunnlenskum byggðum er mynd af gamla bænum eins og hann leit út síðast, hún er reyndar spegluð skv. heimildamanni. Húsaskipan var þá þessi í bæjarröðinni: Vestast var fjós, þá kom hlaða og við hlið hennar bæjardyr. Þar fyrir austan var gömul baðstofa sem var notuð sem geymsla og austan við hana lítill hjallur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-438:002** *Lambhús* heimild um fjárhús 64°01.268N 20°53.921V
Skv. túnakorti frá 1918 stóð útihús um 20 m suðvestur af 003 og um 50 m austur af bæ. Þar stóð enn hús sem kallað var Lambhús þegar Oddur Sveinbjörnsson fluttist að Snæfoksstöðum 1938. Húsið var með grjóthlöðnum veggjum og torfþaki. Tún, slegið.
Þar sem húsið stóð er nú ósleginn blettur í annars sléttu túni, stærð hans er um 10 x 20 m og sést grjót í sverðinum ef vel er að gáð.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-438:003** heimild um fjárhús 64°01.282N 20°53.944V
Skv. túnakorti frá 1918 stóð útihús um 60 m austnorðaustur af bæ. Oddur Sveinbjörnsson segir að þarna hafi enn staðið fjárhús í slæmu ásigkomulagi þegar hann kom 1938.
Slegið tún. Beint sunnan við er smáhóll í túninu.
Ósleginn blettur í túni, ummál um 4 x 3 m og grjót í sverði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-438:004** heimild um útihús 64°01.224N 20°53.820V
Skv. túnakorti frá 1918 stóð útihús rúma 100 m suður frá bæ. Oddur Sveinbjörnsson telur að þar hafi verið tóft er hann kom 1938.
Slegið tún.
Á þessum stað er nú ósleginn blettur með háu grasi. Þar mótar fyrir grjóti en tóft ekki greinileg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-438:005** garðlag túngarður 64°01.302N 20°53.890V
Enn eru mjög heillegar leifar túngarðs á Snæfoksstöðum. Aldrei var girt með norðurhlið túnsins en garðlag sést með allri austurhlið, suðurhlið og að hluta með vesturhlið.
Skógrækt utan túns að austan, sunnan við er uppgróið hraun en mólendi að vestan.
Undirstöður garðsins eru grónar með austurhlið en annars er hann þar býsna stæðilegur. Þar, næstum beint austur af bæ, er rétt sambyggð honum utanverðum, sunnan undir háum kletti. Stærð hennar er 15 x 10 m, veggir stæðilegir, allt að 1,5 m háir en suðurhliðin alveg fallin. Austurhlið túngarðsins er alls rúmlega 250 m löng og suðurhliðin um 180 m. Víðast hvar eru veggir hrundir að mestu. Vesturhlið garðsins er að mestu leyti gróin og hverfur í gróðri vestan bæjar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918




*Kort 20: Snæfoksstaðir – tún*

**ÁR-438:006** *Kirkjuhóll* tóft+garðlag kirkja 64°01.251N 20°53.953V




"Austan við bæinn er dálítill hóll, heitir Kirkjuhóll. Þar stóð kirkja, sem var aflögð 1801. Umhverfis kirkjuna var kirkjugarður og sér enn móta fyrir garðinum og mörgum leiðum, mest ber á svonefndu Fimmmannaleiði, en þar er grafið fólk frá Norðurkoti, er inni brann árið 1773, alls fimm menn", segir í örnefnaskrá. Minjarnar voru friðlýstar 1966: "Gamall kirkjugarður með leiðum og kirkjutótt heim undir rústum bæjarins á Snæfoksstöðum", segir í friðlýsingarskrá. Kirkjuhóllinn er aðeins fáeina metra austur af bæjarhól 001 og í raun áfastur honum.
Óræktarblettur í slegnu túni, girtur trjám sem flest eru dauð á tvo vegu, að norðan og austan. Í halla mót suðri, bæjarhóllinn vestur af og vegur fyrir norðan en annars ræktað tún umhverfis.
Kirkjutóftin er greinileg sem og kirkjugarðurinn, enn mótar fyrir leiðum. Stærð garðsins er 20 x 18 m. Hann er ferkantaður. Allt er í órækt og hátt gras kemur í veg fyrir nákvæma skoðun. Kirkjutóftin er smáupphækkun hér um bil í miðjum kirkjugarðinum. Hún er hringlaga, stærð um 5 x 4,5 m, rís allt að 1 m yfri umhverfið. Ekki sést hvar dyr hafa verið. Hlaðinn garður umhverfis, allt að 2 m breiður og töluvert siginn. Hann sést best með norður- og vesturhlið, einnig að austan en ekki að sunnan að telja. Sæist eflaust betur ef gras væri slegið. Enn eru sjáanleg leiði um allan kirkjugarðinn, á að líta eins og aflangar þúfur. Svonefnt Fimmmannaleiði er nokkuð stór bunga 4-5 m vestan við kirkjutóftina. Þá eru tvö mjög greinileg leiði um 2 m austan eða suðaustan við hana. Telja sumir að það séu leiði tveggja síðustu prestanna í Snæfoksstaðakirkju en aðrir telja að að séu leiði síðustu prestshjónanna. Friðlýsingarskilti var við kirkjutóftina, nú horfið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 1; FF, 76

**ÁR-438:007** *Hofhóll* örnefni 64°01.171N 20°53.989V
Hóll í túni, um 100 m vestur af bæ, hét Hofhóll.
Slegið tún. Hóllinn er nánast horfinn vegna sléttunar, einungis smábunga eftir. Einhverjar hugmyndir virðast menn hafa gert sér um hof á Snæfoksstöðum, a.m.k. var tilhöggvinn steinn sem lengi stóð í hlaðinu af sumum talinn hlautbolli. Hann var fluttur burt og er nú líklega í Skálholti.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 1

**ÁR-438:008** brunnur 64°01.246N 20°54.066V
30-40 m beint norðan bæjarhóls og því norðan vegarins, á túnskika, er brunnur.
Lítill túnskiki, enn sleginn. Vegur við hann sunnanverðan en annars afgirtur með trjám.
Nær alveg heill og óskemmdur brunnur. Hann er á óslegnum bletti sem er lítið stærri en hann sjálfur. Yfir opinu er járnplata. Hleðslur eru farnar að síga svolítið saman efst. Um 3 m eru niður á vatnsyfirborð og líklega er brunnurinn 5-6 m djúpur. Tvær heillegar leiðslur liggja úr brunninum og sjást vel, önnur lá í bæinn en hin í fjósið. Stærð brunnops um 1,5 x 1,5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 1

**ÁR-438:009** *Postulagerði* heimild um 64°01.179N 20°53.785V
"Nærri suðvestast í túninu er Postulagerði, það er ferhyrndur reitur afmarkaður með garðlagi, sést nú mjög óglöggt", segir í örnefnaskrá. Suðvestasti hluti túnsins var skoðaður vel og vandlega en ekkert garðlag fannst og kannaðist Oddur Sveinbjörnsson ekki við örnefnið.
Sléttað tún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 1

**ÁR-438:010** *Nautakrókur* heimild um 64°01.230N 20°54.098V
"Norðvestast í túninu er Nautakrókur, þar sér fyrir kofarúst", segir í örnefnaskrá. Hér hlýtur að vera átt við norðvestasta horn túnsins, norðan vegarins en austan við norðurenda traðanna (018).
Ósleginn túnblettur með trjárækt.
Engin tóft er sjáanleg og kannast Oddur Sveinbjörnsson ekki við örnefnið. Hugsanlega hefur bletturinn verið sléttaður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 1

**ÁR-438:011** *Húshóll* örnefni 64°01.344N 20°53.924V
"Norðan við túnið er dálítill hóll, er Húshóll heitir", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er norðaustur af rétt sem er áföst austurhlið túngarðs (sjá 005).
Gróinn hóll að mestu en moldarflög á stöku stað.
Engar tóftir sjást og kannast Oddur Sveinbjörnsson ekki við að hús hafi staðið á hólnum. Á 3-4 stöðum sjást þó þústir sem eru áberandi grænni en umhverfið, mögulega tóftaleifar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 1

**ÁR-438:012** *Borgarhóll* örnefni fjárskýli 64°01.418N 20°53.419V
"Norðaustur af bænum er hóll, algróinn, heitir Borgarhóll", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er tæpa 600 m norðaustur af bæ. Uppgróið hraun, mikið birkikjarr. Sumarbústaðir allt um kring.
Örnefnið gæti bent til fjárborgar en mannvirki er ekki sjáanlegt á hólnum. Stórt vörðubrot er uppi á honum, gæti hafa átt að vísa á beitarhús sunnan við (034).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 1-2

**ÁR-438:013** *Veita* örnefni 64°00.901N 20°53.154V
"Niður af Harðavelli, niður að Nautavökum, heitir Veita", segir í örnefnaskrá. Veitan er hátt í 1 km suðaustur af bæ, upp af Nautavökum sem eru í Hvítá. Aflöng graslaut. Uppgróið hraun í kring og töluvert af furu.
Engin áveitumannvirki sjáanleg og kannast Oddur Sveinbjörnsson ekki við slíkt. Hann sagði hins vegar að stundum fossaði vatn þarna fram úr hrauninu í leysingum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 1-2

**ÁR-438:014** heimild um leið 64°00.884N 20°53.287V
"Skógarhlíð heitir vestur af Nautavökum. Norðanundir henni liggur gamli vegurinn austur að Arnarbæli", segir í örnefnaskrá. Nautavakir eru um 1 km suður af bæ, þar rennur uppsprettuvatn undan hrauninu út í Hvítá.
Nú liggur bílvegur með hlíðinni, niður að Nautavökum og áfram austur, á sama stað og gamli vegurinn lá áður. Hann sést því ekki lengur.
**Hættumat:** hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 2

**ÁR-438:015** *Bátavör* heimild um lendingu 64°00.316N 20°53.154V
"Suður af Skógarhlíð eru Skipaklettar við ána. Bátavör er sandvikið syðst í klettunum. Þar var báturinn geymdur, þegar Langholtseyjan var nytjuð, en Snæfoksstaðir áttu allstóran hluta af eyjunni og var garður hlaðinn yfir hana í mörkum og sér enn móta fyrir honum", segir í örnefnaskrá. Klettarnir eru næstum 1 km suður af Nautavökum, beint niður af veiðihúsi sem þar stendur við Hvítá.
Brekka, að mestu ógróin, niður að á. Tveir stórir klettar skaga út í ána. Milli þeirra er sandvik, um 10 m breitt.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 2

**ÁR-438:016** garðlag landamerki 64°00.161N 20°53.349V
"Suður af Skógarhlíð eru Skipaklettar við ána. Bátavör [015] er sandvikið syðst í klettunum. Þar var báturinn geymdur, þegar Langholtseyjan var nytjuð, en Snæfoksstaðir áttu allstóran hluta af eyjunni og var garður hlaðinn yfir hana í mörkum og sér enn móta fyrir honum", segir í örnefnaskrá.
Flatlend og gróin eyja, tiltölulega stór, líklega allt að því 1000 x 300 m.
Ekki var farið út í Langholtseyju sumarið 2000. Úr fjarska virðist sem móti fyrir garði yfir eyjuna þvera, þó ekki gott að slá því föstu. Oddur Sveinbjörnsson kom ungur út í eyjuna en man ekki sérstaklega eftir garði.
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 2



*Kort 21: Snæfoksstaðir – jörð*

**ÁR-438:017** heimild um vörðu 64°00.626N 20°53.820V
"Austan við Þríhaus er Þríhausaflöt, norðan við hana er Skógarhlíðarholt, þar er stór smalavarða", segir í örnefnaskrá. Hæsti punktur holtsins er um 1,2 km suður af bæ.
Holtið er allt vaxið birkiskógi og að auki er búið að gróðursetja þar grenitré. Sumsstaðar eru þó rjóður með blágrýtisklöppum. Varðan fannst ekki og hafði Oddur Sveinbjörnsson aldrei heyrt hennar getið. Gæti verið hrunin og horfin í skóg.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 3

**ÁR-438:018** hleðsla traðir 64°01.238N 20°54.065V
Beint norður af útskotinu við bæjarhólinn (001), norðan vegarins, eru leifar gamalla traða. Þær sjást jafnframt á túnakorti frá 1918. Túnskiki sem enn er sleginn. Trjárækt hafin. Aðeins vestari traðarveggurinn stendur. Hann er þráðbeinn, hátt í 50 m langur, og liggur í norður. Veggurinn er um 1 m breiður og 1,4 m hár, algróinn svo að hvergi sér í grjót. Hinn veggurinn gæti hafa verið lækkaður við túnasléttun og sést varla. Þá er sá hluti traðanna sem legið hefur heim að bænum horfinn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-438:019** *Fjárhúsabrúnir* 2 tóftir beitarhús 64°01.378N 20°54.615V




"Fjárhúsabrúnir eru upp af Heyleynir [sic], þar eru gamlar fjárhúsatættur; [...]" segir í örnefnaskrá. Tóftirnar sjást enn vel uppi á hraunbrún rétt innan við 600 m norðvestur af bæ. Gróin hraunbrún, mýri fyrir neðan hana og langleiðina suðaustur að bæ. Fyrir neðan fjárhúsin, í mýrinni, er tjörn. Tvær tóftir eru greinilegar. Sú vestari er þríhólfa og nokkuð frábrugðin algengustu gerð beitarhúsa. Engir garðar sjást innan hólfanna og ekki er sjáanlega innangengt á milli þeirra. Heildarstærð um 10 x 20 m. Vestasta hólfið er minnst, gæti hafa verið hlaða, hin tvö eru ámóta stór. Gengið hefur verið inn í þau öll að sunnanverðu en einnig hafa verið dyr á norðanverðu miðhólfinu. Alls staðar sjást grjóthleðslur innan veggja, hleðsluhæð allt að 1,3 m. Um 30 m austar er önnur tóft. Það er einfalt fjárhús með aðhaldi fyrir framan. Húsið er 5 x 10 m með dyr í suður, án hlöðu og garðalaust. Utan við dyrnar, við suðurenda fjárhússins, eru leifar aðhalds, stærð um 6 x 6 m. Þar stendur ekki steinn yfir steini. Aðhaldið er nánast ferkantað en dálítið útskot virðist á því við suðausturhorn fjárhússins, hugsanlega kró.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 3-4

**ÁR-438:020** gata leið 64°01.359N 20°53.814V
"Suðaustur af Tjarnarhól gengur hraunbrún suðaustur í hraunið, en lækkar og hverfur, þegar austar dregur, heitir Kirkjubrún, yfir hana liggja gömlu göturnar frá Snæfoksstöðum að Klausturhólum; góðan spöl norðar við sömu götur er Prestshöfði, það er dálítill hóll, sem sést vel sunnan frá en ber minna á honum að norðan", segir í örnefnaskrá. Gatan lá til austurs frá rétt sem er sambyggð túngarði austur af bæ (sjá 005) og sést vel þar.
Lyngmóar, talsverð trjárækt nálægt túni, aðallega fura. Greinilegur ógróinn troðningur, um 1 m breiður. Gatan lá frá réttinni, suður fyrir Kerið og þaðan að Klausturhólum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 4

**ÁR-438:021** *Kolgrafarhóll* örnefni 64°01.513N 20°55.826V
"Næst tökum við landið norðan þjóðvegarins. Norðan við Djúpahraunið er Kolgrafarhóll", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 1,6 km norðvestur af bæ, norðan vegarins um Grímsnes. Að honum liggur vegur, merktur "Kolgrafarhólsvegur". Landamerki Öndverðarness og Snæfoksstaða eru um Kolgrafarhól. Birkikjarr, fjölmargir sumarbústaðir. Brunahóll, rauðleitur efst en birkigróinn nánast upp í topp. Sökum gróðurs fundust ekki ummerki um kolagrafir en vel má vera að þær leynist í kring.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 5

**ÁR-438:022** tóft beitarhús 64°01.887N 20°54.630V




"Norður af Rauðhól er Rauðhólshæð, yfir hana liggur þjóðvegurinn; norðan undir henni eru fjárhúsatættur", segir í örnefnaskrá. Þessi staður er 1,3 km norðnorðvestur af bæ. Tóftirnar sjást ef vel er að gáð 100-200 m norðan við þjóðveg um 3-400 m áður en beygt er inn Vaðnesafleggjara á austurleið.
Uppgróið hraun, lyng og kjarr. Smáklettar norðan við tóftina. Ekkert vatn.
Stórt beitarhús, 15 x 9 m með hlöðu í norðurenda og tveimur grjóthlöðnum görðum eftir endilöngu. Greinilega tvennar dyr að sunnan. Grjót sést hvarvetna í innanverðum veggjum og hleðsluhæð er allt að 1,7 m hlöðumegin. Breidd hlöðu um 3-4 m. Þessi fjárhús voru enn í notkun þegar Oddur Sveinbjörnsson kom á Snæfoksstaði 1938.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 5

**ÁR-438:023** *Gildruhraun* örnefni refagildra 64°01.936N 20°54.751V
"Austan við Litlafar eru Farbrúnir og austur af þeim eru Nautabrekkur og Lágahraunið sunnan við þær Nautadalur [sic]. Þar austur af er Gildruhraun og Grenjaleiti", segir í örnefnaskrá. Átt mun við hraunið norðvestur af fjárhúsatóftum 022. Úfið en uppgróið hraun, mikið um kletta og klungur.
Engin refagildra fannst, enda um stórt svæði að ræða. Hugsanlega er nafnið tilkomið af gjótum og því hversu ógreiðfært hraunið er.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Snæfoksstaðir, 5

**ÁR-438:024** gata leið 64°01.414N 20°54.062V
Norðan við norðurhlið Snæfoksstaðatúns liggur gata meðfram því, á upptök sín hjá tröðunum (018). Sveigir svo til norðurs, yfir mýri og upp á hraunbrún, lá svo út á aðalveginn um Grímsnes rétt hjá Rauðhól.
Móar og moldarbörð næst túni, þá mýri og loks uppgróið hraun.
Enn greinileg gata, malarborin næst túni en blaut í mýrinni. Gæti hafa verið bílfær.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-438:025** tóft 64°01.466N 20°54.247V




Rétt tæpa 500 m NNV af bæ er hlaðið aðhald sem líkist stekk. Fyrst þarf að fara yfir mýri en hleðslan er undir gróinni hraunbrún, tæpa 350 m norðaustur af tóftum á Fjárhúsabrún (019).
Gróið land undir hraunbrún. Suður af aðhaldinu er slétt og tiltölulega þurr flöt, þá lágvaxið víðikjarr og mýri.
Inni í hraunkrók sem er gott aðhald í sjálfu sér. Stærð 13 x 5 m, þrengist eftir því sem innar dregur. Rekið hefur verið inn að sunnan. Rétt innan við miðju vottar fyrir þverhleðslu, lítur út fyrir að lambakró hafi verið innst. Hlaðið úr hraungrýti, grjót að miklu leyti vaxið mosa og lyngi. Hleðsluhæð nær allt að 1 m. Oddur Sveinbjörnsson benti á tóftina. Hún var aldrei notuð í hans minni, því líklega ekki eftir 1930.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-438:026** frásögn rista 64°01.414N 20°54.363V
Torf var rist í mýrinni suður og austur af hleðslunni (025). Gljúp og blaut mýri. Ekki sjást merki um torfristu.
**Hættumat:** engin hætta




**ÁR-438:027** tóft beitarhús 64°02.030N 20°53.719V
Vestan við Kerið, fast austan við afleggjarann sem merktur er "Vaðnes", er gróinn hóll. Í vesturhlíð hans er tóft af beitarhúsi. Fjarlægð frá bæ um 1,5 km.
Gróin hlíð, mólendi og töluvert gras. Furu hefur verið plantað víða í hlíðinni.
Greinileg tóft, snýr N-S með dyr að sunnan, stærð 11 x 6 m. Einn garði eftir endilöngu og er hugsanlegt að hlaða hafi verið í norðurenda, ekki breiðari en 2 m. Grjót mikið í innanverðum veggjum, hleðsluhæð allt að 1,4 m. Þetta hús notaði m.a. Sveinbjörn Jónsson sem fluttist að Snæfoksstöðum 1938.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**ÁR-438:028** gata leið 64°00.768N 20°54.001V
Leiðin frá Snæfoksstöðum að Öndverðarnesi lá norður fyrir Skógarhlíðarholt og því sem næst í beina línu milli bæjanna tveggja. Holt og móar. Mikil trjárækt og mýri þegar vestar dregur, þá norðan götunnar.
Gatan er mjög greinileg, allt að 3 m breið og ógróin að mestu. Gæti verið sama gata og skráð var í Öndverðarnesi þar sem hún er merkt inn á örnefnakort, líklega gamla kirkjugatan að Snæfoksstöðum (ÁR-435:048).
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Örnefnakort Öndverðarness

**ÁR-438:029** frásögn mógrafir 64°00.777N 20°54.052V
Mór var tekinn í mýri norður af Skógarhlíðarholti, um 1 km suðvestur af bæ, norðan við götuna að Öndverðarnesi (028). Víðlend mýri, lágt kjarr sumsstaðar.
Mógrafir fundust ekki, enda hefur töluvert rask verið í mýrinni. Trjárækt er víða hafin, skurðir hafa verið grafnir og svo virðist sem mýrin hafi sumsstaðar verið plægð því í henni eru rásir. Þá er ekki víst að mótekja hafi verið mikil, því mórinn þar var talinn lakur.
**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**ÁR-438:030** hleðsla 64°00.622N 20°54.019V
Í Skógarhlíðarholti, um 200 m sunnan við götu að Öndverðarnesi og um 1,1 km suður af bæ er hleðsla.
Skógi vaxið holt, mýri norður af. Stórir blágrýtisklettar. Sá sem er sýnu stærstur er klofinn eftir miðju. Sprungan er um 2 m löng og 0,5 m breið en allt að 1 m djúp. Hellur hafa verið lagðar yfir sprunguna eins og þak. Nú eru fjórar slíkar eftir, algerlega mosavaxnar en a.m.k. ein hefur fallið niður í sprunguna. Hugsanlegt er að þarna hafi verið smalakofi, enda pláss nægilegt til að einn maður geti legið út af.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-438:031** tóft rétt 64°00.883N 20°53.109V
Alveg niður við Nautavakir austanverðar, um 1 km suðaustur af bæ, beint niður af Veitu (013) er hlaðin rétt.
Réttin stendur á grónum árbakka sunnan undir hraunkambi með klettum. Grenitré eru víða umhverfis og sumarhús stendur um 50 m norðvestar. Réttin er nær ferningslaga, alls 13 x 15 m. Hleðslur úr hraungrýti yfirleitt alveg hrundar, ná mest um 1 m hæð. Gras innan veggja, ekki er ljóst hvar dyr hafa verið. Hraunbrúnin þjónar hlutverki norðurhliðar að mestu, þó er sumsstaðar hlaðið þar meðfram. Engar upplýsingar fengust um tilgang né heldur hvenær réttin var hlaðin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**ÁR-438:032** 2 tóftir 64°01.083N 20°53.751V
50-100 m suður af suðvesturhorni túngarðs, undir hraunbrún, eru tvær gróthlaðnar tóftir.
Þýft graslendi, hraunkambur sunnan við.
Tóftin sem er nær túni er inni í hraunkrók, 5 x 6 m með op í norðvestur. Hleðsluhæð allt að 1 m, búið er að gróðursetja grenitré innan veggja. Hin tóftin er 18 m sunnar, hleðsluhæð heldur minni, stærð 9 x 9 m og nánast ferningslaga. Ekki sést hvar dyr hafa verið. Að líkindum eru þetta aðhöld en ekki er ljóst nákvæmlega hvaða tilgangi þau hafa þjónað. Mjög lík að allri gerð og því skráð hér saman.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar




**ÁR-438:033** tóft 64°01.119N 20°53.797V
Ef gengið er til suðurs með hraunkambinum frá suðvesturhorni túngarðs er komið að tóft eftir um 50 m, þ.e. nær túngarði en tóftir 032. Þýft graslendi undir hraunbrún.
Hlaðið er á tveimur stöðum út frá rúmlega 2 m háum kletti. Tóftin er alls um 3 m löng en breidd um 1,5 m. Op í norðvestur. Gæti verið lítið aðhald eða kofi, þá hefur væntanlega verið reft yfir veggina.
**Hættumat:** engin hætta




**ÁR-438:034** tóft beitarhús 64°01.412N 20°53.405V
"Norðaustur af bænum er hóll, algróinn, heitir Borgarhóll", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er tæpa 600 m norðaustur af bæ. Fast sunnan undir honum er tóft.
Uppgróið hraun, mikið birkikjarr. Sumarbústaðir allt um kring.
Aflöng tóft og einföld, greinilega beitarhús. Snýr N-S með dyr í suður, stærð 5 x 12 m. Garðar sjást ekki en óljós hlaða er í norðurenda. Mikið grjót er í innanverðum veggjum, veggjahæð allt að 1,2 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-438:035** mannabein
Í Kuml og haugfé segir: "Árið 1832 sendi Steingrímur biskup Jónsson Museet for norkiske Oldsager ryðgaða öxi sem fundist hafði í fornu kumli. Frumheimild um fundinn er kopíubók íslenska biskupsdæmisins, afrit af bréfi séra Jóns Jónssonar í Klausturhólum til Steingríms biskups, dags. 5. júlí 1832: "Þessi öxi er fundin 1829 í grjótás niður við Hvítá, framundan Snæfoksstöðum, ásamt mannsbeinum, sem sum voru uppblásin, þarmeð höfuðskel með öllum tönnum. Bein fundust ei neðar en 3/4 alin. Engin sjást þar mannaverk á jörð, að þar hafi verið haugur eðaur dys, og engar sögur eru til, sem geta þess, eða þar hafi maður látizt eður veginn verið."" Ekki er nú unnt að staðsetja nákvæmlega hvar beinin fundust en líklegt að það hafi verið einhversstaðar niður við Nautavakir í Hvítá.
**Hættumat:** hætta, vegna vatnagangs

# ÁR-439 Vaðnes

30 hdr. 1847, óviss 1708. Konungsjörð. 1397: "Kirkia Gudz modur Mariæ j Wadnesi a .ij. kyr oc .viij.ær. ... portio Ecclesiæ vmm .iiij. ar næstv .xj. aurar og .ij. alnar. Jtem vmm .vj. ar adur .xij. aurar." - DI IV, 95. 27.10.1515 samþykkir Halldór bóndi Brynjólfsson gjöf Freysteins sonar síns á Vaðnesi til Viðeyjarklausturs með 5 kúgildum, en Freysteinn hafði þá gengið í klaustrið og gefið jörðina með sér - DI VIII, 571-72. 1570 eru messuklæði ærulaus úr Vaðnesi komin til Klausturhólakirkju - DI XV, 646. 1708: "Rifhrís til eldiviðar hefur verið til fengið frá Vaðnesi fyrir slægjur frá Arnarbæli, þegar sauðatað hefur ekki unnist til eldiviðar." JÁM II, 347. Skv. fasteignamati 1917 er tvíbýlt í Vaðnesi, þó sést bara eitt bæjarstæði á túnakorti frá 1918.
16.2.1567 ber sr. Björn Ólafsson sem var 9 ár á Snæfuglsstöðum vitnisburð um landamerki Snæfuglsstaða: "Enn ä millum Wadness og Snæfuglstadar er so landamerkium wared. Wr fyrrgreindum Markarbreckum og ä Effra Kialarspord med affskornum wijkum og nesum riettleidis framm i Gardsenda sem ad liggur framm i Batzvijk vid aana.." DI XIV, 580-81. Landamerki: "Að utanverðu: Úr grjóthól framan í Markabrekkum (sem er hornmark) beina stefnu í vörðu í Kjöltöglum, þaðan beina stefnu í þúfu á Stóravikshæðum, þaðan beint í þúfu utarlega á Norðurnefi, svo sjónhending í þúfu á Þrívörðuhrauni, og þaðan beina stefnu í eystri árþúfuna, og þaðan beint í Hvítá, fyrir utan Borgarvík. Svo ræður Hvítá að Höskuldslæk, svo Höskuldslækur upp að Torfavaði, þaðan sjónhending í þúfu á Löngumýrarhæð. Þaðan bein stefna um vörðu á heiðinni, beint í upphlaðna vörðu á Fossleiti, þaðan beint í nefndan grjóthól (Gráhellu) í Markabrekkum." Ö-Vaðnes, 3.
1918: Tún 8,4 ha, þar af slétt um 6/7. Garðar 1617 m².
"Bærinn stendur á lágum hól. Mikil vatnsuppspretta kemur undan hraunbrún við bæinn og rennur lækur austan við hann í tjörn neðan bæjar. Gamla túnið nær að hraunbrún að vestan og norðan. Jörðin á land að mörkum Hraunkots niður með Höskuldslæk að Hvítá. Þar er kallað Nes og var þar þurrlent valllendi. Því hefur nú verið breytt í 55 ha. tún. Vesturhluti landsins er kjarri vaxið hraunlendi allt að Snæfoksstaðamörkum. Norðaustan og austan við bæinn eru mýrarsund og heiðarholt. Volgrur eru niðri í Nesi við hraunbrúnina." Sunnlenskar byggðir III, 147.

**ÁR-439:001** *Vaðnes* bæjarhóll bústaður 64°01.143N 20°51.223V
Bæjarhóllinn er um 100 m austan við núverandi íbúðarhús úr steini, þar sem nú er fjós og fleiri útihús.
Útihús á sléttu malarplani sem skilur að austur- og vesturtún.
Á hólnum stendur enn hluti gamals íbúðarhúss sem byggt var 1946, nú notað sem geymsla. Það er timburhús með steyptum grunni, um 6 x 8 m að grunnfleti, án kjallara. Austar á hólnum, fast upp við húsið standa svo nýrri útihús í þyrpingu, þ.á.m. fjós og stór hlaða. Svo virðist sem þessi hús séu að nokkru leyti niðurgrafin og líklegt má telja að hóllinn sé mikið skemmdur. Hólmyndun ekki greinileg. Hluti gamla bæjarins stóð allt til 1975, þá var baðstofan rifin. Undir henni var handgrafinn kjallari. "Hús: Timburbær að mestu leyti, baðstofan 5 x 3,8 m., járnvarin á þaki" [...] Íbúðarhús að mestu úr timbri, 1 hæð, port og ris; 5 x 4,8 m" segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917).
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Vaðnes, 1




*Kort 20: Vaðnes – tún*

**ÁR-439:002** *Lambhús* heimild um fjárhús 64°01.179N 20°51.345V
Skv. túnakorti 1918 stóð útihús tæpa 80 m norður af bæ. "Norður af Barnhól er áðurnefndur Harðhaus. Hann er nokkuð stór um sig, grasi gróinn. Stóð lengi á honum fjárhús. Var þar lambhús í uppvexti mínum", segir í örnefnaskrá. Fjárhús þetta stóð á dálitlum rana sem gengur til vesturs fyrir norðan bæ.
Nú kúagirðing. Húsið er alveg horfið, sléttað var yfir það. Þetta var fjárhús fyrir 40-50 kindur, kallað Lambhús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-439:003** heimild um hesthús 64°01.151N 20°51.090V
Skv. túnakorti 1918 stóð útihús austan við traðirnar um 70 m suðaustur af bæ.
Fyrrum tún, nú girðing fyrir hesta og kýr. Húsið er með öllu horfið. Á þessum stað voru tvö hesthús sambyggð, að hruni komin árið 1946. Ekki leið á löngu þar til sléttað var yfir tóftirnar. Í fasteignamati 1917 segir frá tveimur hesthúsum í Vaðnesi, öðru fyrir fjóra hesta en hinu fyrir sex. Líklega hefur þetta verið annaðhvort þeirra.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Vaðnes, 1-2

**ÁR-439:004** heimild um hesthús 64°01.155N 20°51.094V
Skv. túnakorti 1918 stóð útihús vestan við traðirnar um 70 m suðaustur af bæ. Það voru því aðeins traðir sem aðskildu 003 og 004.

Fyrrum tún, nú girðing fyrir hesta og kýr.
Húsið er með öllu horfið. Á þessum stað voru tvö sambyggð hesthús, að hruni komin, árið 1946. Ekki leið á löngu þar til sléttað var yfir tóftirnar. Í fasteignamati 1917 segir frá tveimur hesthúsum í Vaðnesi, öðru fyrir fjóra hesta en hinu fyrir sex. Líklega hefur þetta verið annaðhvort þeirra.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Vaðnes, 1-2

**ÁR-439:005** *Kotahús* hús fjárhús 64°01.116N 20°51.115V

Skv. túnakorti 1918 var útihús um 60 m suðaustur af bæ. Líklega sama hús og lýst er í fasteignamati 1917: "Fjárhús fyrir 100 kindur". Áður tún en nú hrossa- og kúagirðing. Lækur rennur um 20 m sunnar.
Enn stendur fjárhús á þessum stað en það er ekki lengur notað, nefnist Kotahús. Veggir úr torfi og grjóti en aðrir hlutar hússis eru úr timbri og bárujárni. Tveir grjóthlaðnir garðar með trégrindum og hlaða í norðurenda. Stærð alls 16 x 9 m, hleðsluhæð veggja allt að 1,6 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Vaðnes, 2

**ÁR-439:006** heimild um fjárhús 64°01.086N 20°51.432V
Skv. túnakorti 1918 stóð útihús norðvestast í túni, hátt í 200 m vestur af bæ. Tún. Nú er á þessum stað stórt, steypt fjárhús með hlöðu. Engin merki sjást um gamla fjárhúsið sem þar var áður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-439:007** heimild um útihús 64°01.090N 20°51.503V
Skv. túnakorti 1918 stóð lítið útihús fast uppvið 006, vestan megin. Tún. Húsið er alveg horfið, hefur líklega verið um það bil þar sem heimreiðin liggur nú. Ekki vitað til hvers það var notað, hugsanlega hrútakofi.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-439:008** heimild um traðir 64°01.154N 20°51.102V
Skv. túnakorti 1918 lágu traðir til suðausturs frá bæ, milli hesthúsa 003 og 004. Túnið var þar nefnt Kotatún. Nú kúa- og hrossagirðing. Traðirnar eru horfnar en þar liggur nú bílfær malarvegur um túnið. Hafa eflaust verið sléttaðar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-439:009** frásögn rétt 64°01.148N 20°51.094V
Hestarétt var við lækinn í Kotatúni, nálægt hesthúsunum (003 og 004). Hefur líklega verið sunnan lækjar en vestan traða, rétt utan túnjaðars. Áður tún, nú kúagirðing. Réttin er horfin. Á þessum stað eru litlir, jarðfastir klettar og sér sumsstaðar í grjót. Svæði umhverfis hlaupið í púfur, alls um 15 x 10 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 2

**ÁR-439:010** frásögn brú 64°01.151N 20°51.088V
Traðirnar á Kotatúni (009) lágu yfir lækinn rétt við hesthúsin (003 og 004). Þar var á honum brú.
Áður tún, nú kúagirðing. Nú er á þessum stað nýrri brú og ekki sér í þá gömlu sem líklega hefur haft hlaðnar undirstöður að einhverju leyti. Aðeins um 1 m milli bakka.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-439:011** heimild um fjós 64°01.147N 20°51.200V
"Fjós fyrir 10 gripi", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917). Fjósið stóð stakt á bæjarhól, austan við bæinn og því líklega á þeim slóðum þar sem nú er hlaða. Smátraðir eða sund var milli fjóss og bæjar.
Þyrping útihúsa á bæjarhólnum. Fjósið er með öllu horfið. Sneri með framhlið í suðaustur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 1




**ÁR-439:012** tóft 64°01.261N 20°51.279V
Norðan við túngarð, rúma 200 m norður af bæjarhól (001) eru grasi grónar dældir og slakkar. Norðaustan undir dálitlum klettum, í einum dýpsta slakkanum er tóft. Grasi vaxin laut. Tvö hlaðin hólf upp við klettana, ekki er að sjá að þau séu samtengd. Hið syðra er nær alveg gróið, 5 x 3 m með dyr í austur. Hitt er 2 m norðvestar, grjóthlaðið og lítt gróið, 4 x 5 m. Við innganginn í það er stór, jarðfastur klettur sem þjónar sem aðhald. Hleðsluhæð almennt ekki yfir 0,5 m
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 1

**ÁR-439:013** *Skógarvað* heimild um vað 64°00.125N 20°50.558V
"Þá er komið að holti nálægt læknum, sem heitir Kálfsholt. Bilið milli holtsins og lækjarins hét Kálfholtsbakki. Enn er þarna vað, sem heitir Skógarvað, er það allbreitt, einnig kallað Nesvað", segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 1 km suður af bæ, nálægt Hvítá. Þar eru tveir hólmar á Höskuldslæk og mun vaðið hafa verið á milli þeirra. Tún og gróinn bakki að vestan, austan megin hálfgróin stórgrýtishæð sem lækkar til suðurs. Lækurinn breiðir úr sér. Örlar á götuslóða beggja megin að vaðinu, að líkindum vegur milli Vaðness og Arnarbælis.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 10

**ÁR-439:014** heimild um hlöðu 64°01.152N 20°51.211V
"Heyhlöður fyrir 350 hesta", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917). Hlöðurnar voru þrjár: tvær voru sambyggðar fjárhúsum (005 og 006) en sú stærsta stóð stök á bæjarhól, fyrir ofan eða norðan fjósið (011).
Nú er þyrping útihúsa á bæjarhól. Ekkert sést til hlöðunnar frekar en annarra húsa sem þar stóðu.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 1

**ÁR-439:015** heimild um myllu 64°01.118N 20°51.169V
"Mylna", segir í örnefnaskrá (fasteignamat 1917). Myllan stóð við bæjarlækinn um 50 m suður af bæjarhól (001). Suðaustan undir hárri brekku. Enn sjást undirstöður, að hluta steyptar en mjög grónar, alveg við lækinn. Stærð um 4 x 2 m. Fyrst var þarna mylla en síðar byggt klakhús á sama stað.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 1

**ÁR-439:016** *Kirkjutóft* tóft bænhús 64°00.609N 20°51.012V




Tóft er 1 km suður af bæ, 40-50 m vestan vegarslóða sem liggur meðfram Hálæk suður á tún frá Vaðnesi. 50-100 m norðar er stakstæður skúr, innan við 2 x 2 m að flatarmáli. Grasi grónir og sléttir bakkar vestur frá Hálæk, skammt vestar tekur svo við uppgróið hraun. Tóftin er sigin og virðist gömul. Nánast hringlaga, stærð 4,5 x 5,5 m. Hæð veggja fer hvergi yfir 0,5 m. Dæld í miðju, innan veggja, mögulegt er að dyr hafi verið í austur eða vestur, eins og skora liggi yfir þvera tóftina frá austri til vesturs. Þessi tóft er almennt kölluð "bænhústóftin" eða "kirkjutóftin". Vitað er að bænhús var í Vaðnesi, um það má lesa í fornbréfasafni: "Kirkia Gudz modur Mariæ j Wadnesi a .ij. kyr oc .viij.ær." Það verður samt að teljast ólíklegt að bænhúsi hefði verið valinn staður svo langt frá bæ; yfirleitt stóðu þau heim við bæi. Ekki er þó kunnugt um bænhús á öðrum stað í Vaðnesi. Ekki sér móta fyrir garði umhverfis tóftina en suðaustan við hana er nokkuð um aflangar þúfur sem sumir telja að gætu verið leiði. Almennt er þýft umhverfis tóftina og ekki verður ekki úr því skorið án rannsóknar hvort um raunverulegt bænhús sé að ræða. Dæmi þekkjast um að bænhús hafi verið reist á fjölförnum almannaleiðum og vitað er að áður lá aðalleiðin á bæina austan Vaðness, t.d. Arnarbæli og Kiðjaberg, þarna um. Þá var farið suður með Höskuldslæknum og yfir hann á vaði, líklega þar sem nú heitir Skógarvað (013).
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 2; D.I.IV, 95




*Kort 23: Vaðnes – jörð*

**ÁR-439:017** tóft 64°00.614N 20°50.990V




Um 1 km suður af bæ og 20 m norðaustur af 016 er tóft. Grasi grónir og sléttir bakkar vestur frá Hálæk, skammt vestar tekur svo við uppgróið hraun. Aflöng tóft og ferköntuð, snýr nokkurn veginn NV-SA. Stærð 12 x 5 m. Grjóthleðslur gisnar, lágar og að miklu leyti ógrónar nema norðurhlið, hún er um 1 m há. Dyr ekki greinilegar en hafa líklega verið í suður. Út frá suðausturhorni mótar fyrir hleðslu, um 3 m langri. Líklega aðhald, gæti t.d. verið stekkur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 2

**ÁR-439:018** tóft 64°01.014N 20°50.541V




Um 5 m ofan og norðan við smalakofann (020) er tóft. Holt með stórum björgum og hellugrjóti, hálfgróið. Suður af er mólendi og lágt kjarr að Höskuldslæk. Grjóthlaðin tóft, veggir alveg hrundir og nokkuð mosagrónir. Hlaðið hefur verið um nokkra jarðfasta kletta, stærð um 5 x 3 m. Líklega er þetta aðhald. Op er að sunnan, milli jarðfastra kletta.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 2

**ÁR-439:019** stífla áveita 64°00.770N 20°51.031V
"Hálækur var illur yfirferðar sökum dýpis og botnleðju. Sett var í hann stífla, og myndaðist þá áveituland, sem var slegið; gaf það af sér um 70 hesta í meðalgrasári. Á þessari lækjarstíflu var eini staðurinn, sem auðvelt var að fara yfir Hálækinn", segir í örnefnaskrá. Hálækur rennur úr tjörninni við Vaðnesbæ og til suðurs, í Höskuldslæk. Stíflan er nálægt miðbiki Hálækjar. Djúpur en mjór lækur, rennur í hlykkjum um slétt og gróið land. Nú hefur lækurinn breytt um farveg hér, rennur um 10 m austar en áður. Gamli farvegurinn sést enn vel og stíflan í honum, raunar nær hún allt út að nýrri farveginum, alls 10 m löng og allt að 5 m breið. Frá norðausturhorni hennar að nýrra farvegi liggur flóðgarður, alls 12 m langur, einnig liggur svipaður garður frá suðausturhorninu til suðausturs, sá er alls 15 m langur. Enn einn garður, ógreinilegur, liggur þvert yfir eyrina milli farveganna tveggja um 10 m sunnar, alls rúmlega 10 m langur. Vel má vera að fleiri áveitugarðar séu á engjasvæðinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 2

**ÁR-439:020** *Smalakofi* tóft smalakofi 64°01.013N 20°50.537V
"Sunnan í Helluholtinu var lítil grjóttóft, lík fjárrétt í laginu, opin að framan, um 1 m á lengd og nokkuð mjórri á breidd. Þetta mun hafa verið gamall Smalakofi frá tímum fráfæranna. Þessi litla tóft var hlaðin úr hinum fallegu hellum úr Helluholtinu og var með snilldarhandbragði", segir örnefnaskrá. Helluholtið er tæpa 600 m suðaustur af bæ og sést þaðan. Leifar kofans eru suðaustan í holtinu, í þeirri hlíð sem snýr að Höskuldslæk. Holt með stórum björgum og hellugrjóti, hálfgróið. Suður af er mólendi og lágt kjarr að Höskuldslæk. Kofinn er hálfhruninn, hefur verið hlaðinn vestan við klett. Hliðar hvergi háar og suðurlanghlið nær horfin. Hugsanlegt er að grjót hafi verið fjarlægt úr veggjunum, þeir eru hvergi hærri en 0,8 m. Stærð hefur verið nálægt 1 x 1,5 m og dyr líklega í austur eða suðaustur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 16

**ÁR-439:021** *Gönguvað* heimild um vað 64°00.943N 20°49.875V
"Nokkru norðar [en Heybandsvað 042] var enn eitt vað á Höskuldslæk. Það var nefnt Gönguvað. Þar var breidd nokkur á læknum en sléttur blágrýtisbotn. Þarna vóð göngufólk oft yfir lækinn, bæði að og frá Vaðnesi", segirí örnefnaskrá. Talið er að þetta vað hafi verið vestar en Torfavað (039). Tæpum 300 m vestan við Torfavað er blágrýtisbotn í læknum og hann breiðir úr sér; það gæti verið Gönguvað þótt ekki sé hægt að slá því föstu.
Grónir lækjarbakkar, ofar er eggjagrjót og meiri straumur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 15-16

**ÁR-439:022** *Stöðullinn* örnefni kvíar 64°01.069N 20°51.473V
"Hjá heimreiðinni fyrir vestan túnið var Stöðullinn", segir í örnefnaskrá. Hann hefur líklega verið skammt vestan við þar sem nú er heimreið en suðvestur af stóra fjárhúsinu austan heimreiðarinnar. Líklega skammt austur af fjárborginni (024). Nú nýræktartún, nýlega plægt. Engar mannvirkjaleifar sjást.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 4

**ÁR-439:023** *Kvíaflatir* heimild um kvíar 64°01.062N 20°51.422V
"Norðan við heimreiðina, út við túngirðinguna, voru í gamla daga hálfgrónir melar, er nefndust Kvíaflatir. Þar voru á uppvaxtarárum mínum færikvíar, þegar ær voru mjaltaðar, en lagt niður um 1920", segir í örnefnaskrá. Kvíaflatir voru norðvestur af bæ, innan við 100 m en nánast í beina stefnu á fjárborgina (024).
Nú nýræktartún.
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 4

**ÁR-439:024** *Fjárborg* tóft fjárskýli 64°00.993N 20°51.560V




"Í sambandi við þessi örnefni [Borgarhóll, Borgarvík] má nefna, að heim við túnið, nálægt áðurnefndum ærhúsum, var vallgróin hringmynduð rúst á mel, allt að fjórum metrum í þvermál. Sögðu gamlir menn, að þetta hefði verið Fjárborg á fyrri tíð, áður en fjárhús komu almennt til sögunnar", segir í örnefnaskrá. Borgin er um 400 m vestur af bæjarhól, um 100 m frá stóru fjárhúsunum við heimreiðina. Nýræktartún sunnan og norðan við. Svæðið umhverfis fjárborgina hefur líklega verið í órækt en nýlega (sumarið 2000) verið plægt og sléttað alveg upp við borgina. Þegar þetta er skrifað er mold og umrót allt í kringum tóftina, hún rís upp úr flaginu umvafin háu grasi og ber töluvert á henni. Hringlaga og algróin tóft, stendur í dálitlum halla mót suðri. Ekki sést hvar dyr hafa verið. Heildarummál um 10 x 10 m en hvilft í miðju allt að 4 x 4 m. Veggir mjög signir en hæð þeirra allt að 1,7 m að utan. Ekki er víst að sé að marka þá hæð þar sem land gæti hafa verið lækkað umtalsvert í kring með jarðýtu. Hvað sem því líður er borgin minna sigin en aðrar slíkar í Grímsnesi, það sést á hvilftinni innan veggja sem er óvenju djúp.
**Hættumat:** stórhætta, vegna jarðræktar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 11-12

**ÁR-439:025** gata leið 64°01.223N 20°51.431V
"Frá þessum Hágarði [sem er hluti túngarðs] lá göngu- eða ferðamannagatan frá Vaðnesi út að Snæfoksstöðum. Mun enn sjást fyrir þeirri götu", segir í örnefnaskrá. Gatan sést 20-30 m norðan við norðurhluta túngarðsins.
Grasþýfi utan túns. Allt að 0,5 m djúp gata, liggur A-V.
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 4-5

**ÁR-439:026** tóft rétt 64°01.206N 20°51.295V
"Nokkurn spöl austan við Hágarð var fjárréttin, utan við túngarðinn. Hún var nokkuð stór, hlaðin úr grjóti, norður af henni var dilkur, sem notaður var við sundurdrátt", segir í örnefnaskrá. Aðeins hluti réttarinnar er enn uppistandandi við norðurhluta túngarðsins. Tún í halla mót suðri, réttin er efst uppi á brún. Sá hluti sem enn stendur gæti verið dilkurinn eða hluti réttarinnar. Stærð 5 x 13 m, grjóthlaðnir veggir, veggjahæð allt að 1,2 m. Austan við þetta hólf er búið að smíða rétt úr tré og opnast dilkurinn inn í það.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 5

**ÁR-439:027** gata leið 64°01.100N 20°50.358V
"Yfir Löngumýrarhrygg sunnan til lágu götur og áfram yfir mýrina. Þar tók við hraun, sem hét Kaldalækjarhraun. Þar lá gatan einnig yfir að vaði á Höskuldslæk, er hét Torfavað og áður er getið", segir í örnefnaskrá. Gata, sem gæti komið heim við þessa lýsingu, er um 100 m norðaustan við Helluholt, liggur suður fyrir holtið. Gatan sem hér er lýst hlýtur að sameinast götu 029 nálægt Torfavaði.
Þýfðir móar. Gatan er greinileg og alldjúp.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 15

**ÁR-439:028** gata leið 64°01.311N 20°51.306V
"Gata var út úr túninu skammt austan við réttina [026], sem lá norður hraunið í áttina upp að Klausturhólum. Mun það hafa verið gömul kirkjugata, en í Klausturhólum var sóknarkirkjan til 1932", segir í örnefnaskrá. Gatan sést enn víða, t.d. ef gengið er frá réttinni og til norðurs í beina stefnu á nokkuð áberandi brunahól um 500 m fjær. Þýfðir móar grasbalar hér og þar. Gatan liggur frá norðri til suðurs, um 1 m breið og fremur lítið gróin.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 5

**ÁR-439:029** gata leið 64°01.040N 20°49.601V
Þegar gengið er upp með Höskuldslæk, í átt að Hraunkotsmörkum, sjást götur, 4-500 m vestan við Torfavað (039). Líklega er þetta leið sem lýst er svo í örnefnaskrá: "Þegar ferðamenn komu að vestan og voru á austurleið, sáust þeir hverfa ofan í slakkann, sem nefndist Leynirinn; var hann utan túns, austan við Háubrekku. Ferðamennirnir fóru yfir Leirlækinn og komu ekki fram fyrr en við austurhliðið á túngirðingunni. Þetta var hin gamla ferðamannaleið, þegar komið var utan yfir Álftavatn, farið fram hjá Öndverðarnesi og haldið til bæja á suður- og austurhluta Grímsnessins", segir í örnefnaskrá.
Móaholt. Á þessum slóðum birtast nokkrir samhliða götupaldrar á lækarbakkanum. Uppi á holtinu rétt hjá Torfavaði eru þeir orðnir að einum, djúpum troðningi.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 5

**ÁR-439:030** heimild um ristu 64°01.253N 20°50.671V
"Þarna [í Kaplamýri] var og torfrista, bæði skorið heytorf og til bygginga", segir í örnefnaskrá. Mýrin er rétt tæpa 500 m austur af bæ þar sem hún er næst, uppi á hæð. Þýfð mýri. Engin merki um torfristu sjáanleg. Torfið var þurrkað á Torfholti sem er austan við Kotlæk.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 14

**ÁR-439:031** tóft beitarhús 64°01.676N 20°51.148V
"Á fyrrnefndu svæði [norðan Hraunkotsbrautar] munu ekki vera fleiri örnefni, utan neðra sauðahúss yngri sauðanna, er stóð miðja vegu milli Vaðnessbæjar og efra sauðahússins sem áður er nefnt", segir í örnefnaskrá. Tóft hússins er 1 km norður af gamla bæjarhólnum en um 600 m sunnar en 032.
Uppgróið hraun. Húsið stendur austan undir grónum en lágum hól. Austan við er gata eða troðningur, gæti verið kirkjugatan að Klausturhólum.
Heilleg tóft, alls 5,5 x 15 m. Snýr NV-SA með dyr í SA og stóra hlöðu í norðurenda, hún er 4 x 5,5 en lítið niðurgrafin. Einn hlaðinn garði er eftir miðju. Hleðsluhæð veggja allt að 1,5 m. Vekur athygli að töluvert ber á flötum hleðsluhellum en í námunda er ekkert að fá nema hraungrýti. Virðist hugsanlegt að grjót hafi verið flutt frá Helluholti sem er 1,3 km suðaustar (sjá t.d. 020).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 13




**ÁR-439:032** 3 tóftir beitarhús 64°01.994N 20°51.284V
"Ekki langt frá, þar sem Kjölurinn endar, eru Kjöltöglin. Lítið fjær, til austurs, voru sauðahús eldri sauðanna frá Vaðnesi. Þau eru nú fyrir löngu fallin í rúst ásamt fleiri fjárhústóftum í landareigninni, sem enginn veit nú lengur deili á", segir í örnefnaskrá. Tóftir eru 1,6 km norður frá bæ. Best er að ganga frá Vaðnesi og taka stefnuna hér um bil á Seyðishól. Fyrst liggur leiðin yfir mólendi en svo er komið að hraunbrún. Undir henni er mjög djúp laut eða dalverpi og til að komast upp á brúnina þarf að fara upp snarbratta brekku. Þegar kemur upp á brún sést til tófta um 400 m norðar. Talsvert uppgróið hraun, sumsstaðar lágt birkikjarr.
Þrjár fjárhústóftir eru sjáanlegar, allar snúa N-S með dyr í suður. a) Þessi tóft er syðst og gæti verið elst, hleðslur allsignar og grónar, samt sér í grjót innan veggja. Stærð 8 x 5, hvorki sést hlaða né garðar. Frá norðurenda tóftarinnar liggja hleðslur, sín frá hvoru horninu og mynda hólf, alls um 11 x 5 m. Gæti verið rétt eða aðhald, minna gróið en húsið sjálft. b) Næsta tóft er 25 m norðar, fremur ungleg. Stærð 13 x 6 m, hlaða í norðurenda og mótar fyrir einum garða, hann er þó hálfur undir austurlanghlið sem hefur hrunið inn. Í þessu húsi er hraungrýti en einnig flatar



grjóthellur sem gætu verið komnar úr Helluholti sem er 1,9 km suðaustar. Hleðsluhæð allt að 1,2 m. 30-40 m norðvestar er lítil varða á hól. c) 40 m norðaustur af b) er einföld fjárhústóft, 5 x 12 m. Hvorki hlaða né garðar, virðist eldri en b) en líklega yngri en a) þótt ekki verði það fullyrt. Í lýsingu hér á ofan er talað um fleiri fjárhústóftir sem enginn veit lengur deili á. Ekki reyndist unnt að staðsetja neina þessara tófta nema eina sem ekki er ljóst hvort er í Vaðnes- eða Hraunkotslandi (sjá ÁR-440-013).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 13

**ÁR-439:033** garðlag túngarður 64°01.194N 20°51.117V
"Ekki alllangt frá [Litla-Nátthaga] var Stóri-Nátthagi, einnig var hlaðinn umhverfis hann grjótgarður, og hluti af honum sjálfur túngarðurinn", segir í örnefnaskrá. Túngarður er enn heillegur norðan bæjar og austan hans að hluta. Gamalt tún, nú að mestu leyti notað fyrir kúabeit. Nokkuð hæðótt, rís hæst norðan bæjar og þar er túngarðurinn uppi á brúninni, fer svo lækkandi og liggur garðurinn því niður brekku að austanverðu.
Hann er hlaðinn úr stóru hraungrýti, allt að 1,1 m hár og virðist að einhverju leyti viðhaldið. Liggur fyrst um 300 m til norðausturs frá heimreiðinni, áður en komið er að bænum en sveigir þá til suðausturs. Þar er hann orðinn gróinn eftir rúma 100 m. Nátthagarnir tveir eru sambyggðir túngarðinum, eru hlið við hlið í norðurhorninu. Stóri-Nátthagi er norðar, stakur garður er hlaðinn þvert yfir hornið, milli norður- og austurhliðar túngarðs og myndar þar afgirtan skika, um 100 x 100 m. Litli-Nátthagi er líklega um helmingi minni, næstum hringalaga hleðsla út frá túngarði.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 5

**ÁR-439:034** heimild um brú 64°01.173N 20°51.190V
"Fyrrnefndur bæjarlækur skipti túninu í Austur- og Vesturtún. Norðaustur af bænum í áttina til nátthaganna var brú á læknum. Það voru hlaðnir kampar og lagðar hellur yfir. Var sú brú fær hestvögnum", segir í örnefnaskrá. Brúin hefur verið fáeina metra norðaustur af bæjarhól (001). Lítill lækur, austur af honum brött en stutt brekka, grasi gróin. Brúin er horfin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 5

**ÁR-439:035** heimild um hlóðir 64°01.173N 20°51.190V
"Norðan brúarinnar við lækinn voru hlóðir, sem ávallt voru notaðar við ullarþvott á vorin. Bak við hlóðirnar var brekka, sem lá til Austurtúnsins", segir í örnefnaskrá. Næstum beint austur af húsi því sem stendur suðaustast á bæjarhól. Lækur, austur af honum brött en stutt brekka, grasi gróin. Hlóðirnar eru löngu horfnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 5

**ÁR-439:036** *Fellilúsarbrot* heimild um vað 64°00.911N 20°50.309V
"Yfir Höskuldslæk er þarna [nálægt Garðsendahyl] grunnt gönguvað, sem kallað var Fellilúsarbrot (mun nafnið komið af því, að lækurinn gróf oft undan bakkanum, svo hann féll í lækinn)", segir í örnefnaskrá. Enginn veit nú með vissu hvar vaðið var. Lýsingin bendir þó til þess að það sé nálægt Garðsendavaði (041) sem er þekkt.
Grasi grónir bakkar beggja megin. Gengið var meðfram læknum og aðstæður skoðaðar. Líklegast sýnist að Fellilúsarbrot hafi verið 100-200 m ofar en Garðsendavað, þar breiðir lækurinn nokkuð úr sér.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 9

**ÁR-439:037** *Kjölvarða* varða
"Vestan hans [hrauntanginn Norðurnef] er Þrívörðuhraun. Á brún austan þess er hraunvarða, sem nefnist Kjölvarða. Var hún við gömlu göngugötuna, sem lá út að Snæfoksstöðum [025]", segir í örnefnaskrá. Vörðunnar var leitað en fannst ekki sumarið 2000. Á þessu svæði er mikið birkikjarr og fjölmargir sumarbústaðir.
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 12

**ÁR-439:038** tóft 64°01.037N 20°49.580V
Torfavað (039) er á Höskuldslæk fast við mörkin milli Hraunkots og Vaðness. Vestan megin við vaðið er klettarið sem skagar út í lækinn. Á grasflöt upp við klettana austanverða mótar fyrir hleðslu. Algróinn bakki við lækinn. Mjög ógreinileg steinaröð, nær alveg sokkin í jörð. Myndar lítið hólf út frá klettunum, um 5 x 4 m. Kjartan Pálsson telur að þarna hafi verið rekið að áður en farið var með skepnur yfir á vaðinu.
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 6

**ÁR-439:039** *Torfavað* heimild um vað 64°01.030N 20°49.557V
"Yfir Löngumýrarhrygg sunnan til lágu götur og áfram yfir mýrina. Þar tók við hraun, sem hét Kaldalækjarhraun. Þar lá gatan einnig yfir að vaði á Höskuldslæk, er hét Torfavað og áður er getið. Á vaði þessu voru fleiri nöfn, svo sem Hraunkotsvað, Efravað og Ferðamannavað", segir í örnefnaskrá. Torfavað var um það bil við mörkin milli Hraunkots og Vaðness. Miðað við staðhætti mætti ætla að það væri 20-30 m vestar en núverandi markagirðing. Gróinn bakki norðan megin. Lækurinn er grunnur með blágrýtisbotni á þessum stað.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 15

**ÁR-439:040** *Hraunkotsgata* gata leið 64°01.392N 20°49.690V
"Þá tökum við síðasta örnefnasvæðið í Vaðneslandi. Það náði frá austurhliði túngirðingarinnar, og er í austurátt frá bænum, beggja vegna við Hraunkotsgötuna (ferðamannagötuna gömlu, ekki vagnbrautina), er liggur austur að Hraunkoti", segir í örnefnaskrá. Austur af Vaðnesi, nálægt mörkum við Hraunkot er löng mýri milli tveggja holta, hún liggur A-V. Í henni eru a.m.k. tvær tjarnir. Uppi á holtinu norðan við mýrina er gata. Móaholt. Djúpur troðningur sem virðist liggja í beina stefnu frá Vaðnesi að Hraunkoti. Bendir allt til að það sé Hraunkotsgatan.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 13

**ÁR-439:041** *Garðsendavað* heimild um vað 64°00.975N 20°50.367V
"Meðfram [Hraunsnefi] rennur Höskuldslækurinn, og eru þar nokkur örnefni við lækinn, svo sem Garðsendabakki, Garðsendaflúð og Garðsendavað yfir Höskuldslæk", segir í örnefnaskrá. Kjartan Pálsson telur að vaðið sé þar sem kaldavermslalækur rennur út í Höskuldslæk, um 100 m austan við svonefnt Helluholt (þar er mikið og gott hleðslugrjót), rúma 700 m suðaustur af bæ. Grasbakkar beggja megin lækjar. Ekki sérlega grunnt vað, nær hesti líklega í bóg. Botn sýnist þó ágætlega traustur. Einhver ruglingur virðist hafa átt sér stað með staðsetningu á þessu vaði. Í Arnarbæli var einnig skráð Garðsendavað á Höskuldslæk en á allt öðrum stað (sjá ÁR-441:047).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 9

**ÁR-439:042** *Heybandsvað* heimild um vað 64°00.868N 20°50.791V
"Áður fyrr voru stundum sóttar slægjur frá Vaðnesi austur að Arnarbæli. Var þá heybandið reitt yfir Höskuldslæk á vaði, sem hét Heybandsvaðið", segir í örnefnaskrá. Heybandsvað er ekki vel þekkt. Kjartan Pálsson telur líklegast að það hafi verið suðaustur af bæ, nálægt Pétursþúfu sem er smáhæð við lækinn, um 700 m suður af bæ. Nú hestagirðing. Áin sveigir frá austri til suðurs á þessum stað, virðist ekki hentugt vað nú.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 15

**ÁR-439:043** *Mómýri* heimild um mógrafir 64°01.070N 20°50.947V
"Þar austur af [Rauðimel] er Mómýrin. Þar var mórinn tekinn, nær mýri þessi að norðurenda tjarnarinnar", segir í örnefnaskrá. Mýrin er um 300 m suðaustur af bæ. Mýrlend brekka í halla, nú kúahagi. Mógrafir eru ekki djúpar á þessum stað. Þó er um 0,5 m djúp dæld, regluleg að lögun og vellur úr henni vatn.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 7-8

**ÁR-439:044** heimild um mógrafir 64°01.158N 20°50.861V
"Syðst í [Kaplamýri] munu enn sjást gamlar mógrafir, var þar mór tekinn fram á mitt minni [...] Í miðri Kaplamýri sáust mógrafir, sem voru djúpar og taldar mjög gamlar. Þær voru hættulegar skepnum og urðu þeim stundum a fjörtjóni", segir í örnefnaskrá. Mýrin er rétt innan við 300 m austur eða norðaustur af bæ. Þar hefur verið gert tún uppi á hæð en mýrin liggur meðfram því norðanverðu. Þýfð mýri. Syðst í mýrinni eru nokkur grunn síki eða dý, sem gætu verið gamlar mógrafir. Ekki var gengið yfir alla mýrina en nálægt miðbiki hennar fundust engar mógrafir.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 14

**ÁR-439:045** *Stekkjartún* heimild um stekk 64°00.688N 20°51.999V
"Þarna [við Borgarhól] var Stekkja(r)túnið og kvíar, sem minnst hefur verið á áður", segir í örnefnaskrá. Þessi staður er 1,1 km suðvestur af bæ, inni í sumarbústaðahverfi. Best er að aka þann afleggjara til vesturs sem næstur er Vaðnesi, heitir Hvítárbraut. Frá henni, nokkru neðar, liggur svonefnd Borgarhólsbraut og austan við hana er Borgarhóll, strýtumyndaður og sker sig nokkuð úr. Gróinn hóll, þó sér í grjót á honum. Birkiskógur allt um kring og sumarbústaður fast austan hólsins. Undir hólnum sunnanverðum er auður grasblettur en annars tré alls staðar í kring. Þar vottar fyrir tóftum en þær eru mjög ógreinilegar, enda gróður að færa allt á kaf. Lítur út eins og óregluleg bunga með mögulegri dæld í miðju, gæti samt allt eins verið náttúrumyndun. Stærð alls um 10 x 10 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 9

# ÁR-440 Hraunkot

10 hdr. 1708, 1847. Bændaeign.
1920: 4,8 ha, þar af slétt 1/3. Garðar 1070 m².
"Bærinn stóð í hraunbrún skammt frá Höskuldslæk að vestanverðu en var fluttur austur að Kiðjabergsvegi 1945. [...] Árið 1961 keypti Sjómannadagsráð jörðina og hefur rekið þar barnaheimili á sumrin. [...] Landið er að mestu hraunlendi með nokkrum jarðvegi ofan á. Jörðin á einnig landspildu austan Höskuldslækjar, mýrarspildu sem liggur milli Mýrarkots og Arnarbælis. [...] Að Hraunkoti hefur risið mikil sumarbústaðabyggð hin síðari ár." Sunnlenskar byggðir III, 147.

**ÁR-440:001** *Hraunkot* bæjarhóll bústaður 64°01.927N 20°48.884V




Hraunkotsbærinn stóð um 100 m suður af staðnum þar sem nú er þjónustumiðstöð fyrir sumarbústaði í Hraunkotslandi. Sunnan undir gróinni brekku, hátt gras. Neðan brekkunnar er nú fótboltavöllur en ofan bæjartóftarinnar er búið að gróðursetja grenitré og aspir. Næstum allt túnstæðið er á uppgrónu hrauni.
Tóftin sést enn vel, alls um 26 x 15 m. Erfitt reyndist þó að skoða hana nákvæmlega vegna mikils gróðurs, þó er greinilegt að framhlið hefur snúið mót suðri. Austast er greinilegt hólf, 3 x 7 m, með litlu útskoti nyrst. 8 umför grjóts í vesturvegg. Þá kemur 4 m breiður veggur og þvínæst annað hólf, um 2 x 7 m. Veggir að mestu hrundir inn. Þá kemur 2 m breiður veggur og því næst aflangt hólf sem snýr þvert á hin tvö. Stærð þess er um 4 x 9 m. Gæti verið hlaða, hluti hólfsins er niðurgrafinn. Vestast í hólnum mótar svo fyrir hólfi, stærð óljós. Hluti virðist steyptur, gæti hafa verið fjós eða annað útihús. Aðrir hlutar hólsins eru aðeins rústabunga norðan við greinilegu hólfin, sjást þar ekki teljandi misfellur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-440:002** heimild um lambhús 64°01.981N 20°48.905V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús um 60 m norðaustur af bæ og um 40 m suður af rétt sem er sambyggð túngarði og enn uppistandandi. Einar Sigurjónsson man eftir húsinu, segir það hafa verið lambhús.
Nú er á þessum stað steypt bílaplan við þjónustumiðstöðina.
Húsið er með öllu horfið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920




**ÁR-440:003** *Stekkjarhraun* tóft stekkur 64°02.250N 20°48.3
Hraun norðaustan bæjar nefnist Stekkjarhraun. Í hraunkrika 760 m norðaustur af bæ og um 150-200 m frá litlum golfvelli sem þar er, er stekkjartóft.
Algróin laut í viki undir hraunbrún. Er í sumarbústaðalandi, ógirtu.
Grjóthlaðinn stekkur, opinn í suður. Eitt stórt hólf með smáútskoti, líklega lambakró, og löng hleðsla út frá endanum, væntanlega aðhald sem koma átti í veg fyrir að fé hlypi upp um skoru í hraunbrúninni vestan stekkjarins. Stærð stekkjar um 5 x 7 m en hleðslan, sem kemur í beinu framhaldi af vesturlangvegg, er allt að 40 m löng. Lambakróin er nær alveg samanhrunin, gæti hafa verið um 3 x 2 m. Hleðslur nær alls staðar hrundar, veggjahæð hvergi yfir 0,5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




*Kort 24: Hraunkot – tún*




**ÁR-440:004** tóft fjárhús 64°01.927N 20°48.706V
Rúma 130 m SA af bæjarhól (001) er fjárhústóft, fast út við túngarðinn og rúma 60 m suðaustur af 005.
Uppi á sléttri hæð í óslegnu túni.
Einföld tóft án hlöðu og garða. Snýr N-S með dyr í suður. Veggir vel hlaðnir, allt að 1,8 m háir, og er það norðurskammhliðin sem rís hæst. Stærð 10 x 5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1920




**ÁR-440:005** tóft fjárhús 64°01.945N 20°48.771V
Skv. túnakorti frá 1920 stóð útihús um 80 m austur af bæ. 100 m SA af 001 er tóft og hlýtur að vera átt við hana, hún er 60 m norðvestur af 004.
Uppi á hól í óslegnu túni.
Mjög stæðileg og vel hlaðin tóft með dyr í suður og hólfi í norðurenda sem gæti verið hlaða. Hún er óvenju stór og lítið niðurgrafin, sýnist þríhyrningslaga. Grjóthlaðinn veggur milli hlöðu og fjárhúss og dyr á honum, reyndar hrunið fyrir þær. Heildarstærð um 14 x 5 m, engir garðar. Veggjahæð allt að 1,6 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**ÁR-440:006** tóft 64°01.916N 20°48.935V
Um 15 m vestur af bæjarhól 001 er tóft.
Sunnan undir gróinni brekku, hátt gras. Neðan brekkunnar er nú fótboltavöllur en ofan bæjartóftarinnar er búið að gróðursetja grenitré og aspir. Næstum allt túnstæðið er á uppgrónu hrauni. Tóftin er nær ferhyrningslaga, alls 13 x 10 m. Vestari helmingur er niðurgrafinn, greinilega hlaða en sá eystri skiptist í tvennt þversum með e.k. garða. Hólfið sunnan við garðann skiptist svo aftur í tvennt með grjóthleðslu. Dyr snúa í austur, að bænum. Veggir hlaðnir úr hraungrýti.

Hlaða allt að 2,5 m djúp en almennt er veggjahæð um 1,6 m. Þetta gæti verið fjós en fékkst ekki staðfest.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**ÁR-440:007** tóft 64°01.963N 20°48.693V
15 m austan við túngarðinn, 70 m NA af 005 og tæpa 170 m austur af bæjarhól 001 er tóft. Gróið hraun. Lítil tóft, virðist gömul. Snýr með dyr í suður og sést grjót þar, annars eru veggir signir og mosagrónir. Stærð 7 x 5 m. Veggjaþykkt um 1m og hæð um 0,8 m. Mjókkar til suðurs, í átt að dyrum.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-440:008** gata leið 64°01.955N 20°48.705V
Braut lá til austurs frá bæ í gegnum hlið á túngirðingu. Tún, utan þess uppgróið hraun. Á þessum stað er nú slóði, 2 m breiður og sýnilega stundum farinn á bíl. T.d. var farið þessa leið á engjarnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-440:009** brunnur 64°01.892N 20°48.890V
Brunnur var í túni innan við 100 m suður frá bæ. Óslegið tún, fótboltavöllur sunnan bæjar. Nú er brunnur með steyptu loki tæpa 70 m sunnan bæjartóftar (001). Vatn er í honum en ekki verður fullyrt hvort um er að ræða sama stað og gamli brunnurinn var á.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-440:010** *Hraunkotsbrautin* gata leið 64°02.402N 20°49.959V

"Norðan þessa örnefnasvæðis [Stóravik, Kjöltögl], sem nú hefur verið nefnt, var gamla brautin (vagnbraut) frá þjóðveginum heim að Hraunkoti, nefnd Hraunkotsbrautin. Hún var gerð fyrir hestvagna, og þeim aðeins fær á sumrin, en varð ófær í fyrstu snjóum. Langt er orðið síðan hún var notuð, en sér þó enn fyrir henni", segir í örnefnaskrá Vaðness. Brautin sést víða, t.d. sunnan við tún sem tilheyrir Miðengi, sunnan þjóðvegar þar sem Miðengisafleggjari liggur upp til norðurs. Gatan liggur yfir hálfgróið hraun nær alla leiðina. Hún sést enn mjög greinilega. Nyrst hefur hún legið frá þjóðveginum, yfir sléttu þar sem nú er tún frá Miðengi sunnan vegar. Sést hún ekki á túninu en birtist sunnan þess, þar sem hún sveigir upp brekku til austurs. Þaðan liggur stefnan nánst beint á Hraunkot, til suðurs eða suðausturs, og sést brautin víða vel, t.d. fast við beitarhús 011 og 012. Hún er allt að rúmum 2 m á breidd, kantarnir jafnir og ekki alls staðar gróin í botninn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 13

**ÁR-440:011** tóft beitarhús 64°02.402N 20°49.959V




Úti á hrauninu um 1,2 km norður af bæ, fast við Hraunkotsbrautina (010) sem enn er greinileg, er beitarhúsatóft. Stendur efst í grónum og hraunlausum slakka í hrauninu. Tóftin snýr SA-NV, dyrnar að sunnan, hlaða í norðurenda og einn grjóthlaðinn garði. Hann er nú algróinn sem og veggir að utanverðu. Hlaðið úr hraungrýti. Hlöðuveggir eru að miklu leyti hrundir inn en annars eru víða 5-6 umför í veggjum sem eru mosavaxnir. Hlaða 4-5 m löng. Lítur út fyrir að tvennar dyr hafi verið að sunnanverðu. Stök bárujárnsplata liggur við innganginn, gæti verið úr húsinu.
**Hættumat:** engin hætta




**ÁR-440:012** tóft beitarhús 64°02.581N 20°50.347V
Beitarhúsatóft er 450 m norðvestur af 011 og hátt í 1,5 km norður frá bæ. Næstum beint suður af Kerhól. Er í uppgrónu hrauni í nokkrum halla mót suðri. Hraunkotsbrautin (010) liggur fast upp með vesturlanghlið. Snýr N-S, dyr að sunnan en hlaða í norðurenda. Hún er ekki niðurgrafin en snyrtilega afmörkuð með einfaldri hleðslu. Engin merki um garða. Rof er í vesturlangvegg norðanverðum, nema þar hafi verið sérinngangur í hlöðu. Veggir hlöðu lægri en framar í húsinu. Sér í grjót í veggjum innanverðum. Stærð tóftar 14 x 6 m.
**Hættumat:** engin hætta




*Kort 25: Hraunkot - jörð*

**ÁR-440:013** tóft beitarhús 64°02.486N 20°50.822V

Úti á hrauninu norður af bæ er hóll sem Gullhóll heitir, á honum er tóft. Hóllinn er rúma 700 m vestur af 011. Nú er hann í Vaðneslandi, örskammt vestan við landamerkjagirðinguna en menn virðast ekki á eitt sáttir um landamerki milli Vaðness og Hraunkots. Hóll í grónu hrauni. Á þessum stað átti að rísa beitarhús en var aldrei klárað. Tóftin er einföld, 11 x 6 m með dyr í suður. Aðskilið hólf, líklega heytóft, fast norðan við, um 4 x 4 m. Sér í grjót í báðum tóftunum en samt eru hleðslur mikið grónar. 2 m milli veggja í húsinu en 1 m í heytóft. Engir garðar og veggir virðast aldrei hafa náð meiri hæð en 0,5 m.




**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vaðnes, 6

**ÁR-440:014** tóftir+garðlag óþekkt 64°02.190N 20°48.268V




Í Hraunkotslandi er vísir að golfvelli sunnan við stekkinn (003). Norðan eða norðvestan við golfvöllinn miðjan, þar sem hann er mjóstur, eru tóftir um 20 m frá jaðrinum. Valllendishóll skammt sunnan við hraunjaðar. Að minnsta kosti þrjár tóftir sjáanlegar. Sú greinilegasta er syðst, um 5 x 6 m, niðurgrafin og líkist heytóft. Allt að 2 m djúp, vottar fyrir grjóti í vesturvegg. Ryðgaðar bárujárnsplötur í botni. Um 10 m norðar er hóllinn hæstur og gróskumestur, þar vottar fyrir veggjum, hugsanlega fjárhúsi. Um 6 m breitt og 10-12 m langt en veggir gjörsamlega útflattir. Tóftin virðist mjókka til norðurs. Um 5 m austan við þessa tóft mótar fyrir tóft sem nú getur varla talist meira en þúst. Tæpa 15 m NV af tóftinni með útflöttu veggjunum er lítil tóft en kringum hana er þýft og hverfur hún nánast af þeim sökum. Virðist 7 x 4 m, líklega 2 hólf. Innan við 10 vestan við hana er svo greinilegt en útflatt garðlag, liggur frá hraunjaðrinum til suðurs. Garðurinn er allt að 1 m hár, allt að 2 m breiður, vaxinn lyngi og mosa. Hægt er að fylgja honum rúma 50 m til suðurs en eftir það er hann mjög ógreinilegur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-440:015** *Smiðsnes* tóft+garðlag býli 64°02.195N 20°47.160V




"Gegnt Mýrarkoti var Smiðsnes, eyðibýli vestan við Höskuldslæk, úr landi Hraunkots", segir í Sunnlenskum byggðum . Á Kiðjabergsvegi er brú yfir Höskuldslæk. Austan við hana sveigir lækurinn úr norðri til vesturs og myndast dálítill tangi eða nes við beygjuna. Á því norðanverðu, innan við 50 m vestan lækjar, er tóft. Mosaþýfi en nokkurt valllendi út við lækinn á nesinu, sunnan tóftar. Greinileg tóft, 8 x 15 m og hólfaskipting fremur ljós. 4-5 hólf, hvert við hliðina á öðru. Hið austasta er um 5 x 2,5 m, dyr í suður. Þá kemur stærra hólf, um 3 x 7 m, einnig með dyr í suður. Miðhólfið er stærst, utanmál þess um 4 x 8 m, dyr í suður. Hugsanlega innangengt í næsta hólf sem er ámóta stórt en óreglulegra. Úr því virðast bæði dyr í norður og suður. Í norðvesturhorni þessa hólfs er stök þúst, gæti verið 5. hólfið, um 4 x 4 m. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Enginn túngarður er umhverfis og raunar er ekkert túnstæði við tóftina. Hugsanlega hefur verið slegið sunnar á nesinu, þar er sléttlent og nú hátt gras. Suður af tóftinni er hinsvegar greinilegur kálgarður, grjóthlaðinn en að mestu gróinn, stærð 13 x 21 m. Skiptist í tvennt þversum með óljósu garðlagi. Veggir allt að 2 m breiðir og um 1 m háir. Gömul gata liggur úr norðri að tóftinni en sveigir til SV við NV-horn hennar, e.t.v. gata að Hraunkoti.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** SB III, 149

**ÁR-440:016** náma mógrafir 64°01.937N 20°47.647V
Mór var tekinn við Höskuldslæk, um 500 m vestan Kiðjabergsvegar, næstum beint á móti Svínakeldunesi sem er Arnarbælismegin við Höskuldslæk. Þýft mýrlendi. Mógrafir sjást allvíða á þessu svæði en einna greinilegast á bletti sem er um 50 x 200 m.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-440:017** *Móvað* frásögn vað 64°01.991N 20°47.950V
Móvað var á Höskuldslæk gegnt svonefndu Svínakeldunesi í Arnarbælislandi, tæpa 800 m austur af bæ.
Á þessum stað rennur lækurinn í kvíslum um hólma, nokkru ofar er dálítill foss. Norðan megin er snarbrattur moldarbakki.

Þetta vað var aldrei mikið notað.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-440:018** *Arnarbælisvað* frásögn vað 64°01.569N 20°48.590V
Vað var á Höskuldslæk milli Arnarbælis og Hraunkots. Ef dregin er bein lína á korti milli bæjanna fæst nokkurn veginn staðsetning vaðsins. Það var ýmist kallað Arnarbælisvað eða Kirkjuvað (þá líklega Kirkjuvað frá Arnarbæli en Arnarbælisvað frá Hraunkoti). Lækurinn breiðir úr sér á þessum stað og myndar svolítið sandvik norðan megin. Skammt austar gengur nes út í hann. Mýri að sunnanverðu.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-440:019** tóft 64°01.560N 20°48.716V
Rétt rúmum 100 m austan við Arnarbælisvað (018) er tóft, um 30 m norðan við lækjarbakka. Hlaðin í brattri en stuttri lyngbrekku, sunnan undir um mannhæðarháum, 10 m löngum kletti. Lækjarbakkinn neðan við er mýrlendur. Ferköntuð tóft, um 7 x 8 m. Op við klettinn austan megin. Hleðslur signar og mikið mosagrónar, hraungrýti í veggjum. Suðurhliðin er umfangsmest og hefur líklega verið hæst. Líkast til aðhald, jafnvel stekkur.
**Hættumat:** engin hætta




**ÁR-440:020** *Ferðamannavað* frásögn vað 64°01.374N 20°49.094V
Vað var á Höskuldslæk, um 300 m austan við Torfavað (ÁR-439-037) sem er u.þ.b. á mörkum Vaðness og Hraunkots. Lækurinn breiðir úr sér áður en hann krækir fyrir smánes Hraunkotsmegin. Mýrlent beggja megin lækjar og engin gata sést á þessum stað. Vað þetta var á gamalli ferðamannaleið sem lá frá bæjum austar í Grímsnesi allt að vaðinu á Álftavatni. Reyndar er í talið í örnefnalýsingu Vaðness að Torfavað og Ferðamannvað séu eitt og sama vaðið en úr því fékkst ekki skorið.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-440:021** garðlag túngarður 64°01.829N 20°48.828V
Túngarður er víða heillegur umhverfis Hraunkotstún. Ræktað tún á uppgrónu hrauni. Heillegur bútur liggur til norðvesturs með vesturhliðinni, allt að 200 m langur. Með norðurhlið er víðast hvar garður, nema þar sem vegur liggur að þjónustumiðstöð. Einnig er garður með austurhlið. Þar vottar raunar fyrir eldri garði í túninu, hugsanlega hefur það verið stækkað til austurs nema þar hafi verið nátthagi. Syðsta hluta túngarðs og suðaustasta hefur annaðhvort verið rutt burt eða haldið skemur við, þar vottar aðeins fyrir undirstöðum í háu grasi. Garðurinn er hvergi hár, óvíða meir en 1 m og þrjú umför grjóts. Hátt í 1 m breiður, hlaðinn úr hraungrýti. Traðir eru samtengdar túngarði norðvestanverðum og liggja heim að bæjartóftinni. Langheillegustu traðir sem skráðar hafa verið í Grímsnesi, alls um 50 m langar og 3 m breiðar. Að mestu ógrónar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

# ÁR-441 Arnarbæli

30 hdr. 1708, 1847. ½ Mosfellskirkjueign, ½ bændaeign. Arnarbæli var meðal þeirra jarða sem Henrik Bjelke fékk frá konungi og keypti Árni Pálsson hana af aðmírálnum - JÁM XIII, 500. 26.1.1668 selur Vigdís Jónsdóttir Álfi bróður sínum 15 hdr í Arnarbæli fyrir 30 hdr í lausafé. - Jarðabréf, 11. 1702 eignuðust sr. Gísli og sr. Árni Álfssynir jörðina að erfðum eftir systur sína - JÁM II, 346. 1708: "Mýrarkot, eyðihjáleiga. bygð í heimalandi, hefur í auðn legið í næstu 12 ár." JÁM II, 347. 1708: "Rifhrís til eldiviðar hefur verið til fengið frá Vaðnesi fyrir slægjur frá Arnarbæli, þegar sauðatað hefur ekki unnist til eldiviðar." JÁM II, 347.
"Landamerki jarðarinnar eru þessi: Arnarbæli í Grímsnesi liggur syðst í sveitinni fram við Hvítá, og rennur áin með landinu að sunnan, en að vestan Höskuldslækur. Svínakelda að norðan, og úr nyrztu rásinni, sem rennur í hana að austan, eru upphlaðnar vörður í mörkum um Minni-Selhól og Langholt og austur í Rauðkolluflóð, þaðan í Markholt, þá í Markakeldu og ræður hún fram í Hvítá." Ö-Arnarbæli, 1.
1918: Vesturbær: Tún 3,2 ha, þar af slétt 5/6. Garðar 1181 m². Austurbær: Tún 5,0 ha, þar af slétt 9/10. Garðar 1937 m².
"Bæirnir standa hátt, skammt frá Hvítá. Stuðlabergsstapar eru þar vestan við. Jörðin á land með Hvítá vestur að Höskuldslæk. Næst ánni eru brattir ásar með mýrarsundum á milli. Eftir því sem norðaustar og ofar dregur verður landið sléttara og skiptast á móar og mýrlendi." Sunnlenskar byggðir III, 149.

**ÁR-441:001** *Arnarbæli* bæjarhóll bústaður 64°00.206N 20°48.946V
Hóllinn þar sem bærinn stóð lengst af er 50-100 m austur af núverandi bæjarhúsi. Lengi var tvíbýlt í Arnarbæli og voru bæirnir sambyggðir. Bærinn hefur staðið sunnan undir sérkennilegum og háum stuðlabergsklettum. Fram af hlaðinu hallar til suðurs en beint fyrir framan það sem eftir stendur, ofan á bæjarhólnum, liggur malarvegur úr austri til vesturs. Mikill og þéttur trjálundur er nokkra tugi metra austan við bæjarhólinn. Uppi í

brattri hlíð norðan við austurhluta bæjarhóls eru nokkur gömul tré og rabbabari.
Bæjarhóll austur- og vesturbæjar er einn og óskipur þótt dálítið bil hafi verið milli bæjarraðanna, vart meira en nokkrir metrar. Enn má gera sér glögga grein fyrir bæjarröðinni og hóllinn er að heita má óskemmdur. Framhlið hefur snúið mót suðri. Enn standa hús á hólnum. Austast er lítið torfhús í gömlum stíl, nýlega gert upp og notað sem reykhús. Mjög glöggir, hlaðnir veggir og hlaðinn inngangur upp að dyrum en timburþil á framhliðinni. Sambyggt reykhúsinu er kúlulaga jarðhýsi sem ekkert timbur sést í, lítur út eins og risastór kartöflugeymsla. Upp við hana að vestan er svo 6-7 m langt bil, þýft. Við hlið þess sjást hleðsluleifar en upp úr þeim gnæfa leifar af steyptum súrheysturni. Vestur af honum eru enn hleðslur, enda stendur hann eiginlega innan hlaðinna veggja. Vestast á bæjarhólnum er svo bárujárnsskemma sem enn er notuð. Hólmyndun er allgreinileg, sérstaklega norðan við uppistandandi hús, og bæjarhóllinn mjög langur, upp undir 70 m en breiddin um 25 m. Ætla má að hann sé að miklu leyti óskemmdur, nema þar sem súrheysturninn er. Svona er bæjunum lýst í örnefnalýsingu: "Í Austurbæ eru þessi hús: Austast er skemma með skúrþaki, þá stofa með lofti yfir og kjallara undir og eldhús í norðurenda með eldavél. Þá gangur í stofu, baðstofu, búr og eldhús. Þá baðstofa og svefnherbergi með kjallara undir, að baka til búr og eldhús með hlóðum og torfþaki. Þar norður af safnfor og vanhús. Vestur af baðstofunni kemur þurrkhjallur, þá smiðja vestast. [...] Vesturbær: Austast er skúr til geymslu, þá baðstofa með kjallara undir og eldhús fyrir aftan. Þá bæjardyr, þá heyhlaða, þá fjós með áföstu hænsnahús norður af, og hesthús hinumegin."
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Arnarbæli, 1

**ÁR-441:002** heimild um útihús 64°00.332N 20°48.777V
Skv. túnakorti frá 1918 stóð hús 10 m norður af 006. Hátt gras en sléttlent. Aðeins 4-5 m norðar er röð af öspum, liggur A-V. Engin tóft sést. Hugsanlegt er að rask hafi orðið vegna trjáræktar eða að tóft 006 hafi verið stækkuð til norðurs og farið yfir þetta hús.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-441:003** tóft útihús 64°00.290N 20°48.992V




Skv. túnakorti frá 1918 stóð hús um 100 m vestur af bæjarhól 001. Á mjög svipuðum slóðum er nú tóft, 10-15 m suðaustur af Stöðulkletti (sjá 011). Líklega er þetta sama og segir um í örnefnalýsingu: "Annað hesthús er ofar, skammt frá, og fjárrétt." Smáræma milli Stöðulkletts og mikillar trjáræktar þar suður af. Tóft með sambyggðri rétt. Húsið sjálft er 5 x 6 m, með dyr á suðurlanghlið, einfalt. Rusli hefur verið hent í tóftina. Réttin liggur frá austurskammhlið, alls 6 x 15 m. Að grunni til eru nokkrir jarðfastir klettar í réttinni, sem er að miklu leyti gróin. Hún er alveg opin í austurenda. Hleðsluhæð í húsi mest um 1,7 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Arnarbæli, 1

**ÁR-441:004** heimild um útihús 64°00.301N 20°48.880V




Skv. túnakorti var tóft innan við 10 m suður af 005.
Gróin brekka. Lítil, ferköntuð tóft, 6 x 6 m, með dyr að sunnan. Veggir nærri algrónir, hátt gras umhverfis. Aðeins um 3 m sunnar er röð af öspum við túnjaðarinn.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-441:005** tóft útihús 64°00.310N 20°48.890V




Skv. túnakorti frá 1918 var útihús um 120 m austur af austasta hluta bæjarhóls. Tóftin er 10-15 m austan við núverandi tún en meðfram því er búið að gróðursetja aspir.
Grasi gróin brekka mót suðri. Dálítill hóll fast austan við.
Greinileg tóft, 7 x 12 m, snýr nokkurn veginn N-S, líklega fjárhús. Fremri hlutanum er skipt í tvennt með vegg eftir endilöngu, þó ekki allra nyrst. Þar virðist hafa verið hlaða, þó lítt niðurgrafin. Tóftin er full af rusli, sprekum og fúatimbri. Hleðsluhæð allt að 1,5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1918




*Kort 26: Arnarbæli, austurbær – tún*




**ÁR-441:006** tóft fjárhús 64°00.331N 20°48.753V
Skv. túnakorti var útihús 170 m ASA af bæjarhól. Tóftin er austan núverandi túnræktar og hefur verið allra austast í gamla túninu, fast vestan undir háum kletti, 120 m suðaustur af 004 og 005. Fjarlægð frá bæjarhól meira en 200 m. Búið er að gróðursetja tré í beinum röðum umhverfis reitinn sem tóftin stendur á, 15-20 m frá henni. Nokkrar aspir eru fast uppvið SV-horn tóftar. Heilleg og stór fjárhústóft, 20 x 11 m. Hefur eflaust verið notuð langt fram á 20. öld því að timbur og bárujárn er í norðurenda, þar sem hlaðan er. Op að sunnan, tveir garðar eftir endilöngu, hátt gras innan veggja. Hlaðið úr blágrýtishnullungum, veggir að mestu ógrónir að innanverðu. Veggjahæð mest um 1,2 m.
**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-441:007** heimild um útihús 64°00.304N 20°48.725V
Skv. túnakorti var hús 30 m suðvestur af fjárhúsi 006. Gróin brekka, hallar mót suðri. Utan núverandi túnræktar. Aspir eru 20 m norðvestar. Engin tóft sjáanleg en töluverður þúfnabingur. Hugsanlega hefur grjótið verið fjarlægt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-441:008** hús fjárhús 64°00.122N 20°49.173V
Um 130 m vestur af vesturenda bæjarhóls er strýtumyndaður stuðlaklettur í túni. Skv. túnakorti 1918 stóð útihús um 40 m vestur af honum. "Ærhús með áfastri hlöðu er vestast á túninu", segir í örnefnaskrá og er líklega um sama hús að ræða. Í túnjaðri, hátt gras. Enn stendur á þessum stað fjárhús sem líklega er nýlega hætt að nota. Stærð 17 x 20 m, grjóthlaðnir útveggir en að öðru leyti timbur og bárujárn. Tvennar dyr og hlaða í norðurenda, við hana steyptur súrheysturn. Dyr mót suðri. Húsið er býsna illa farið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Arnarbæli, 2




**ÁR-441:009** tóft hesthús 64°00.167N 20°49.138V
Um 130 m vestur af vesturenda bæjarhóls er strýtumyndaður stuðlaklettur í túni. Skv. túnakorti 1918 stóð útihús um 20 m norður af honum. Þar er nú tóft. Í örnefnaskrá segir: "Nokkru vestar [en bærinn 001] er lambhús hlöðulaust [sjá 010], hesthús er skammt ofar og fjárrétt hjá." Líklegt að tóftin sé af hesthúsinu.




*Kort 27: Arnarbæli, vesturbær – tún*

Túnjaðar, ekki slegið umhverfis tóftina. Frá norðurhluta hennar hallar til norðurs. Tóftin snýr A-V en dyr á norðurlanghlið. Hátt gras á veggjum og ekki sér í grjót, þó er greinilega skammt í það. Stærð 9 x 4,5, veggjahæð mest um 1,5 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Arnarbæli, 2

**ÁR-441:010** hús lambhús
Um 130 m vestur af vesturenda bæjarhóls er strýtumyndaður stuðlaklettur í túni. Skv. túnakorti 1918 stóð útihús um 20 m austur af honum. Þar er nú gamalt fjárhús. Í örnefnaskrá segir: "Nokkru vestar [en bærinn 001] er lambhús hlöðulaust [...]." Líklegt að átt sé við sama hús. Í túnjaðri, hallar til suðurs. Fjárhús með grjóthlöðnum veggjum, timburverki og bárujárnsþaki, að hruni komið. Stærð 18 x 6,5. Hlaða í norðurenda, hún er töluvert breiðari en húsið og ekki undir þaki. Dyr að sunnan. Einn grjóthlaðinn garði eftir endilöngu, hleðsluhæð mest tæpir 2 m í hlöðu en hún er talsvert niðurgrafin.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Arnarbæli, 2

**ÁR-441:011** *Stöðulflöt* örnefni kvíar 64°00.268N 20°49.014V
"Fyrst fyrir sunnan bæinn, er Kirkjuhóll, sennilega bænahús til forna (sjá tilv), þá Túnhali, þar næst kemur Nónklettur. Þar fyrir norðan balar, þá Bæjarklettur og Klettaflöt. Þá Stöðulklettur og Stöðulflöt", segir í örnefnaskrá. Stöðulflöt er vestan við Stöðulklett sem stendur stakur ofan við tóft 003, 100-150 m norður af bæ. Nú er tún vestur af klettinum. Engin mannvirki eru sjáanleg á flötinni en töluvert laust grjót er upp við klettinn, þó ekkert lag á því. Fleiri örnefni í námunda minna á stöðulinn, t.d. Stöðulmýri og Stöðulholt.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2




**ÁR-441:012** tóft rétt 64°00.172N 20°49.119V
Innan við 10 m austur af 009 er tóft. Í örnefnaskrá segir: "[...] hesthús er skammt ofar [en 010] og fjárrétt hjá." Líklegt er að tóftin sé af fjárréttinni. Túnjaðar, hátt gras. Norður af tóftinni er brött brekka mót norðri. Óregluleg lögun, einna næst því að vera þríhyrningslaga, stærð um 12 x 10 m. Dyr í norður, um 2 m breiðar. Veggir hlaðnir úr mjög stórum blágrýtishnullungum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2

**ÁR-441:013** heimild um áveitu 64°00.208N 20°48.760V
"Vestan við Binginn eru svokallaðar Veitur (nú tún) en Bæjarlæknum var veitt á þær til 1940", segir í

örnefnaskrá. Þetta er túnskikinn sunnan vegar, 50-100 m áður en komið er að stórum skógarlundi norðvestan við bæjarhól 001. Rennislétt tún. Ekki fundust merki um áveituna, bæjarlækurinn er 100-200 m norðvestar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Örnefni í landi Arnarbælis I, 2

**ÁR-441:014** *Tjarnarbarð* heimild um mógrafir 64°00.344N 20°48.208V
"Sunnan við Ásmýri er Tjarnarbarð, þar er mótak", segir í örnefnaskrá. Tjörnin sem barðið er kennt við var fast norðan við veginn heim að Arnarbæli, tæpa 500 m austnorðaustur af bæ. Vegur fast sunnan við en tún með skurðum norðan við. Nú sést einungis dæld sem stör vex í þar sem tjörnin var, enda hefur svæðið verið framræst. Ekki sjást mógrafir.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 5

**ÁR-441:015** tóft 64°00.351N 20°48.858V




Rúma 90 m NNA af 004 og tæpa 300 m norðaustur af bæ, er tóft.Utan núverandi túns. Túngarðsleifar (024) sjást um 40 m suður af tóftinni, því hefur hún einnig verið utan gömlu túnmarkanna. Undir brekku sem klettar eru í efst. Töluvert hátt gras. Lítil tóft og sigin, 4 x 4 m. Fremur ógreinileg, smágrjót sést í austurhorni innanverðu. Norðurveggur mjög siginn. Dyr snúa í suður eða suðvestur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 1

**ÁR-441:016** gata leið 64°00.789N 20°49.283V
"Suðaustan við Kirkjuvað (ÁR-440:018) kemur fyrst flöt mýri, sem hallar að læknum, en brátt verður brún á mýrinni (meiri halli) sem heitir Kirkjubrún og nær hún langleiðina á móts við Grensásenda", segir í örnefnalýsingu. Karmholt er lágt en stórt holt um 1 km norður af bæ. Eftir því liggur greinileg gata til norðausturs og stefnir á áðurnefnt Kirkjuvað, gæti vel verið kirkjugatan að Klausturhólum. Lyngi vaxið holt. Djúp og mikil gata, annað og meira en kindatroðningur. Ekki fengust upplýsingar um hana en líklegt að um sé að ræða kirkjugötu að Klausturhólum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 1

**ÁR-441:017** heimild um fjárskýli 64°00.388N 20°49.691V
"Vestan við [Borgardal] er Ytri-Borgarás, minni og lægri en Borgarásinn", segir í örnefnaskrá. Annarsstaðar segir: "[...] Ytri-Borgarás, þar eru gamlar fjárborgir." Borgardalur er tæpa 600 m norðvestur af bæ (sjá 039) og er ásinn þar beint fyrir vestan. Lágur ás, að mestu gróinn háu grasi. Ekki fundust ótvíræð merki um fjárborgir. Þó er þýfður og snoðinn blettur, um 10 x 10 m, 150 m vestur af 039. Gæti verið gömul og útflött borg.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 3; Ö-Arnarbæli b, 2-3

**ÁR-441:018** gata leið 64°00.303N 20°50.029V
"Norðan við Húsatóftarklettana [045] er Arnarholtið hæðst [sic] og heitir þar Öxl. Þar eru nokkuð háir klettar og á þeim hæsta landmælingavarða. Hjá þessum klettum við holtsöxlina liggja ferðamannagötur þvert yfir Arnarholtið sem koma niður að vestanverðu í Hnappeldubrekkur", segir í örnefnaskrá. Arnarholt er aflangt holt sem liggur N-S vestan við Sprengi, 8-900 m vestur af bæ. Klapparholt fast norðan við, annars lyngmói. Talsvert mikil gata, allt að 3 m breið en að mestu uppgróin. Áður en Kiðjabergsvegur var lagður lá aðalleiðin hér um ef fara átti t.d. í Arnarbæli og að Kiðjabergi. Hvorki sást tangur né tetur af landmælingavörðunni sem nefnd er í örnefnalýsingu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 1

**ÁR-441:019** varða 64°00.054N 20°49.289V
"Suðvestur af [Nónkletti] er stór og hár klettarani, sem heitir Sprengir. Upp á honum er stór grjótvarða, hlaðin af dönskum landmælingamönnum", segir í örnefnaskrá. Sprengir er aflangi raninn vestan við núverandi íbúðarhús, vestur af einkennilegum, strýtumynduðum kletti í túninu. Mikið gróinn klettarani, mosi og lyng en klettar og grjót innanum. Varðan er alveg hrunin og stendur ekki steinn yfir steini. Hún hefur líklega aldrei verið mjög há en gæti hafa splundrast í jarðskjálftum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli GG,




*Kort 28: Arnarbæli – jörð*

**ÁR-441:020** *Stekkjarnef* heimild um stekk 63°59.942N 20°50.443V




"Fyrir vestan Ósa, syðst í Hvítá, Foss, þar í Skógarhólmi og Steinkista, þá Fossnes, þar við Fosslátur og Ker, þar fyrir utan Stekkjarnef, þar stekkur til skamms tíma", segir í örnefnaskrá. Stekkjarnef er nef sem gengur út í Hvítá fyrir austan ósa Höskuldslækjar, um 1,3 km frá bæ. Grýtt nes en vaxið lynggróðri til hálfs.
Enginn stekkur er á nesinu sjálfu. Hins vegar er aðhald í kvos fast austan nessins, þar sem það mætir landi. Aðeins eitt hólf, sýnist gamalt. Er í halla. Greinilegar, ógrónar grjóthleðsluleifar efst á klettabrún sem og þaðan í sveig niður með vesturhlið. Þar er eyða en um helmingur suðurveggs sem er á bakka við ána, sést. Hann er næstum algróinn en þó vottar fyrir grjóti. Stærð hólfsins er um 14 x 15 m og má vel vera að þetta sé stekkurinn.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 3

**ÁR-441:021** *Grænaborg* tóft 64°00.872N 20°48.954V
Grænaborg (stundum kölluð Grænhóll) er norður af Stekkatúni (031), 1,2 km beint norður af bæ, norðantil á svonefndu Karmholti. Lítill og gróinn valllendishóll, smáklettar í honum norðan til. Girðingaleifar liggja yfir hólinn frá norðri til suðurs. Uppi á hólnum mótar fyrir aflangri tóft, 7 x 4 m, snýr N-S. Hugsanlega gamalt fjárhús, mjög sigið. Skora í miðju er greinilegri en sjálfir veggirnir. Fast vestan við er iðagrænt stórþýfi, gæti verið gömul tóft, svipað þýfi er syðst, framanundir hólnum.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-441:022** varða 64°00.830N 20°48.557V
"Norðaustur af Fjárhúsás [050] er Grensás. Upp á honum er stór grjótvarða", segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir að þetta sé landmælingavarða, líklega frá 1907. Varðan er 1,2 km norður af bæ, rúma 200 m suðaustur af Grænhól [021] og sést vel að. Grýttur ás með melum og moldarbörðum. Falleg varða. Hlaðin uppi á jarðföstum kletti og hæð alls rúmir 2 m. Flatar grjóthellur í hleðslum, allt að 20 umför grjóts. Varðan mjókkar upp og er lítið sem ekkert hrunin. Grunnflatarmál er um 1 x 1 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli GG, 5; Örnefni í landi Arnarbælis I, 3

**ÁR-441:023** *Samrekstratangi* garðlag vörslugarður 64°00.397N 20°50.631V
"Fyrir vestan Arnarholt kemur næst Klapparholtsmýri og Samrekstratangi fram við lækinn og litlu vestar Fróðhylur", segir í örnefnaskrá. Samrekstratangi er við Höskuldslæk, næsti tangi sunnan við Kirkjutanga.
Sléttur og þurrlendur, grasi vaxinn tangi við lækinn. Á tanganum vottar fyrir leifum af torfhleðslu og lítur út fyrir að tanginn hafi verið girtur af, enda ágætt aðhald frá náttúrunnar hendi, afmarkaður af læknum sem er býsna djúpur. Garðurinn liggur S-N, sést á um 10 m kafla á sunnanverðum tanganum. Annarsstaðar er hann horfinn eða hlaupinn í þúfur. Hleðsluhæð mest um 0,5 m.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-441:024** garðlag túngarður 64°00.327N 20°48.970V
Nyrst í túninu, um 15 m austur af 003 vottar fyrir gömlum túngarði. Utan við núverandi túnrækt. Trjárækt talsverð, t.d. aspir. Vestasti hlutinn er alveg hruninn og nánast hulinn mosa. Eftir 40 m sveigir garðurinn til suðurs og þar sér í grjót. Hefur verið hlaðinn úr fremur smágerðu grjóti, líklega blágrýti. Vestar, um 50 m vestur af 006 er garðurinn hlaðinn milli tveggja kletta í hlíð, um 20 m langur bútur. Þar er einnig mosavaxin, stór grjóthrúga og engu líkara en byrjað hafi verið á hleðslu þar. Tilvalinn staður fyrir aðhald, t.d. kvíar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-441:025** tóft 64°00.881N 20°46.752V
2,2 km austur af bæ eru tóftaleifar, hugsanlega af fjárhúsi. Sunnarlega á holti sem er samsíða Kiðjabergsvegi, vestan hans, skömmu áður en komið er að Arnarbælisafleggjara. Á þessum stað syðst rís holtið hátt og er tóftin efst á því. Grösugt. Vestan við er rennislétt mýri. Tóftin er illa farin. Malarvegur liggur fast sunnan við og svo virðist sem hluta tóftarinnar hafi verið mokað upp og grófturinn settur í nyrðri hluta hennar. Tóftin er að mestu leyti uppfyllt, grillir þó í veggi sem sýnast heillegir og hleðslur ekki mikið grónar. Upphafleg gerð óljós. Það sem nú sést er um 10 x 10 m.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**ÁR-441:026** *Torfholt* örnefni rista 64°01.178N 20°48.260V
"Norðvestur af Sauðholti er lítið holt, er Torfholt heitir", segir í örnefnaskrá. Grensás er norðan bæjar, á honum er stór varða (022). Austan við Grensás, norðarlega, er svonefnd Hrossatjörn í mýrinni, eina tjörnin á stóru svæði. Litla holtið norðan tjarnarinnar er Torfholt. Aflangt, þurrt holt með nokkrum hundaþúfum.
Líklegt er að torf hafi verið rist í mýrinni en þurrkað á holtinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 4

**ÁR-441:027** *Brunnflöt* brunnur brunnur 64°00.235N 20°48.872V
Brunnur frá Austurbæ Arnarbælis var í dálitlum slakka um 80 m suðaustan við bæ. "Sléttan neðan við það [Ljóskollutún], norðan við veginn, heitir Brunnflöt", segir í örnefnaskrá. Nú er á þessum stað mikill skógur og hár umhverfis sumarbústað. Brunnurinn er í rjóðri 40-50 m suður af bústaðnum. Fyllt var upp í brunninn, eftir stendur gróin dæld, 30-40 sm djúp og um 1 x 1 á kant. Brunnurinn var allt að 3 m djúpur.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-441:028** garðlag áveita 64°00.708N 20°30.395V
Í mýrinni sem er austur af fjárborg 048 eru áveitumannvirki. Votlend mýri milli holta. Tveir torfhlaðnir garðar, þráðbeinir, sem liggja SV-NA yfir mýrina, milli holta sem eru bæði austan og vestan við. Mjög heillegir og gætu vel verið frá 20. öld. Lengd garða 180-200 en hæð yfirleitt undir 1 m.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-441:029** garðlag leið 64°00.144N 20°48.793V
"Þar niður af [Hala] má sjá merki um vegagerð í mýrinni og upp með Halanum." Mýri þessi er utan við túnrækt um 200 m suður af bæjarhól. Þýfð valllendismýri en ekki mjög blaut, enda skurðir víða umhverfis. Ekki fundust greinileg merki um vegagerð. Hins vegar er ógreinilegt garðlag í mýrinni um 170 m suður af bæjarhól og gæti verið átt við það. Garðurinn virðist eingöngu torfhlaðinn, næstum þráðbeinn. Liggur NA-SV. Sést á allt að 50 m kafla, yfirleitt undir 1 m hár.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Örnefni í landi Arnarbælis II, 7

**ÁR-441:030** *Kirkjuhóll* heimild um bænhús 64°00.177N 20°48.852V
"Fyrst fyrir sunnan bæinn, er Kirkjuhóll, sennilega bænahús til forna, þá Túnhali, þar næst kemur Nónklettur", segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir: "Heiman við Halann heitir Kirkjuhóll, sem er allstórt tún, og á honum tvær gamlar þúfur sem taldar eru leiði (snúa þó ekki rétt, en munnmæli herma að ekki megi hrófla við þeim). Þegar Kirkjuhóllinn var vélunninn fanst [sic] tinkross eins og þeir sem hafðir voru á líkkistum og sýnir að þarna hefur verið jarðað." Hóllinn er í túni um 150 m beint suður af 001, sunnan vegarins. Nú er á hólnum og umhverfis hann ræktað tún sem allt er kallað Kirkjuhóll. Bratt er niður af hólnum sjálfum til suðurs og ekki slegið þar. Hóllinn sker sig ekki mikið úr túninu umhverfis og erfitt að gefa upp stærð hans. Þúfurnar ílöngu sjást bærilega þótt önnur hafi skemmst við heyskap nýverið. Þær eru meira en 2 m langar og snúa því sem næst NA-SV.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2; Örnefni í landi Arnarbælis I-II, 2

**ÁR-441:031** *Stekktún* örnefni stekkur 64°00.823N 20°48.811V
"Landamerkin liggja í austasta hluta Karmholts og heitir það Stekktún og þaðan í háan fallegan hól sem heitir Grænaborg [sjá 021]", segir í örnefnaskrá. Karmholt er lágt og flatt holt norður af bæ, austasti hluti þess er 1,2 km beint norður af bæjarhól. Árni Guðmundsson kannast við örnefnið og telur að klettar sem þarna eru hafi verið kallaðir Stekktún. Bunga með grasþýfi, austar tekur við mýri. Skammt vestan við er vörðubrot á kletti.
Engin tóft sjáanleg. Túnbletturinn er grænni en umhverfið og mjög stórþýfður. Yfirfærsla örnefnisins á klettana bendir til að stekkjartóftin sé alveg horfin.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Örnefni í landi Arnarbælis I-II, 3

**ÁR-441:032** tóft naust 63°59.878N 20°48.777V
"Hvítá rennur austan við bæinn í stórri S-beygju og rennur þá í suðvestur. Við bakkann er 5-6 mannhæða móbergshamar ca. 2-400 m langur og við endann á berginu suðvestanverðu er ferjustaðurinn [033]. Þar eru rústir af upphlaðinni tóft fyrir bát eða stórgripi", segir í örnefnaskrá. Tóftin er 20-30 m norðan við ferjustaðinn.
Blásinn mói og moldarflög. Nokkrum metrum ofar er stórt moldarbarð. Ógreinileg tóft en ekkert fannst annað greinilegra. Grýtt moldarflag er umhverfis og tóftin eins og hólmi í því. Norðurskammhlið er það eina sem rís

yfir yfirborð, um 1 m há. Hinar hliðarnar eru útflattar en vottar fyrir grjóti í beinni línu frá báðum endum skammhliðar. Stærð tóftar er um 7 x 4 m. Sléttur mosi innan veggja, dyr líklega sunnan megin, að ánni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Örnefni í landi Arnarbælis I-II, 2




**ÁR-441:033** *Ferjuholt* heimild um ferju 63°59.867N 20°48.755V
"Örnefni utan túns: Bingur, þá Stafhóll, þá Ferjuholt, ferja yfir Hvítá [...]", segir í örnefnaskrá. Annars staðar segir: "Hvítá rennur austan við bæinn í stórri S-beygju og rennur þá í suðvestur. Við bakkann er 5-6 mannhæða móbergshamar ca. 2-400 m langur og við endann á berginu suðvestanverðu er ferjustaðurinn." Ferjustaðurinn er við ána, um 650 m beint suður af bæ, þar sem hamarinn teygir sig lengst út í ána. Töluverður bratti niður að ánni, grýttur og vaxinn mosa og lyngi. Alveg niður við ána er sandrönd. Líklega hefur verið ferjað til suðurs eða suðausturs, þar er nes sem teygir sig út í ána á móti. Í Ferðabók Eggerts og Bjarna segir frá skrímsli í ánni á þessum stað (sjá 053).
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2; Örnefni í landi Arnarbælis I-II, 2; FEB II, 191

**ÁR-441:034** *Valgerðarstígur* heimild um leið 63°59.961N 20°49.459V
"Þá Sprengir, í honum Sveifluskarð og Meyjarsæti þar fyrir framan, Valgerðarstígur, gata vestan í Sprengirnum, en fyrir sunnan Sprengirsflatir [035], sennilega leikvöllur til forna", segir í örnefnaskrá. Sprengir er aflöng og klettótt hæð fyrir vestan bæ. Vestan megin eru klettar efst en hlíðar að mestu grónar. Engin gata sést nú vestan í Sprengi og ekki ljóst hvert hún lá. Árni Guðmundsson kannast ekki við Valgerðarstíg.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2

**ÁR-441:035** *Sprengirsflatir* heimild um leikvöll 64°00.031N 20°49.663V
"Þá Sprengir, í honum Sveifluskarð og Meyjarsæti þar fyrir framan, Valgerðarstígur, gata vestan í Sprengirnum, en fyrir sunnan Sprengirsflatir [035], sennilega leikvöllur til forna", segir í örnefnaskrá. Sprengir er aflöng og klettótt hæð fyrir vestan bæ. Sunnan og suðvestan við Sprengi eru nú ræktuð tún og framræst. Skurðir sumsstaðar. Malarvegur liggur um flatirnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2

**ÁR-441:036** *Gvendarbrunnur* örnefni vatnsból 64°00.285N 20°49.148V
"Þá Sakkarheiði, þá Ósar og flötin fyrir utan þá Björgólfsflöt, en fyrir ofan Sökk, í henni Krókadælar, þá Brunnklettar, þar er Gvendarbrunnur, þá Stöðulmýri [sjá 011], þá Móklettar", segir í örnefnaskrá. Gvendarbrunnur er í brekku sem hallar mót norðri, 220 m norður af bæjarhól. Klettahæð, nær algróin. Lítil uppspretta fannst norðan undir kletti, fast upp við girðingu sem liggur niður hæðina norðanverða. Vatnslítil nú og ekki alveg ljóst hvort þetta er hinn rétti Gvendarbrunnur.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2

**ÁR-441:037** tóft 64°00.095N 20°48.745V
Rúma 260 m suður af bæ er aflangur, óreglulegur stuðlabergshóll sem heitir Stafhóll. Sunnan undir honum miðjum er tóft. Gróinn mosabingur um 20 m breiður, þá brattur bakki og svo gróið flatlendi niður að Hvítá. Tóftin virðist gömul. Hlaðið í aflangan hring til suðurs frá klettinum og virðist lítil kró austan við suðurenda. Stærð hólfs er um 5 x 9 m, dyr líklega sunnan megin, en króin er um 2 x 2 m. Víðast hvar aðeins einföld grjóthleðsla sem gægist upp úr mosanum. Hefur líklega verið aðhald.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2




**ÁR-441:038** *Mógrafabrún* örnefni mógrafir 64°00.222N 20°48.691V
"Túnbrúnin austur af Kirkjuhól heitir Mógrafabrún. Yfir hana liggur vegurinn heim að bænum", segir í örnefnaskrá. Mógrafabrúnin er brúnin sem vegurinn liggur upp á, þar sem hann er hvað brattastur. Brött brekka, nær algróin. Tún fyrir neðan. Landslag hefur breyst sökum túnræktar og skurðgraftar. Brúnin er nú þurrlend en sumsstaðar vottar fyrir eyðum í gróðri og moldarflögum, sem gætu verið vísbendingar um mógrafir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2

**ÁR-441:039** 3 tóftir 64°00.348N 20°49.530V




"Vestan við [Borgarás, sjá 017] er lítið dalverpi sem heitir Borgardalur. Þar sést fyrir hleðslum eftir einhver mannvirki", segir í örnefnaskrá. Dalurinn er um 600 m norður af bæ og rúma 400 m norðaustur af Húsatóftarklettum (045). Grasi gróið dalverpi, opnast til suðurs og þar við endann er mýrin Sökk með Arnarholt að austan en Sprengi að vestan. Smágil austan tófta, þar rennur lækur. Tóftirnar eru syðst í dalverpinu. A.m.k. 3 tóftir sjást og eru greinilega ekki fjárborgir. Sú stærsta er austast um 11 x 8 m rústahóll. Hlaupinn í þúfur og herbergjaskipan ekki vel ljós, þó er greinilegt hólf sunnan megin og mótar fyrir öðru að norðan. Rústin er iðagræn og bitin af kindum. Ekki er hægt að útiloka að þetta hafu verið aðhald. Rís allt að 1,5 m yfir umhverfi. Grjót sést á einum stað vestarlega í tóftinni, syðri helmingur er lægri en sá nyrðri. 20 m vestar er önnur tóft, 6 x 5 m, líkist litlu útihúsi. Hefur opnast í austur, að stóru tóftinni. Rúmum 5 m norðar er önnur lítil tóft, 5 x 5 m en lögun býsna óljós. Virðist opnast í norður eða norðaustur. Græn þúst er fast suðaustan við stóru tóftina og hugsanlegt að þar sé enn ein tóft. Ólíklegt er að staðurinn hafi verið valinn til vetrarbeitar, mikill snjór hlýtur að safnast í dældina. Mögulegt að á þessum stað hafi verið sel, þótt hann sé heldur nálægt bæ. Hugsanlega stekkur að viðbættum öðrum tóftum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Örnefni í landi Arnarbælis I-II, 7

**ÁR-441:040** *Grafabrún* örnefni mógrafir 64°00.509N 20°49.258V
"Þar fyrir vestan koma gil, þá Borgarás, þar á Dvergsklettur, þar fyrir ofan Grafabrún en fyrir vestan Borgardalur og Ytri-Borgarás, þar eru gamlar fjárborgir", segir í örnefnaskrá. Dvergsklettur sést greinilega frá tóftum 039. Hann er 370 m norðaustar og mýri beint norðan við. Mýri. Á einum stað sést eyða sem gæti verið samansigin mógröf, stærð um 30 x 10. Moldarbotn en hliðar reglulegar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2-3

**ÁR-441:041** *Gildruklettur* örnefni refagildra 64°00.553N 20°49.610V
"Þá Þverholt og Þverholtsmýri, þar fyrir ofan Karmholt, þar í Gildruklettur og Kúaklettar, Stekkatún [031] og nyrzt Grænaborg [021]", segir í örnefnaskrá. Gildruklettur eða Gildruklettar eru syðst í Karmholtinu, tæpa 400 m norður af 039. Töluvert mikil klettaborg syðst í holtinu en klettar ekki háir. Brúnir klettanna hvergi hvassar, líklega jökulsorfnar. Lynggróður á milli. Engin refagildra sjáanleg og engin vitneskja um slíkt.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 2-3

**ÁR-441:042** *Björgúlfsflöt* heimild um áfangastað 63°59.947N 20°50.299V
"Vestan við Ósa er Ósatún; vestast í því er Björgúlfsflöt, gamall áningarstaður ferðamanna, nú tún", segir í örnefnaskrá. Sökk heitir mýri vestan við Sprengi, aflangan klettarana vestan bæjar. Ósatún er vestan hennar og því líklega vestasta túnið í Arnarbæli. Endi þess skagar í vestur. Flötin sjálf er 120-140 m austur af Stekkjarnefi (020). Slétt tún við syðri hluta Arnarholts.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli GG, 2

**ÁR-441:043** hleðsla brú 64°00.780N 20°47.721V
"Suðvestur af Sauðholtsás er Sauðholtsbrún; sunnan við hana byrjar Arnarbæliskelda. Heita þar Holubakkar; örskammt neðar var brú á keldunni á ferðamannaleið", segir í örnefnaskrá. Í annarri skrá segir: "Enn sér fyrir götu gegnum Breiðholt og liggur hún yfir Kelduna fyrir neðan Holubakka. Sú Kelda var brúuð með hellum." Geysimikill markaskurður liggur allt frá Kiðjabergsvegi, norðan við Brekkholt og heim undir Arnarbæli. Keldan rennur í þennan skurð suðaustur af Grensás og leifar brúarinnar eru á keldunni um það leyti sem hún rennur í skurðinn, um 680 m austur af 022 og 1,5 km norðaustur af bæ Vot þrengsli eða lægð milli tveggja ása. Eftir lægðinni rennur keldan til suðurs, nú að mestu þurr. Það litla vatn sem er í henni rennur út í stóra skurðinn um 50 m fyrir ofan brúna. Kvísl úr keldunni rennur út í neðar, þar er brúin alveg við skurðbakkann. Brúin er hrunin

en grjóthrúgan greinileg. Flatar hellur, að nokkru mosavaxnar. Brúin hefur verið um 2 m breið og svipuð að lengd. Undirstöður virðast úr kúptara grjóti, svo flatar hellur hafa verið lagðar ofan á. Ekki hefur mátt miklu muna að brúin væri eyðilögð þegar skurðurinn var grafinn.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli GG, 6-7; Örnefni í landi Arnarbælis I-II, 4

**ÁR-441:044** *Haugar* þjóðsaga legstaður 63°59.989N 20°50.143V
"Fyrir norðan [Skógarvaðsás] kemur Arnarholt, er það stærsta holt í landareigninni, og er það í munnmælum, að sá, sem fyrst byggði Arnarbælið, hafi Arnar eða Örn heitið og beri bærinn nafn af honum, ásamt þessu holti, og er talið að Arnar hafi verið heygður fremst í holtinu í svokölluðum Haugum, og má þar engan stein hreyfa, ef vel á að fara", segir í örnefnaskrá. Þessi staður er norðaustur af Stekkjarnefi (020), beint norður af vestasta túninu í Arnarbæli og 1,1 km VSV af bæ. Holtið endar með brattri grasbrekku, bungóttri en fram af henni kemur stakur klettastapi, að mestu gróinn. Ekkert sjáanlegt á yfirborði sem bendir til legstaðar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 3

**ÁR-441:045** *Hústóftaklettar* tóft beitarhús 64°00.209N 20°49.914V
"Fyrir ofan Hauga kemur Smyrilsnípa, þá Hústóftaklettar, þar eru gamlar fjárhústóftir", segir í örnefnaskrá. Önnur örnefnaskrá segir: "Þar sem Arnarholtið er hæst heita Húsatóttarklettar. Þar sést móta fyrir gamalli húsrúst." Aflanga hæðin vestan bæjar heitir Sprengir, þá kemur mikill dalur með mýrinni Sökk í botni og vestan hans er Arnarholtið. Klettarnir skera sig mjög úr austan til og efst í holtinu. Tóftin er á ystu nöf því að 5 m austan við eru snarbrattir klettar. Klappir eru víða nálægt tóftinni og hefur líklega verið skjólgott á þessum stað. Ekki mikið graslendi umhverfis. Aflöng tóft, snýr N-S og dyr virðast sunnan til þótt ekki sé það augljóst. Hvorki garðar né hlaða sjást, veggir alveg signir og lyngi vaxnir. Stærð 9 x 4 m. Hvergi sér í grjót og líklega er tóftin gömul.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 3; Ö-Arnarbæli GG, 2




**ÁR-441:046** áletrun 64°00.650N 20°50.983V

"Á [Kirkjutanga] er stór steinn, er áin flutti þangað veturinn 1849, og er ártalið hoggið í steininn", segir í örnefnaskrá. Kirkjutangi er stór tangi við Höskuldslæk austanverðan, 6-700 m norðan við Hvítá. Steinninn er á tanganum sunnanverðum, 10-15 m frá læknum. Sléttur og gróinn tangi. Áletrun greinileg en mosi í örum vexti. Áferðarfallegir og vandaðir tölustafir. Lengd áletrunar samtals 15 sm en hæð 6-7 sm. Steinninn er tæplega 1 x 1 m á kant. Kirkjutangi er talinn heita svo vegna meintrar kirkjutóftar sem er handan lækjarins við tangann, í Vaðneslandi og skráð þar.
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 3

**ÁR-441:047** *Garðsendavað* heimild um vað 64°00.572N 20°50.774V
"Fyrir sunnan [Kirkjutanga] er hylur í læknum, er heitir Garðsendahylur, og vað á læknum er heitir Garðsendavað, þar er gamalt garðsbrot og fjárborgir [048]", segir í örnefnaskrá. Kirkjutangi er stór tangi við Höskuldslæk austanverðan, 6-700 m norðan við Hvítá. Grasi gróið beggja vegna lækjar en mýrlendara að austan. Sunnan Kirkjutanga er breidd á læknum og sandeyri í miðju. Djúpur áll við vestari bakka. Einhver ruglingur virðist með staðsetningu Garðsendavaðs. Vaðnesmegin var það skráð á allt öðrum stað (sjá ÁR-439:041). Líklegra virðist að þetta sé rétti staðurinn, sbr. örnefnið Garðsendi skammt frá. Ekki er útilokað að um tvö vöð sé að ræða eða tilfærslu á nöfnum.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 3-4

**ÁR-441:048** tóft fjárskýli 64°00.637N 20°50.695V

"Fyrir sunnan nesið er hylur í læknum, er heitir Garðsendahylur, og vað á læknum, er heitir Garðsendavað [047], þar er gamalt garðsbrot og fjárborgir", segir í örnefnaskrá. Tóft er rúma 130 m norðaustur af Garðsendavaði á þurru holti beint austur af Kirkjutanga. í gróinni lág milli tveggja hærri punkta á holtinu. Ógreinileg fjárborg, 12 x 12 m. Smá geil í miðri tóft. Vesturhluti mjög ógreinilegur, austuhluti rís hærra en sá vestari. Grasi gróin og hleðslur alveg útflattar en þýfi talsvert. Þetta er eina tóftin á svæðinu og garðsbrotið sést ekki lengur. Hugsanlegt er að fleiri fjárborgir hafi verið vestar og þá sokkið í mýri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 3-4

**ÁR-441:049** *Grensásveitur* örnefni áveita 64°00.836N 20°48.256V
"Þar vestur af [Hrossatjörn] Grensás. Þar fyrir austan Grensásveitur, þar í Kötudý og Jókupyttur", segir í örnefnaskrá. Grensás er norður af bæ, á honum er stór varða (022). Grensásveitur virðist nafn á mýri beint austur af Grensás. Votlend mýri. Engin merki eru um áveitugarða, enda talið að um náttúrulega veitu sé að ræða. Þessar engjar tilheyrðu Austurbæ.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 4-5

**ÁR-441:050** *Fjárhúsás* örnefni fjárhús 64°00.497N 20°48.585V
"Fyrir sunnan Dýholt Ásmýri. Þar vestur af Fjárhúsás, og nær hann rétt norður að Grensás, en skarðið á milli ásanna heitir Grensskarð, og er talið, að þar sé gamalt gren", segir í örnefnaskrá. Ásinn er suður af Grensás, þar er stór grjótvarða (022), en austan túns. Ásinn er klettóttur að sunnan og austan en að öðru leyti gróinn og aflíðandi til norðurs. Engin fjárhústóft sést á Grensás og hugsanlegt að hann taki nafn sitt af fjárhúsum austast í túninu. Frá þessum stað eru rúmir 500 m heim að bæ.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 5

**ÁR-441:051** heimild um hrossaborg 64°01.476N 20°47.637V
"Norðaustan við Sauðholtsásinn er móa- og valllendisrimi, liggur norður-suður, heitir Langirimi. Norðast á honum sér móta fyrir garðlagi í kross, líklega gamall skjólgarður", segir í örnefnaskrá. Langirimi er þurr móahryggur, vart meira en 10 m breiður, sem liggur um gljúpa og vota mýri norðan við Grensás. Nyrsti hluti Langarima er 1,4 km norðaustur af vörðunni á Grensás (022). Þaðan eru aðeins 2-300 m að Kiðjabergsvegi. Langur rimi, sker sig úr mýrinni. Að mestu þurrlendur og býsna þýfður, víðir vex á nokkum stöðum. Nyrst á rimanum eru stakar mosaþúfur á moldarflagi, svo tekur mýrin við. Garðlagið er nánast ef ekki alveg horfið. Þó sker sig úr aflöng, 10 m löng þúfa eða valllendisbunga, vaxin grasi, lyngi og víði. Hún snýr N-S, er um 1 m há en allt að 2 m breið. Breiðust sunnan til en ekki er hægt að sjá kross. Hugsanlega eru þetta leifar gamla skjólgarðsins.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli GG, 6




**ÁR-441:052** tóft beitarhús 64°01.186N 20°46.965V
"Fyrir norðaustan [Langarima] kemur Brekkuholt. Þar á sauðahús frá Austurbæ", segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóftin er tæpa 600 m norður af 025 sem líklega eru leifar annars fjárhúss. Kiðjabergsvegur er um 200 m vestar, fast við hann hafa verið gróðursett tré.
Ávalur og sléttur hóll, grasi vaxinn. Mikil mýri vestur og austur af. Tóftin er syðst á holtinu sem hækkar til norðurs. Aflöng beitarhúsatóft, snýr NV-SA með dyr í SA. Hvorki hlaða né garðar sjást. Víða er grjót í innanverðum veggjum sem eru allt að 1,5 m háir. Bárujárnsleifar í botni, m.a. 3-4 heillegar plötur við dyrnar. Stærð 16 x 6 m.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Arnarbæli, 4

**ÁR-441:053** heimild um 63°59.867N 20°48.755V
Í Ferðabók Eggerts og Bjarna segir frá skrímsli í Hvítá við ferjustaðinn (033): "Sumarið 1636 sást hvað eftir annað ormur mikill í ánni milli Arnarbælis og Oddgeirshóla í Flóa. Honum er ekki lýst nánar, en er einungis kallaður ókind, en það merkir óskapaskepna. Árið 1702 sást enn í ánni á sama stað stór skepna, kringluleit í lögun. Líktist skepna þessi helzt sel, sem er að fara í kaf og hefir stungið hausnum niður í vatnið." Ferjustaðurinn er 650 m suður af bæ.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** FEB II, 191

**ÁR-441:054** hleðsla 64°02.014N 20°47.476V
Á Kiðjabergsvegi er brú yfir Höskuldslæk. 2-300 m vestan við brúna, sunnan lækjarins, er mikil hleðsla á bakkanum. Gróinn lækjarbakki, moldarflög er fjær dregur. Hleðslan líkist brúarstöpli en handan lækjarins er alls engin hleðsla. Hlaðið er úr stórgrýti. Um 2 m eru niður að vatnsborði og hleðslan nær allt að 4-5 m frá bakkanum. Breidd a.m.k. 2 m, greinilegur kantur er á hleðslunni að vestan en hún fjarar út með bakkanum að austan. Hleðslan er slétt og gróin að ofanverðu en ógróin á hliðum og mjög slétt og felld. Ekki er vitað um tilgang þessa mannvirkis.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-441:055** *Sel* örnefni sel 64°01.745N 20°46.616V
Upp úr 1920 voru engjar Hraunkotsmanna á stykki sem nú er framræst. Þegar Kiðjabergsvegur er ekinn til suðurs er það á vinstri hönd þegar farið hefur verið yfir brúna á Höskuldslæk. Í stykkinu, nálægt skurði sem afmarkar það að sunnan er hóll sem ýmist var nefndur Sel eða Selhóll. Framræst beitarstykki. Valllendishóll sem sker sig enn úr mýrargróðrinum þrátt fyri að nú sé þurrlendara en áður hefur verið. Iðagrænn og nauðbitinn af hrossum. Ekki er hægt að segja að hann sé ótvíræð tóft, enda stórþýfður. Stærð um 10 x 10 m. Um 10 m norðvestan við háhólinn mótar fyrir aflangri, hringlaga tóft, um 7 x 5 m. Veggir vart annað en sundurslitnar þúfur en of reglulegar til að geta verið náttúrumyndun.
**Hættumat:** engin hætta

# ÁR-442 Mýrarkot

Hjáleiga Arnarbælis. 1708: "Mýrarkot, eyðihjáleiga. bygð í heimalandi, hefur í auðn legið í næstu 12 ár. Varaði byggðin í 12 ár, hefur aldrei bygðst fyrr nje síðar, og má hjer ei aftur byggja, nema heimajörðunni til meins og skaða. landskuld var xl álnir. Kúgildi [1,5]." JÁM II, 347. Jörðin fór í eyði 1961.
1918: Tún 2,5 ha, þar af slétt um ½. Garðar 486 m².
"Þetta er lítil jörð, upphaflega úr landi Arnarbælis. Hún er nú að mestu framræst mýrlendi. Landið nær frá Höskuldslæk austur að Galtartjörn. Hæsti hluti landsins heitir Langholt." Sunnlenskar byggðir III, 148.

**ÁR-442:001** *Mýrarkot* bæjarhóll bústaður 64°02.172N 20°46.838V
Mýrarkot var næsti bær sunnan við Foss, stóð 2-300 m austan Kiðjabergsvegar um það leyti sem hann liggur yfir Höskuldslæk. Vegur liggur um 20 m norðan bæjarhólsins. Algróinn og áberandi hóll, stendur á sléttu stykki sem nú hefur verið framræst. Fremur mýrlent suðaustur af, svo fer land hækkandi þaðan af. Við jaðar bæjarhólsins að sunnan er lítill kofi. Hóllinn er grænni en umhverfið en engar rústir eru á honum, enda var sléttað yfir þær fyrir fáeinum árum með ýtu. Grjót á víð og dreif. Þar sem hóllinn lækkar til suðvesturs sér móta fyrir garðlagi, að líkindum kálgarði og kemur það heim og saman við túnakort sem gert var 1918. Garðurinn er um 10 x 25 m og vottar þar fyrir grjóti í hleðslum, heildarummál hólsins er um 32 x 30 m og hæð allt að rúmum metra.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-442:002** heimild um útihús 64°02.292N 20°47.002V
Skv. túnakorti frá 1918 var útihús rúma 200 m vestur af 005 og um 260 m norðvestur af bæjarhól 001. Fyrir norðan veginn sem liggur til austurs norðan við bæjarhól eru framræst stykki. Ef gengið er út frá túnakortinu er líklegast að húsið hafi verið á vestasta stykkinu. Allþýft og notað fyrir beit, líklega framræst mýri. Engin tóft sjáanleg og núverandi eigandi kannast ekki við að tóft hafi verið á þessum stað. Greinilegt er að stórvirkum vinnuvélum hefur verið beitt á svæðið, plógför sjást vel og gæti tóftin hafa horfið vegna þessa.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-442:003** tóft fjárhús 64°02.282N 20°46.706V
Skv. túnakorti frá 1918 var útihús tæpa 200 m norðaustur af bæjarhól 001. Þar er nú fjárhústóft. Tóftin er uppi á hæð, ofar en bærinn. Slétt og grösugt tún, nú beitarstykki. Vegur að sumarbústöðum austar í landareigninni er hátt í 50 m norðar og neðar. Greinileg tóft, um 16 x 7 m. Snýr NV-SA með dyr í NV, að rétt sem þar er (005). Norðurhluti tóftar er heillegur og grjóthleðslur greinilegar sem og torf, allt að 6-7 umför. Syðri helmingur er nánast útflattur, mikið rofinn og blásinn, líklega vegna ágangs búfjár. Bárujárnsleifar og timbur eru í tóftinni. Engir garðar og ekki ljóst hvort hlaða hefur verið að sunnan.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918




*Kort 29: Mýrarkot – tún*

**ÁR-442:004** þúst 64°02.191N 20°46.784V
20-30 m ANA af bæjarhól sést regluleg dæld í túni. Slétt tún. Dældin er um 1 x 1 að þvermáli, 0,5 m djúp og gróin í botninn, nánast hringlaga. Vatnspollur í botni. Hugsanlega er þetta brunnur. Út frá dældinni vottar fyrir garðlagi úr torfi til norðurs, má vera að hlaðinn hafi verið torfgarður um túnið, enda grjót ekki mikið í landareigninni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-442:005** tóft 64°02.280N 20°46.719V
Tóft er fast norðan við fjárhústóftina (003), bilið á milli aðeins um 2 m. Á túnakorti er mannvirki sýnt nánast samtengt fjárhústóftinni og er það líkast til þessi. Mjög regluleg, ferköntuð tóft, 21 x 12 m. Op snýr í suðvestur,



Kort 30: Mýrarkot – jörð

raunar eru bara þrjár hliðar því að þessa vantar alveg. Norðurlangveggur nokkuð siginn, er í brekku sem hallar mót norðri. Hvergi sér í grjót, hugsanlega eingöngu torfhlaðið, veggjahæð mest um 0,7 m. Gæti verið aðhald.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-442:006** náma mógrafir 64°02.795N 20°46.163V
Mótekja var bæði frá Hraunkoti og Mýrarkoti í Héðinslækjarbotnum. Lækurinn á upptök sín norðan við sumarbústaðabyggð í Mýrarkoti og rennur vestur í Höskuldslæk. Lækurinn kemur upp í mýrarslakka eða kvos. Fast sunnan við er girðing sem liggur A-V. Töluvert rask hefur orðið á staðnum, stór afrennslisskurður úr mýri hefur verið grafinn út í lækinn og vatnsrennsli hans þar með aukist. Virðist lækurinn hafa grafið sig allmikið niður. Sunnan lækjarins sjást mógrafir, allt að 2 m djúpar, á svæði sem er um 30 x 100 m.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ÁR-442:007** tóft beitarhús 64°02.157N 20°45.635V
Aflanga holtið sem liggur A-V sunnan við Mýrarkot heitir Langholt. Austast á því er stakur sumarbústaður og um 300 m vestur af honum girðing sem liggur þvert yfir holtið. Nokkra tugi metra vestan girðingarinnar er beitarhúsatóft, rétt tæpan 1 km austur af bæjarhólnum 001. Tóftin er sunnan í holtinu, rétt við mýrarjaðar. Holtið er þurrt og lyngi vaxið. Vestan við tóftina eru klappir og grjót, ágætt hleðsluefni. Þar rennur lítill lækur. Uppi á háholtinu norðvestan við tóftina er vörðubrot. Heilleg tóft, snýr N-S með dyr sunnan megin. Hlaða í norðurenda en garðar ekki sjáanlegir. Fremur óreglulega hlaðnir veggir úr stórgrýti, umför allt að 7-8 í hlöðu. Grjót sést í innanverðum veggjum og sumsstaðar að utan líka. Leifar af bárujárnsþaki í hlöðunni, þeim megin er tóftin breiðust.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-442:008** gata leið 64°02.315N 20°45.810V
Eftir endilöngu Langholti liggja götur.
Lyngivaxið móaholt, klappir og moldarflög hér og þar. Allmiklar götur, sumsstaðar tvö- og þrefaldar, liggja A-V. Ekki fékkst staðfest hvaðan þær koma eða hvert þær liggja.
**Hættumat:** engin hætta

# ÁR-443 Kiðaberg

36 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Sonur Hallkels landnámsmanns í Hólum var "Oddr at Kiðjabergi, faðir Hallbjarnar, er veginn var við Hallbjarnarvörður, ok Hallkels, föður Hallvarðs, foður Þorsteins, er Einarr Hjaltlendingur vá." Landnámabók (S/H), ÍF I, 388. Odds á Kiðjabergi er víðar getið í Landnámu, einnig í Bárðar sögu, sem föður Hallbjarnar en í Njáls sögu er hann talinn meðal höfðingja sem fylgdu Gissuri hvíta að málum. Kiðabergs er getið í lýsingu á Biskupagarði frá 1558-87 - DI XIII, 381. 1708: "Hallvardzkot var hjer hjáleiga, bygðin varaði 14 ár, en nú eru 9 ár síðan hún eyddist" JÁM II, 345. 1713 á dómkirkjan í Skálholti hagabeitarplássið Hestfjalll - JÁM II, 290. Afbýlin Hestur og Gíslastaðir eru talin í landi Kiðjabergs. Hestur byggðist á seinni hluta 19. aldar og fór í eyði 1914 en Gíslastaðir, einnig kallaðir Bót, voru í byggð 1849-1944. 1918: Tún 9,1 ha. Garðar 756 m². "Bærinn stendur í brekkubrún í dálitlu dalverpi við Hvítá. Vestan við bæinn er klettahöfði sem gengur fram í ána og heitir Kiðjaberg. Vesturhluti landsins er mýrlendi með holtum og hæðum en norðan við bæinn eru ásar að Hestvatni. Mestur hluti Hestfjalls fylgir Kiðjabergi og þar eru nú tvær eyðijarðir, byggðar úr Kiðjabergi, en eru nú aftur komnar undir aðaljörðina og eign bóndans þar. [...] Valllendisbrekkur eru með ánni." Sunnlenskar byggðir III, 150.

**ÁR-443:001** *Kiðjaberg* bæjarhóll bústaður 63°59.777N 20°46.546V
Bærinn stóð sunnan undir háum hól skammt frá Hvítá. Þar stendur nú uppgert íbúðarhús frá 1869.
Komið er að húsinu að vestan, þar er malarplan. Slétt flöt er fyrir sunnan húsið og fram af henni rabbabaragarður. Fyrir aftan húsið hefur verið búinn til skjólgarður, lagður grasþökum og myndar hann "M". Húsið stendur í eystra hólfi skjólgarðsins. Erfitt er að áætla stærð bæjarhóls þar sem hólmyndun er lítil. Þó má ætla að hann sé um 35 x 20 m. Öll önnur bæjarhús en gamla íbúðarhúsið hafa verið rifin og umhverfi íbúðarhúss hefur verið sléttað að einhverju leyti. Á málverki frá 1937 sem til er í gamla húsinu sést að íbúðarhús stóð austast í bæjarröðinni sem alls var rúmlega þreföld lengd þess. Beggja vegna við húsið voru litlir skúrar úr timbri en vestur af vestari skúrnum stór bygging að mestu úr timbri, líklega hlaða. Þá komu tveir skúrar úr torfi, timbri og grjóti, hugsanlega hjallur og smiðja. Fyrir aftan þessar byggingar, fast upp við hólinn að baki íbúðarhússins voru greinilega nokkrar byggingar því að á myndinni glittir í torfþök. Gamla baðstofan gæti hafa verið þar. Sunnan við íbúðarhúsið mótar enn fyrir gömlum kálgarði umhverfis rabbabarabeð. Þegar húsið var gert upp um 1990 var steyptur undir það kjallari sem nær allt að 5 m lengra til vesturs en húsið sjálft. Því eru mannvistarleifar sem kunna að hafa verið þar að líkindum horfnar. Um aðra hluta bæjarhólsins er lítið hægt að segja annað en að víðast hvar hefur orðið nokkuð rask, ekki ljóst alls staðar hversu mikið.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918




**ÁR-443:002** tóft útihús 63°59.881N 20°46.477V
200 m norður frá bæ, vestan í hól sem liggur N-S í túninu, er tóft, aðeins um 20 m vestan heimreiðar. Grasi gróin brekka í halla mót vestri. Einföld tóft, 5 x 10 m, snýr N-S en dyr eru á vesturlanghlið. Húsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918. Ekki sér í grjót enda hátt gras á veggjum. Hæð veggja er allt að 1,3 m. Leifar af bárujárnsþaki innan veggja.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-443:003** heimild um útihús 63°59.795N 20°46.352V
Skv. túnakorti frá 1918 stóð útihús um 170 m ANA af bæ. Þar er nú iðagrænn hóll í túni nálægt Hvítá. Í örnefnaskrá segir að í bæjartúninu heiti austast Austurtún og Fjárhústún. Óslétt tún og ekki lengur í rækt. Iðagrænn hóll, sker sig mikið úr umhverfi. Er á árbakkanum. Engu líkara en húsið hafi verið rifið og að einhverju leyti jafnað yfir tóftina því að vegghleðslur sjást engar. Ummál hóls um 15 x 8 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Kiðjaberg, 6-7

**ÁR-443:004** heimild um útihús 63°59.821N 20°46.449V
Skv. túnakorti frá 1918 stóð útihús 80-90 m VNV af 003, rúma 100 m norður af bæ. Grösug geil milli kletta, hallar mót suðri. Gras mjög hátt. Ekki sést tóft. Efst í geilinni mótar fyrir vegghleðslu, um 8 m langri, sem snýr NV-SA. Ekkert grjót sjáanlegt þótt eitthvað kunni að leynast í háu grasinu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-443:005** heimild um útihús 63°59.852N 20°46.713V

Aukatún var innan við 200 m VNV af bæ. Það hefur verið uppi á brekkubrún norðan við klettabeltið sem nefnist Kiðjaberg. Norðarlega á aukatúninu var útihús, 20 m norður af 006. Nú er golfvöllur á aukatúninu og svæðinu umhverfis. Allt rækilega sléttað. Ekki gott að segja til um hvaða hluti brautarinnar hefur verið tún þar sem hún virðist ná útfyrir það svæði. Þó má ætla að það hafi verið austasti hlutinn, þar sem nú er 8. hola. Engin tóft sjáanleg. Austast á túninu er hóll og ekki ólíklegt að hús hafi staðið á honum.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-443:006** heimild um útihús 63°59.848N 20°46.717V
Skv. túnakorti frá 1918 stóð útihús á aukatúninu, um 20 m suður af 005. Rækilega sléttaður golfvöllur. Engin tóft sjáanleg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-443:007** heimild um útihús 63°59.845N 20°46.732V
Skv. túnakorti 1918 var útihús rúma 10 m vestur af 006.
Rækilega sléttaður golfvöllur.
Engin tóft sjáanleg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Túnakort 1918



*Kort 31: Kiðjaberg - tún*

**ÁR-443:008** *Hestur* bæjarstæði býli 63°59.504N 20°44.006V




*Kort 32: Hestur - tún*

"Nú hefur tveim jörðum, Hesti og Gíslastöðum, verið bætt við heimahaga Kiðjabergs, og er það því nær allt Hestfjall og undirlendi þess að framan og vestan og slægjuland Gíslastaða norðan fjallsins", segir í örnefnaskrá. Ennfremur í annarri örnefnaskrá: "Að Hesti kom Ólafur Eyjófsson austan úr Háfshverfi, fæddur 1789. Girti hann allt túnið eða túnstæðið með sniddugarði, sem síðar var settur gaddavír ofan á. Varði hann túnið fyrir moldarrennsli með skurði, þar sést enn fyrir gömlum stekkjargörðum", segir í örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Hestur stóð undir Hestfjalli skammt austan við Kiðjaberg. Var hann byggður sem nýbýli á seinni hluta 19. aldar og fór í eyði 1914." Hestur stóð í slakka vestan vegarins sem liggur upp á Hestfjall, allt að Gíslastöðum, rétt um það leyti sem ekið er upp á fjallið og komið að stórum kletti austan vegarins. Grónar hlíðar með klettum efst, hallar mót suðri. Ekkert sést af tóftum og raunar ekkert þeirra leifa sem lýst er í heimildum. Túnið var nýtt af Kiðjabergsbónda eftir að bærinn fór í eyði og var sléttað yfir það. Nú er túnið inni í sumarbústaðabyggð og búið að gróðursetja tré í túnblettinn sem að öðru leyti er í órækt. Túnstæði hefur verið lítið, sbr. túnakort frá 1918. Þar sést að bærinn hefur staðið norðantil í miðju túni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 2; SB III, 151; Túnakort 1918

**ÁR-443:009** *Gíslastaðir* tóft býli 63°59.932N 20°39.105V

"Nú hefur tveim jörðum, Hesti og Gíslastöðum, verið bætt við heimahaga Kiðjabergs, og er það því nær allt Hestfjall og undirlendi þess að framan og vestan og slægjuland Gíslastaða norðan fjallsins", segir í örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Gíslastaðir voru byggðir austan í Hestfjalli og voru kenndir við Gísla Guðmundsson "búmann" er þar reisti býli fyrstur árið 1849. Í fasteignamötum 1861 og 1922 eru Gíslastaðir einnig kallaðir Bót. Gíslastaðir fóru í eyði eftir 96 ár. [...] Byggingar eru nú engar á Gíslastöðum." Hægt er að aka yfir Hestfjall að tóftunum sem eru skammt ofan við núverandi veiðihús við Hvítá.

Lítið undirlendi er umhverfis bæinn. Túnblettur austan undir háum hömrum Hestfjalls. Vegur liggur yfir sunnanvert Hestfjall sem og suður með austurhliðinni. Austan bæjartóftar er hátt reynitré. Bæjartófin er heilleg, víða grjót í veggjum, á stöku stað timbur og bárujárn, jafnvel dyraumbúnaður sem virðist nýlega fallinn og lamir. 6-7 hólf greinileg en stærð tóftar alls er 25 x 22 m. Aðalinngangur er að austan. Auðveldast er að lýsa hólfunum hverju fyrir sig og skal byrjað suðaustast. I. er lítið hólf, aðskilið frá aðalbæjarhúsum en samt sambyggt. Stærð um 6 x 4 m og gengið inn að austan, við hlið bæjardyra. Var skemma. II. Við hlið skemmunnar voru gengið inn í bæinn. Nú er þar stærsta hólf tóftarinnar og inngangurinn 4 m breiður. Hólfið er alls 11 x 6 m en mjókkar til norðurs. Að sögn Pálínu Þorsteinsdóttur var því skipt svo niður: Fast við innganginn vinstra megin var lítið, afþiljað herbergi með einu rúmi. Þess sjást nú engin merki. Á hægri hönd var baðstofan, og þar, nærri inngangi var lítið eldhús. Ekki sjást nú merki þess. Innan við baðstofuna, nyrst í hólfinu sem nú sést, var lítið fjós. III. Fast norðan við þetta stóra hólf sem hýsti



baðstofu, eldhús og fjós er lítið hólf, um 4 x 4 m, sem gengið hefur verið í úr norðri en ekki er innangengt úr bænum sjálfum. Þetta var hesthús. IV. Fast norðan við hólf II er sýnilega afmarkað hólf sem gengið hefur verið í úr miðju stóra hólfsins II. Það mun vera seinni tíma hleðsla og er ekki ljóst til hvers hún var notuð. Stærð um 3 x 3 m. V. Vestan þess er aflangt hólf, 2 x 5 m og mun hafa verið e.k. sund milli húsa. Það víkkar til norðurs og endar í porti. VI. Úr portinu er gengt í hólf til vesturs, stærð þess er um 3 x 4,5 m, mun hafa verið hrútakofi. VII. Úr hrútakofanum er gengt til suðurs inn í stærsta hólf bæjarins, 8 x 7 m. Það var hlaða og einnig hægt að ganga inn í hana, að því er virðist, frá bæjardyrum. Hleðsluhæð í veggjum hlöðunnar er einna minnst og þar sést ekki jafnmikið grjót og annarsstaðar. Blómagarður var austan við bæinn, hjá bæjardyrum, þar sem nú er reynitréð stóra. Framan við bæjardyrnar mótar fyrir stétt og einnig sést dyrahella. Við norðausturhorn bæjarins er smáslakki og grillir þar í horn á steyptri þró.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 2; SB III,151

**ÁR-443:010** *Hestvað* heimild um vað 63°59.769N 20°46.017V
"Hlaupandinn, sem fyrr er getið, rennur í Hvítá austan við túnið. Þar er fremst á honum Hestvað og litlu ofar Bleikspyttur, þá Galtarvað, Mjóipyttur og Norðurhólsvað", segir í örnefnaskrá. Annarstaðar segir: "Hestvað dregur nafn af því, að þar var farið yfir lækinn á leið að Hesti. Það er alveg við Hvítá, áin fellur upp í vaðið." Hlaupandinn er skammt austan við túnið á Kiðjabergi, 430 m beint austur af bæjarhól.
20-30 m milli bakka, þar sem lækurinn er breiðastur. Klappir beggja megin.
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 3; Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 1

**ÁR-443:011** *Galtarvað* heimild um vað 63°59.811N 20°46.072V
"Hlaupandinn, sem fyrr er getið, rennur í Hvítá austan við túnið. Þar er fremst á honum Hestvað og litlu ofar Bleikspyttur, þá Galtarvað, Mjóipyttur og Norðurhólsvað", segir í örnefnaskrá. Annars staðar segir: "Galtarvað er um 30 föðmum ofan við Bleikspytt og er kennt við bæinn Gölt, því að leiðin þangað lá um vaðið." Miðað við þessa lýsingu hlýtur vaðið að hafa verið um 100 m sunnan við ökubrú yfir Hlaupanda.
Hálfgrónir bakkar beggja megin. Vað er ekki augljóst, lækurinn er svo mjór að hægt er að fara yfir hann nánast hvar sem er. Líklega er hann meiri í leysingum á vorin.
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 3; Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 9

**ÁR-443:012** *Norðurhólsvað* heimild um vað 63°59.838N 20°46.127V
"Hlaupandinn, sem fyrr er getið, rennur í Hvítá austan við túnið. Þar er fremst á honum Hestvað og litlu ofar Bleikspyttur, þá Galtarvað, Mjóipyttur og Norðurhólsvað", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við hana segir ennfremur: "Norðurhólsvað er um 30 föðmum ofan við Galtarvað; hross voru rekin þar yfir." Norðurhólsvað er líklega um 50 m sunnan við ökubrú yfir Hlaupanda. Malarnes að sunnan en mýri norðan megin. Lækur um 2 m breiður, mjög grunnur. Hár bakki með honum að sunnan, ágætt aðhald.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 3; Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 9

**ÁR-443:013** *Mómýri* náma mógrafir 63°59.808N 20°45.915V
"Fyrir austan Læk fremst er Mómýri, þar er Móholt við Hestvað og Laugarás austan mýrarinnar", segir í örnefnaskrá. Mómýri er mýrin austan við Hlaupanda sem á þeim slóðum er einnig nefndur Lækur. Hún er um 500 m austur af bæ. Vot mýri með smálækjum, hallar niður að Hlaupanda. Geysimiklar mógrafir eru fast norðaustan við Móholt. Mógrafasvæðið er um 30 x 70 m og situr víða vatn í botninum. Allt að 1,5 m djúpar grafir. VNV af er dæld eða slakki, um 100 x 100 m og eru þar líklega eldri grafir, samansignar.
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 3

**ÁR-443:014** *Biskupagarður* garðlag vörslugarður 63°59.975N 20°45.619V
"Fyrir norðan Laugarás er Biskupagarður, fyrirferðarmikið garðbrot, en garður þessi hafði verið gerður af Skálholtsbiskupum sem varnargarður vegna hestagöngu í Hestfjalli, og náði hann sunnan úr Hvítá og upp í Hestvatn, en sú leið er um 800 faðmar", segir í örnefnaskrá. Síðar segir: "Biskupsgarður liggur úr Mómýri vestan Laugaráss til norðvesturs alla leið upp að Hestvatni. Garðurinn er enn hár víða, en grjót er fallið, þar sem það hefur verið. Sagt er, að Skálholtsbiskup hafi kallað bændur til að hlaða garðinn, sem verið hafi vörzlugarður fyrir Skálholtshrossin. Mælt er, að orðtakið "að gjalda torfalögin" sé til komið í sambandi við þessa garðhleðslu." Í enn einni skrá segir: "Um aldur þessa garðs er ekki vitað, en í tíð Brynjólfs Sveinsonar biskups lögfestir hann Hestfjall undir stólinn með sögðum merkum árið 1666 og lagt bændum á herðar að umbæta garðinn, sem þá var ekki orðinn gripheldur. Fjallið var þá notað frá stólnum fyrir stóðhross árið um kring." Lýsingu á garðinum er að finna í minnisbók Odds biskups Einarssonar en hann hefur tekið hana upp úr Bréfabók Gísla Jónssonar biskups í Skálholti 1558-87: "Suo langt er fra Hvijta fyrir austan Kidaberg og i Hestzvatn vpp

yfer Eyded sem hier sieger. fyrst xj fadmar og xtiju fra anne ad hlidenu vel suo. Enn hlided sialftt xl fadmar. Jtem Gardurenn effter a vpp effter aullu iijc fadmar xxvj fadmar betur. Jtem tuo hlid hia vatzendanum. annad þrijr fadmar Enn annad halfur nijunde fadmur. Þetta hefe [eg] Gíjsle Jonsson mælltt sannliga med vad." DI XIII, 381. Garðurinn sést best norðan við Mómýri (013) þar sem hann liggur til norðurs í átt að Hestvatni. Sést alls ekki í mýrinni sjálfri. Garðurinn var friðlýstur árið 1927.
Syðst hefur garðurinn legið yfir mýri sunnan við svonefndan Laugarás. Norðan mýrarinnar liggur vegur í Hestsland yfir garðinn en hann sést norðan við veginn á þurru móaholti. Holt þetta verður grýttara og sandbornara eftir því sem nær dregur Hestvatni. Garðurinn sést víða vel en herfilegar skemmdir hafa verið unnar á honum, líklega á síðastliðnum árum. Hann er mjög heillegur á um 100 m kafla norðan Mómýrar, allt að 5 m breiður og 2 m hár, nokkuð þýfður og vaxinn lynggróðri. Gamanið kárnar þegar norðar dregur. Malarvegur sem liggur að Hestvatni, í fyrstu vestan garðsins, sveigir til austurs og liggur á garðinum á um 150 m kafla, Líklega hefur hann þótt hentug undirstaða fyrir veg. Auðveldlega hefði mátt komast hjá þessu með því að leggja veginn austan garðs að öllu leyti. Þar sem garðurinn kemur undan veginum er hann tekinn að fletjast út og sést alls ekki næst vatninu. Virðist þó liggja fram á klettanibbu vestan vegarins, þar sést hálfniðurgrafin steinaröð. Annars er garðurinn alls staðar gróinn og sér hvergi í grjót, þar sem hann er breiðastur nær hann allt að 5 m.
**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 3; Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 9; DI XIII, 381; FF, 76; Ö-Hestfjall, 1

**ÁR-443:015** *Stekkjarmýri* þúst stekkur 64°00.287N 20°45.555V
"Norður af Litlakambi er kletthóll, Einbúi, en norður af honum Stekkjarmýri og Skútamýri ofar, en þó samanhangandi", segir í örnefnaskrá. Aftar segir: Stekkjarmýri dregur nafn af stekk austan mýrarinnar. Sjást rústirnar enn vestan í Kambsholtinu. Það er um kortérsgang frá Kiðjabergi, og var þar ekkert aðhald." Þessi staður er rúmlega 1,2 km norðaustur af bæ. Kambsholtið liggur allt að suðvesturhorni Hestvatns. Austan við er þurrt móaholt með klettum efst en vestur af mýri. Mjög sigin rúst og er erfitt að gera grein fyrir gerð hennar. Nær því að vera ógreinileg þúst, vaxin lyngi og mosa. Um 8 m breið en lengd ógreinileg því að hún rennur saman við holtið syðst. Virðist mjórri nyrst, um 3 m, og gæti þar hafa verið lambakró.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 3; Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 9

**ÁR-443:016** heimild um manndómsraun 64°00.583N 20°48.094V
"Í Bollateig er mikill blágrýtissteinn, sem margir sláttumenn hafa reynt að lyfta. Er það ekki á valdi nema færustu manna. Þorsteinn Stefánsson á Kiðjabergi hefur lyft honum í hnéhæð", segir í örnefnaskrá. Bollateigur er nálægt mörkum við Arnarbæli, 2 km norðvestur af bæ og tæpa 700 m norðvestur af Tjaldvelli (018).
Vot mýri, hallar niður að Arnarbæliskeldu sem nú rennur í gríðarmiklum skurði á þessum stað. Enginn steinn er nú á þessum stað. Eini hugsanlegi möguleikinn er að hann hafi staðið nálægt keldunni og raskast við skurðgröft.
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 4

**ÁR-443:017** *Skotabergsferjustaður* örnefni ferja 63°59.836N 20°47.657V
"Efsti hluti hennar [mýrin fyrir vestan Háls] heitir Dýjakrókar, en Ferjunes er syðst og liggur að Hvítá á Skotabergsferjustað, en Skotaberg er sunnan árinnar í Oddgeirshólalandi", segir í örnefnaskrá. Ferjunes er tæpa 900 m vestur af bæ. Nú er golfvöllur í slakkanum milli Hálsins og Bergsins. Mýrlent nes sem gengur út í ána, sandrönd og klappir neðst. Áin rennur í töluverðum þrengslum á þessum slóðum. Oddgeirshólamegin er bratt klettabelti.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 5

**ÁR-443:018** *Tjaldvöllur* heimild um áfangastað 64°00.364N 20°47.406V
"Fyrir vestan Stórhól er Tjaldvöllur við suðvesturjaðar Breiðholts", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum segir: "Tjaldvöllur dregur nafn af því, að ferðafólk, sem kom austan yfir Hvítá og fékk ferju í Árhrauni, tjaldaði þar." Stærsti hluti Breiðholts er sunnan við Arnarbælisafleggjara skammt vestan við Kiðjabergsveg. Vegur liggur að mýrinni neðan Stórhóls, fyrir vestan hann. Sæmilega sléttur grasbali utan í hólnum og niður frá honum, allt að mýrinni. Sumarbústaður stendur á suðausturhorni flatarinnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 5; Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 11




*Kort 28: Kiðjaberg, Hestur og Gíslastaðir – jörð*

**ÁR-443:019** tóft 63°59.775N 20°46.854V
Bergið vestan bæjar nefnist Kiðjaberg. Suðvestan í því, aðeins um 10 m austan við golfbraut, er tóft.
Gróin brekka með klettum efst, hallar mót norðvestri. Einföld tóft, 4 x 5 m, dyr mót norðvestri. Hlaðin úr mjög stórgerðu grjóti, algróin að utanverðu. Veggir mosavaxnir að ofan, hvergi hærri en 1 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 5-6

**ÁR-443:020** *Vörður* heimild um 63°59.976N 20°46.930V
"Fyrir vestan og framan Lindarberg eru Aukatúnshólar, en fyrir vestan þá eru nefndar Vörður (þar voru 3 vörður lengi, en eru nú allar horfnar)", segir í örnefnaskrá. Vörðurnar hafa líklega staðið á klettahæð um 200 m suður af golfskála. Golfvöllur umhverfis hæðina. Vörðurnar eru horfnar.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 6

**ÁR-443:021** *Stekkurinn* tóft stekkur 63°59.400N 20°47.203V



"Fyrir sunnan Nónbergið eru 2 klettastrýtur hlið við hlið, sem heita Karl og Kerling, en fyrir vestan er Stekkurinn", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er tæpa 900 m suðvestur af bæ, syðst á Hálsinum svonefnda en hann er vestan við bæ og gengur alla leið suðvestur í Hvítá. Innan við 50 m norðvestar er golfvöllur. Stekkurinn er í dæld milli tveggja klettabelta og hallar frá henni niður að Hvítá. Ekki mikil gróska umhverfis. Glæsilegur stekkur og stendur að mestu, enda mun hafa verið fært einna lengst frá í Kiðjabergi af bæjum í Grímsnesi. Stekkurinn er hlaðinn suðaustan undir kletti, rúmlega 2 m háum. Hann er alls um 14 x 8 m, þar af er lambakró, sem er nyrst, 2 x 8 m. Rekið hefur verið inn suðvestan megin. Þar, framan við stekkinn, er eyða í klettinn sem hann er byggður undir og grjóthleðsla þar í, alls um 10 m löng. Hleðsluhæð veggja allt að 1,4 m, standa sumsstaðar að nær öllu leyti.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 6

**ÁR-443:022** *Huldufólkshóll* þjóðsaga 63°59.742N 20°46.583V
"Á túninu er Aukatún, næst Aukatúnshólum, þá Lindarbergsrófa, Norðurtún, Framtún, þar er Goðalág og Huldufólkshóll", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum segir: "Huldufólkshóll er beint fram af (sunnan) bæjar. Mátti aldrei slá hann. Síðast kom það fyrir 1915, að hóllinn var sleginn óvart. Kaupakona úr Reykjavík datt samdægurs fram af hólnum og fótbrotnaði." Hóll niður við á, 70 m suður af bæ. Grasgefinn hóll, vaxinn njóla. Mjög brattur niður að ánni en vel gróinn. Fallhæð allt að 20 m.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 6; Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 11

**ÁR-443:023** *Goðalág* örnefni 63°59.759N 20°46.673V
"Á túninu er Aukatún, næst Aukatúnshólum, þá Lindarbergsrófa, Norðurtún, Framtún, þar er Goðalág og Huldufólkshóll", segir í örnefnaskrá. Lágin er um 100 m vestan bæjar, undir klettabeltinu sem er vestan túns.
Túnblettur sem enn er sleginn, ekki hluti af golfvelli. Við ána eru 2 hólar en lágin á milli þeirra gengur upp í túnskikann. Hefur verið sléttað. Engin mannvirki sjáanleg. Nú virðist brennt rusl í láginni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 6

**ÁR-443:024** hleðsla traðir 63°59.785N 20°46.457V
Enn mótar fyrir tröðum í Austurtúni. Þær sjást fyrst 20-30 m austur af bæ og eru sýndar á túnakorti 1918.
Túnið er ekki lengur hirt, gríðarhátt gras. Báðir traðarveggir greinilegir 10-15 m frá Hvítá, um 1 m á milli þeirra en alls er utanmál traða um 2,5 m. Þær sjást á 40-50 m kafla og ef til vill betur á öðrum árstíma þegar gras er ekki svo hátt. Hleðsluhæð veggja allt að 0,8 m en þeir eru algrónir. Hugsanlega hefur þessi hluti túnsins aldrei verið sléttaður.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 6-7

**ÁR-443:025** *Þvottaklettar* örnefni þvottastaður 63°59.738N 20°46.555V
"Við ána eru Þvottaklettar fram af bænum, en Lækjarnef við Hestvað [010]", segir í örnefnaskrá. Klettanef við ána, 20-30 m austur af Huldufólkshól (022). Bratt niður að ánni og lítið undirlendi við hana. Mjó malarrönd neðst en brattinn er grösugur. Engin mannvirki, s.s. hlóðir, sjáanleg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 7

**ÁR-443:026** tóft rétt 63°59.485N 20°43.782V
Í Sunnlenskum byggðum segir: "Fyrr á tíð var Hestfjall notað sem afréttur fyrir Mýrarjarðirnar í austurhluta Grímsness. Réttað var fremst á fjallinu og sjást rústir þar enn." Réttin er frammi á brún sunnarlega á fjallinu, 20 m suðaustan við veginn sem liggur upp á fjallið og allt að Gíslastöðum. Lyngmóar og melar umhverfis, ekkert aðhald frá náttúrunnar hendi. Börð sunnan við. Þríhólfa grjóthlaðin rétt, lítt gróin en veggir nær alveg hrundir. Breidd 11 m, lengd alls um 23 m, snýr N-S. Miðhólfið breiðast, um 9 m, og hefur verið rekið inn í það að austanverðu. Ekki eru sjáanleg op inn í hin hólfin, hið nyrsta er um 7 m breitt en það syðsta um 6 m. Hleðsluhæð mest um 0,8 m. Réttin var stundum nefnd Kiðjabergsrétt og var notuð a.m.k. fram á miðja 20. öld.




**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Sunnlenskar byggðir III,150

**ÁR-443:027** *Vörðuás* örnefni 63°59.616N 20°45.382V
Ásinn austan Mómýrar (013) og norðan sauðfjárbaðs (029) heitir Vörðuás. Lágur hryggur sem gengur N-S, smáklettar efst. Sumarbústaðir víða í kring. Hvorki sjást vörður né vörðubrot.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 8

**ÁR-443:028** *Mylluhús* heimild um myllu 63°59.806N 20°46.013V
"Mylla var 10 föðmum ofan við Bleikspytt, byggð um aldamót til að mala korn. Vatnið var tekið úr læknum, flutt í skurði yfir tanga og féll þar í mylluna, sem stóð við lækinn. Fallhæðin var um 1 metri. Skurðurinn var nefndur Mylluskurður og var um 25 faðmar á lengd. Húsið, sem kallað var Mylluhús, var hlaðið úr torfi og grjóti, ferkantað og upp undir 2 faðmar á kant. [...] Rústir Mylluhússins sjást enn og nefnast Myllutættur", segir í örnefnaskrá. Bleikspyttur er í læknum Hlaupanda austan túns, skv. lýsingu í síðustu beygjunni sem verður á læknum áður en hann fellur í Hvítá. Þá ætti myllutóftin að vera 30-35 m vestan við pyttinn. Grösugur en mýrlendur bakki norðan megin en klapparhóll að sunnan. Skurðurinn sést ágætlega, liggur yfir tanga sem myndast þegar lækurinn sveigir úr norðri til austurs. Hann er einkum reglulegur norðan til, uppþornaður en mýrlendur í botni, vart meira en 20-30 sm djúpur en allt að 50 m langur. Myllan hlýtur að hafa staðið við suðurenda hans en þar sést nú ekkert. Lækurinn rennur í alldjúpum farvegi og má vera að myllan hafi verið byggð nánast yfir hann. Ætti því a.m.k. að sjást hleðsla á bakkanum. Nafn lækjarins "Hlaupandi" bendir til að hlaup komi í hann og kann það að vera ástæðan fyrir mylluhvarfinu, vatn getur auðveldlega sópað hleðsluleifum burt.
**Hættumat:** hætta, vegna rofs
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 8

**ÁR-443:029** hleðsla þvottalaug 63°59.555N 20°45.495V
"Laugarásarnir draga nafn af laug, sem er í flæðarmáli Hvítár vestan undir Vörðuás, sem er í Hestlandi. Laugin er með 24 stiga heitu vatni. Fé var baðað í keri við laugina fram undir 1958" segir í örnefnaskrá. Laugarásar eru austan lækjarins Hlaupanda sem rennur austan við túnið. Vörðuás er austan þeirra og er laugin vestan við hann, 10-15 m frá ánni. Gróin brekka upp frá ánni en þýfð og sumsstaðar mýrlend. Um 30 m ofan við laugina er afgirt sumarbústaðaland. Laugin er steypt þró með þremur hliðum, 2 x 1 m, nú vatnslaus. Fyrir ofan hana er lítil, grjóthlaðin rétt sem skiptist í tvö hólf. Beint fyrir ofan þróna er lítið hólf, 2 x 4 m en austan við það er samhlaðið stærra hólf, 8 x 8 m. Bæði hólfin eru því sem næst ferköntuð. Milliveggurinn rís hæst, allt að 1,3 m, annars eru hleðslur nær alfarið hrundar og mikið grónar á köflum. Líklega hefur verið rekið inn í stóra



hólfið að sunnan, þar mótar fyrir opi en ekki sjást dyr milli hólfanna tveggja.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 9

**ÁR-443:030** gata leið 64°00.243N 20°45.767V
"Um Langarima lá vegurinn að Gelti í gamla daga", segir í örnefnaskrá. Vegurinn sést fast undir suðvestasta hluta Kambsholts en það er holt sem er vestan vegarins sem liggur að sunnanverðu Hestvatni.
Þurrt móaholt en mýri vestan við. Heilmikil einföld gata, 2 m breið. Afar regluleg og hefur líkast til verið vagnfær. Ógróin í botni á þessum stað.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 9

**ÁR-443:031** 4 tóftir 64°00.002N 20°47.251V




Bergið vestur af bæ nefnist Kiðjaberg, það er á svonefndum Hálsi sem er gríðarmikið hæðardrag sem nær suður í Hvítá. Á meirihluta þess er nú golfvöllur. Sunnan við Hálsinn er gamall ferjustaður (017) en 3-500 m norður af ferjustaðnum eru nokkrar tóftir suðvestan í Hálsinum. Þær eru vestan undir stökum, litlum kletti .
Neðarlega í gróinni brekku mót vestri, mýri neðan brekkunnar. Töluverður mosavöxtur. Sumarhúsalóð fast við tóftirnar, afmörkuð með stikum. Tóftirnar eru hér tölusettar til hægðarauka. Þær eru allar grónar og veggir mjög signir, hvergi yfir 0,7 m. I. Þessi tóft er neðst í brekkunni, gæti verið gamalt fjárhús. Aflöng, snýr N-S með dyr í suður. Norðurendi er breiðari og fremur hringlaga, hugsanlega heytóft fremur en hlaða. Stærð tóftar alls 12 x 5 m, þar af er heytóftin um 5 x 6 m. II. Um 12 m austar er lítil tóft, 4 x 5 m. Dyr virðast í norðvestur. Veggir mjög signir og mosagrónir. III. Um 10 m suðaustur af II er tóft, 4 x 6 m, inni á sumarbústaðalóð, mjög svipuð tóft II. IV. Tæpa 40 m suðaustur af III er svo enn ein tóft. Hún er fast norðan við litla klettinn ofan hinna tóftanna. Alls 6 x 6 m, tvö hólf og gæti verið stekkur. Minna hólfið er um 6 x 2 m. Tvö furutré innan veggja. Ekki fengust upplýsingar um þessar tóftir og þeirra er ekki getið í örnefnalýsingu. Líklegast að hér sé komið gamalt stekkatún.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg, 4; Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 10

**ÁR-443:032** *Kvíaklettar* heimild um kvíar 63°59.804N 20°46.430V
"Í Austurtúninu voru Kvíaklettar, þar sem kvíar voru hafðar", segir í örnefnaskrá. Líklega er átt við það klettabelti í túninu sem lægst stendur, rétt rúma 100 m norðaustur af bæ. Klettarnir eru 2-3 mannhæðir en fram af þeim er hallandi tún til suðausturs. Gríðarhátt gras. Ekki mótar fyir kvíum og hvergi finnst grjót. Túnið hefur líkast til ekki verið sléttað með stórvirkum vinnuvélum, sbr. traðirnar (024) sem enn sjást. Því hefði kannski mátt búast við heillegum kvíum, ekki síst vegna þess að á Kiðjabergi var lengst fært frá af öllum bæjum í Grímsnesi. Líklegast er að notaðar hafi verið færikvíar, enda þóttu þær yfirleitt hentugri og hreinlegri.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 12




**ÁR-443:033** tóft beitarhús 63°58.767N 20°4
Í örnefnaskrá Hestfjalls segir: "Stekkjarhamar, áður stekkatún frá Kiðjabergi, nú er þar fjárhús." Ekki ber öllum saman um hvar hamarinn er en ef ekið er upp með Hvítá í Kiðjabergslandi endar vegurinn við allmikið gil. Þaðan blasir beitarhúsatóft við handan gilsins en stekkur eða aðhald (036) er fjær. Einnig er hugsanlegt að Stekkjarhamar sé á öðrum stað, sjá 047. Sunnan undir litlu hamrabelti í hlíðinni. Suður af er gróinn slakki í átt að Hvítá. Einföld tóft, virðist hlöðulaus, stærð 11 x 6,5 m. Snýr N-S, dyr í suður. Einn grjóthlaðinn garði eftir miðju, nær algróinn. Dýpi er heldur meira norðan megin en þó tæpast nægt rými fyrir hlöðu. Óvenjureglulegt að lögun og vel hlaðið, veggjahæð allt að 1,8 m, grjót víðast hvar í innanverðum veggjum. Framan við dyrnar er lítil, grjóthlaðin rétt, alveg hrunin og að mestu sokkin, stærð um 5 x 9 m, dyr ekki sjáanlegar. Steinar mosagrónir.

**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 2-3

**ÁR-443:034** heimild um vað 63°59.308N 20°44.523V
"Vaðmýri niður að Hvítá. Þar hefir verið til forna vað yfir ána og er að líkindum enn, því fyrir 30 árum var frá Hesti farið þar yfir ána með reiðingshesta", segir í örnefnaskrá. Vaðmýri lá að Hvítá beint fyrir neðan staðinn þar sem bærinn Hestur (008) stóð. Grónir bakkar, holt og mýrar skiptast á. Áin er hér mjög breið og sandeyrar í henni miðri.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:035** *Sleifar-Völkutótt* heimild um 63°59.846N 20°46.437V
"Sleifar-Völkutótt var austast í Leynirnum, og er nú sléttað yfir hana. Hún var kennd við einsetukerlingu" segir í örnefnaskrá. Leynirinn er grasgefin dæld eða dalur í miðju aflöngu hæðarinnar sem er í túni beint norðan bæjar. Grösug dæld. Engin tóft sjáanleg.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 12




**ÁR-443:036** tóft stekkur 63°58.787N 20°42.906V
Aðhald, líklega stekkjartóft, er um 50 m austur af beitarhúsatóft 033.
Sunnan undir litlu hamrabelti í hlíðinni. Suður af er gróinn slakki í átt að Hvítá.
Tvíhólfa rétt byggð upp við klett. Hann myndar norðurvegginn en svo er hlaðið út frá honum. Stærð stekkjar 7 x 6 m. Stærra hólfið er austan, 4 x 7 m með op að sunnan. Ógreinileg kró er sambyggð norðvestanmegin, 1,5 x 4 m og hugsanlegt er að op sé milli hólfa. Varla stendur steinn yfir steini og hleðsur eru mikið mosagrónar.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Kiðjaberg aths. og viðb., 11




**ÁR-443:037** *Lambhús* tóft fjárhús 63°59.912N 20°39.108V
Rúma 30 m sunnan við Gíslastaði (009), handan við svonefnt Bæjargil var Lambhús og sést tóftin enn. Grösugur stallur undir brattri brekku.
Einföld tóft, snýr A-V. Dyr í austur, vísa að ánni. Stærð 4 x 7 m, mjókkar fram. Grjót í innanverðum veggjum og enn er ryðgaður járngafl fram við dyr.
**Hættumat:** engin hætta




**ÁR-443:038** *Ærhús* tóft fjárhús 63°59.863N 20°39.098V
Um 130 m suður af Gíslastöðum (009) var Ærhús og þar sést enn tóft.
Stallur undir brattri brekku. Tóftin er einföld, 5 x 9 m, snýr með dyr í austur. Sambyggð henni að sunnan er rétt, 9 x 8 m með op við hlið fjárhúsdyra. Réttin er að mestu gróin en mikið grjót innan veggja í húsi auk spýtnabraks og járnrusls, veggjahæð mest um 1,3 m.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:039** garðlag vörslugarður 63°59.896N 20°39.059V
10-20 m suðaustur af Gíslastaðabænum (009) var þökuslétta, afgirt með grjót- og sniddugarði. Nánast beint niður af ærhúsum 038. Slétt grasflöt, stærð hennar um 22 x 35 m. Sniddugarður er með flötinni að sunnan, þar er ekið í gegnum hann að bænum. Girðing var ofan á honum. Með austurhlið var grjótgarður og sést hluti hans enn. Einföld steinaröð, liggur í boga með austurhlið og upp til vesturs.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:040** tóft útihús 63°59.955N 20°39.196V
Tæpa 90 m norðvestur af rústum Gíslastaða (009) er tóft, hátt uppi á grónum stalli. Á túnakorti Gíslastaða frá 1918 er aðeins sýnt eitt útihús og er það líklega þetta.
Brött grasbrekka niður af stallinum, gróin urð fyrir ofan. Tvíhólfa tóft, 5 x 8 m að stærð. Fremur samtengd hólf en sambyggð. Hólfin tvö eru nokkurnveginn jafnstór og ferköntuð, ekki er innangengt á milli þeirra. Virðist op á því nyrðra að framan, þ.e. austanmegin en á hinu eru dyr á suðausturhorni. Grjót að innanverðu, sýnu meira í syðra hólfi.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Túnakort 1918



**ÁR-443:041** tóft útihús 63°59.973N 20°39.212V




Tæpa 40 m NNA af 040 er tóft af útihúsi. Brött grasbrekka, hefur verið tún. Einföld tóft, snýr A-V með dyr í austur, stærð 4 x 7 m. Vestari endi er að hálfu grafinn inn í brekku. Mikið grjót hefur hrunið úr norðurlangvegg en í syðri vegg eru að hluta náttúrulegir klettar. Veggjahæð allt að 1,1 m.
**Hættumat:** engin hætta




**ÁR-443:042** tóft útihús 63°59.987N 20°39.279V

Rúma 170 m norðvestur af Gíslastöðum (009) er tóft. Brött grasbrekka, hefur verið tún. Stærð 5 x 6,5 m, dyr í austur, ferköntuð. Mikið grjót er innan veggja, sumt sýnilega hrun úr fjallinu eftir jarðskjálfta sumarið 2000. Veggjahæð mest um 1 m.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**ÁR-443:043** tóft útihús 63°59.988N 20°39.266V

Um 10 m norðaustur af 042 er ógreinileg tóft. Brött grasbrekka, hefur verið tún.
Um 4 x 6 m, hleðslur signar og útlínur ógreinilegar. Virðist hafa verið tvíhólfa, nema vestari langveggur hafi orðið fyrir skakkaföllum. Nú er tóftarbrotið nánast hjartalaga. Dyr mót austri. Rétt glittir í grjót, veggjahæð mest um 0,5 m.
**Hættumat:** engin hætta




**ÁR-443:044** tóft útihús 64°00.003N 20°39.228V
Um 40 m norðaustur af 043 er tóft.
Brött grasbrekka, hefur verið tún.
Aflöng tóft og einföld, 4 x 7 m, snýr N-S en með dyr á austurlanghlið. Hæð veggja rúmlega 1 m. Grjót sést innan veggja en að öðru leyti eru þeir mjög grónir.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:045** *Stekkatún* örnefni stekkur 64°00.151N 20°39.096V
Iðagrænn túnskiki rétt rúma 400 m norður af Gíslastöðum (009) hét Stekkatún eða Stekkatúnsflöt. Ekki er talið að þar hafi verið stekkjartóft. Iðagrænn blettur í miklum halla mót austri. Vegarslóði rétt fyrir neðan. Mikið hefur hrunið úr fjallinu á blettinn. Ef vel er að gáð má sjá ógróna hleðslu, einfalda steinröð, niður eftir blettinum miðjum, er hún um 15 m löng. 4 m sunnar er svo ógreinileg þúst, um 5 x 4 m. Hún gæti verið náttúruleg en er hið eina sem gæti verið tóft á þessum stað.
**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**ÁR-443:046** tóft beitarhús 64°00.327N 20°38.967V
Beitarhús frá Gíslastöðum (009) var tæpa 750 m norður af bæ, vestan við gamlan veg sem þar liggur.
Gróinn slakki í töluverðri brekku sem hallar mót austri.
Tóftin er enn heilleg, grjót reyndar að mestu fallið innan úr veggjum, líklega vegna hallans. Stærð 6 x 13 m, snýr A-V með dyr í austur. Hlaða er í vesturenda, nær alveg fallin saman. Einn garði er eftir endilöngu með steyptri plötu ofan á, austarlega á garðanum er steypt baðþró, um 1 x 2 m. Suður af húsinu vottar fyrir upphækkun, hugsanlega rétt, stærð 7 x 11 m.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:047** tóft beitarhús 63°59.775N 20°45.060V
Beitarhúsatóft er sunnan undir vestasta og lægsta hluta Hestfjalls, tæpan 1 km NA af Kiðjabergi en um 500 m vestur af staðnum þar sem bærinn Hestur stóð. Sléttur túnblettur sunnan undir gróinni hlíð með myndarlegum hömrum efst. Sumarbústaður er einungis 30 m vestar og líklega er tóftin inni á eignarlóð. Greinileg tóft, 6 x 15 m, opnast í suður. Engir garðar sjáanlegir og ekki hlaða, a.m.k. ekki niðurgrafin. Grjót sést víða í veggjum en

þó einna minnst í norðurenda. Útskot er nyrst á vesturlanghlið, um 2 x 3 m, hugsanlega heygarður. Veggjahæð allt að 1,4 m. Um 5 m norðvestar er hringlaga tóft, 2 x 2 m, a.m.k. 70 cm djúp og lítur einna helst út eins og brunnur. Mikið járn er í stóru tóftinni. Um 15 m suðvestur af henni er fornleg rúst sem snýr A-V, um 6 x 17 m. Algerlega hlaupin í þúfur og því fremur ógreinileg. Skora er eftir endilöngu en veggir allt að 2,5 m breiðir, hvergi sér í grjót. Trjárækt er við vesturenda tóftarinnar, aðeins um 4 m frá henni.
**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-443:048** tóft útihús 63°59.925N 20°39.141V
Um 10 m suðvestur af bæjarhúsum á Gíslastöðum (009) stóðu tvö hús mjög nærri hvort öðru og líklega sambyggð. Hið efra var uppi í brekkurótum og hitt fast austan við. Slétta undir brattri brekku. Efra húsið hefur verið um 2 x 2 m, að hálfu grafið inn í brekku með inngang í austur, veggjahæð um 1,1 m, grjót sést í veggjum. Það var reykhús. Fast við það var kamar en hann sést ógreinilega, er vart meira en skora í gilbrún og vottar fyrir hleðslu þar inni í.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:049** heimild um ferju 63°59.919N 20°39.045V
"[á Gíslastöðum 009] var um tíma lögferja, en nú lögð niður", segir í örnefnaskrá. Ferjað var yfir Hvítá beint niðurundan bænum og yfir að Árhrauni sem var bær handan árinnar, nú í eyði. Gíslastaðamegin er töluverður bratti niður að ánni en í Árhrauni slétt og gróið. Þegar farið var með hross yfir á ferjustaðnum voru þau rekin út í talsvert norðar.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:050** *Stekkur* tóft stekkur 63°59.609N 20°38.841V
Rúma 630 m suður frá Gíslastöðum (009), á stalli efst í grösugri en mjög brattri brekku, er svonefndur Stekkur. Snarbrött grasbrekka meira en 100 m ofan við Hvítá. Klettar efst. Hlaðið hólf sunnan við stóreflis klett sem fallið hefur úr urðinni fyrir ofan. Einföld grjótröð myndar nokkurn veginn hring, um 5 x 4 m. Op að sunnan en einnig að norðan, við steininn. Hugsanleg kró er við sunnanverðan klettinn um 2 x 3 m, en mjög er það óljóst.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:051** *Vegskarð* gata leið 63°59.678N 20°39.121V
Vegskarð nefnist skarð sem ekið er um uppi á brún Hestfjalls fyrir ofan Gíslastaði. Þar um lá vegurinn milli Gíslastaða og Hests. Klettaskarð. Á þessum stað er gamli vegurinn undir þeim nýja. Nokkrum tugum metra ofar en skarðið sveigir hann frá núverandi vegi og liggur skammt norðan við hann yfirfjallið, allt þar til komið er fram á brúnina hjá Hesti, þá sameinast gamli vegurinn þeim nýja. Sést víða á þessari leið.
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-443:052** *Pálsvarða* örnefni
"Pálsvarða", segir í örnefnaskrá Hestfjalls. Nú veit enginn hvar varðan var en víða eru vörðubrot uppi á Hestfjalli.
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 3

**ÁR-443:053** *Hreinstótt* tóft beitarhús 64°00.415N 20°39.092V
"Hreinstótt austan í Móklapparnefi út í Hvítá", segir í örnefnaskrá Hestfjalls. Þessi staður er í landi Gíslastaða (009), 1,2 km norðan bæjarins. Móklapparnef sést ekki frá bænum því að höfði skagar út í á milli og byrgir sýn. Á Móklapparnefi er sumarbústaður, virðist nú ekki notaður. Tóftin er ofan við bústaðinn, uppi á grónum stalli í fjallinu en neðan við fjallsbrúnina. Ræktarlegur stallur eða túnblettur í brekku mót austri.
Greinileg tóft efst á stallinum, í miklum halla. Dyr mót austri en alveg er hrunið fyrir þær. Stærð 8 x 5 m, lítil hlaða í austurenda og er hlaðið milli hennar og aðalhólfsins. Hlaðið er úr torfi og grjóti, grjóthleðslur mest 3-4 umför og hleðsluhæð hátt í 1 m að utanverðu.
**Hættumat:** hætta vegna skriðufalla
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 2

**ÁR-443:054** *Vindheimar* þjóðsaga býli 63°58.491N 20°40.260V
"Dekkið, þar eru að sjá tvö leiði, Leiðin [055]. Þar áttu að vera jarðaðir síðustu ábúendur á Vindheimum, sem þar eru rétt hjá. í Vindheimum skiptast áttir, hefur maður vindinn í bakið þangað, svo á litlum bletti logn, svo mótvind úr því", segir í örnefnaskrá. Vindheimar voru fremst eða syðst á Hestfjalli, þar sem það skagar lengst út í Hvítá. Mosaflákar, víða stendur grjót og klettar upp úr.
Engar mannvistarleifar sjáanlegar og nánast útilokað að hér hafi nokkurn tíma verið búið.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 2

**ÁR-443:055** *Leiðin* þjóðsaga legstaður 63°58.522N 20°40.322V
"Dekkið, þar eru að sjá tvö leiði, Leiðin. Þar áttu að vera jarðaðir síðustu ábúendur á Vindheimum, sem þar eru rétt hjá", segir í örnefnaskrá. Dekkið er heiti á stóru, mosagrónu svæði syðst á Hestfjalli, þar sem það skagar hvað lengst út í Hvítá. Miklar mosaþembur á stóru svæði, grjót og klettar gægjast upp úr.
Ekki er nú vitað nákvæmlega hvar á Dekkinu Leiðin voru. Líklega hafa þetta verið þúfur sem skáru sig úr landslaginu.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 2

**ÁR-443:056** *Loftvörðubrún* örnefni 64°00.140N 20°39.256V
"Loftvörðubrún", segir í örnefnaskrá Hestfjalls. Ekki er alveg ljóst hvar brúnin var né heldur Loftvarða eða Loftsvarða. Einna helst er talið að þetta hafi verið heiti á fjallsbrúninni einhversstaðar norður af Gíslastöðum.
Grýtt fjallsbrún. Ekki var öll fjallsbrúnin gengin í leit að vörðu, enda vörðubrot víða.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 2

**ÁR-443:057** heimild um áveitu 64°01.637N 20°39.598V
"Valllendisslægjur fylgja hér og hvar í nefndum dölum og utan með brúnum, einnig áveitustykki í Hamratungu, sem keypt var undir býlið, og liggur það austur af hinum forna Hestlæk", segir í örnefnaskrá. Stykkið sem nefnt er Hamratungu tilheyrði áður Hömrum. Þetta er fast við norðausturhorn Hestfjalls, suðaustur af bænum Vatnsnesi. Fremur slétt mýri. Garðlög eru á tveimur stöðum í mýrinni og liggja bæði A-V. Annars vegar skammt suðaustur af litlum, afgirtum trjálundi í Vatnsnestúni og hins vegar sunnar. Aðeins nyrðri garðurinn var skoðaður en vestari endi hans er við Slauku. Hann er mosavaxinn, yfir 100 m langur og 1 m hár og skurðir eða dældir sjást beggja megin við hann. Ekki sér í grjót. Syðri garðurinn er styttri.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 3

**ÁR-443:058** *Orustuhóll* örnefni 63°59.796N 20°42.322V
"Orustuhóll og Orustudalur, þar hafði verið barizt", segir í örnefnaskrá. Talið er að þessi staður sé framan við Hestdal, en það er lítill dalur sem gengur inn í fjallið til norðausturs, 5-700 m suðaustur af áletrun á steini þar sem girt er í mörkum (sjá 059). Gróinn dalur, mosi áberandi, liggur SV-NA. Markast af skarpri brún að norðvestanverðu en aflíðandi hólum að suðaustan. Orustuhóll gæti verið í mynni dalsins, þar eru reyndar nokkrir hólar. Vilborg Þórðardóttir hefur einnig heyrt talað um Orustuflöt. Ekki er vitað um sagnir sem skýra þessi örnefni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 3

**ÁR-443:059** varða landamerki 63°59.971N 20°42.380V
"Árið 1851 var, sökum ágreinings milli Hests og Gíslastaða, af sýslumanninum gjörð áreið á þessi mörk, þannig skráð: Frá Hvítá að vestan hjá Bleikáluhól, beint í norður á fjallsbrúnina við Hestvatn fyrir vestan Hrútadali, þar hlaðin varða og klappað á slétta klöpp ártalið 1851", segir í örnefnaskrá. Vegur liggur yfir sunnanvert Hestfjall frá vestri til austurs. Á honum, vestarlega, er ristarhlið og girðing út frá því til beggja átta. Sé girðingunni fylgt til norðurs, fram á fjallsbrúnina ofan við Hestvatn, er staðurinn fundinn. Varðan er löngu horfin en áletrunin "1851" sést enn vel. Hornstaur er á girðingunni, sver og mikill, festur við jarðfasta kletta með járnstögum. Klöppin með áletruninni er austan við hornstaurinn og ná stög utan um hann að hluta.
Grýtt fjallsbrún. Varðan gæti hafa splundrast í jarðskjálfta en alllangt er síðan hún hvarf. Áletrunin er nokkuð máð og skófir teknar að vaxa í stöfunum. Var þó hreinsað upp úr þeim er hún var skoðuð. Stafirnir eru um 3 cm háir, frekar óvandaðir og bil er milli 18 og 51, enda ójafna þar í klöppinni.
**Hættumat:** engin hætta
**Heimildir:** Ö-Hestfjall, 3

**ÁR-443:060** tóft útihús 63°59.862N 20°46.302V
Tóft er í Kiðjabergstúni eða jaðri þess, við norðurenda rana sem liggur N-S austur af Kvíaklettum. Þetta er fast sunnan við veginn. Túnið er þýft og mikil sina. Stærð um 3 x 4, dyr ekki vel ljósar, virðist þó líklegast að þær hafi verið í austur. Dýpi töluvert innan veggja, allt að 2 m, en utanverð hleðsluhæð tæpur 1 m. Glittir í hleðslur í innanverðum hleðsluvegg. Minnir einna helst á hlöðutóft en um það skal ekkert fullyrt. Tóftin gæti hafa raskast við vegagerð, enda innan við 2 m að veginum. Í botni tóftarinnar eru leifar af ryðguðu bárujárni.
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

# 4.Fornleifar og byggð

Grímsnes er að mestu láglend sveit og að miklu leyti hulin hraunum sem víða eru kjarri vaxin. Nesið afmarkast af stórum vatnsföllum, Sogi að vestan en Hvítá að sunnan og austan og reyndar Brúará norðaustast en sá hluti sveitarinnar hefur enn ekki verið skoðaður með tilliti til fornleifa. Hálendi er hvergi mjög mikið nema þar sem land Búrfells teygir sig upp í hlíðar samnefnds fjalls og svo á Hestfjalli. Jarðirnar Búrfell, Hæðarendi og Klausturhólar eiga land allt til Þrasaborga efst á Lyngdalsheiði. Land lækkar smám saman frá Þrasaborgum og eru þar býsna víðáttumikil heiðalönd með mýrardrögum og lyngi vöxnum ásum. Björk er heiðajörð að svo til öllu leyti, enda stendur bærinn óvenju hátt. Þaðan lækkar land suður að Stóruborg, en þar er láglendi mikið, fyrir utan eitt stórt holt, og fer lækkandi að Höskuldslæk. Bæirnir Foss og Mýrarkot eru að mestu byggðir á mýrlendi en í Hraunkoti, eins og nafnið bendir til, er að mestu uppgróið hraun en lítt kjarri vaxið.

Meginhluti Öndverðarness er kjarri vaxið hraun og þar er líklega þéttasta sumarbústaðabyggð í allri sveitinni enn sem komið er. Mýrlendi gerir þó vart við sig þegar nær dregur Snæfoksstöðum, en þar hefur verið stunduð töluverð skógrækt hin síðari ár. Hraunbrún í landi Snæfoksstaða teygir sig áfram austur í Vaðnessland, sem að öðru leyti er að miklu leyti gróið og þar eru töluverðar engjar sem teygja sig niður með Höskuldslæk og allt að Hvítá. Arnarbæli og Kiðjaberg samanstanda að mestu leyti af lágum holtum og sumsstaðar mýrlendi en Hestfjall, sem áður tilheyrði Skálholti og síðar kotunum Hesti og Gíslastöðum, er lágt syðst en hækkar smám saman til norðurs, að Hesteyrum. Beitilönd eru lítil á Hestfjalli. Þar eru miklir mosaflákar, einkum syðst en graslendi má finna í stöku dalverpum þar sem land hækkar.

*Bæjarhólar og bæjarstæði*

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst hafa farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og

bæirnir hafa staðið um aldir, og þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst.

Alls voru skráðir 16 bæjarhólar og 3 bæjarstæði sumarið 2000. 9 þessara staða eru mjög illa farnir. Á Búrfelli, Hæðarenda, Klausturhólum, Björk, Öndverðarnesi, Stóruborg og Vaðnesi hefur verið byggt á gömlu bæjarhólunum í seinni tíð, oft bæði útihús og íbúðarhús sem yfirleitt eru með kjallara og því má ætla að hólarnir séu meira eða minna skemmdir. Fjárhús var byggt á rústum Búrfellskots **(428:029)** og sléttað hefur verið yfir leifar býlisins Hests undir suðvesturhlíðum Hestfjalls **(443:008)**. Vel varðveittir bæjarhólar eru hinsvegar á Snæfoksstöðum **(438:001)**, í Hraunkoti **(440:001)** og Suðurkoti **(437:001)**. Síðasti bærinn á Snæfoksstöðum var brenndur og rifinn en ekki hefur verið sléttað yfir rústirnar. Í Hraunkoti er enn heilleg tóft síðasta bæjarins og ekki vitað annað en hann hafi ávallt staðið á sama stað. Sama má segja um Suðurkot. Í Arnarbæli hefur tiltölulega lítið rask orðið á bæjarhólnum **(441:001)**. Enn standa grjóthlaðnir veggir úr síðasta torfbænum og hluti hans hefur meira að segja verið endurbyggður og er notaður sem reykhús. Á Fossi er bæjarhóll líklega að mestu heillegur **(424:001)** og hluti af rústum síðasta torfbæjarins enn uppistandandi. Hins vegar er hugsanlegt að suðvesturhluti hólsins hafi lent undir gömlu íbúðarhúsi. Sléttað hefur verið yfir rústir Mýrakots þótt enn sé þar dálítil hólmyndun **(442:001)**, sama má segja um rústir Hólakots (nú Hallkelshóla, **426:001)**. Bæjarhóllinn á Kiðjabergi hefur því miður verið skemmdur nýlega **(443:001)**, en nálægt 1990 var steyptur kjallari undir gamla íbúðarhúsið. Umhverfis húsið hefur verið sléttað, m.a. fyrir bílastæði og byggðir hafa verið skjólveggir við húsið. Ekki er útilokað að einhverjar byggingaleifar leynist í jörðu umhverfis húsið. Frábærlega varðveitt eru bæjar- og túnstæði Suðurkots **(437:001)** og Gíslastaða **(443:009)** því að á báðum stöðum eru enn heillegar bæjartóftir auk útihúsa.

*Útihús og túngarðar*

Útihús eru einn stærsti minjaflokkurinn en þau eru víða horfin, hafa ýmist verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Dæmi um bæi þar sem engin gömul útihús sjást lengur vegna túnasléttunar eru Stóraborg, Björk, Snæfoksstaðir og Öndverðarnes. Á Stóruborg voru í upphafi 20. aldar sex útihús, á Björk tvö eða þrjú og á Snæfoksstöðum a.m.k. þrjú. Víða eru enn uppistandandi fjárhús með grjóthlöðnum veggjum, sum jafnvel undir þaki, t.d. í Vaðnesi **(439:005)**, á Klausturhólum **(425:021)** og tvö í Arnarbæli **(441:008 og 010)**. Raunar eru þrjár eða fjórar útihúsatóftir til viðbótar í túni Arnarbælis. Mjög heilleg eru túnstæði Hraunkots, Suðurkots og Gíslastaða í landi Kiðjabergs. Á fyrstnefnda staðnum eru þrjár heillegar tóftir,

þar af tvær af fjárhúsum en sú þriðja líklega af fjósi. Í Gíslastaðatúni eru hvorki fleiri né færri en átta heillegar útihúsatóftir auk bæjartóftar. Í Suðurkoti sjást fjórar tóftir í túni en gætu verið fleiri því gras var þar geysihátt þegar svæðið var skoðað. Á öllum þeim bæjum sem enn hafa ekki verið nefndir sjást einhverjar útihúsatóftir, þ.e. á Búrfelli, Hæðarenda, Klausturhólum, Fossi, Mýrarkoti og Kiðjabergi. Yfirleitt er um fjárhústóftir að ræða en í stöku tilfelli gætu tóftir verið af öðru, t.d. hesthúsum.

Heillegir túngarðar eru á Snæfoksstöðum **(438:005)**, í Hraunkoti **(440:021)**, á Klausturhólum **(425:018)**, í Vaðnesi **(439:033)** og Öndverðarnesi **(435:010)**. Hluti túngarðsins á Klausturhólum er einstakur, þar eru hleðslur afar vandaðar og nær garðurinn allt að 2 m hæð. Túngarður í Hraunkoti er að miklu leyti uppistandandi og samtengdar honum eru upphlaðnar traðir heim að bænum sem standa að öllu leyti. Leifar traða sjást líka á Snæfoksstöðum og Kiðjabergi. Túngarðsleifar, misgreinilegar, eru einnig á Fossi **(424:015)**, Búrfelli **(428:013)** og Arnarbæli **(441:024)**. Á þessum stöðum eru garðhleðslur að öllu leyti hrundar og sumsstaðar alveg grónar. Túngarðurinn á Búrfelli er sérstakur að því leyti að honum var einkum ætlað að verja túnið fyrir skriðuföllum. Í heimild er getið um gamlan túngarð í Bjarkartúni en hann er nú með öllu horfinn **(422:007)**.

*Mótekja og torfrista*

Mór var tekinn víða á skráningarsvæðinu og torf einnig. Staðir þessir eru þó ekki alltaf þekktir. Á Búrfelli var tekinn mór á tveimur stöðum; annars vegar í mýrlendi nálægt Berjaholtalæk en hins vegar vestan bæjar, norður af svonefndu Steinþróarholti. Á hvorugum staðnum fundust greinilegar mógrafir en líklega mætti finna þær ef vel væri leitað **(428:020** og **038)**. Líkur benda til að frá Hæðarenda hafi mór verið sóttur að suðurbökkum Bauluvatns en þar er votlendi og nokkur síki sem stundum voru nefnd „mógrafir“ **(427:019)**. Á Björk var mór tekinn í Mógili vestan bæjar **(422:012)** en í landi Foss bendir örnefnið Móbrún til mótekju þótt þar sjáist nú ekki mógrafir lengur **(424:004)**. Nokkrir mótekjustaðir eru þekktir í landi Klausturhóla; mógrafir sjást vestan bæjar, skammt vestan við Búrfellsveginn. Þá var mór tekinn á a.m.k. tveimur stöðum norðan Skollalækjar sem er norðan bæjar **(425:032, 035** og **061)**. Á Kiðjabergi eru geysimiklar mógrafir á stóru svæði í Mómýri skammt austan við lækinn Hlaupanda **(443:013)**. Í Arnarbæli benda tvö örnefni til mótekju; annars vegar Mógrafabrún austan bæjar og hins vegar Grafabrún sem er hátt í 1 km norðan bæjar **(441:038** og **040)**. Á hvorugum staðnum sjást nú grafir en land hefur verið ræst fram heima við bæinn. Einnig var mótekja við Tjarnarbarð **(441:014)**. Talsverð mótekja var bæði frá Mýrakoti og

Hraunkoti í Héðinslækjarbotnum sem eru í landi fyrrnefnda bæjarins. Þar sést enn móta fyrir mógröfum ofan við lækjarbakkann **(442:006)**. Þá var einnig sóttur mór frá Hraunkoti úr mýrlendi við Höskuldslæk, einkum á svæði sem er gegnt Svínakeldunesi í Arnarbælislandi **(440:016)**. Í Vaðnesi var mór tekinn í Mómýri og Kaplamýri, báðir staðirnir eru nærri bæ og sjást þar ekki teljandi mógrafir **(439:043 og 044)**. Á Snæfoksstöðum var mór tekinn í mýri norður af Skógarhlíðarholti en þar markar ekki fyrir mógröfum, enda miklu verið raskað með skurðgrefti og trjárækt **(438:029)**. Sömu sögu er að segja af mógröfum sem voru í mýri við túnfótinn í Öndverðarnesi, en hún hefur nú verið framræst **(435:007)**.

Í Öndverðarnesi bendir örnefnið Torfvik til torfristu **(435:023)**. Á Snæfoksstöðum var torf rist í mýri norðan bæjar **(438:026)** og í Vaðnesi í Kaplamýri **(439:030)**, á sömu slóðum og mórinn var tekinn. Í Arnarbæli bendir örnefnið Torfholt til ristu en það er lítið holt í mýri austan við Grensás **(441:026)**. Á Klausturhólum var torfrista vestan við Búrfellsveginn, skammt frá svonefndu Beislisholti **(425:036)** en á Hæðarenda er vitað um ristu skammt sunnan við Gvendarbrunn **(427:020)**. Á Búrfelli var mikil torfrista í mýrlendu stykki um 1,5 km suðaustur af bæ, ekki eingöngu til heimilisnota því að Rafveitan keypti torf þaðan til einangrunar nálægt 1950 **(428:036)**.

*Býli og sel*

Heimildir eru um 8 sel á skráningarsvæðinu en þó er ekki víst að þau hafi verið svo mörg. Í Öndverðarnesi benda örnefni, sem að mestu eru fengin af örnefnakorti sem til er af jörðinni, til þriggja selja. Í fyrsta lagi var Helgusel **(435:035)** skammt austan við þar sem nú er Sogsbrúin; þar sjást ógreinilegar þústir í kjarrinu skammt norðan þjóðvegarins en fast austan við Þrastarlund. Hugsanlegt er að mannvirki hafi horfið þar við vegagerð og framkvæmdir. Í öðru lagi var hugsanlega sel fast við Selvík sunnanverða en þar sjást nú alls engar byggingarleifar **(435:037)**. Í þriðja lagi bendir örnefnið Selhóll til selstöðu en hóllinn er nokkurn spöl vestur af Selvík **(435:046)**. Þar fundust engar tóftir sumarið 2000. Hugsanlegt er að Selvík dragi nafn sitt af seli sem hefur verið við Selhól og er ekki víst að sérstakt sel hafi verið við víkina.

Vel varðveittar seltóftir eru í landi Búrfells **(428:025)**, austan við mitt fjallið og skv. lýsingu í örnefnaskrá er hugsanlegt að eldri tóftir sels hafi verið nokkru sunnar; þar heitir nú Selrimi og er mikið stórþýfi. Á Hæðarenda eru tóftir sem nefnast Sel undir Selhól **(427:007)**. Þar er ungleg tóft af beitarhúsi en einnig fornlegri tóftir og eru þær að mestu umluktar af

miklum garði sem nú er orðinn ógreinilegur og siginn. Sel frá Klausturhólum var austan við Selkeldu og eru þar ágætlega varðveittar en uppgrónar tóftir **(425:041)**. Nokkru suðaustar er ás sem nefnist Kotselsás og bendir það til að Hólakot (nú Hallkelshólar) hafi haft selstöðu þar í námunda þótt engar tóftir sjáist eða sagnir þekkist því tengdar **(425:030)**. Í skika sem tilheyrði Arnarbæli en varð síðar slægjuland frá Hraunkoti, sunnan Höskuldslækjar en austan Kiðjabergsvegar, er iðagrænn og rústalegur hóll sem nefnist ýmist Sel eða Selhóll **(441:055)**. Hann er nú mjög siginn og ekkert lag sést á honum.

Vitað er um nokkur býli á skráningarsvæðinu en fá þeirra eru vel varðveitt. Helstu hjáleigur voru: Hólakot frá Klausturhólum, Suðurkot og Norðurkot frá Öndverðarnesi, Búrfellskot á Búrfelli og Hestur og Gíslastaðir undir Hestfjalli. Nú er aðeins búið á Hólakoti eða Hallkelshólum. Búrfellskot var í byggð fram á 20. öld, lagðist þá af og voru fjárhús byggð á rústunum þannig að ekki sést lengur til kotsins **(428:029)**. Sléttað hefur verið yfir rústir gamla Hólakots og sama má segja um Norðurkot en tóft síðasta torfbæjarins í Suðurkoti er enn heil að öllu leyti **(437:001)**. Bæjartóft Gíslastaða er einnig heil og ósködduð austan í Hestfjalli **(443:009)** en sléttað hefur verið yfir svæðið þar sem Hestur stóð **(443:008)**. Smiðsnes hét býli í landi Hraunkots og er tóft bæjarins heilleg nálægt Höskuldslæk **(440:015)**. Vitað er að tvö tómthúsbýli voru í eða við tún Hallkelshóla. Tóftir voru enn á þessum stöðum fram yfir miðja 20. öld og nefndust þá Grímstóft **(426:008)** og Vargakjaftur **(426:006)**. Þær voru sléttaðar eftir að vélaöld gekk í garð og sést nú hvorki tangur né tetur af þeim. Hallvarðskot í landi Kiðjabergs er nefnt í jarðabók Árna og Páls snemma á 18. öld en ekki hafa fengist upplýsingar um hvar kotið var. Borgarkots er getið í sama riti í landi Stóruborgar en staðsetning þess er nú óviss og ekki fundust tóftir sem gætu ótvírætt verið af kotinu. Hugsanlegt er að býli hafi verið á fleiri stöðum um tíma þótt þeirra sé ekki getið í heimildum. Garðlag umhverfis sel í landi Hæðarenda gæti t.d. bent til að þar hafi verið búið. Þá eru tóftir innan garðlags norðan Klausturhóla, nefnist staðurinn Aftanköld **(425:063)**. Að lokum má nefna óþekktar tóftir austan Hraunkots; þar sést gamalt garðlag sem virðist hafa girt þær af **(440:022)**.

*Beitarhús og fjárskýli*

Fjölmörg beitarhús voru á skráningarsvæðinu og mjög oft á fleiri en einum stað á hverri jörð. Á Búrfelli voru beitarhús á a.m.k. þremur stöðum: Á Kotstekkatúni sjást leifar a.m.k. tveggja misgamalla beitarhúsa **(428:027)**. Á Selflötum er beitarhúsatóft **(428:037)** en þegar tvíbýlt varð á Búrfelli var ákveðið að annar bóndinn hefði beitarhús á Kotstekkatúni en hinn á

Selflötum. Stök tóft af litlu sauðahúsi, Jónstóft, er skammt frá Kotstekkatúni og beint suður af bæ **(428:019)**. Á Hæðarenda voru beitarhús á þremur stöðum, ekki fjarri bæ **(427:006** og **017)**, auk fjárhellis **(427:008)** sem hlaðið var fyrir að hluta í suðvestanverðum Selhól. Tvö beitarhús voru frá Klausturhólum, annað við vestanverðan Kerhól **(425:044)** en hitt við hann austanverðan **(425:046)**. Þá voru lengi beitarhús í Markabrekkum nálægt Miðengismörkum; þar sjást a.m.k. 6 tóftir, ein áberandi ungleg en aðrar fremur signar og ógreinilegar **(425:054)**. Í landi Hallkelshóla eru tvær beitarhúsatóftir skammt sunnan túns og ekki langt á milli þeirra **(425:040** og **042)**. Á Björk er aðeins vitað um eina beitarhúsatóft **(422:013)** og er það merkilegt, ekki síst þar sem húsið var ekki í notkun eftir 1880. Á Stóruborg er einnig aðeins ein beitarhúsatóft en húsið var í notkun fram undir 1940 **(423:013)**. Í Mýrarkoti var beitarhús á svonefndu Langholti **(442:007)**. Beitarhús frá Kiðjabergi voru undir sunnanverðu Hestfjalli, annars vegar við Torfgil **(443:033)** og hins vegar vestan við bæinn Hest **(443:047)** en Gíslastaðir áttu eigið beitarhús norðarlega í austanverðu Hestfjalli **(443:046)**. Þá er eldri beitarhúsatóft frá Gíslastöðum, nefnd Hreinstótt, ofar í fjallinu á svipuðum slóðum **(443:053)**. Sauðahús frá Austurbænum í Arnarbæli var á Brekkuholti **(441:052)** og nokkur hundruð metra suður af því eru ógreinilegar leifar húss sem skemmst hefur við vegagerð og gæti hafa verið beitarhús **(441:025)**. Þá er líklegt að tóft við svonefnda Húsatóttarkletta sé af eldra beitarhúsi **(441:045)**. Beitarhús frá Vaðnesi voru langt úti á hrauninu norður frá bænum; á öðrum staðnum er aðeins tóft af einu húsi **(439:031)** en á hinum staðnum sjást a.m.k. tóftir þriggja húsa, eflaust misgamalla **(439:032)**. Vitað er um beitarhús á fjórum stöðum í landi Snæfoksstaða. Tvö hús voru á Fjárhúsabrúnum, norður af bæ **(438:019)**, eitt sunnan undir Borgarhól **(438:034)**, annað ofarlega í vesturhlíðum hóls sem er vestan við Kerið **(438:027)** og enn eitt skammt norðan þjóðvegar við Vaðnesafleggjara, undir Rauðhólshæð **(438:022)**. Í Öndverðarnesi voru beitarhús á 7 stöðum. Á tveimur þeirra var um að ræða beitarhús frá bænum Alviðru sem er vestan megin Sogsins. Hús frá Alviðru voru annars vegar nærri staðnum þar sem Sog og Hvítá mætast **(435:032)** en hins vegar í uppgrónu hrauni skammt norðaustur af veitingastaðnum Þrastarlundi **(435:057)**. Hin húsin tilheyrðu Öndverðarnesi eða hugsanlega hjáleigunum Norðurkoti og Suðurkoti. Eitt beitarhús var skammt norðan við túnið í Norðurkoti **(435:041)**, þrjú úti á kjarri grónu hrauninu vestan við Öndverðarnes **(435:062, 025** og **045)** og enn eitt var vestur af Kolgrafarhól en það fannst reyndar ekki á vettvangi og gæti verið horfið **(435:065)**.

Það sem í fornleifaskránni eru nefnd *fjárskýli* eða *fjárborgir* eru hringlaga mannvirki, oftast torfhlaðin, sem finnast víða í Grímsnesi. Í raun er lítið vitað um hlutverk og aldur þessara borga en yfirleitt er talið að um sé að ræða skepnuaðhöld eða –skýli. Fjárborgirnar

eru yfirleitt því sem næst hringlaga og er stærðin allt frá 8 x 8 m og upp í tæpa 20 x 20 m. Þær eru í flestum tilvikum fjarri bæjum, líkt og gerist með beitarhús, og oftast eru þær í mýrum. 7 fjárborgir fundust við leit sumarið 2000 en alls eru heimildir um 11 slíkar á skráningarsvæðinu. Á Búrfelli er vitað um 2 fjárborgir en þeim var báðum ýtt út með jarðýtum eftir að vélaöld gekk í garð **(428:015** og **047)**. Á Klausturhólum er vitað um 2 fjárborgir. Önnur þeirra, Laugamýrarborg **(425:027)**, er sú stærsta sem fundist hefur í Grímsnesi eða 18 x 18 m. Hin er litlu minni og er austur af Bauluvatni **(427:048)**. Á Björk er fjárborg á þurru móaholti sunnan bæjar **(422:016)**. Í örnefnaskrá Arnarbælis er greint frá fleiri en einni fjárborg í námunda við Borgarás **(441:017)**. Þar fannst ekki ótvíræð rúst við leit en hins vegar er mjög óglögg fjárborg við Garðsenda nálægt Höskuldslæk **(441:048)**. Í Vaðnesi er fjárborg **(439:024)** sem er óvenjuleg að tvennu leyti: Í fyrsta lagi er hún fast heima við túnið og í öðru lagi er hún óvenju lítil en jafnframt ekki jafn sigin og algengast virðist um þessa tegund mannvirkja. Á Snæfoksstöðum bendir örnefnið *Borgarhóll* **(438:012)** til fjárborgar en þar er nú ekki sjáanleg rúst nema af unglegu beitarhúsi sunnan undir hólnum. Svipað er uppi á teningnum í Öndverðarnesi; þar er örnefnið *Borgarhólar* **(435:017)** í námunda við bæ en þar sjást ekki rústir og auðvitað alls ekki víst að þar hafi nokkurn tíma verið mannvirki. Hins vegar er rúst af lítilli fjárborg á Borgarás suðaustan bæjar **(435:014)**.

Tvær aðrar merkilegar minjar um skepnuhald á skráningarsvæðinu eru annars vegar Biskupagarður **(443:014)** í landi Kiðjabergs og hins vegar Markagarður **(435:038)** í Öndverðarnesi. Biskupagarðurinn lá frá Hvítá og norður að suðurenda Hestvatns og girti Hestfjall af, en það er annars að mestu afgirt frá náttúrunnar hendi: Hvítá rennur með því að austan og sunnan en Hestvatn er að vestanverðu. Fjallið var forðum notað sem afréttur fyrir stóðhross og e.t.v. annan búfénað. Þetta gríðarmikla mannvirki sést enn vel að mestu leyti en hefur því miður verið skemmt að hluta með veglagningu. Markagarðurinn í Öndverðarnesi lá frá túngarðinum í Norðurkoti og alla leið að Selvík í Álftavatni og girti þannig nesið af. Það er að öðru leyti umflotið Soginu að vestan en Hvítá að sunnan. Garðurinn er nú orðinn mjög ógreinilegur, sokkinn í jörð og torfundinn vegna gróðurs, a.m.k. að sumri til. Ljóst er að á einum stað hefur sumarbústaður verið byggður á garðinum og líklegt er að það hafi gerst víðar.

*Stekkir og kvíar*

Sumarið 2000 fundust 11 misheillegar stekkjartóftir og þar að auki benda ritheimildir og örnefni til 5 stekkja til viðbótar. Á Búrfelli er heilleg og óvenjustór stekkjartóft austan bæjar,

við Stekkjargil **(428:024)**. Á Klausturhólum og fyrrum hjáleigunni Hallkelshólum er ein stekkjartóft norðan bæjanna, í svonefndri Giljatungu **(425:034)** en annar stekkur er nærri Hallkelshólum, kallast þar Gamla-Stekkatún **(425:047)**. Enn einn stekkur var sunnan Hallkelshóla, við Markalæk. Þar eru nú mjög óljósar tóftir í stórþýfi inni á sumarbústaðalóð **(425:052)**. Á Björk er býsna vel varðveitt stekkjartóft norður af bæ, hálfniðurgrafin í brekku **(422:009)**. Á Stóruborg er algróin stekkjartóft á Stekkatúni vestur af bæ en svo virðist sem eitthvað af grjóti hafi verið fjarlægt úr veggjum hennar **(423:012)**. Í landi Kiðjabergs eru heimildir um 5 stekki. Sá langheillegasti er úti á Hálsinum nálægt Hvítá **(443:021)**. Veggir hans eru nær ekkert farnir að hrynja og er þetta án efa best varðveitti stekkur í öllu Grímsnesi, enda var lengst fært frá á Kiðjabergi allra bæja þar í sveit. Annar stekkur var vestan í Kambsholti en þar sést nú vart meira en ólöguleg þúst **(443:015)**. Þá var stekkur sunnan undir Hestfjalli, nálægt Torfgili, og sést þar greinileg rúst **(443:036)**. Tveir stekkir voru nálægt Gíslastöðum austan í Hestfjalli, annars vegar norður af bæ, á Stekkatúni **(443:045)** en þar sést nú ekki ótvíræð tóft. Hins vegar var stekkur suður af bænum, ofarlega í brattri brekku og vottar þar fyrir hleðslum **(443:050)**. Í Arnarbæli var stekkur við Stekkjarnef í Hvítá **(441:020)** og örnefni bendir til annars stekkjar norður af bæ, á Stekktúni **(441:031)**. Þar vottar ekki fyrir rústum. Í Hraunkoti er heillegur en ekki sérlega vandaður stekkur í hraunkrika nærri bæ **(440:003)** og á Fossi eru ógreinilegar tóftir sunnan undir Stekkatúnshól **(424:007)** . Í Vaðnesi er Stekkjartún en ekki sjást þar teljandi rústir **(439:045)**. Engar heimildir eru um stekki á Hæðarenda, í Mýrarkoti, Öndverðarnesi eða á Snæfoksstöðum. Þó má þess geta að á síðastnefnda bænum er tvíhólfa aðhald sem vel gæti verið stekkur **(438:025)**.

Hvergi fannst kvíatóft á skráningarsvæðinu en þó eru nokkrar heimildir um kvíar. Á Búrfelli voru kvíar í Nátthaga **(428:016 og 017)** en einnig færikvíar á Fjárhústúni. Á Kiðjabergi voru kvíar við kletta í túninu, Kvíakletta, en þar sést engin tóft og allt eins líklegt að um færikvíar hafi verið að ræða **(443:032)**. Í Vaðnesi voru færikvíar skammt utan túns, á Kvíaflötum **(439:023)**, og að líkindum einnig á Stekkjartúni **(439:045)**. Örnefni sem minna á aðhöld, ætluð til mjalta, eru: Stöðulflöt í Arnarbæli **(441:011)**, Stöðullinn í Vaðnesi **(439:022)**, Stöðlarnir á Búrfelli **(428:027)** og Stöðull á Klausturhólum **(425:013)**.

*Kuml, kirkjur og aðrir samkomustaðir*

Ekki hefur fundist heillegt kuml á skráningarsvæðinu svo vitað sé en á 19. öld fannst höfuðkúpa úr manni ásamt fornlegri öxi niður við Hvítá, framundan bænum á Snæfoksstöðum

**(438:035)**. Hugsanlegt er að þar hafi verið haugur eða gröf úr heiðni en því miður er nú ekki vitað hvar öxin er niðurkomin.

Kirkjur voru á Búrfelli, Snæfoksstöðum og Klausturhólum. Kirkjan og kirkjugarðurinn á Búrfelli eru enn í fullu gildi **(428:002)** en nýlega hefur kirkjugarðurinn verið stækkaður og sléttaður að einhverju leyti. Kirkjan á Snæfoksstöðum var aflögð 1801 en kirkjutóftin sést enn sem og garður umhverfis hana og mörg leiði **(438:006)**. Rústir þessar voru friðlýstar 1966. Kirkjan á Klausturhólum var aflögð 1932 þegar kirkjustaðurinn var fluttur að Stóruborg. Gamli kirkjugarðurinn **(425:025)** er skammt undan bæjarhólnum á Klausturhólum, girtur af með gömlum grjótgarði á flesta vegu. Fjöldinn allur af leiðum er í kirkjugarðinum, sum merkt með legsteinum í misjöfnu ástandi en önnur ómerkt.

Ritheimildir geta um bænhús í Öndverðarnesi og Vaðnesi. Á fyrrnefnda staðnum stóð húsið fast heima við bæ, þar er nú súrheysturn og útihús sem breytt hefur verið í golfskála og litlar líkur á að eitthvað sé enn heillegt af gamla bænhúsinu undir yfirborði **(435:006)**. Í Vaðnesi er heilleg tóft hátt í 1 km frá bæ sem jafnan er talin af bænhúsi **(439:016)**. Þótt ekki sé algengt að bænhús hafi verið höfð svo langt frá bæ er það ekki útilokað. Þá er hér hugsanlega komin eina vel varðveitta bænhústóftin í Grímsnesi, a.m.k. sem skoðuð hefur verið hingað til. Í Arnarbæli bendir allt til að bænhús hafi verið þótt ritheimildir geti þess ekki. Þar er hóll í túni skammt sunnan bæjar sem heitir Kirkjuhóll **(441:030)**. Hann hefur að mestu verið sléttaður og við framkvæmdir fannst eitt sinn tinkross í hólnum, líkur þeim sem notaðir eru í líkkistur.

Merkur samkomustaður á skráningarsvæðinu var Þinggerði **(423:009)** í túni Stóruborgar; þar sjást enn töluverðar tóftir. Þá er til þjóðsaga um blótstað við Blótbjörk í landi Bjarkar. Þar er geysimikið garðlag **(422:022)**, vafalaust fornt, en líklega verður seint sannað að þar hafi verið raunverulegur blótstaður. Hugsanlega hefur garðurinn verið engjagarður eða vörslugarður fyrir skepnur.

*Leiðir*

Fyrir utan leiðir sem lágu milli bæja voru helstu þjóðleiðir á skráningarsvæðinu eftirfarandi: Fyrst ber að nefna þjóðleið úr Laugardal og ofanverðu Grímsnesi **(425:038)**. Hún lá um Dalmannaflöt í norðanverðu Klausturhólalandi og suður á bóginn að Tjaldflöt við sunnanverðan Seyðishól en þaðan til Eyrarbakka og annarra verstöðva utan Ölfusár. Gamli þjóðvegurinn um Grímsnes lá áður um Hólaskarð, milli Seyðishóls og Kerhóls, en var síðar færður vegna snjóþunga. Leifar gamla vegarins eru enn mjög greinilegar í skarðinu **(425:049)**.




*Kort 35: Gamlar leiðir á skráningarsvæðinu, aðrar en þær sem lágu milli bæja*

Gömul gata sem liggur yfir Höskuldslæk suður af Búrfelli **(428:039)** er talin hafa legið frá Búrfellsbænum og út að vaðinu á Álftavatni, en þar var oftast farið t.d. þegar leiðin lá til Reykjavíkur. Rudd vagnbraut lá frá Hraunkoti og yfir hraunið til norðvesturs, út á þjóðveginn. Sést hún enn glögglega víða **(440:010)**. Áður en Kiðjabergsvegur var lagður í

núverandi mynd lá gamli vegurinn að Arnarbæli og Kiðjabergi um land Snæfoksstaða og til austurs með Hvítá **(438:014)**. Farið var yfir Höskuldslæk á vaði nærri staðnum þar sem hann rennur í Hvítá. Fjölfarinn ferjustaður var yfir Sogið skammt neðan við þar sem nú er Sogsbrúin **(435:056)**. Þaðan lá gata til austurs að Norðurkoti og svo áfram á bæi austar í Grímsnesi. Ferjugatan fannst ekki sumarið 2000 og er líklega víða horfin í gróður. Úr Öndverðarneslandi var einnig ferjað yfir Hvítá, suður af svonefndum Kambi. Greinileg gata sést til norðurs frá ferjustaðnum **(435:028)** og er líklegt að farið hafi verið þá leið að ferjunni. Miklar götur sjást til austurs með Höskuldslæk í Vaðneslandi **(439:029)** og liggja yfir lækinn á Torfavaði sem er fast við mörk Hraunkots. Þessa leið var farið þegar ferðamenn komu yfir vaðið á Álftavatni og héldu austur Grímsnes.

## 5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Friðlýstar minjar á skráningarsvæðinu eru nokkrar. Flestar friðlýsingar á minjastöðum voru gerðar á fyrri hluta 20. aldar og valdar með hliðsjón af gögnum fornfræðinga og fornleifafræðinga sem fóru könnunarferðir um landið um og fyrir aldamótin 1900. Eftirfarandi staðir eru friðlýstir:

I. Rústir kirkju og kirkjugarðs á Snæfoksstöðum **(438:006)**.
II. Biskupagarður á Kiðjabergi **(443:014)**.
III. Garðlag og svæði við Blótbjörk í landi Bjarkar **(422:022)**.
IV. Goðhólstún á Klausturhólum **(425:009)**.

Ástand þessara minjastaða er nokkuð misjafnt og nú er enginn þeirra merktur með friðlýsingarskilti eða öðrum hætti. Full ástæða væri til að setja upp kynningarskilti með upplýsingum við Biskupagarð og kirkjugarðinn á Snæfoksstöðum, en hann er í fullkominni vanhirðu. Þetta eru hvorutveggja merkar leifar sem hafa kynningargildi en ekki síður mikið rannsóknargildi. Rannsóknar- og varðveislugildi hefur einnig Goðhólstún á Klausturhólum. Þar sjást nú ekki mannvistarleifar á yfirborði en vitað er að mannvirki voru á hólnum fram á 20. öld, kannski mjög forn. Mikilvægt er að vernda hólinn og fylgjast vel með komi til framkvæmda á honum eða í námunda við hann.

Framkvæmdir í landbúnaði hafa dregist saman síðastliðinn áratug en í staðinn hafa komið nýjar ógnir, skógrækt og sumarbústaðabyggð. Nú er skógrækt stunduð með skipulögðum hætti í landi Snæfoksstaða. Skógur eyðileggur ekki fornleifar á sama hátt og

skurðgröfur en rætur trjáa sprengja vegghleðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður bæði að átta sig á þeim á yfirborðinu og kanna þær með uppgreftri. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatarmáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst þess aðeins að fornleifastaðirnir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum. Eins og kunnugt er er stærsta samfellda sumarbústaðabyggð landsins í Grímsnesi. Á svæðinu sem skráð var sumarið 2001 er byggðin langþéttust í Öndverðarnesi en einnig eru margir bústaðir á Hæðarenda, Klausturhólum, Björk, Stóruborg, Mýrarkoti, Kiðjabergi, Hraunkoti og Vaðnesi. Færri bústaðir eru í landi Snæfoksstaða en þar er mikil skógrækt eins og áður sagði. Ljóst er að sumarbústöðum mun enn fjölga í Grímsnesi á komandi árum og mikilvægt að slíkar byggðir séu skipulagðar þannig að hvorki mannvirki eða skógrækt, sem oft fylgir, ógni fornleifum.

Nokkrar fornleifar teljast í bráðri hættu:

a) Biskupagarður á Kiðjabergi **(443:014)**. Hann er friðlýstur og forn að stofninum til. Nú hefur vegur verið lagður að suðurenda Hestvatns og svo illa tekist til að hann liggur ofan á garðinum á kafla og hefur stórskemmt hann. Mikilvægt er að garðurinn verði ekki skemmdur enn frekar í framtíðinni.
b) Sel í landi Hæðarenda **(427:007)**. Þar eru miklar og fornlegar tóftir fast við jaðar sumarbústaðabyggðar sem fer vaxandi. Enn hefur ekki miklu verið raskað en græðlingar hafa verið gróðursettir í garð sem umlykur rústirnar að hluta. Brýnt er að þeir verði fjarlægðir og komið í veg fyrir frekari skógrækt í námunda við tóftirnar.
c) Miðhús, beitarhús frá Öndverðarnesi **(435:45)**. Tóftin er inni í miðju sumarbústaðahverfi og aðeins um 5 m að næsta sumarbústað. Trjárækt er fast upp við tóftina en þó stafar henni meiri hætta af umgangi.
d) Fjárborg í Vaðnesi **(439:024)**. Fjárborgin er óvenju heilleg en er nú í miðju nýræktartúni. Sumarið 2000 var túnið plægt umhverfis borgina en henni ekki raskað. Þrátt fyrir það er hún í umtalsverðri hættu vegna sífelldra framkvæmda við búskap og þarf að gæta þess vel að hún verði ekki eyðilögð í framtíðinni.

Lokatillögur um verndun og kynningu minja í Grímsnesi verða ekki gerðar fyrr en skráningu lýkur, væntanlega að ári liðnu. Hér skulu nefndir nokkrir athyglisverðir minjastaðir á skráningarsvæðinu:

a) **Sel á Hæðarenda (427:007).** Þar eru miklar og fornlegar tóftir ásamt garðlagi

umhverfis. Skammt er í sumarbústaðabyggð og því talsverð umferð fólks á svæðinu. Ein besta leiðin til að stuðla að verndun þessara minja er að kynna þær fyrir almenningi og koma þarf í veg fyrir frekari trjárækt við tóftirnar. Selið hentar vel til kynningar en ekki síður til rannsókna.

b) **Túngarður á Klausturhólum (425:018).** Túngarðurinn er ekki uppistandandi að öllu leyti en hluti hans, skammt vestan bæjar, er einstakur. Hann hefur að líkindum ekki verið hlaðinn upp síðan fyrir aldamótin 1900, greinilega af kunnáttumanni og óhætt er að fullyrða að slíkt handbragð sjáist ekki víða. Garðinn ætti að vernda og halda honum við þegar þess gerist þörf.

**c) Kirkjugarður á Klausturhólum (425:025).** Öldum saman var kirkja á Klausturhólum. Kirkjugarðurinn er nú í niðurníðslu og töluverðar skemmdir urðu á legsteinum í jarðskjálftum sumarið 2000. Full þörf væri á því að hirða um kirkjugarðinn og viðhalda honum í framtíðinni.

d) **Biskupagarður á Kiðjabergi (443:014).** Ekki er fullvíst hversu gamall garðurinn er að grunninum til en úr því mætti eflaust skera með rannsókn. Fjöldi sumarbústaða er í landi Kiðjabergs og Hests og ekki leikur vafi á að margir hefðu áhuga á að fræðast meira um garðinn. Miðla mætti fróðleiknum með því að setja upp einfalt skilti.

e) **Markabrekknahús frá Klausturhólum (425:054).** Þar eru leifar margra, misgamalla beitarhúsa. Staðurinn hentar vel til kynningar því að hann er nálægt þjóðvegi og sumarbústaðir víða í námunda. Einnig hafa tóftirnar varðveislu- og rannsóknargildi.

f) **Gíslastaðir (443:009).** Þar er heilleg bæjartóft og að auki fjöldi útihúsatófta í gamla túninu. Þá sjást leifar af túngarði á nokkrum stöðum. Heilleg bæjarstæði eins og þetta eru sjaldgæf á Íslandi og því henta Gíslastaðir einkar vel bæði til kynningar og rannsókna.

g) **Suðurkot (437:001).** Að mestu leyti gildir hið sama fyrir Gíslastaði og Suðurkot. Óspillt bæjartóft auk útihúsa er mikill fengur fyrir fornleifafræðinga og almenning sem hefur áhuga á menningarminjum.

h) **Hraunkot (440:001).** Þrátt fyrir að einhverju hafi verið spillt í Hraunkotstúni eru þar margar merkilegar minjar. Má þar nefna tóft gamla bæjarins og a.m.k. þrjár útihúsatóftir en að auki er heillegur túngarður umhverfis gamla túnið og ennfremur stæðilegar traðir sem liggja heim að gamla bænum. Þjónustumiðstöð fyrir sumarbústaði og sundlaug eru efst í túninu og geysimargir leggja leið sína á þessar slóðir. Það myndi auka mjög á gildi staðarins ef sett væru upp skilti sem segja frá

mannvirkjum í túninu og búskap í upphafi 20. aldar.

i) **Smiðsnes (440:015).** Býlistóft sem hefur ekki verið raskað, skammt frá Kiðjabergsvegi. Fátt er vitað um Smiðsnes en tóftin er mjög glögg og með rannsókn væri e.t.v. hægt að segja meira um löngu horfinn búskap á staðnum.

j) **Seltóftir í landi Búrfells (428:025).** Austan við fjallið Búrfell eru heillegustu seltóftir sem hingað til hafa fundist í Grímsnesi. Þær eru að miklu leyti ógrónar og hafa mikið varðveislugildi.

k) **Fjárborgir víða í Grímsnesi**, sbr. kafla hér á undan um beitarhús og fjárskýli. Fátt er vitað um aldur og tilgang þessara mannvirkja. Nokkrar borgir hafa verið eyðilagðar á þessari öld og það væri mikill skaði ef fleiri hlytu sömu örlög. Rannsóknargildið er ótvírætt.

l) **Sel í landi Klausturhóla (425:041).** Nokkrar tóftir, alveg uppgrónar. Heilleg sel eru ekki á hverjum bæ í Grímsnesi og því hefur staðurinn einkum varðveislugildi.

m) **Tóftir austan Hraunkots (440:014).** Óþekktar tóftir eru upp við hraunjaðar, skammt frá golfvellinum. Vottar þar fyrir gömlum garði umhverfis sem hugsanlega gæti bent til búsetu. Tóftirnar hafa varðveislu- og rannsóknargildi.

n) **Svönkubæli í Öndverðarnesi (435:044).** Heilleg tóft sem nú stafar hætta af vaxandi sumarbústaðabyggð. Tóftin er marghólfa og gæti hugsanlega verið af litlu býli eða seli. Ekki er kunnugt um neinar heimildir sem geta um byggð á þessum stað. Tóftin hefur fyrst og fremst varðveislu- og rannsóknargildi.

o) **Stekkur á Kiðjabergi (443:021).** Heillegasti stekkur sem skráður hefur verið í Grímsnesi fram til þessa. Hann er skammt utan við golfvöllinn á Kiðjabergi og hefur mikið varðveislu- og kynningargildi. Setja mætti upp lítið skilti í jaðri golfvallarins sem vísaði á stekkinn og við hann sjálfan mætti hafa upplýsingar um fráfærur og mjaltir og e.t.v. segja sérstaklega frá fráfærum á Kiðjabergi, en þær voru aflagðar þar mun seinna en almennt tíðkaðist.

**p) Bænhústóft í Vaðnesi (439:016).** Almennt er talið að tóft sem er um 1 km suður frá bæ sé af bænhúsi, en í gömlum heimildum greinir frá bænhúsi í Vaðnesi. Slík staðsetning á bænhúsi er fremur óvenjuleg því að þau voru oftar heim við bæi. Með rannsókn væri e.t.v. unnt að skera úr um málið. Benda má á að heillegar bænhústóftir eru ekki margar á Íslandi og sé hér um bænhústóft að ræða er það sú eina sem enn er óskemmd í Grímsnesi, a.m.k. á svæðum þeim sem skráð voru sumurin 1999 og 2000.

q) **Þinggerði á Stóruborg (423:009).** Leifar gamla þingstaðarins í túninu á Stóruborg eru einstakar fornminjar sem ætti að vernda áfram og hugsanlega mætti auka enn á

gildi staðarins með fornleifarannsókn.  Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil uppbygging á Borg og er töluvert um ferðalanga þar.  Ekki er að efa að margir þeirra hefðu áhuga á að fræðast um þingstaðinn og skoða leifar hans.  Aukin og skipulögð afþreying á Borg gæti vel leitt til enn meiri umferðar ferðamanna og ekki væri úr vegi að þar væri hægt að nálgast upplýsingar um helstu minjastaði í Grímsnesi.

# Heimildir

**Heimildamenn:**

Árni Guðmundsson, f. 1945

Böðvar Guðmundsson, f. 1935

Böðvar Pálsson, f. 1937

Einar Sigurjónsson, f. 1917

Gísli Hendriksson, f. 1934

Guðmundur Sigurfinnsson, f. 1942

Halldóra Bjarnadóttir, f. 1918

Helga Claessen, f. 1955

Ingibjörg Harðardóttir, f. 1971

Kjartan Pálsson, f. 1918

Magnús Björgvinsson, f. 194?

Oddur Sveinbjörnsson, f. 1924

Pálína Þorsteinsdóttir, f. 1927

Pálmar Sigurjónsson, f. 1953

Rannveig Albertsdóttir, f. 1935

Þröstur Sigurjónsson, f. 1962

Vilborg Þórðardóttir, f. 1924

**Prentaðar heimildir:**

*Árbækur hins íslenzka fornleifafélags*. Reykjavík, 1880-.

**DI**: *Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

**FF**: *Fornleifaskrá: Skrá um friðlýstar fornminjar*. Ágúst O. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands 1990.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Fyrri hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar 1983.

.**ÍF**: *Íslensk fornrit* I-, Reykjavík 1933-.

**JÁM**: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, II. Árnessýsla, Kaupmannahöfn 1921.

**JJ**: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.

Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*. 2. útgáfa. Adolf Friðriksson ritstýrði. Mál og menning, 2000.

**Skýrsla FÍ I**: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* I., 1863-1866. Kaupmannahöfn 1868.

**SSÁ**: *Árnessýsla. Sýslu og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag 1979.

*Sunnlenskar byggðir III*. Búnaðarsamband Suðurlands 1983.

**Óprentaðar heimildir:**

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Uppdrættir af túnum 1920. Grímsneshreppur.

Ö-Arnarbæli: Arnarbæli, Guðmundur Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Arnarbæli: Arnarbæli; Gísli Guðmundsson skráði 1972. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Björk: Björk, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Búrfell: Athugasemdir og viðbætur, Marteinn Ág. Sigurðsson skráði 1995. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Búrfell: Búrfell, Marteinn Ág. Sigurðsson skráði 1995. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Búrfell: Búrfell, skráð 1981. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Foss: Foss, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hæðarendi: Hæðarendi, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hestfjall: Hestfjall, Gunnlaugur Þorsteinsson skráði 1929. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hestfjall: Viðbætur og athugasemdir, Þórhallur Vilmundarson skráði 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kiðjaberg: Athugasemdir og viðbætur, Þórhallur Vilmundarson skráði 1974. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kiðjaberg: Kiðjaberg, Jón Gunnlaugsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Klausturhólar og Hólakot: Klausturhólar og Hólakot, Björgvin Magnússon skráði 1923. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Norðurkotslandareign: Norðurkotslandareign, Ragnar Bjarnason skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Öndverðarnes: Öndverðarnes, Árni Jónsson skráði, afhent Örnefnastofnun 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnakort Öndverðarness: Loftmynd af jörðinni með helstu örnefnum merktum inn á.

Örnefni í Öndverðarnesi, Grímsnesi, Ragnar Bjarnason skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Snæfoksstaðir: Snæfoksstaðir, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stóraborg:  Stóraborg, Gísli Guðmundsson skráði 1972.  Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vaðnes:  Vaðnes, Skúli Helgason skráði 1979.  Örnefnastofnun Íslands.